

ÞJÓNUSTA

ÞRÆLKUN

FLÓTTI

AATAMI KUORTTI

„Bókin er bæði fróðleg og ljós, og engum mun
leiðast, meðan hann les hana.“

— Magnús Jónsson, prófessor og ráðherra

ÞJÓNUSTA,
ÞRÆLKUN,
FLÓTTI

Aatami Kuortti

SAFN TIL SÖGU KOMMÚNISMANS

Ritstjóri: Hannes H. Gissurarson

Meðal útgáfurita

Svartbók kommúnismans,
Stéphane Courtois og fleiri

Konur í einræðisklóm,
Margarete Buber-Neumann

Gudinn sem brást,
Arthur Koestler og fleiri

Konur í þrælakistum Stalíns,
Elinor Lipper og Aino Kuusinen

Greinar um kommúnisma,
Bertrand Russell

Trúin á kommúnisma,
Arthur Koestler

Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum,
Ants Oras

Eistland. Smáþjóð undir oki erlendis valds,
Andres Küng

Þjóðbýltingin í Ungverjalandi,
Erik Rostbøll

Ég kaus frelsið,
Víktor Kravtsjenko

Leyniræðan um Stalín,
Níkíta Khrústsjov

Bóndinn, El campesino,
Valentín González

Nytsamur sakleysingi,
Otto Larsen

Úr álögum,
Jan Valtin (Richard Krebs)

ÞJÓNUSTA,
ÞRÆLKUN,
FLÓTTI

eftir Aatami Kuortti

með formála eftir
Hannes H. Gissurarson



25. desember 2016

Bók þessi er gefin út 25. desember 2016, þegar aldarfjórðungur er frá hruni Ráðstjórnarríkjanna.

Útgáfa þessarar bókar er liður í samstarfsverkefni RNH, Rannsóknarseturs um nýsköpun og hagvöxt, og ACRE, Alliance of Conservatives and Reformists in Europe, um „Evrópu fórnarlambanna“, Europe of the Victims. Hún er einnig liður í samstarfsverkefni RNH og IDDE, Institute for Direct Democracy in Europe, og RNH og Atlas Network í Bandaríkjunum.

Þjónusta, þrælkun, flótti kom út á vegum Kristilegs bókmenntafélags haustið 1938 í þýðingu séra Gunnars Jóhannessonar.

Formáli og Skýringar © 2017 Hannes H. Gissurarson.

Ljósmyndir af Aatami Kuortti eru frá syni hans, Jorma Kuortti.
Ljósmyndir af Einari Olgeirssyni og Magnúsi Jónssyni eru af vef Alþingis.
Landabréf á 12. bls. er af Wikipediu.
Hönnun kápu og umbrots: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson.
Prófarkalestur: Björn Bjarnason og Snorri G. Bergsson.
Prentvinnsla: Litlaprent, Reykjavík.

ÖLL RÉTTINDI ÁSKILIN.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, þar með talið tölvutækt form, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

ISBN 978-9935-469-90-8

Almenna bókafélagið er hluti af BF-útgáfu ehf.

Efnisyfirlit

Formáli	7
Inngangur útgefanda.	9
Til lesendanna	11
Á leið til nýs safnaðar	13
Tsjekan sýnir óvænt vinarhót	16
Skírdagur	19
Föstudagurinn langi	21
„Varðmaðurinn við gröf Krists“	23
Í kirkjugarðinum	25
Söfnuðurinn vex.	26
Óljúfir gestir.	30
Meðal æskunnar	32
Vígsla kirkjunnar í Miikkulainen	35
Þar sem lækurinn bugðast	38
Fyrir rétti	40
Kirkjuráðið og ráð hinna rauðu	43
Ákærður fyrir fermingarundirbúning	45
Brotttflutningar hefjast	49
Hátíð friðarins — ókyrrð hið ytra	52
Dauðadómurinn.	56
Fyrstu dagar í fangelsi GPÚ	64
Innan fangelsismúranna í Lenínsgarði	68
Moskvumenn náða	72
Óþekkt takmark.	75
Dagur í skýli hinna hvítu þræla	80
Í ríki fanganna	86
Sending frá óþekktum vinum	89
Hátíðarhöld	92

Í gröfum dauðans	96
Á flóttu	100
Í gildrunni.	103
Að nýju í klóm rauðliða	109
Til landamæra Finnlands	114
Frjáls í frjálsum landi	117
Skýringar	121
Nafnaskrá	135

Formáli

HAUSTIÐ 1938 KOMU tvær bækur um Ráðstjórnarríkin út á íslensku. Önnur vakti mikla athygli, *Gerska æfintýrið* eftir einn frægasta rithöfund þjóðarinnar, Halldór Kiljan Laxness, sem hafði ferðast í boði Kremlverja um Ráðstjórnarríkin frá því seint á árinu 1937 og fram á vorið 1938. Þar hafði hann hlustað á Stalín halda ræðu í Bolshoj-leikhúsinu í Moskvu, setið í Tbilísi veislu hjá Bería, sem síðar varð yfirmaður leynilögreglunnar, og skrifað undir hagfella útgáfusamninga við ráðstjórnarfélag. Laxness hafði einnig fengið að fylgjast með hinum frægu réttarhöldum í Moskvu vorið 1938 yfir Níkolaj Búkharín og öðrum gömlum samstarfsmönnum Leníns og Stalíns. Voru þeir látnir játa á sig hinar fáránlegustu sakir, dæmdir til dauða og skotnir, og sagði Laxness frá þessu öllu eins og ekkert væri eðlilegra, hvort sem hann trúði játningunum sjálfur eða taldi réttarhöldin og aftökurnar nauðsynlegar byltingunni. Í *Gerska æfintýrinu* jós Laxness svívirðingum yfir ýmsa þá, sem ferðast höfðu til Ráðstjórnarríkjanna og ekki litist á blikuna, meðal annars franska rithöfundinn André Gide og danska búfræðinginn Arne Strøm, en greinar eftir þá höfðu birst í íslenskum blöðum. Laxness þagði hins vegar um það, að hann varð vitni að því í Moskvu, skömmu fyrir heimferð sína, þegar barnsmóðir Benjamíns Eiríkssonar hagfræðings, Vera Hertzsch, var handtekin ásamt dóttur þeirra Benjamíns og send í fangabúðir, þar sem hún dó úr hungri árið 1943. Sök hennar var sú ein, að hún hafði áður verið gift manni, sem talinn var andvígur stalínisma. Laxness skýrði ekki frá handtökunni fyrr en í *Skáldatíma* árið 1963. Hafði hann þá lengi á undan sveiflað sínum beitta penna í baráttunni fyrir því, að á Íslandi risi sams konar skipulag og í Ráðstjórnarríkjunum.

Öllu hljóðara var um hina bókina, sem kom út um Ráðstjórnarríkin haustið 1938 og er hér endurútgefin, *Þjónusta, þrælkun, flótti*. Útgefandi var Kristilegt bókmenntafélag, en þýðandi séra Gunnar Jóhannesson. Höfundurinn, Aatami (Adam á finnsku) Kuortti, hafði hvorki klappað fyrir Stalín á fundum né setið að sumbli með Bería. Hann fæddist 15. desember 1903 í Korkankylä í Kupanitsa-héraði (Gúbanítsíj á rússnesku) í suðvestanverðu Ingermanlandi eða Ingríu, en svo nefnist svæðið við Kirjálabotn á milli Eistlands og Finnlands. Ætti svæðið raunar að heita „Ingigerðarland“ á íslensku, því að það dregur nafn sitt af hinnu sænsku konungsdóttur, sem heitin var Ólafi digra Noregskonungi, en gekk að eiga Jarisleif konung í Kænugarði. Var landið byggt þjóðflokkum, sem mæltu tungur náskyldar finnsku og eistnesku, en einnig mörgum aðfluttum Finnum. Rússar náðu Ingermanlandi á sitt vald á átjándu öld og reistu Pétursborg í því miðju, við mynni

Neva-fljóts. Fluttist fjöldi Rússa á svæðið, og þótti Ingríum heldur að sér þrengt. Ástandið versnaði þó um allan helming við valdarán bolsévika haustið 1917. Eftir að Kuortti lauk guðfræðiprófi, varð hann vorið 1927 prestur í þremur sóknum nyrst í Ingermanlandi, Lempaala, Vuole og Miikkulainen. Leynilögregla bolsévika vildi fá hann til að njósna um sóknarbörn sín, en hann harðneitaði því. Þá var hann tekinn höndum fyrir gagnbyltingarstarfsemi og dæmdur til dauða, en síðan var dómnum breytt í tíu ára vinnuþrælkun. Var hann sendur í fangabúðir við Magrínovatn í Kirjálalandi (Karelíu) norðan við Ingermanland. Eftir miklar þrengingar tókst honum að flýja til Finnlands. Kuortti gegndi eftir flóttu sinn prestsþjónustu í Finnlandi og lifði það sér til óblandinnar ánægju, að kommúnisminn hrundi, Ráðstjórnarríkin liðuðust í sundur og söfnuðir kristinna manna fengu aftur að starfa í Rússlandi. Hann lést í Helsinki 15. apríl 1997.

Bók Kuorttis kom út á finnsku 1934 og var síðan þýdd á sænsku, dönsku og íslensku. „Einmitt vegna þess, hve látlaust bókin er skrifuð, verða lýsingar hennar svo ægilegar sem raun er á,“ skrifaði dr. Magnús Jónsson, guðfræðiprófessor og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, í *Morgunblaðið*. „Þetta er sönn saga, og þess vegna heldur hún lesandanum hugföngnum frá upphafi til enda. Lífið á þrælastöðinni er svo ógurlegt, að ekkert fær því lýst annað en köld og látlaus frásögn.“ Bókarinnar var einnig lofsamlega getið í *Vísi* og *Tímanum*. Málagn kommúnista, *Þjóðviljinn*, sem var undir ritstjórn Einars Olgeirssonar, sagði hins vegar háðslega, að séra Aatami Kuortti hefði „komið á íslensku ofsóknarhítoríu sinni“, og væri hún ætluð börnum! Þessi bók var ein þeirra, sem hurfu úr finnskum bókasöfnum eftir ósigur Finna fyrir Kremlverjum í hinu svokallaða Framhaldsstríði 1944. Þótt íslenskir kommúnistar hefðu hæðst að bók Kuorttis, vissu þeir mætavel af henni og þá um leið af vitnisburði höfundarins um þrælakistur Stalíns: Eintak Þjóðarbókhöðunnar er merkt Þórbergi Þórðarsyni. En bók Kuorttis sýnir líka, að tilveruréttur smáþjóða er ekki alls staðar talinn sjálfsgæður. Ólík örlög hinna finnsk-úgrísku þjóða, sem byggðu Finnland, Eistland, Kirjálaland og Ingigerðarland, frá því að sögur hófust, hljóta að vera Íslendingum umhugsunarefni. Hér er stafsetning og málnotkun fært til nútímahorfs og texti lagfærður, þar sem þurfa þótti. Örstuttar skýringar á nokkrum atriðum eru aftanmáls.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Inngangur útgefanda

MESTUR HLUTI HINS FORNA sænska héraðs Ingermanlands er nú hluti Ráðstjórnarríkjanna. Íbúarnir eru flestir rússneskir. Örlítið (finnskt-úgrískt) brot, sem að mestu er Finnar og Eistlendingar (árið 1926 162,000) og játar lúterska trú, býr í héruðunum milli Neva og finnsku landamæranna og héruðunum sunnan Finnska flóa. Í Ráðstjórnarríkjunum ríkir trúarbragðafrelsi að nafninu til. En kirkjan er ekki studd af ríkinu, en í þess stað styður ríkið boðun trúleysisins. Félagsleg stofnun starfar að þessu verki: Guðleysingjasambandið. Ummæli Marx, Trúarbrögðin eru óþíum fyrir fólkið, hafa verið tekin upp í stefnuskrá Alþjóðasambands kommúnista, og sérstök áhersla er lögð á nauðsyn þess, að öreigarikið reki guðleysisáróður með hvers konar vopnum og aðferðum.

Þegar bolsévíkabyltingin varð 1917, voru gefnar út tilskipanir, er fyrirskipuðu aðskilnað ríkis og kirkju og kirkju og skóla. Jafnvel í skólum finnska hluta Ingermanlands var trúfrelsi bannað. Þó var foreldrum leyft að uppfræða börnin í heimahúsum. Þessi fríðindi notaði trúað fólk til þess að koma á fót sunnudagaskólum. Auk þessa var fermingarundirbúningur leyfður. Brátt var þó bannað að uppfræða börn í trú, innan 18 ára aldurs. Sumarið 1924 var þó aftur leyft að búa börn, 15 ára og eldri, undir fermingu. Prestaeklan var ægileg. Árið 1929 var þó svo langt komið, að unnt var að halda uppi helgum tíðum að mestu í söfnuðum Ingermanlands, er voru 32 að tölu, þótt þar væru aðeins þrír prestar. Þetta var unnt með því, að leikprédikarar gerðust safnaðarstjórar, og með því að senda prédikara frá evangelískum lúterskum félögum ýmissa kirkna. Enn að nýju var gefin út tilskipun 1. október 1929. Takmarkaði hún mjög réttindi safnaðanna um forráð kirkjulegra mála. Meðal annars var þar svo fyrirlagt, að kirkjurnar skyldu vera eign ríkisins. Þess vegna urðu söfnuðirnir að gjalda allháan skatt fyrir notkun þeirra.

Þegar framkvæmd laganna um samyrkju, sem gefin voru út 1928, hófst, olli það mikilli andstöðu meðal bænda. Á sama tíma hófst barátta bolsévíka gegn hinum efnaðri bændum (kúlökkum). Barátta þessi og ofsóknir gegn kirkjunni sameinuðu krafta sína. Með því varð hin sameinaða barátta öflug stoð hinni miklu þjóðernishreyfingu Rússa, sem valdhafarnir voru um þessar mundir að hefja. Áður en hér var komið, höfðu stórfelldar handtökur farið fram í Ingermanlandi. Einkum voru það þeir, er unnu að kirkjulegu starfi, sem fyrir þeim urðu.

Í sambandi við deiluna við kúlakkana var hafið í stórum stíl að reka heilar fjölskyldur í útlegð. Árin 1929–1931 voru reknar í útlegð, einkum til Síberíu og Norður-Rússlands, 4.320 finnskar fjölskyldur í Ingermanlandi, eða samtals 18.000

manns. Af þeim hóp voru 1.100 fjölskyldur úr söfnuðunum í Vuole, Miikkulainen, Toskova og Valkeasaari. Árin 1932–1934 hélt brottnámi þessu áfram í drjúgum minni stíl. Árið 1935 jókst ofsóknin að nýju. Í apríl og maí þess árs voru um 2.600 fjölskyldur numdar á brott — einkum til Túrkestan — eða samtals um 7.000 manns. Slíkar fjöldahandtökur fóru einnig fram í Austur-Kirjálalandi. Örlög sem þessi urðu ekki síst hlutskipti þeirra, er á einhvern hátt voru kirkjunni handgengnir. Stundum bar svo við, að handtökurnar fóru fram, meðan á guðsþjónustunni stóð, til dæmis í Venjoki 1931. Auk þess var verulegum hluta kirknanna lokað og þeim breytt í opinberar byggingar, þegar söfnuðirnir gátu ekki greitt hina ákveðnu leigu. Á þennan hátt var tíðahald gert mjög erfitt.

Sumarið 1935 voru í hinum finnsku lútersku söfnuðum í Ingermanlandi aðeins tveir prestar, fjórir safnaðarstjórar og einn hringjari með kennaramenntun.

Höfundur bókar þessarar hefur á einfaldan hátt og sannfærandi lýst kirkjulegu lífi í þeim hluta Ingermanlands, sem liggur milli Neva og finnsku landamæranna, og þeim trúarofsóknum, sem íbúar þessa héraðs urðu að þola.

Til lesendanna

SÉRHVÆR FINNI, SEM fylgist með tímanum, þekkir Ingermanland og það brot þjóðar sinnar, sem stendur sem forvörður finnsks þjóðernis. Hann þekkir og þá ógnarstjórn erlends valds, sem það hefur orðið að lúta um sinn. Þau neyðaróp, sem hafa stigið upp frá þjókuðum brjóstum hinum megin landamærunna, hljóta að hafa vakið jafnvel hinn harðasta stein í brjóstum manna til vitundar og samúðar. Ingermanland! Þetta eina orð vekur andvarp í brjósti sérhvers Finna. Orðin: „Finni í Ingermanlandi“ vekja sömu kennd og orðið píslarvottur, er það hljómar okkur í eyrum.

Um þriggja ára skeið (1927–1930) vann ég köllunarverk mitt meðal finnsku safnaðanna í Ingermanlandi. Á þeim árum komst ég í nán kynni við leynilögregluna, GPÚ (Tsjekuna). Þegar ég neitaði að ganga í þjónustu hennar, var ég dæmdur til dauða. Dómnum var þó breytt í 10 ára þrælkunarvinnu samkvæmt náðun stjórnarinnar í Moskvu. Ásamt öðrum stjórn mála föngum var ég fluttur til Norður-Kirjálands, þar sem stunda átti skógarhögg. Gerðist þar hvort tveggja, að ég var vitni að og fékk að reyna ógnarstjórn bolsévíkanna. En fyrir undursamlega náð Guðs heppnaðist mér að flýja þaðan til Finnlands.

Í bók þessari ætla ég að segja satt og rétt frá því, er ég reyndi, í von um að mér heppnist að lýsa örlögum hins grátandi Ingermanlands og þeim eydarkjörum, sem stjórn mála fangar eiga þar við að búa, þótt saklausir séu.

Jyväskylä, í ágúst 1934.

Aatami Kuortti.



Ingermanland, Ingigerðarland eða Ingría liggur við Kirjálabotn í Eystrasalti milli Finnlands, Ladoga-vatns, Rússlands og Eistlands. Hér eru sóknirnar í landinu um árið 1900, þegar það var undir stjórn Rússakeisara. Aatami Kuortti fæddist í Kupanitsa í suðausturhluta Ingermanlands, en þjónaði þremur norðlægustu sóknunum, Lempaala, Miikkulainen og Vuole. Árið 1926 voru þeir, sem töluðu þar finnsk-úgrísk mál, Ingríar og aðfluttir Finnar og Eistlendingar, um 126 þúsund talsins, en þá voru Íslendingar að nálgast 100 þúsund. Nú eru Rússar alls staðar í miklum meiri hluta í Ingermanlandi, enda var fjöldi Ingría ýmist drepinn eða fluttur brott í stjórnartíð kommúnista, en margir fluttust og til Finnlands eftir fall Ráðstjórnarríkjanna 1991.

Á leið til nýs safnaðar

ÞAÐ VAR AÐ KVÖLDI dags í mars 1927. Frost var og niðamyrkur. Brautarlest á járnbrautinni Lenínsgarði–Vaskela brunaði áfram. Farþegar voru margir, bæði karlar og konur. Dægurmálin voru rædd af miklum áhuga. Einkum snerust ræður manna um, hversu aflla skyldi brauðs, sykurs, fata og skófatnaðar, því að það var bundið miklum erfiðleikum að afla þessa í Ingermanlandi. Loftið í vagninum var þungt af tóbaksreyk. Blaktandi kertaljós bar daufa birtu, svo að hálförökkvað var í klefanum. Það var því erfitt um að greina þá, sem yst sátu í klefanum. Það var bölvæð og ragnað. Drukkin maður hélt því ákveðið fram, að peningunum hans hefði verið stolið, og nú yrði hann að koma févana heim til fjölskyldu sinnar, sem þarfnæðist brauðs.

Það þekkti mig enginn, þar sem ég sat út við gluggarúðu og horfði út um gat, sem ég hafði gert á héluna á glugganum. Ég var á leið til nyrstu sóknar Ingermanlands, Lempaala. Þar átti ég að gegna köllun sem prestur. Í sókn þessari hafði enginn prestur þjónað um hálfis árs bil. Að vísu hafði kennarinn framkvæmt skírn og jarðarfarir með leyfi kirkjuráðsins, en engin hjónavígsla hafði farið fram á þessu tímabili, og ekki hafði söfnuðurinn átt þess kost að neyta kvöldmáltíðar Drottins. Ég gat ekki enn tekið til starfa í fullu öryggi. GPÚ, leynilögreglan, hafði enn ekki gefið leyfi til ferðarinnar. En leyfi hennar þurfti, því að Lempaala-sókn lá við landamæralínuna, þar sem menn máttu ekki dveljast nema með sérstöku leyfi. Ég var einmitt nú á leið til landamæraráðsins til að fá þetta leyfi.

Ferðin tók aðeins fáar stundir, en mér virtist hún þó allt of löng. Margs konar hugrenningar vöknudu hjá mér. Ég vissi, að svo kynni að fara, að ég yrði tekinn fastur, því að enn hafði ég ekki vegabréf. Þeir, er sátu við hlið mér, litu mig forvitnisauga. Ég gat þess til, að þeir vildu vita, hver ég væri, og þegar mér fór að þykja þögnin ömurleg, leitaðist ég við að kynnast þeim. Mér til ánægju komst ég að því, að þrír samferðamanna minna voru frá Lempaala-sókn og að þeir æsktu að vita hver ég var. Gláðir þrýstu þeir hönd mína og buðu mig velkominn í sóknina. Þeir lofuðu að leggja mér lið við landamæravörðinn, sem var í 14 kílómetra fjarlægð frá Vaskela-stöð. Nú var ég öruggari miklu, þar eð ég hafði fundið menn, er vildu mér vel. Það fór eins og þytur um klefann: Presturinn, presturinn. Hinar háværu raddir um tóbakssvælu hljóðnuðu nokkuð. Félagar mínir tóku að segja mér frá öllu því mótlæti, sem söfnuðurinn hafði orðið að þola, og þeir fullyrtu, að þeir hefðu misst alla von um að fá prest nokkru sinni aftur. Að lokum nam lestin staðar við Vaskela-stöð. Stjórnur blikuðu í heiði, eins og þær boðuðu batnandi tíma. Skömmu síðar

settist ég í sleða með fótfráum hesti fyrir og hélt í norðurátt. Ökusveinninn var fámáll drengur, fimmtán ára að aldri.

Svaraði hann spurningum mínum út í hött, og varð ég því að láta mér lynda eigin hugsanir. Í tíu kílómetra fjarlægð lágu landamærin, er greindu í sundur þjóðarbrotin, sem töluðu sömu tungu og játuðu sömu trú. Mér komu í hug þeir tímar, þegar nánari kynni voru meðal Ingermanlands og Finnlands. Frá Finnlandi bárust okkur bókmenntir og andans stórmenni. Nú var öðru máli að gegna. Eftir bolsévíkabyltinguna brustu öll bönd milli þessara tveggja landa. Fyrir sjö árum síðan barðist her Ingermanlands árangurslausri baráttu fyrir frelsi landsins. Ofureflið rússneska sigraði þessar hetjur að fullu, og ákvarðanir þær, sem teknar voru við friðarsamningana í Dorpat um menningarlegt sjálfsforræði, urðu orðin ein.

Þegar þessu örlagaríka stríði lauk, urðu prestar Ingermanlands að flýja til Finnlands. Aðeins þrír menn gegndu geistlegu starfi þar, þeir Palsa biskup og prófastarnir Siitonen og Laurikkala. Tveir hinir fyrsttöldu féllu á verðinum vegna ofþreytu, en Laurikkala prófastur var nú einn til að annast kirkjulega þjónustu í öllu Ingermanlandi.

Að vísu var því svo fyrir komið, að komið var á fót evangélísk-lútersku kirkjuráði, er hafði umsjón með kirkjulegum málum í Ingermanlandi. Því var þannig fyrir komið, að reglulega voru haldnar guðsþjónustur í hverri sókn. Margir kennarar við alþýðuskólana höfðu látið af störfum og gengu í þjónustu kirkjunnar sem prestar, og leikprédikurum var leyft að hafa eftirlit með söfnuðum eftir að hafa gengið undir próf hjá kirkjuráðinu.

En óáreittir fengu menn ekki að inna þessi störf af höndum. Á ýmsum stöðum voru safnaðarþjónarnir teknir fastir og fluttir í útlegð til fjarlæggra héraða. Einkum var ótrútt í landamæraheruðunum. Þar höfðu Tsjekumenn (eða GPÚ) vakandi auga á hinu kirkjulega starfi. Og þær treystu í engu hinum finnsku íbúum, sem voru svo nærri landamærum Finnlands.

„Ætli ég verði nú ekki tekinn fastur, áður en ég verð reiðubúinn að hjálpa þessu örþjáða fólki?“ Að þessu spurði ég nú sjálfan mig. Mér varð litið á blikandi pólstjórnum, og mér komu í hug orð skáldsins: „Hin skæra Pólstjarna er sem auga Guðs.“ Augu Guðs sáu allt. Ég var í þjónustu Drottins. Hugur minn varð rórri við fullvissu þess, að ég var í vernd Guðs.

Ég vaknaði sem af draumi, þegar hesturinn nam staðar og pilturinn sagði, að við værum komnir alla leið. Á svipstundu þyrptust rauðu hermennirnir um sleðann og spurðu undrandi, hví við værum svo seint á ferð. Ég sagði, að ég óskaði að ná tali af yfirmanninum um áriðandi mál. Einn mannanna bauð mér að fylgja sér eftir. Mér var vísað upp stiga, sem hálfrókkað var í, og mér var leyft að bíða utan dyra, meðan koma mín var tilkynnt. Brátt opnuðust dyrnar, og mér var kurteislega boðið að ganga inn. Húsgögn voru einföld og óbrotin í herberginu. Á miðju gólfi var borð með þremur stólum. Lampi, er hékk í loftinu, bar birtu um þetta leyndardómsfulla herbergi Tsjekunnar, er var skreytt skotvopnum á veggjum og borði.

Yfirfönginn, Bjelov að nafni, svartur á skegg og grimmuðlegur ásýndum, rétti mér hönd sína vingjarnlega og spurði um erindi mitt. Ég rétti honum erindisbréf mitt, sem gefið var út af kirkjuráðinu, og tjáði honum, að ég væri kominn til að fá leyfi hins opinbera til að takast á hendur starf í Lempaala-sókn. Sá svartskeggjaði leit tortrygginn á mig og bauð mér sæti og gekk síðan á brott.

Hálfa klukkustund var ég aleinn. Þegar ég skoðaði öll þessi vopn, fór hrollur um mig, því að enginn gat verið öruggur. Ég fann, hversu lítills ég mátti mín gagnvart þessari ógnarstjórn. En aðeins um augnablik var ég altekinn þessari hugsun. Kjarkur minn óx, er mér komu í hug orð Páls: „Ef Guð er með oss, hver er þá á móti oss?“

Bjelov yfirmaður kom inn ásamt starfsmanni Tsjekunnar.

„Við höfum raunar rétt til að taka yður fastan. Þér eruð hingað kominn í landamæraheruðin án leyfis GPÚ. En með því að við þykjumst sjá, að þér séuð ráðvandur maður, höfum við ekki við það að athuga, að þér setjist hér að sem prestur, en við getum ekki veitt yður leyfið. Það verðið þér að fá í Lenínsgarði, Gorotsjavaja 2. Við gerum það, sem í okkar valdi stendur, til þess að þér fáið leyfið.“

Að svo mæltu rétti Bjelov mér hönd í kveðju skyni og brosti um leið vingjarnlega, svo að sást í hvítar tennurnar undir svörtu yfirskeggi. Ég þakkaði fyrir góðvild hans og áhuga og hélt síðan af stað. Það brakaði í sleðameiðunum í kuldunum, og ekillinginn minn, sem ávallt var úti, meðan þessu fór fram, sló svo rösklega í hestinn, að mér ofbauð. Ég gat ekki varist undrun yfir vingjarnleik Tsjekunnar. Mér lék óljós grunur á, að eitthvað byggi á bak við allt þetta. En hvernig sem þessu nú annars var varið, vakti þó sú von í barmi, að ég fengi hið þráða leyfi og kæmist brátt í kall mitt, sem þarfnast starfs míns mjög.

Ég hélt því til Lenínsgarðs með morgunlestinni í von um, að ég fengi leyfi GPÚ, svo að ég mætti leysa af hendi köllunarverk mitt. Sífelld var ég þjakaður áhyggjum, eftir að ég hafði staðist próf hjá kirkjuráðinu og verið kallaður til þjónustu í Lempaala-sókn. Ég fann, að mér var ungunum og óreyndum lögð byrði á herðar. Ég vissi, að mér myndi enginn vegsauki eða gæði þessa heims hlotnast, heldur þjáningar og erfiði. En engu að síður vildi ég svara orði spámannsins játandi: „Hér er ég, send þú mig.“

Tsjekan sýnir óvænt vinarhót

SPORVAGNINN SKRÖLTI UM götur Lenínsgarðs. Vagninn var yfirfulltur, og sat ég í þrengslunum, sokkinn í hugsanir mínar og veitti samferðafólki mínu enga athygli. Ég var á leið til aðalbækistöðvar Tsjekunnar.

Hvert mannsbarn í Ingermanlandi þekkti götuna Gorostjavaja. Eftir stríðið varð frægð hennar bundin harmi og sorg. Þegar embættismenn ráðstjórnarinnar ógnuðu einhverjum, var þetta vanaviðkvæðið: „Vilt þú mæta í Gorostjavaja 2?“ Það merkti sama sem: „Viljið þér komast til annars heims?“ Með fyllstu rökum mátti segja um stað þennan: „Margur hefur farið hér inn, en fáir komið út aftur.“ Á þennan sómastað varð ég að fara til að fá fararleyfi til landamærahéraðanna.

Sporvagninn nam staðar og hélt af stað. Hann tæmdist af fólki og fylltist á víxl. Að síðustu kom röðin að mér. Ég steig út úr vagninum, og í sama bili var ég stöðvaður af hermanni, er krafðist þess, að ég borgaði sekt. Hann ákærði mig fyrir að hafa farið niður af afturpalli vagnsins, og hefði ég með því brotið umferðarreglurnar. Hótaði hann mér því að setja mig fastan, og var því ekki um annað að ræða en að borga rúblu. Þannig var siglt fram hjá því skeri. Því nær sem ég kom bækistöð GPÚ, því hraðar sló hjartað í brjósti mér. Mig óraði fyrir því, að ég myndi þegar verða yfirheyrður hjá Tsjekunni. Þarna var húsið, sem ég leitaði að. Ég veitti því eftirtekt, að þeir, sem framhjá gengu, fóru hinum megin götunnar. Var því svo farið, að óviðkomendum væri bannað að fara fram hjá? Ég gekk rակleitt til hermannanna, er héldu vörð. Þeir tóku kveðju minni vingjarnlega og bentu mér á deildina, sem fararleyfin afgreiddi. Það vakti undrun mína, er ég sá mörg hundruð manna þar saman komna. En skýring þess kom þó þrátt. Vegna hins mikla fjölda varð að fá hverjum einum númer, svo að regla yrði á heimsóknunum til starfsmannanna. Meðal fjöldans voru margir, sem eftir eigin sögn höfðu beðið allt að fimm dögum eftir afgreiðslu. Ég varð að bíða í sex daga. Það var erfið bið. Ég athugaði lífið í Lenínsgarði eftir föngum. Engar einkaíbúðir eða matsöluhús voru þar. Þó þurftu menn ekki að svelta, ef fjárráð voru nægileg. Á matsöluhúsum hins opinbera mátti fá góða máltíð fyrir eina rúblu.

Áður fyrr var borg þessi glæsileg útlits. Nú var hún í rústum. Göturnar voru í slæmu ástandi, og fjöldi húsa var hrunninn til grunna. Það var ekki heldur að undra, því að engin viðgerð hafði farið fram síðan eftir byltinguna. Þó var aðalgata borgarinnar, Nevskíj, fremur fögur útlits, eins og venja er um miðbik höfuðborga. Bein-ingamönnum mættu menn þó í öðru hvoru skrefi, og ösin við búðirnar var ægileg frá morgni til kvölds.

Ad síðustu kom röðin að mér. Ég lagði umsókn mína fyrir lögreglumanninn innan grindanna. Hann leit á mig og spurði: „Erud þér prestur?“ Ég skýrði frá því, að ég hefði prestslega menntun, og fór fram á, að umsókn mín yrði tekin til greina, því að sóknin, sem ég átti að þjóna, hefði lengi verið án prests.

„Hafið þér, sem enn erud ungur, í raun og veru valið slíka stöðu?“ sagði starfsmaðurinn og brosti hæðnislega. „Komið að viku liðinni, þá fáid þér að vita, hvort fararleyfið fæst.“

Vonsvikinn sneri ég frá grindunum. Mér þótti sem mér hefði að hálfu leyti verið synjað um fararleyfi. En landamæraverðirnir höfðu þó hálf í hvoru gefið leyfið. Ef til vill fengi ég það nú. En hvað boðaði þetta, að í skálanum höfðu menn verið svo vingjarnlegir?

Loksins leið vikan. Ég mætti að nýju hjá GPÚ í Gorotsjavaja. Ösin var minni, en nú voru það allt ný andlit, sem brá fyrir. Liðsmaður úr Tsjekunni, er hét Shúkov, tók mér vingjarnlega og sagði mér að snúa mér til yfirmanns GPÚ, Ívanov. Um leið fékk hann mér aðgöngumiða að skrifstofu hans, sem var á þriðju hæð. Dyravörðurinn leit á miðann og sendi síðan vopnaða hermenn með mér. Það var farið með mig sem fanga. Mér komu nú í hug allar þær ógnarsögur, sem ég hafði heyrt um hús þetta. Hermaðurinn fór hægt og opnaði dyrnar að móttökuherbergi Ívanovs. Allt virtist mér dularfullt. Alls staðar voru menn með vopnum. Það virtist eins og allt væri í umsátursástandi.

Herbergið, sem hermaðurinn vísaði mér inn í, var einfalt og óbrotið. Þar voru engin önnur húsgögn en borð og tveir stólar. Eftir drykklanga stund kom óeinkennisklæddur maður, sem kynnti sig vera Ívanov. Hann benti á stól og bauð mér sæti. Sjálfur settist hann hinum megin borðsins. Síðan hófust vingjarnlegar viðræður.

„Þér sækid um fararleyfi til Lempaala?“

„Já, og ég vona, að mér verði veitt það.“

„En vitið þér, að Lempaala liggur í hinum bannlýstu landamæraheruðum, en þangað fær enginn að fara?“

„Ég veit það, en hingað er ég kominn að fá leyfi til þess.“

Augu Ívanovs leiftruðu. Hann tjáði mér, að hann vissi um komu mína til landamæravarðarins, og vegna meðmæla hans hefði hann ákveðið að veita leyfið, en þó með einu skilyrði: „Gangið í þjónustu GPÚ.“

Ég þaut á fætur, er ég heyrði þetta, en stillti mig þó og sagði, að ég teldi, að ekki gæti farið saman að vera prestur og liðsmaður Tsjekunnar.

„Þér misskildið mig,“ sagði Ívanov. „Ég átti ekki við, að þér gengjuð einkennisklæddur eða að þér væruð í beinni þjónustu GPÚ. Við vonum aðeins, að þér sem góður borgari gefið okkur upplýsingar um ýmislegt, sem sérhverjum borgara ráðstjórnarlýðveldisins ber að skýra frá. Þegar þér erud kominn til landamæraheraðanna, getið þér til dæmis haft gætur á njósnurum, sem koma yfir landamærin og eru launaðir af íbúunum. Þeir trufla daglegt líf lýðveldisins, og það er skylda

allra að ljóstra upp um slík sníkjudýr. Við krefjumst ekki annars af yður en þessa. Við treystum, að þér veitið starfsmönnum GPÚ fúsa þjónustu.“

Ég svaraði því, að mig undraði þessi afstaða, því það væri deginum ljósara, að ég mætti ekki gerast handgenginn njósnurunum. Ég hefði engan áhuga fyrir því að blanda mér í slíkt.

„Við krefjumst ekki neins sérstaks, og við ákærum yður ekki fyrir neitt. Við vonum aðeins, að þér reynist góður borgari“ sagði Ívanov.

„Enginn getur ásakað mig fyrir óráðvendni. Ég hef í engu brotið lög ráðstjórnar- lýðveldisins. Ég hef lokið herþjónustu í Rauða hernum og hef ávallt leitast við að gera skyldu mína,“ svaraði ég og leit beint í augu manningnum. Hann brosti, stóð á fætur og mælti um leið og hann rétti mér höndina í kveðjuskyni: „Ég treysti ráð- vendni yðar. Frá minni hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að þér farið til Lempaala. Að viku liðinni getið þér fengið fararleyfið.“ Nú hringdi hann borðklukku, og hinn fyrrnefndi hermaður kom inn.

„Leiðbeinið þessum borgara út,“ sagði Ívanov við hermanninn. Ég þakkaði vin- semdina, og eftir leiðsögn hermansins tókst mér að komast um þetta völundarhús út á götuna.

Það var sem fargi væri létt af mér, er ég mátti halda heim aftur. En á hinn bóginn þjáði efinn mig. Hví fékk ég fararleyfið ekki nú þegar? Hví varð ég að bíða í heila viku enn? Og hver var ástæðan til vinsemdar embættismannanna?

Að lokum fékk ég fararleyfið á skírdag, hinn 14. apríl. Shúkov, liðsmaður Tsjek- unnar, var mjög stimamjúkur og vingjarnlegur. Er ég kom að grindunum, kinkaði hann kalli mjög vingjarnlega, eins og hann sæi gamlan kunningja. Fékk hann mér nú vottorð með innsigli GPÚ, og veitti það mér leyfi til að dvelja í landamæra- héruðunum mánaðartíma.

„Þegar leyfið er á enda, verðið þér að koma aftur og fá nýtt vegabréf,“ mælti hann og bætti síðan við: „Munið að sýna verðinum vegabréfið.“

Mér skildist að „félaginn“ vildi tala við mig sem oftast. En mér kom það minna við. Nú var öllu lokið, og ég gat því lagt af stað.

Skírdagur

VORSÓLIN VAR GENGIN TIL viðar, en lýsti þó enn krónur trjána í skóginum. Vaskela-stöð er járnbrautarstöð ráðstjórnarríkisins í Ingermanlandi og liggur inni í miðjum skógi og umlukt trjám. Ekki voru margir á götum úti, þó að lestarinnar frá Lenínsgarði væri bráðlega von. Nokkrir rauðir hermenn gengu fram og aftur um göturnar, og foringi landamæravarðarins skoðaði í sífellu vegabréf ferðamannanna. Þegar ég steig út úr lestinni, kom rauður hermaður til móts við mig og bað mig hæversklega um ferðaleyfisbréf mitt. Ég sýndi honum það fúslega, því að ég hafði meðferðis vegabréf frá aðalstöð GPÚ.

„Þér eruð presturinn?“ sagði liðsmaður Tsjekunnar. „Velkominn.“

„Já, svo er,“ svaraði ég, þó að ég undraðist mjög vinsemd mannsins.

Frá stöðinni fór ég einn fótgangandi um fimm kílómetra leið til Lempaala-kirkju. Með veginum voru aðeins þrjú bændabýli, og var langt á milli þeirra. Loks kom ég í lækjardrag eitt, og sást kirkjan þaðan. Óþekktar tilfinningar fóru um mig. Mér virtist sem allur söfnuðurinn stæði fyrir mér og spyrdi: „Hvernig getur þú hjálpað oss?“

Ég fann, hversu vanmegna ég var til þess að ljúka hinu ábyrgðarmikla starfi, sem ég hafði tekið að mér. Ég bað Guð um viturt hjarta og að hann mætti blessa mig.

Meðan ég stóð þar, sokkinn niður í hugsanir mínar, tóku kirkjuklukkurnar að hringja. Var það svar við bæn minni? Það var dýrleg kveðja.

Þegar ég kom til Salmensista í nánd við kirkjuna, nam ég eitt augnablik staðar og horfði á hið fagra umhverfi. Mér fannst þetta hérað vera hið fegursta í Ingermanlandi. Mér virtist það líkjast landslagi í Finnlandi.

Sunnan kirkjunnar lá Lempaala-vatn umlukt skógi, og í austri var hið litla „kirkjuvatn“, sem hafði afrennsli í hið mikla Lampokjan-vatn. Kirkjan stóð á tanga milli vatnanna. Stór og gömul birkitré stóðu umhverfis hana eins og verðir fyrir stormum og ofviðri. Krossinn á kirkjuturninum reis hátt yfir bjarkirnar og minnti á, hvaðan hjálpar væri að vænta. Niður á strönd Lempaala-vatns lágu gulmáluð hús safnaðarmanna. En að baki þeim sá nes eitt með gulum sandrákum og á því var kirkjugarðurinn. Í nánd við hann þaut í gömlum furutrjám, sem sungu friðarsálma yfir reit hinna dánú. Prestssetrið, sem var tveggja hæða hús, lá á vatnsbakkanum steinsnar frá kirkjunni.

Undarleg tilfinning greip mig, þegar ég sá þessa byggingu. Rauði fáninn blakti yfir henni, og allt bar þess vitni að hún var í höndum nýrra húsbænda. Útihýsin voru öll fallin að rústum, girðingin eyðilögð og garðurinn vanræktur. Þarna hafðist

landamæravörðurinn við. Ég nam því staðar og lét stimpla vegabréf mitt þar. Þegar ég kom inn í garðinn, komu tveir varðhundur vaðandi á móti mér. Þeir hefðu vafalaust rifið mig í sig, ef hermennirnir hefðu ekki komið mér til hjálpar. Það var farið með mig til móttökuherbergis yfirmannsins. En þar tók Bjelov foringi á móti mér, en hann þekkti ég lítils háttar áður. Hann bauð mér sæti og sagði, að varðstofan hefði sent vegabréf til mín í pósti.

„Við vonum, að gagnkvæmur skilningur megi ríkja á milli okkar. Við urðum neyddir til þess að reka hina fyrri presta burtu, þegar við urðum þess varir, að starfsemi þeirra var ráðstjórninni til trafala. Þeir voru gamlir og íhaldssamir og skildu hvorki né vildu skilja starfsaðferð ráðstjórnarríkisins. En þér eruð ungur maður. Þér eruð af verkamönnum kominn. Þess vegna hafið þér traust okkar í fullri einlægni.“

Tsjekan gerði þannig miklar kröfur til mín. Hún vonaði, að ég gengi henni á hönd. Mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds, þegar ég hugsaði til þess. Ég tók þá ákvörðun með sjálfum mér, að ég skyldi aldrei ganga henni á hönd.

„Lítið inn hjá okkur, þegar þér getið komið því við. Ég vona, að yður getist vel að okkur,“ sagði Bjelov og rétti mér hönd í kveðjuskyni.

Aðeins eitt, að ég þyrfti aldrei í þetta greni að koma, hugsaði ég um leið og ég kvaddi kurteislega og fór heim til Järvelaines-býlis. En þar hafði ég tekið herbergi á leigu. Söfnuðurinn hafði séð fyrir því. Sól var sest, en þýður vorblær lék úr suðurátt og bærði krónur trjáanna við veginn. Hið ytra var allt í kyrrð og samræmi. En í sál minni var háð hörð barátta. Ætli ég hafi gert rétt í því að gerast prestur hér? spurði ég sjálfan mig. Ég kenndi mig svo örmagna og freistingar og hættur ógnuðu hvarvetna. Skjall liðsmanns Tsjekunnar hljómaði enn fyrir eyrum mér. Mér komu í hug orð Jesú á skírdagskvöld við þá, sem tóku hann höndum: „En þetta er yðar tími og máttur myrkranna.“ Máttur myrkranna ríkti nú í Ingermanlandi. Trúfrelsi vorum við rændir, og enginn þjónn Krists naut neinnar verndar. Ingermanland hélt raunverulega píslarviku. Trúarofsóknirnar jukust, þær, sem eiga engan sinn líka í veraldarsögunni.

Föstudagurinn langi

Það lýsti af degi föstudaginn langa. Ég fór á fætur klukkan fimm, því að mér var órótt í sinni vegna ýmislegs, er öndvert horfði. Í dag átti ég í fyrsta sinni að mæta fyrir ókunnum söfnuði. Ég vissi, að mikils var af mér vænst, og fór ég að reyna sjálfan mig. Annars vegar þjakaði mig sú hugsun, að ég væri í landamæraheruðum, þar sem prestarnir sættu meiri tortryggni en annars staðar. Hins vegar fann ég, að mér opnuðust dyr til nýs lífs. Ég var kallaður til þjónustu sem kennandi þúsunda manna. Í erfiðleikum mínum leitaði ég trausts hjá Guði og bað um, að hann blessaði starf mitt ríkulega. Klukkan sjö var drepð á dyr. Þernan tilkynnti, að tvenn hjónaefni vildu ná fundi prestsins. Enda þótt sú venja væri virt, að hjónavígslur voru ekki framkvæmdar á föstunni, var þó lýst með hjónaefnum. Tveim höndum tók ég á móti þessum frumgróðri safnaðar míns. Þannig lauk einverunni, og hinar döpru hugsanir hurfu sem reykur fyrir andvara.

Þegar klukkurnar kölluðu söfnuðinn saman til að hlýða á orð Drottins og mig til að boða evangelíum friðarins, fylltist hjarta mitt friði og fögnuði og djörfung. Ég ætlaði að prédika hann, sem gaf sjálfan sig sem friðþægingu fyrir syndir vorar, sem saklaus þoldi þyngstu refsingu, svo að við fyrir hann mættum öðlast frelsi og eilíft líf.

Laust fyrir klukkan 10 tók „prestsklukkan“ að hringja. Það hafði söfnuðurinn ekki heyrt um hálfis árs skeið. Ég varð djáknanum samferða til kirkjunnar. Hann var maður hálfsextugur, lítill vexti og fátalaður.

„Ég veit ekki, hvernig ásigkomulag orgelsins er. Í seinni tíð hafa þjófar stolið einhverju af orgelpípunum, og nú krefst ráðið fullra bóta af söfnuðinum,“ sagði djákninn.

„Jæja, þeir krefjast bóta,“ svaraði ég og lét talið falla niður.

„En það hefur ekki verið unnt að færa þær bætur og ekki heldur að láta nýjar pípur í té. Allt virðist horfa öndvert,“ bætti djákninn við.

Mig fýsti ekki að fara nánar út í þessar samræður, en sagði aðeins, að við gætum sungið samt, þótt ekki væri hægt að nota orgelið.

Í skruðhúsinu var sóknarnefndin til að taka á móti presti sínum. Þá er þeir höfðu boðið mig velkominn, fékk einn þeirra mér bréfsþjald, sem á var skráð: „Vertu stríðsmaður Jesú Krists.“ Vingjarnlegt handtak sóknarnefndarinnar, andlitin, er ljómuðu af gleði, og örvunarorð sýndu glöggt, að ég myndi ekki standa einn. „Jesús, kenn mér að hugsa rétt,“ svo hófst söngur safnaðarins, og leikið var undir á hið

ófullkomna orgel. Söngurinn var sterkur og fullur guðmóði. Einnig var tekið undir í skrudhúsinu. Allir vildu taka þátt í hinni sameiginlegu guðsþjónustu safnaðarins.

Þegar söfnuðurinn söng: „Ó, Jesús, lát mér opnast augu, að auðlegð mína sjái ég hér, Að föður á ég að á himni, sem alltaf hefur gát á mér,“ opnaði djákninn gráturarnar og ég gekk fyrir altarið. Hin fagra kirkja var full af biðjandi fólki.

Hið ytra og innra var kirkjan í góðu ásíðkomulagi, þótt hún væri gömul krosskirkja, reist úr timbri. Að innan var hún máluð ljósblá, en bekkir og framveggir dökkgulir. Þrjár ljósakrónur uppljómuðu kirkjuna. Og ljósinn sjö á altarinu vörpuðu hátíðlegum og hrífandi bjarma fram í kirkjuna. Á altarinu stóð mynd af Kristi á krossinum, og jók það mjög helgiblæ föstudagsins langa. Hins vegar minnti altarisflan, er sýndi hinn upprisna Frelsara, á hina dýrlegu páskahátíð, sem kom að loknum þjáningunum.

Söfnuðurinn tók þátt í guðsþjónustunni í þögulli helgi. Gamall maður, sem sat í nánd við altarið, þerraði æ ofan í æ tár af augum sér. Hann grét af gleði, eins og honum sagðist síðar frá. Honum hafði virst, að allir ungir menn afneituðu Guði. En nú gat að líta, að svo var ekki. Enn fengust ungir menn til að gegna prestsþjónustu.

Þegar ég kom upp í prédikunarstólinn, kom ég auga á tvo Tsjeku-starfsmenn út við dyr. Þeir komu einnig til að hlusta á nýja prestinn. En þeir komu með annað í huga en hinn hluti safnaðarins. Þeir vildu fylgjast með starfi mínu og prédikunum frá byrjun, svo að þeir gætu fengið átyllu til að ákæra mig sem gagnbyltingarmann. Ég lét sem ég yrði þeirra ekki var og hóf öruggur prédikun mína. Að guðsþjónustu lokinni komu margir inn í skrudhúsið til að heilsa mér. Þeir brostu gegnum tárin og þökkðu Guði fyrir, að hann hafði ekki yfirgefið þá.

„Varðmaðurinn við gröf Krists“

SÓL VAR ÞEGAR HÁTT á lofti og hlýr vorblærinn andaði úr suðri. Ég stóð úti fyrir býlinu, er ég bjó á, og horfði á kross kirkjunnar, sem ljómaði í sólskininu. Ég raulaði gamalt sálmalag. Ég var í hátíðaskapi. Fólk streymdi að úr öllum áttum til kirkjunnar.

Það var páskadagsmorgunn.

Það kom því sem þruma úr heiðskíru lofti, er mér hljómaði fyrir eyrum rússneska kveðjan: „Góðan daginn.“

Lögreglustjórinn Bjelov var kominn, án þess að ég veitti honum eftirtekt. Hann kinkaði kalli og brosti og rétti mér hönd í kveðjuskyni. Augun leiftruðu og allt hans framferði sýndi, að hann var í mikilvægum erindum. Hann var lifandi mynd varðmannsins við gröf Krists. Í stað hins rómverska sverðs hafði hann byssu við hlið.

„Ég vil fá að sjá skírnarskýrslu,“ sagði hann.

„Þér eigið við kirkjubók safnaðarins. Hún er skrifuð á finnsku og félagi lögreglustjórinn skilur ekki finnsku.“

„Þér getið lesið fyrir mér, hvaða börn voru skírð í gær.“

Allar mótbáru komu fyrir ekki. Ég varð að hlýða skipun hans. Ég lauk kirkjubókinni upp og las nöfn þeirra barna, sem skírð voru á laugardag fyrir páska, svo og nöfn fedra þeirra.

„Meðal barna þessara er barn, sem á kommúnista að föður,“ sagði lögreglustjórinn.

„Mér er ókunnugt um það,“ sagði ég, „en ég vona, að foreldrarnir séu kristnir, fyrst þau senda börn sín til skírnar.“

„Nei, herra prestur, slíkt er ekki viðeigandi,“ sagði Bjelov. „Slíkir kommúnistar eru svikarar, og við verðum að reka þá úr flokknum.“

Er hann hafði þetta mælt, fór hann án þess að kveðja. Klukkan var nær því tíu. Varð ég því að flýta mér. En nú var öllu breytt. Friður páskadagsmorgunsins var flúinn.

Því miður lá leið mín framhá bækistöð landamæravarðarins. Hér, í hreiðri Tsjekunnar, héldu menn ekki páska. Fremur virtist svo, að því væri svo fyrir komið, að ýmislegt færi fram úti við, meðan á guðsþjónustunni stóð. Tveir hermenn voru í önnum við að bera á vagnana. Aðrir sex smurðu byssurnar. Grimmur varðhundur lögreglustjórans réðst á mig, en sem betur fór var Bjelov nærri og sefaði hundinn. Hann kvað svo á og kímdi um leið, að ég þyrfti ekki að vera hræddur við hundinn.

Hann gelti að ókunnugum, en gerði þeim ekki mein. Ég fann, að ég myndi hafa í fullu tré við hundinn, ef Tsjekan vildi aðeins láta mig í friði.

Þegar ég kom inn í kirkjuna, fann ég frið að nýju, að minnsta kosti um sinn, og gleymdi hinum mikla óskapnaði heimsins fyrir utan.

Í húsi Drottins var svo þéttskipað, að engu varð þar við bætt.

Ég átti nú í fyrsta sinni að mæta í fullum skrúða. Einn vina minna hafði deginum áður tekist ferð á hendur til Hatsina og sótt þangað hempu Palsas biskups (sérkennileg fyrir presta Ingermanlands utanlands).

Það fór vel á því, að koma fram í biskupskápu á hátíð kirkjunnar, jafnvel þótt kápan væri mér allt of víð. Palsa biskup var þrekinn vexti, en ég grannur.

Þegar ég leit yfir söfnuðinn úr prédikunarstólnum, sá ég mörgum blika tár á hvörmum, en þó ljómaði gleði á hvers manns andliti. Hérna í kirkjunni gleymdu þessir íbúar landamærahéraðanna eina dagstund grimmd Tsjekunnar. Hér var ekki talað um flokka og stjórnmál. Hér var boðað það erindi Guðs, að fyrir honum eru allir jafnir.

Nú ljómaði hin dýrlega hátíð kristinnar. Sá steinn, sem lagður var fyrir gröf Krists, var á burtu. Bjargi erfiðis og sorgar virtist létt af hjörtum allra.

Vera má, að tímarnir séu breyttir? Vera má, að ráðið hafi veitt mönnum trúfrelsi? Á þessa lund hugsaði margur kristinn um þessar mundir, þegar þeir sáu kirkjuna þéttskipaða biðjandi kristnu fólki.

En að lokinni guðsþjónustu, þegar fólk hélt heim til sín, mátti sjá, að andkristnin var ekki langt í burtu. Landamæravörðurinn hafði aðsetur í nálægt 100 metra fjarlægð frá kirkjunni. Þaðan heyrðist í glymjandi útvarpstæki. Þar var rætt um hina efnislegu heimsskoðun. Þar var Guði og kristinni trú afneitað. Erindi þetta var flutt á þessum tíma í þeim auðsæja tilgangi að trufla guðsþjónustuna.

Mörgum varð þungt um hjarta, og manni kom í hug: „Fjendur kross Krists fara hamförum. En — ef Guð er með oss, hver er þá á móti oss?“

Í kirkjugarðinum

Það var á miðvikudegi. Dimmt var í lofti. Hægur andvari lék um skógartrén. Það var sem þau hvísluðu sorgarlag úr djúpum þessarar byggðar við landamærin. Ég ók eftir ósléttum stíg skógarins og hélt í áttina að kirkjugarðinum. Fyrir vagni mínum fór hestur, brúnn að lit, sem ekillinn hvatti í spori. Mér lá samt ekki á. Ég var í djúpum hugsunum og tók saman líkræðu, er ég ætlaði von bráðar að flytja yfir ungri stúlku, systur kommúnista eins, er ég nú átti að vígja til friðhelgi grafarinnar. Nú grillti í kirkjugarðinn. Friður hvíldi yfir þessum reit dauðans, sem lætur svo mörgu skeiði lokið fyrir en varir. Þeir, er hvíldu þar undir grænni torfu, virtust okkur hinum sælir. Þeir voru lausir við eirðarleysi heimsins.

Við námum staðar við kapelluna. Vandamenn hinnar látnu drúptu sorgbitnir höfðum yfir kistunni. Einn þeirra, er í líkfylgdinni var, virtist þó ekki sleginn hryggð. Það var bróðir þeirrar, er jarða átti. Hann stóð þar hnakkakertur og leit mig illu auga öðru hvoru. Leðurúlpa hans og framferði allt bar þess vott, að hann var í þjónustu ráðstjórnarinnar.

Þar eð forsöngvari minn var ekki viðstaddur, byrjaði ég að syngja útfararsálm, en fólkíð tók undir. Maðurinn í leðurúlpunni stóð þar án þess að taka ofan, og lék honum hæðnisbros um varir, er hann sá aðra taka ofan alvörubrunna. Að sálminum loknum var kistunni lokað. Ráðstjórnarliðinn lagði þar hönd að. Að því loknu mælti hann: „Ég kem að gröfinni, þegar presturinn er farinn.“ Sneri hann síðan baki við mér og gaf í skyn, að hann þarfnadist ekki þessa kirkjunnar þjóns.

Hver var nú orsök þess, að maður þessi fylgdi systur sinni til grafar og að hann leyfði, að prestur kæmi þar við? Hin unga stúlka dó í trúnni á Krist, og bróðir hennar hafði einnig orðið snortinn af kristinni trú. En er hann hafði gerst starfsmaður ráðsins, var hann tilneyddur að sýna fyrirlitningu sína á þessa lund. Veslings maðurinn hafði selt sannfæringu sína og æru fyrir leðurúlpu ráðstjórnarinnar.

Ég gekk hægt á undan líkfylgdinni, að hinni opnu gröf. Það ríkti djúp þögn, þegar jörðinni var aftur skilað því, er hún gaf. Ég kastaði rekunum og flutti líkræðu mína. Ég var frá mér numinn og hrærður, er fjölskyldan grét við gröfina. Hægur andvari lék við trjáblöðin, svo að regnið féll af blöðum trjánna. Þau tóku einnig þátt í sorgum manna.

Söfnuðurinn vex

DAG NOKKURN KOMU TIL mín tveir ókunnir menn. Annar þeirra kvaðst vera sendur frá söfnuðinum í Vuole, en hinn kvaðst kominn frá Miikkulainen-sókn. Þeir skýrðu mér frá erfiðleikum þeim, sem söfnuðir þessir ættu við að stríða. Engin guðsþjónusta hafði farið fram síðast liðna 18 mánuði, engin skírn, engin hjónavígsla, engin greftrun. Nú vonuðu þeir, að ég gæti tekið að mér þjónustu þessara safnaða, þar sem enginn prestur væri nær. Ég hafði áður nóg á hendi í Lempaala, þar sem mér var falin þjónusta meira en 7.000 sálna. En mér var ekki unnt að horfa á neyðgrannsafnaða minna og hafast ekki að. Ég var svo heppinn, að ég hafði fengið leyfi hjá GPÚ í Gorotsjavaja til að ferðast um nærliggjandi sóknir. Þar sem engir aðrir höfðu leyfi til að fara um þessi héruð, taldi ég það skyldu mína að liðsinna þessum afskekktu byggðarlögum. Gláðir og ánægðir héldu mennirnir heimleiðis, er ég hafði lofað þeim að koma að viku liðinni.

Það var um hádegisbil laugardaginn 14. maí, að ég lagði af stað. Ekillinn hafði í fórum sínum yfirlýsingu yfirvaldanna um, að mér væri heimil ferðalög til þessara safnaða. Nú var öllu borgið, því að ég hafði í vörslum skjöl bæði frá ráðinu og GPÚ. Sól skein í heiði. Leiðin var um 17 kílómetra löng og lá að mestu um skóglendi. Hestur, grár að lit og magur, fór fyrir vagni mínum léttur í spori, en ekillinn gætti þess, að vagninn héldist í jafnvægi.

Ferðin gekk greiðlega, og von bráðar voru hálsarnir við Vuole í auglýsingu. Við námum staðar við býli meðhjálparans. Aldraður maður kom til dyra og tók okkur tveim höndum. Hann brosti við okkur, eins og við værum gamlir vinir hans, þegar hann bauð okkur velkomna. Málefni kirkjunnar og safnaðarins voru honum rík í huga. Í 36 ár hafði hann verið meðhjálpari og fórnað bæði fé og tíma í þágu safnaðarins. Nú sá hann um allt, sem söfnuðinum kom við. Heimili hans var aðsetur sóknarnefndarinnar, þar voru mál safnaðarins afgreidd, og þar hafðist presturinn við.

Á meðan við sátum að borði, tjáði hann okkur ýmislegt frá fyrri árum. Hann hafði margt að minnast frá viðburðaríkri ævi, og skilningur hans á gildi lífsins var skír og greinargóður. Þegar við höfðum matast, gengum við út til að skoða kirkjuna.

„Kirkjan okkar er nærfellt 200 ára, en hún er enn reisuleg og í góðu ástandi,“ sagði hann, þegar við nálguðumst múrinn umhverfis kirkjuna. Forn birkitré umluktu þetta gamla guðshús, sem reist er úr timbri. Og undursamleg helgi hvíldi yfir því og grafreitnum umhverfis.

Gamli meðhjálparinn hafði frá ýmsu hugnæmu að segja viðvíkjandi örlögum kirkjunnar kæru, en jafnframt frá ýmsu, er vakti ugg og óhug.

Hann skýrði okkur frá því, að skömmu fyrir rauðu byltinguna hefði hin svonefnda „prestaklukka“ rifnað. Margir töldu, að það hefði boðað dauða prestsins. Seinna rifnaði einnig stóra klukkan. Það töldu menn boða eyðingu safnaðarins.

„Spádómarnir hafa ræst að mestu,“ hélt hann áfram. „Sóknarpresturinn, Peronius prófastur, dó að vísu ekki, en skömmu eftir þennan atburð varð hann að flýja til Finnlands til þess að forða sér undan ógnum kommúnistanna. Raunar er söfnuðurinn ekki eyddur enn, en tímarnir boða honum enga heill. Orðrómur er á sveimi um, að nú eigi að taka kirkjuna af söfnuðinum og gera hana að danssal, eins og svo víða hefur verið gert annars staðar. Guð einn veit, hvornig því lyktar.“ Svo mælti gamli meðhjálparinn alvörugefinn og strauk vinstri hendinni yfir snjóhvítar hærurnar.

Sunnudagurinn rann upp heiður og skær. Þetta var í maí. Söngur lævirkjans ómáði í lofti og svalan nálgadist bústaði mannanna. Bæki- og eplatrén stóðu í blóma og fylltu loftið unaðslegum ilmi. Ég sat við opinn glugga og horfði á sparibúna kirkjugesti koma í stórhópum til kirkjunnar. Fólkið stóð í hópum við kirkjudyrnar og ræddi ákaft saman. Það var svo langt síðan fólk kom hér saman.

Meðhjálparinn sagði mér, að komin væru 47 börn, sem skíra ætti. Hann stakk upp á því, að það skyldi gert fyrir messu, svo að hægt væri að komast sem fyrst heim með hin minnstu, ef þurfa þætti. Ég samþykkti þetta, því að á eftir messu voru margar grefranir og hjónavígslur og önnur prestsverk í vændum.

Skírnin fór fram í stofu meðhjálparans. Ég skoðaði vottorð yfirvaldanna um börn þessi, og allt var í reglu. Í Rússlandi þarf sérstakt leyfi til allra kirkjulegra at- hafna.

Það hefði mátt hugsa sér að við lifðum nú á tíma krossferðanna, þegar menn komu í hópum til að láta skírast. Hjá mér var heill söfnuður, nær hálfu hundraði, er ætlaði að taka skírn. Mörg börnin voru þegar altalandi, og sum þeirra tóku um hönd mér, þegar ég jós þau vatni.

Þegar samhringt var, var hvert sæti og stæði í kirkjunni skipað. Enginn vildi vera úti, þó að þröngt væri.

Ég var í skrudhúsinu og fór yfir auglýsingarnar.

En söfnuðurinn byrjaði að syngja: „Þann signaða dag vér sjáum enn.“ Já, þessi dagur varð mörgum dýrlegur. Loksins fengu menn þó að koma í Drottins hús, er þeir höfðu þráð um langt skeið.

Þá var dyrunum að skrudhúsinu hrundið upp, og inn kom lögreglustjórinn með hjálm á höfði. Hann kom rakleiðis til mín, því að hann vildi líta yfir skjöl mín.

„Félagi, þegar gengið er í kirkju, taka menn ofan,“ varð mér að orði við hinn ósvífna kommúnista.

„Ég er ekki kominn til að tilbiðja Guð, sem enginn er til, heldur til að athuga, hvort yður er leyfilegt að halda slíka samkomu hér. Ef þér hafði ekki leyfi landamæra-

varðarins, býð ég yður að fylgjast með mér,“ sagði kommúnistinn með þóttu. Ég sýndi honum leyfi GPÚ, og er hann hafði athugað það gaumgæfilega, fór hann og muldraði eitthvað fyrir munni sér.

„Ekki einu sinni í helgidómi Drottins er maður öruggur fyrir njósnurum,“ sagði einn sóknarmanna við mig, er við urðum samferða í sjúkrahvítjun eftir messu.

„Þeir gera aðeins skyldu sína sem opinberir starfsmenn,“ svaraði ég rólegur. En óafvitandi andvarpaði ég þungan, því mér var mjög ógeðfellt að eiga Tsjekuna ávallt á hælum mér. Söfnuðurinn naut kyrrðar og friðsællar helgi langa stund. Þó að messan yrði lengri en vanalega — dánartilkynningarnar voru 43 talsins, — þreyttist hann þó ekki. Allir vildu bíða til að heyra hið síðasta amen, því að verið gat, að þess yrði langt að bíða, að helgitiðir yrðu ræktar. Þegar lokið var vígslu hinna sex hjóna og síðasta sálminum lokið, fór söfnuðurinn í kyrrlátri ró út úr kirkjunni. Því næst var haldið áfram úti í kirkjugarðinum, þar sem fjörutíu leiði voru vígð. Það var hrifandi, hve ættingjum hinna framliðnu var áfram um, að presturinn helgaði þær moldir, er umluktu hinstu jarðneskar leifar vina þeirra. Hér var hefðin á heiðri höfð.

Þegar ég hafði lokið öllu þessu, varð ég að aka í skyndi til Miikkulainen, þar sem guðsþjónusta var boðuð næsta dag, mánudag.

Ekkillinn minn var mállhreifur miðaldra maður frá söfnuðinum í Miikkulainen. Hafði hann frá mörgu að segja. Hann fræddi mig um vandkvæðin, meðan stóð á frelsisstríðinu, sem orsakað hafði þjáningar og eyðileggingu sveitar hans. Þegar her Ingermanlands varð að hörfa inn á finnskt landssvæði eftir að hafa setið um flesta bæi Norður-Ingermanlands, kröfðust bolsévíkarnir grimmilegra hefnda yfir söfnuðinn, því að þeir hugðu, að hann hefði verið í samráði við borgarana. Í Miikkulainen-sókn voru flest bændabýlin brennd til ösku, sömuleiðis varð kirkjan og prestssetrið logunum að bráð. Safnaðarfolkið var handtekið unnvörpum og sent til Síberíu.

Nú virtust aðstæður breyttar og nokkru friðvænlegra. Margir þeirra, sem flúið höfðu til Finnlands, meðan í stríðinu stóð, sneru nú aftur til heimila sinna.

Lítill hús voru reist á rústum hinna gömlu. Jafnvel var byrjað að reisa nýja kirkju. Allt virtist horfa til hins betra.

„Við höfum öðlast meira trúfrelsi, fyrst presturinn fær leyfi til að ferðast um byggðirnar,“ sagði hann að síðustu eftir langa ræðu um örlög safnaðarins. Ég hlustaði með athygli á ekil minn, þó að ég vildi losna við samræður um þessi mál. Menn urðu að vera varkárir í orðum, því að enginn gat vitað, hvenær svo bæri undir, að maður ætti tal við njósnara Tsjekunnar. Maðurinn hugði, að ég væri þreyttur eftir störfín í Vuole, en samt hélt hann áfram, þó að ég svaraði aðeins stöku sinnum. Hann vildi vera ræðinn og skemmtinn.

Leiðin lá að mestu leyti um skóga, á stöku stöðum aðeins voru rudd svæði og víðlend. Vegurinn var íssléttur og holóttur, og svo virtist sem náttúran ein sæi fyrir endurbótum og viðhaldi. Enginn hafði unnið að lagfæringu eftir byltinguna.

Það var liðið að sólsetri, þegar við komum á slétturnar við Miikkulainen. Brunarústir kirkjunnar blöstu nú við okkur. Ekkillinn benti í áttina að grafreitnum, þar sem rautt flagg blakti í andvaranum. „Þarna, hjá rústum kirkjunnar, voru í einni kös grafnir allir þeir, er féllu úr Rauða hernum í frelsisstríðinu. Það er enginn kross á leiðum þeirra og enginn minnisvarði annar. Aðeins þessi rauða dula.“

Ég neyddist til þess að leita uppi skála landamæravardarins, sem var niður við Ladoga-vatn, því að ég þorði ekki að gista hér án leyfis yfirvaldanna.

Hjá Tsjekunni var mér tekið vingjarnlega. Yfirmaðurinn, sem talaði bjagaða rússnesku, var mjög kurteis. Síðar komst ég að því, að hann væri úr Rauða hernum og flóttamaður, væri Finni og hétí Saari. Hann ávarpaði mig kurteislega og tjáði sig ekki mótfallinn því, að ég kæmi til Miikkulainen, fyrst ég hefði leyfi stjórnar GPÚ.

Býli Heikkis var eitt þeirra fáu, sem eyðingin náði ekki til í byltingunni. Það lá við ósa Miikkulainen-fljóts, en það fellur í Ladoga. Fögur greni- og birkitré eru umhverfis það og voru skjól fyrir næðingum utan af Ladoga-vatninu. Vera má, að skjólið, er þau veita, hafi frelsað býlið undan bruna óvinanna.

Heikki var gáfaður maður, fullur áhuga fyrir velferð safnaðarins. Vegna þess, að engin kirkja var í sókninni og enginn opinber samkomustaður var til, þar sem unnt væri að halda guðsþjónustu, bauð Heikki húsrúm heima hjá sér.

Þegar leyfi hins opinbera var fengið til guðsþjónustuhalds, tók fólkíð að streyma til hins gestrisna heimilis.

Þó að mánudagur væri og margs væri að gæta, yfirgáfu bændur hestana á ökrunum, húsfreyjur og synir og dætur lögðu niður vinnu og skunduðu þangað, er þau gátu heyrt orð Guðs. Þegar er guðsþjónustan hófst, var fjöldinn orðinn svo mikill, að helmingurinn komst ekki inn í húsakynni Heikkis. Til allrar blessunar var unaðslegt veður, svo að fólk gat verið í garðinum, og þangað heyrðist prédikunin ágætlega, því að gluggar voru opnir. Allir þeir, er inni voru, urðu einnig að standa, því að öllum bekkjum var rutt á braut, svo að fleiri kæmust inn. Þó heyrðist enginn mögla. Allir voru kyrrir, alvörugefnir og hljóðlátir, uns síðasta versí var lokið. Rétt andspænis mér stóð kona, er sífellt þerrði tár af hvörmum. Þegar guðsþjónustu var lokið, þrýsti hún hönd mína og mælti: „Þökkum Guði vorum fyrir, að hann tekur oss að sér sem sín börn. Syndir vorar eru oss fyrirgefnar, í Jesú erum vér sæl og réttlætt. Guð blessi þig, sonur minn.“

Orð konunnar styrktu mig. Ég gladdist yfir því að finna lifandi trú, sem treysti náð Guðs. Hinn harði skóli reynslunnar hafði fært börn þessa héraðs nær Guði. Að lokinni guðsþjónustu gekk ég niður á bakka Ladoga-vatns til þess að vera einn með Guði. Vindsvali feykta hvítfextum bárum upp að fjörunni, í fjarska, út við sjóndeildarhringinn, skoluðust öldur hins sama vatnsborðs upp að strönd hins frjálssa Finnlands. En herna megin lá hið grátandi Ingermanland, stynjandi undir hinu þunga oki bolsévíkanna.

Óljúfir gestir

LAUGARDAGSMORGUN EINN SAT ÉG í herbergi mínu og las nýfengið bréf frá óþekktum höfundu. Í bréfi þessu var ég áminntur um ýrustu varúð, því að kommúnistar í grenndinni hefðu hótad því, að presturinn skyldi tekinn fastur. Ekki vissi ég, hvort þetta bréf væri frá mér vinveittum manni eða ekki. En víst var um það, að allrar varúðar varð ég að gæta. Hvern mánudag var ég kallaður fyrir herstjórnina til þess að gera grein fyrir prédikun minni daginn áður. Ég varð því að ígrunda með mestu nákvæmni allt, er ég sagði, því að minnstu mistök gátu fætt af sér grimmostu afleiðingar.

Það er auðsætt mál, að prestinum ber að láta stjórnsmál sér óviðkomandi. Honum ber og að vera utan allra flokka, aðeins á hann að boða orð Guðs. Slíkt skilur hver kristinn maður. En í Ingemanlandi var maður neyddur til að gæta allrar varúðar í notkun ýmsra biblíulegra orða, til dæmis: guðleysingi, Andkristur, ríki og svo framvegis. Það varð að nota önnur orð, sem þó náðu merkingu þeirra.

Í Rússlandi starfar „guðleysingjasamband“, sem hefur það mark og mið að reka áróður gegn öllum trúarbrögðum. Ef maður hefði orðið „guðlaus“ í prédikun, myndu „hinir guðlausu“, er hafa meirihluta í ráðinu, óðara taka það til sín. Af sömu ástæðu var ekki ráðlegt að nota orðið Andkristur. Ef við þetta bættist síðan það, að nefnt væri ríkið, myndu kommúnistarnir segja, að presturinn fengist um þjóðmál, sem kæmu honum ekki við. Hér varð því að fara með allri varúð.

Ég varð því skelkaður, þegar ég sá allt í einu, að tveir einkennisbúrnir menn komu heim að húsinu. Það var lögreglustjórinn Bjelov og aðstoðarmaður hans. Þessir óvæntu og óljúfu gestir komu vitanlega í brýnum erindum. Þó að ég vildi slíka „félaga“ sem fjærst mér, varð ég þó nú sem fyrr að taka þeim vingjarnlega.

Augu lögreglustjórans leifruðu andstyggilegri lymsku og slægð, þegar hann hóf máls: „Þér hafið verið í Vuole og Miikkulainen?“ sagði hann.

„Já.“

„Þér hafið einnig lofað að þjóna þessum söfnuðum. Verður það ekki of mikið starf?“

„Jú, nóg væri hér að starfa, en hvað skal gera, þegar svo fáir takast slíkt starf á hendur?“

„Yður mun vera vel goldið fyrir þjónustu yðar?“ skaut lögreglustjórinn fram í.

„Ég geng ekki til starfs í von um mikil laun,“ svaraði ég hiklaust. Lögreglustjórinn hló og sagðist ekki vilja ræða það mál nú. Sér væri mikilvægara mál á á hendi. Samkvæmt skoðun Bjelovs reið mjög á því, að presturinn, sem að jafnaði nyti trausts

safnaða sinna, ætti samstarf við yfirvöldin. Hann hefði nú beðið mig tíu sinnum um að ganga í þjónustu Tsjekunnar, en árangurslaust. Að þessu sinni kæmi hann með nýja uppástungu.

„Við höfum á allan hátt leitast við að sjá fyrir andlegum þörfum íbúanna í landamæraheruðunum,“ sagði Bjelov alvörugefinn. „Meðal annars höfum við sett upp viðtæki hjá foringjasveitinni, til þess að íbúarnir ættu kost á alhliða fræðslu. Þess vegna urðu það okkur vonbrigði, þegar enginn leit við þessu. Til dæmis var útvarpað finnskri dagskrá klukkan tíu síðastliðinn sunnudag. En þá sneru allir við okkur baki, en streymdu þess í stað framhjá til kirkjunnar. Því er ég nú hingað kominn, að ég vil stinga upp á því við yður, að þér hvetjið íbúana í prédikunum yðar til að koma á stöðina og hlusta á útvarpið. Enn fremur vil ég vekja athygli á því, að þér varið menn við að eiga nokkur mök við ættmenn sína í Finnlandi. Yður ber einnig að tala í prédikunum yðar um landbúnað, ræktun landsins, nauðsyn samyrkjubúanna og svo framvegis.“

Ég þakkaði manninum fyrir trúnað þann, er hann sýndi mér, en tjáði honum jafnframt, að ég gæti ekki farið inn á slíkar brautir. Ég væri einn þeirra, sem hefði fyrirgert þeim trúnaði, sem ráðstjórnin bæri til borgaranna, þar sem ég væri prestur. Þar eð starf mitt væri einvörðungu á trúarlegu sviði og væri aðeins miðað við þarfir safnaðanna, gæti ég ekki skipt mér af landbúnaði eða útvarpsmálum. Ennfremur hefði ég engan rétt til þess að gefa upplýsingar um þá borgara, er fengju heimsókn frá ættingjum í Finnlandi.

Lögreglustjórnin starði vonsvikinn og myrkur á svip í gólf niður og mælti: „Hvað mynduð þér gera, ef til yðar kæmi á næturþeli njósnavi frá borgurunum?“

„Ég hygg, að það komi þessu máli ekki við,“ varð mér að orði.

„Nei, að vísu ekki. En mér þótti rétt, svona um leið, að varpa þessari spurningu fram.“

„Ég fyrir mitt leyti hef ekki trú á því, að njósnavar komi hingað. En ef einhver kæmi, sem ekki hefði allt hreint í pokahorninu, teldi ég það skyldu mína að vara yfirvöldin við.“

Bjelov hló, stóð á fætur og mælti hátíðlegur í bragði: „Við treystum yður og vonumst til, að þér skiljið okkur.“

Er hann hafði þetta mælt, fór hann ásamt aðstoðarmanni sínum. En ég tók að hugleiða það, sem við hafði borið. Eftir öllum merkjum að dæma var lögð fyrir mig gildra. Einkum undraðist ég hina fáránlegu spurningu um uppljóstran njósnavanna. Ef ég hefði ekki talað um að ákæra njósnavar, sem vera mætti, að ég yrði var, hefði ég verið tekinn fastur samstundis. Þarna lá gildran, sem mér var ætlað að ganga í. Sagan um viðtækið, samyrkjuáhuginn og annað þessu líkt vakti hlátur minn þrátt fyrir allt. Það væri ánægjulegur prestur, sem byrjaði á því að hvetja fólk til að hlusta á útvarpsræður Tsjekunnar og að ganga í samyrkjubú guðleysingjanna, og ef ég svo færi að tala um, hvernig best myndi að yrkja jörðina í stað þess að boða fagnaðarerindi Krists!

Meðal æskunnar

Það var hinn 15. sunnudag eftir trinitatis. Íbúar nálæggra héraða voru komnir til kirkju í Lempaala. Margir þeirra komu um langan veg, gegnum skóga og auðnir. Það var stór hópur fagnandi æsku í söfnuðinum. Fullorðna folkið var einnig létt í lund. Nú var haldin æskulýðssamkoma.

Langt var, síðan slík samkoma var háð. Mönnum virtist sem trúin væri ekki lengur til meðal æskunnar. Bannað var að fræða þá, er ekki höfðu náð 18 ára aldri í trúarlærdómi. Allt frá því að Ingermanland varð háð bolsévíkunum, var prestinum bannað að uppfærða börn í heimahúsum.

Þó var á öðru leytnu lögð rækt við menntun æskunnar. Lestrarstofum var komið á fót, hinum svonefndu „rauðu hornum“, æskulýðssellum, vinnuskólum og ýmsum félagsstofnunum. Almenn skólaskylda var lögboðin, en í alþýðuskólunum. Þó áttu venjulegir, dauðlegir menn ekki aðgang að hinum æðri menntastofnunum, heldur aðeins örfáir útvaldir, kjörnir af trúnaðarmönnum ráðstjórnarinnar.

Í alþýðuskólunum voru unglingarnir uppfærddir í guðleysi eða efnishyggju. Meðal annars var borinn fram spurningalisti á þessa leið:

Trúir þú á Guð? Er það venja þín að fara í kirkju? Hefur þér verið kennt að biðja? Fara foreldrar þínir í kirkju? Og svo framvegis.

Á þennan hátt hugðust þessir „skaparar hins nýja heims“ best geta öðlast vissu um, hvort börnin ættu trúarleg áhugamál. Samtímis var reynt að ógna æskunni til að sækja ekki kirkju eða trúarbragðafræðslu.

Ætla mætti, að æska sú, sem elst upp í slíku andrúmslofti, ætti enga þekkingu á Guði. En svo var því þó ekki farið.

Undirbúningur tók langan tíma. Enginn utanhéraðs mátti sækja þetta mót, því að kirkjan var í landamærahéruðunum, og var engum óviðkomandi leyft þangað að koma. Því varð að tjalda því, sem til var.

Æskan var fögur og hrifin. Kór blandaðra radda söng, og jók það mjög hrifninguna. Nokkrir ungir sveinar og stúlkur lásu upp sálma og kristilegar smásögur. Allt fór fram á hinn fegursta hátt. Ungur maður, er nýlega hafði lokið herþjónustu í Rauða hernum, vitnaði í einlægum ákafa um kærleika Guðs. Ung stúlka, sem eitt sinn sótti „hið rauða horn“ og hafði þar hatað Guð, las upp ljóð. Efni þessi var: „Þinn vil ég, Jesús, jafnan vera.“ Með tár á hvörmum fór hún með þetta. Allt látbragð hennar bar þess vitni, að hún vildi helga Kristi líf sitt í raun og sannleika. Slíkt vakti hrifningu áheyrendanna.

Þegar hátíðinni lauk söng kórinn: „Leyf mér þú, Kristur kær, við kross þinn að

vera.“ En enginn fann löngun til þess að fara. Þess vegna hefði hátíðin getað staðið margar stundir enn. Menn vildu dvelja í húsi Drottins. Þar var öryggi og friður.

Miðaldra maður kom til mín á eftir, þrýsti hönd mína og sagði hræður: „Þessi dagur hefur orðið mér til blessunar. Ræðan, kvæðin og söngurinn hefur gert náð Guðs að veruleika fyrir mér. Nú veit ég, að ég er frelsaður fyrir friðþæging Krists. Guði sé dýrð, að hann hefur tekið mig að sér sem sitt barn.“

Þannig fórust mörgum orð. Menn fundu, að Guð veitti þessu hrjáða héraði ríkulega blessun sína og náð.

Daginn eftir var ég kvaddur fyrir landamæravörðinn í Kuivani-sókn. Þar varð ég að gera grein fyrir hátíðinni, starfi kórsins svo og öðrum atriðum. Foringinn Kakki, sem annars var kurteis og vingjarnlegur, stjórnaði yfirheyrslunni.

„Þér hélduð hátíð í kirkjunni í Lempaala í gær?“

„Já.“

„Á hátíðinni söng blandaður kór ungra manna?“

„Já.“

„Hve margir voru í kórnum, og hve lengi hefur hann æft?“

„Í kórnum eru um 50 manns, og byrjaði hann æfingu á júní síðastliðnum. Það eru því tæpir tveir mánuðir, sem hann hefur starfað.“

„En þér vitið þó, að bannað er að stofna til kristilegs starfs meðal æskunnar,“ svaraði foringinn reiðilega.

„Ég veit, að ekki má veita neinum, sem er yngri en 18 ára, fræðslu í kristnum fræðum. En í kórnum var enginn innan þess aldurs,“ svaraði ég rólegur.

„Starf kórsins verður að hætta, og framvegis verðið þér að muna að stofna ekki til slíkra æskulýðsmóta, ef þér viljið vera í sátt við yfirvöldin,“ mælti Kakki og sleppti mér.

Allar þær vonir, sem vaknað höfðu hjá mér undanfarna daga, fuku nú sem fölnað strá fyrir nöprum næðingi. Mér þótti sem ég stæði einn mitt í ofsóknum og hatrí.

Þegar ég kom heim, fékk húsmóðir mín mér tvö sendibréf, sem pósturinn hafði komið með. Ég fékk gleði mína að nýju og gleymdi allri þreytu ferðalagsins.

Ég reif bréfin strax upp og las. Annað þeirra var frá Hatsina, þar sem einn kunningja minna gekk í vinnuskóla. Honum fórust svo orð:

„Kæri vinur. Skólavist mín er að verða mér óbærileg. Hér verða menn að taka þátt í alls konar siðleysi og illum háttum. Í gær kom hingað nokkurs konar læknir, sem hélt erindi fyrir okkur. Hann hélt því fram, að æskan ætti rétt á að njóta alls frelsis. Blygðunarlaust hvatti hann til þess að brjóta sjötta boðorðið. Slík brot tíðkast mjög hér í skólanum. Híbyli skólans eru vanhirt og skítug og traudla er unnt að afla sér brýnustu nauðsynja, matar eða bóka, eða annarra kennslutækja.“

Hve lengi má þessu fara fram? Og hvers virði er slík skólavist? Hvaða gagn hefur andlaus gaur af pólitík?

Svo er látið í veðri vaka, að hér sé verið að skapa upplýsta æsku. Ég hygg fremur, að hún umbreytist í ræningja.

Þrátt fyrir þetta, vil ég gjarnan halda áfram námi þessu til þess að komast að raun um, hvernig öllu þessu lýkur. Ef mönnum hér tekst með því að neyta ýtrustu orku að stofna samyrkjubú, sem væri fagurt að ytra útliti, mætti svo fara, að ég fengi starf þar og fengi ásamt öðrum kálsúpu til fæðu soðna í almenningseldhúsinu. Vertu sæll.“

Hitt bréfið var frá námsmanni í Lenínsgarði. Þar sagði meðal annars:

„Hér líður mér afar illa. Á hverjum degi er unnið að því af mætti, að ég gangi í Guðleysingjasambandið. Enn hef ég ekki látið undan síga, en ég veit ekki, hve lengi ég megna að standa í gegn. Ég er þegar grunaður um trú. Ef ég ætti fulla djörfung, myndi ég hiklaust játa: „Ég er kristinn, ég get ekki afneitað Guði, því að farsæld mín er grundvölluð á vissunni um, að ég er hans barn.“ En ég óttast, að slík játning myndi verða örlagarík. Þótt ekki væri annað, myndi mér vísað úr skóla. En á ég að afneita Kristi? Á ég að afneita honum, sem hefur elskað mig og endurleyst til frelsis Guðs barna? Ég get það ekki. En það er svo þungbært að vera lærisveinn hans á laun. Ég kenni sársauka hið innra, að vera óheill gagnvart kennurum mínum, eða þegar ég verð að tala á móti sannfæringu minni og trú. Mundu að biðja fyrir mér.“

Eftir lestur þessa bréfs, var mér fullljós aðstaða hinnar vaxandi æsku Ingermanlands. Öllu heilögu og sönnu var misboðið. Guðleysi og vitfíring rak hausinn upp hvarvetna.

Kristilegt uppeldi æskunnar var stranglega bannað. Því var sá litli vísir, sem ég hafði hlúð að á ysta hjara Ingermanlands, að fullu dáinn.

Tíska þessi hafði raunar ekki til muna enn náð að festa rætur meðal æskulýðsins. En hið trúvana uppeldi var þó farið að bera ávöxtu. Saurlífi og alls konar ósiðlæti var tekið að gnaga líftaug æskunnar. Hið dimma ský guðsafneitunarinnar tók að byrgja sólarýn. Vonleysi framtíðarinnar blasti við.

Vígsla kirkjunnar í Miikkulainen

UM MARGRA ÁRA BIL hafði þvílíkur fjöldi aldrei verið við Miikkulainen-kirkju og hinn 12. október 1927. Fjöldi manna var kominn úr grannsvéitunum, þó að erfitt væri um öll ferðalög vegna mótstöðu yfirvaldanna.

Það var á Mikaelsmessu að fornu tímatali. Annir voru miklar, en þeim skeytti enginn í dag. Það var engu líkara en að enginn vildi láta hjá líða að njóta hátíðarinnar, sem var haldin í dag. Langþráður dagur var runninn upp. Söfnuðurinn hafði eignast samastað. Nú fór fram vígsla á kirkju hans. Þetta var stærsti viðburðurinn í Ingermanlandi, síðan bolsévíkarnir tóku völd. Það var orðið svo vanalegt, að kirkjurnar voru teknar hver af annari og umbreytt í dansskóla. Smíði nýrra kirkna var ekki í samræmi við áætlanir „öreigaríkisins“. Ef slíkt hefði borið við inni í miðju landi, myndi það ekki hafa vakið jafnstórkostlega athygli. En nú var um að ræða söfnuð í grennd við finnsku landamærin, þar sem íbúanna var gætt með vakandi auga yfirvaldanna og Tsjekunnar.

Í fyrstu mætti kirkjusmíðin andúð yfirvaldanna. En fyrir þrúbragðastríðinu höfðu flestir misst aleigu sína og árum saman reikað um sem flóttamenn. Þegar kyrrð komst á að nýju, var þeim leyft að hverfa heim, en rústirnar einar báru vott um, hvar heimkynni þeirra var áður. En þrátt fyrir allt misstu þeir þó ekki vonina.

Iðni og fórnfýsi safnaðarins var aðdáunarverð. Í trúarbragðastríðinu höfðu flestir misst aleigu sína og árum saman reikað um sem flóttamenn. Þegar kyrrð komst á að nýju, var þeim leyft að hverfa heim, en rústirnar einar báru vott um, hvar heimkynni þeirra var áður. En þrátt fyrir allt misstu þeir þó ekki vonina.

Hið mjög svo trúhneigða fólk, sem háð hafði baráttu við bitur örlög, hafði þokast nær Guði. Jafnframt endurreisn eigin heimkynna vann það af alhug að byggingu sameiginlegs heimilis safnaðarins. Þar sem um var að ræða kirkjusmíði, fékk söfnuðurinn fjárhagslegan stuðning annarra safnaða, þar sem leitað var samskota í því skyni. Fyrir sameiginlegt átak reis nú upp snoturt hús Drottins, þar sem hrijáður söfnuðurinn gat komið saman til að hlýða á orð Guðs.

Þegar ég kom þangað í síðasta sinn, sagði gestgjafi minn mér, að hinir rauðu litu kirkjuna illu auga, og hefðu haft við orð að gera hana að dansskóla. Vera mætti, að við fengjum ekki leyfi til að vígja hana. „Þeir geta gert sem þeim sýnist, því að nú hafa þeir í Moskvu völdin,“ sagði maðurinn.

Ég tjáði honum, að leyfi væri fengið hjá stjórn GPÚ til kirkjuvígslunnar. Þess vegna væri skipun frá héraðsstjórninni, sem lýtur GPÚ, einskis virði.

Séra F. Soittunen mætti þarna sem fulltrúi fyrir hið evangelíska finnska kirkjuráð

Finnlands ásamt ritara þess, Pekka Huima kennara. Framkvæmdi presturinn vígsluna.

Hið ytra minnti kirkjan á trúboðsstöð. Krossinn, er festur var á mæninn, var minjagripur úr brunarústum gömlu kirkjunnar. Einhverjir bæjarfulltrúanna höfðu fundið hann í rústunum og selt hann í hendur söfnuðinum gegn 15 rúblna gjaldi. Hið innra var byggingin fögur og bar að öllu leyti kirkjulegan svip. Altarið lá fyrir miðju gegnt aðaldyrum. Var prédikunarstóllinn hægra megin við það. Altaristaflan, sem táknaði Drottinn í Getsemane, samræmdist mjög högum og þjáningum þessa litla safnaðar. Jafnframt minnti hún söfnuðinn á, að við eigum árnaðarmann á himnum, sem biður fyrir okkur. Fögur ljósakróna úr bronsi hékk niður úr hvelfingunni fyrir miðjum dyrum. Sæti voru í tveim röðum vel skipað. Klukkur og orgel, sem þó eru talin nauðsynleg í hverju guðshúsi, voru engin.

Meginþorri þeirra, sem til vígslunnar komu, komst ekki inn. Til allrar hamingju var veður gott og hlýtt, svo að þeir, sem úti voru, gátu notið alls þess, er fram fór, því að allir gluggar voru opnir. Séra Soittunen hélt vígsluræðuna út af orðunum í 2. Kron. 6, 19–21. Ræða hans var full af lífi og var mjög sannfærandi um, að Drottinn hefði aldrei um aldir sleppt hönd sinni af söfnuði sínum. Þessi litli söfnuður bæri og vitni um náð hans og trúfastan kærleika. Hér á þessum stað, sem nú væri Guði vígður, myndi hann nálgast mennina í orði sínu og sakramentum. Hann bænheyrir og umvefur hina endurfæddu sinni eilífu náð.

Gleði safnaðarins var mikil. Hann líktist lýð Ísraels, er kom heim úr herleiðingunni frá Babýlon, er fagnandi þakkaði Guði undursamlega náð hans og handleiðslu, en gleymdi erfiði því og áþján, er hann hafði liðið.

Þegar vígslunni var lokið, hélt hátíðinni áfram á ýmsa lund. Hinir ungu lögðu sinn skerf fram. Kór kvenna söng sálma og andlega söngva.

Ekki fór þó svo, að þessi dýrlega hátíð mætti fara fram ótrufluð. Liðsmenn Tsjekunnar létu færið ekki ganga úr greipum sér, heldur komu þeir og hremmdu herfang sitt.

Meðal annarra tóku þeir fastan ritara kirkjuráðsins, Pekke Huima. Vegabréf hans var í ólagi.

Aukabáttur þessi skerpti að nýju vitundina um alvöru tímanna. Mörg hundruð manna höfðu verið numdir á brott úr þessum söfnuði einum. Ýmsir þeirra hurfu inn fyrir múra fangelsanna. Aðrir voru nú í þrælkunarvinnu.

Að lokum hélt hver til síns heima. Og víst er um það, að í hverju húsi í Miikkulainen-söfnuði var rætt um atburði dagsins.

Þó var einn, sem var á ferð í myrkri næturinnar, með ljósker í hönd. Hann leitaði mín síðla kvölds. Maður þessi var um þrítugt. Af mæli hans mátti ráða, að hann var ekki hérlendur. Hógvær bar hann upp erindi sitt á þá lund, að hann bæði mig um að koma með sér til þess að skíra barn.

Þetta var flóttamaður frá Finnlandi, sem hafði gengið í borgaralegt hjónaband fyrir fjórum árum með stúlku frá Miikkulainen-sókn. Þeim hafði orðið tveggja

barna auðið, dóttur og sonar. Dóttirin var nú þriggja ára, en hafði ekki verið skírð, því að faðirinn vildi að öllu leyti fara að lögum ráðstjórnarríkisins. Þegar drengurinn litli fæddist, sagði móðirin við mann sinn: „Eru konur ekki jafnréttháar körlum í ráðstjórnarlýðveldinu?“

„Jú, víst.“

„Ég hef ákveðið með sjálfri mér, að færa barn þetta til skírnar. Þegar telpan fæddist, leyfðir þú ekki, að hún væri skírð. Nú er hún þriggja ára að aldri. Mér sviður í hjarta, þegar ég minnst þess, að hún hefur ekki hlotið hlutdeild í kristilegri skírni og er því heiðin.“

Litla fátæklega stofan var skreytt eftir föngum. Ung og viðmótsþýð kona tók á móti mér. Litli sakleysinginn svaf rótt í vöggu sinni, og hin fagureyga litla stúlka sat á stól með krosslagðar hendur. „Nú höldum við hátíð á heimili okkar,“ sagði móðirin glöð og fagnandi í bragði, en bætti við viðkvæmri röddu: „Ef þú vilt, þá al dóttir þína upp sem þér líkar best, en ég fer með son minn til skírnar.“

Maðurinn svaraði konu sinni engu, en hélt til vinnu sinnar. En stúlkan litla hafði heyrt viðræður þeirra.

Þegar faðir hennar kom heim, beið hún hans við dyrnar og sagði: „Pabbi, ég vil einnig láta skírast, svo að ég geti orðið kristin.“

Hið harðúðga hjarta föðurins komst við, og hann lét það eftir, að barnið yrði skírt, en þó því aðeins, að presturinn kæmi heim til þess.

Þó að mjög væri framorðið og ég væri þreyttur eftir erfiði dagsins, vildi ég ekki skorast undan að fara.

„Við höfum vanrækt skírni dóttur okkar. En nú fæ ég að lifa það augnablik, að bæði börnin mín verði þátttakendur í skírarnáðinni.“

Þegar faðirinn kom, framkvæmdi ég skírnarathöfnina. Hugur minn var altækinn hugsuninni um hina þrevetra stúlku, sem sjálf þráði að verða kristin.

Hún hlustaði hljóð á skírnaræðu mína, og glöð og sæl drúpti hún höfði yfir skírnarlaugina. Á þessari stundu fékk ég að reyna innihaldið í orðum Jesú: „Leyfið börnunum að koma til mín og bannið þeim það ekki, því að slíkra er guðsríkið.“

Úr austri heyrðust drunur Ladoga-vatns, eins og það boðaði storm. En ljósinu í gluggum hinna litlu híbýla vörpuðu friðarljóma, og íbúar Miikkulainen fundu, að þeir voru í vernd hins Hæsta þrátt fyrir þjáningar og umrót. Þeir höfðu ekki misst vonina um betri og bjartari framtíð.

Þar sem lækurinn bugðast

ÞAR SEM ÁIN SAIJANJOKI LIGGUR í skeifumyndaðri bugðu, er nyrsti bær Ingermanlands, Kirjasalo. Þessi bær er kunnur frá tíma byltingarinnar, því að hér blakti fáni Ingermanlands lengst. Hérna var það, að hann var dreginn niður hinn 5. desember 1920, þegar allar vonir brustu. Þá varð þessi bær, sem her Ingermanlands hafði varið svo hraustlega, að lúta bolsévíkunum.

Síðan voru liðin sjö örlagarík ár, og Saijanjoki var lokuð allri umferð. Hún skildi sundur þá, sem töluðu sömu tungu og játuðu hina sömu trú. Þessi litla á varð markalína austurs og vesturs.

Í nóvemberbyrjun fékk ég leyfi GPÚ til þess að fara til Kirjasalo. Héraðið lá við ystu mörk landanna, en þeirra var gætt mjög nákvæmlega, svo að jafnvel íbúar bæjanna í grennd fengu ekki að fara þangað án leyfis GPÚ. En nú átti að taka manntal í söfnuðinum. Þess vegna fékk þjónn kirkjunnar að fara til þessa bæjar, sem annars var lokaður umheiminum.

Það hafði snjóað nokkuð, svo að sleðafærið var gott. Forsöngvarinn ók sleðanum. Var hann glaður í sinni og lék spaugsyrði á vörum, þó að hann væri annars talinn fámáll. En nú rifjuðust upp fyrir honum minningar liðins tíma. Margt hafði hann reynt. Fyrir byltinguna var hann kristindómsfræðari þar um slóðir, og hafði hann þá fengið nán kynni af alþýðu manna og lifnaðarhátum þeirra. Þá máttu menn fara frjálssir ferða sinna, jafnvel yfir landamærin. Hann hafði því oftsinnis komið til Muolaa-, Kivennapa- og Rautu-sókna, en þær liggja næst landamærunum Finnlands megin.

Ég sat við hlið honum og hlustaði þögull. Ég hafði aldrei komið til Finnlands, en ég fann, að mér rann finnskt blóð í æðum. Ég minntist kvæðis, sem ég hafði lært á skólaárum mínum: „Inn milli skóganna, þar á ég heima.“ Þetta kvæði tengdi hugsun mína hinu frjálsa Finnlandi. Mér þótti sem ég sæi friðsælt heimili meðal birkitrjáa, sem blærinn andar í. Þar þótti mér hamingjan ríkja. Þar var hvorki ljómi né auðæfi. En þar ríkti farsæld. Þeir áttu hin miklu auðæfi, trúfrelsið og föðurlandið.

Við fórum fram hjá þorpi í grenndinni og nálguðumst nú Kirjasalo. Hesturinn drattaðist áfram. Ekillinginn hafði því nóg að gera við að herða á honum. Það brakaði í snjónum undir meiðunum, og það þaut í skóginum, klæddum skrúða vetrarins.

Allt í einu vorum við stöðvaðir með valdboðinu rússneska: *Stoj!* Nemið staðar! Tveir rauðir hermenn komu út úr skóginum. Þeir spurðu, hvert við ætluðum, og rannsökuðu vegabréf okkar gaumgæfilega. Þegar þeir sáu, að við höfðum leyfi

GPÚ til fararinnar til Kirjasalo, buðu þeir okkur kurteislega að halda förinni áfram, en áminntu okkur þó um að koma við hjá landamæraverðinum.

Þegar við komum á leiðarenda, héldum við rakleiðis til lögreglustöðvarinnar, sem var í Autio-þorpi. Um eitt hundrað metrum frá stöðinni vorum við stöðvaðir af rauðum hermanni, sem spurði okkur, hvert við ætluðum, og otaði byssuhlaupinu að okkur. Við svörum því, að við ætluðum til stöðvarinnar til þess að láta stimpla vegabréfið. Því næst blés hann í hljóðpípu, og komu þá þrír aðrir hermenn hlaupandi fram úr skóginum. Þeir áttu að halda vörð um okkur, á meðan hann færi og tilkynnti komu okkar. Við biðum þarna með byssustingi reidda að okkur, uns maður, er virtist vera yfirmaður, kom. Þegar hann hafði skoðað skjöl okkar og lesið vegabréfið, setti hann einhver merki á það og mælti á þá leið, að við hefðum leyfi til að ljúka erindum okkar, en við yrðum þó að vera farnir klukkan níu næsta dag. Nú fengum við að halda óáreittir til samkomustaðarins. Mér hlýnaði um hjartarætur, þegar ég sá, hversu mikill fjöldi var kominn þangað. Þó að löng leið væri til kirkjunnar, hafði andlegt líf ekki lamast. Hin þunga hönd örlaganna og þjáningar höfðu þrýst mönnum nær Guði. En sár byltingarinnar voru enn ekki gróin. Í Kirjasalo var ekkert heimili, sem ekki átti einhvern, sem hafði verið í fangelsi eða var þar nú eða var landflótta.

Varla hafði ég byrjað vinnu mína, fyrr en ég fann óroa meðal fólksins. „Nú koma þeir rauðu til að taka prestinn fastan,“ varð þeim að orði. Mér brá, því að fangelsanir og þvílíkt voru hér daglegir viðburðir.

Augu allra voru fest á dyrunum. Og inn komu menn með hjálma á höfði og vopn við hlið. Þeir komu að borðinu mín, og rauði foringinn, sem virtist vera gyðingur, spurði valdsmannslegur í bragði: „Hvenær komuð þér hingað og með hvaða rétti talið þér á slíkri samkomu?“

Í stuttu máli sagði ég allt af létta og sagði rólega, að það hæfði ekki, að vopnaðir menn trufluðu samkomu, sem GPÚ hefði leyft.

Gyðingurinn rauk upp og sagðist myndi taka mig fastan, því að án hans leyfis mætti enginn halda samkomu í þessum hérudum. Ég fékk honum því leyfið, og er hann sá það, varð hann vandræðalegur á svip. Án frekari aðgerða sneri hann á braut ásamt hinum vopnuðu mönnum sínum. Allir viðstaddir, sem höfðu fylgst með þessari orðasennu með áhuga, vörpuðu öndinni glaðir í bragði. Nú gátum við haldið áfram í næði.

Þegar öllu var lokið, hélt hver til síns heima, glaður í huga og fagnandi yfir því að hafa mátt enn einu sinni taka þátt í slíkri samkomu og einnig yfir því, að vera nú skráðir í hina nýju kirkjubók safnaðarins, því að hinar gömlu voru glataðar. Aftur vaknaði von um bjartari framtíð.

Í fjarska leiftruðu ljósin í Kärsala. Þar tíðkuðust ekki njósningar eða húsrannsóknir á næturþeli. Þar var heimilishelgin óáreitt. Ó, að Finnland kynni að meta frelsið!

Fyrir rétti

JÓLIN VORU LIÐIN Í FRIÐSÆLD og ró. Þau voru haldin á kristilegan hátt í uppljómaðri kirkjunni. Þó var það nokkrum örðugleikum bundið að afla kertanna. En gyðingur einn útvegaði þau gegn margföldu gjaldi. Við höfðum gengið inn um dyr hins nýja árs. Árið 1928 var byrjað. Í janúar var hörkuveðrátta. Ég dvaldi á Finnlandsstöðinni í Lenínsgarði og beið ferðar til Systerbäck. Daginn áður hafði ég fengið póstkort með fyrirskipun um að mæta á varðstöð GPÚ í Systerbäck. Mig undraði hin skyndilega fyrirskipun, því að ég varð að koma þangað mánaðarlega til þess að endurnýja dvalarleyfi mitt.

Frú Järveläinen hafði fengið mér stóreflis pakka, fylltan ýmiss konar mat. Hún vissi, að erfitt var um matföng í Lenínsgarði og Systerbäck. „Enginn veit, hvað þeim kemur í hug í Tsjekunni. Vera má, að þér verði leyft að dveljast hjá þeim í nokkra daga,“ sagði hún, meðan hún bjó um nestið. Það var eins og hún hefði hugboð um, að eitthvað væri á seyði.

Á stöðinni var allt á fleygiferð. Konur og karlar trúðust áfram með könnur og kirnur og mösuðu um daginn og veginn.

„Þeir úthlutuðu mér tveim kílóum af brauði. Ég veit varla, hvort ég á heldur að gera, að éta það strax sjálf eða fara með það helm handa fólkinu,“ nöldraði kona ein.

Önnur kom íbyggin til vinkonu sinnar og sýndi henni allstórt rúgbrauð, er hún geymdi í tösku sinni. Það vó því sem næst 5 kíló. Ljómandi af fögnuði hvíslaði hún til þeirra, er næstir voru: „Ég kem á viku hverri á ákveðinn stað og fæ þar þetta hnossgæti. Það nægir því sem næst alla vikuna.“

Akuryrkjan var ekki blómleg um þessar mundir í Ingermanlandi. Uppskeran af ökrunum fór að mestu leyti öll í það að borga landleiguna til ráðstjórnarinnar. Fólk aflaði sér brauðs á þann hátt að sækja það til borgarinnar og láta mjólk þess í stað.

Í biðsal stöðvarinnar ráfuðu fáeinir drukkknir menn. Gerðu þeir nokkurn usla, en enginn gaf þeim gaum. Menn voru slíku vanir, því að hér gildi regla þessi: Drekkjið, drengir, því að nú erum við frjálsir.

Tötrum klæddir betlarar voru þar hópum saman. Meðal þeirra var kiðfættur Kínverji, er beiddist ölmusu í sífellu, þó að hann kynni ekki rússnesku. Hver mátti vera að því að sinna annarra neyð? Hjá öllum kreppti skórinn að.

Lestin var troðfull, en þó var allt hljótt. Allir virtust niðurbældir. En hér um slóðir höfðu menn tamið sér að bera þjáníngar með þögninni, því að allir óttuðust njósnir Tsjekunnar.

Loks komum við til Systerbäck. Þar voru vegabréf allra skoðuð af rauðum, vopnuðum hermönnum. Þegar ég sýndi þeim póstkortið, sem ég hafði fengið frá GPÚ, var mér leyft að halda til stöðvarinnar.

Ég var orðinn kunnugur á þessum slóðum, því að oftsinnis hafði ég komið hér. Það var aðeins tíu mínútna gangur frá járnbrautarstöðinni til herstjórnarinnar, sem hafði aðsetur í hvítu, þríálma húsi. Ég varð að hraða mér sem mest ég mátti. Klukkan var nærri því tíu, en þá átti ég að vera mættur.

Þegar ég kom, hófst ströng yfirheyrsla.

„Skýrið mér frá viðhöfn þeirri, sem fram fór á afmæli yðar,“ sagði Gúsev og glotti fyrirtillega. Við hlið hans stóð gyðingur, sem starblíndi á mig eins og hann vildi lesa mínar leyndustu hugrenningar.

Ég sagði, að ég hefði enga viðhöfn haft. Fáeinir vina minna höfðu sótt mig heim á afmæli mínu og hyllt mig með söng.

„Við vitum allt,“ sagði Gúsev. „Fjörutíu manna söngflokkur heimsótti yður. Þeir sungu og færðu yður gjafir. Segið allt af léttu.“

Ákæra þessi var á rökum reist. Á afmælisdegi mínum, hinn 23. desember, kom söngflokkurinn og hyllti mig. Þeir færðu mér og ýmsar gjafir, til dæmis ullarskyrtu, gullhring og ýmislegt annað. Þeim virtist kunnugt um allt þetta. Mér kom í hug, að einhver leyninjónari kynni að hafa verið í kórnum. Sagði ég því allt eins og var, því að ég hafði engu að leyndu. Þegar ég nefndi hringinn, gat gyðingurinn ekki á sér setið. Augun urðu glitrandi af græðgi, og hann stóð upp og bað um að fá að sjá hann. Því miður var ég ekki með hann. Annars hefði ég „mjög svo gjarnan“ skenkt þessum bjúgnef hann.

En seinna náðu þeir honum.

Eftir tveggja stunda yfirheyrslu voru mér fengin ýms skjöl til að skrifa undir. Fyrst var ég neyddur til að skrifa langa greinargerð um sjálfan mig, vandamenn og sóknarborn. Því næst var ég neyddur til að svara spurningum slíkum sem þessum: Hvers vegna varð ég prestur, hver er afstaða mín til ráðstjórnarinnar, hvað stunduðu foreldrar mínir fyrir byltinguna, átti ég ættmenn í Finnlandi, hve margir sóttu kirkju, hverjir voru í kórnum, um hvað fræddi ég fermingarbornin, hve mikil voru mánaðarlaun mín? Og svo framvegis.

Mér leið illa, meðan á þessu stóð, því að hvert orð varð að hnitmiða. Ef mér skjátladist eða ef ég segði eitthvað óhugsað, gat það haft grimmilegar afleiðingar.

Gúsev las skýrslu mína mjög vandlega og sagði ánægður í bragði: „Allt bendir til þess, að þér séuð ekki mjög hættulegur ráðstjórnarlýðveldinu. Vegna þess, að ég treysti ráðvendni yðar, bið ég yður um að ganga í þjónustu vora. Við krefjumst þess ekki, að þér skiljið við prestsstarfið, því að hér ríkir trúfrelsi. Þér eruð sagður mjög trúaður maður, og hljótið þér því að eiga yðar sannfæringu óáreittur. En þér verðið að inna af höndum þau störf, er við bjóðum yður, ásamt yðar starfi. Hlutverk yðar yrði það að gera okkur uppskált, hvaða skoðun almenningur hefur á ráðstjórnarlýðveldinu og sjálfstæði Ingermanlands. Ennfremur ber yður að tjá

okkur, hvílík sambönd menn hafa við ættingja í Finnlandi. Auðvitað á þetta að fara með hinni mestu leynd, svo að borgarana gruni ekki athöfn yðar. Það mál kemur aðeins okkur og yður við. Á þennan hátt getið þér sýnt best, að þér viljið ráðstjórnarríkinu vel. Auk þess skuluð þér fá greiðslu fyrir ómak yðar.“

Mér bauð við smjæðri þessa starfsmanns Tsjekunnar. Ég hafði oftsinnis heyrt slíkt sem þetta. Engu að síður leitaðist ég við að sýna fram á, að ég gæti ekki skýrt frá hugsunum alþýðu manna og að ég óskaði þess, að þurfa ekki að ganga í þjónustu ráðstjórnarlýðveldisins.

Gúsev brýndi fyrir mér, að málefni þetta væri ekkert spaug, og lagði áherslu á það, að mér yrði refsað sem gagnbyltingarsinna, ef ég gengi ekki að þessum kostum.

Ég gaf þau svör, að mig undraði á því, að þeir skyldu gruna mig um nokkuð misjafnt, því að ég hefði í engu brotið lög. Ríki og kirkja væru aðskilin, og þar eð ég væri í þjónustu kirkjunnar, bæri mér skylda til að þjóna henni einni án þess að gefa mig að öðru, sem mér kæmi ekki við. Ég gæti ekki skilið, að nokkur gæti verið í senn prestur og þjónn Tsjekunnar.

„Þér getið fengið frest til íhugunar,“ sagði Gúsev. „Íhugið þetta gerla, því að við gefum okkur lítt að alvöruleysi. Þegar við köllum yður hingað næsta sinni, væntum við, að þér gangið að kröfu okkar.“

Ég hélt síðan á brott frá aðsetri Tsjekunnar. Var ég beygður í huga og reikandi í hugsun. Klukkan var um fimm eftir hádegi. Ég hafði því verið um sjö stundir fyrir rétti. Mér létti þó mjög, þegar lestin hélt af stað til Lenínsgarðs.

Ég hafði fengið frest til umhugsunar fyrir náð Tsjekunnar. Þess var þó engin þörf, því að með sjálfum mér var ég staðráðinn í því að ganga aldrei í þjónustu hennar.

Kirkjuráðið og ráð hinna rauða

Á FÖGRUM SUMARDEGI ÁRIÐ 1928 komu þrír umboðsmenn héraðsráðsins í Kuivainen til Lempaala-kirkju. Þeir kváðust komnir til að líta eftir kirkjunni. Í ráðstjórnarlyðveldinu eru eignir kirknanna í eign hins opinbera: Kirkjunni og öllu hennar góssi er stjórnað af nefnd manna, sem setur þær í hendur safnaðanna, gegn vissu gjaldi. Söfnuðurinn ber þó ábyrgð á munum kirknanna. Kirkja þessi hafði nokkrum sinnum orðið fyrir árásum þjófa, sem höfðu stolið pípum úr orgelinu og þess háttar. Slíkt voru daglegir viðburðir í stjórn bolsévíkanna. Því nær allar kirkjur í Ingermanlandi höfðu verið rændar orgelpípunum. Þegar ránið var kært fyrir lög-regluvaldinu, glottu „félagarnir“ aðeins og sögðu, að kirkjuráðið gætti illa muna kirknanna. Tjónið yrði að bætast háum sektum. En ekki höfðust þeir að til að finna ræningjana. Þess vegna gekk sá orðrómur, að kommúnistarnir stæðu að þessum ránum til þess að eiga hægra með að koma af stað andtrúarlegum ofsóknum.

Nú var röðin komin að Lempaala-kirkju. Söfnuðurinn hafði skýrt málið fyrir ráðinu og bauðst til að gera við orgelið. Viðgerðarmaður var fenginn frá Lenínsgarði. Honum tókst að koma því í nokkurt lag eftir nokkra mánuði. Fulltrúar ráðsins komu nú til þess að taka viðgerðina út. Bolsévíkarnir tóku ekki ofan, þegar þeir komu inn í kirkjuna. Þeir voru ekki komnir til þess að tilbiðja Guð, heldur til þess að líta eftir eignum ríkisins!

Þeir lituðust um í kirkjunni, og háðbros lék þeim um varir, og þeir mæltu: „Þetta gæti verið afbragðs húsnæði fyrir ýmiss konar skemmtanir.“

„Hér er ágætis rúm til dansleikja,“ sagði hinn og rak um leið upp skellihlátur, svo að glumdi í kirkjunni.

„Talið ekki um þetta,“ sagði ritari þeirra, Haatanen. Hann var alvörugfinn, miðaldra maður. „Gerum aðeins skyldu vora.“

Því næst gengu þeir upp á orgelpallinn og skoðuðu orgelið frá öllum hliðum. Enginn mannanna kunni að leika á hljóðfærið. Þeir studdu nú samt öllum fingrunum í senn á hljómborðið, eða að þeir drápu einum fingri á einstaka nótu. Kirkjuþjónninn, sem annars tróð orgelið með miklu erfíði, undraðist þennan hljóðfæraleik.

„Orgelið hljómar því aðeins, að organistinn komi í sætið. Þér getið alls ekki spilað. Þér styðjið á nóturnar mjög óreglulega. Þvílík hljómlist minnir mest á áflog milli katta og hunda.“

Þvílíkar sneiðar féllu bolsévíkunum ekki í geð. Þeir létu staðar numið og gáfu þá skýringu, að þeir hefðu engrar slíkrar menntunar notið.

Síðan spurði ritarinn sóknarnefndina, hve mikið þeir hefðu borgað viðgerðina. „Þrjú hundruð rúblur. Það er ekki of mikið, hann vann hér nærri tvo mánuði.“ „En hvaðan hafði þér fengið orgelpípunar?“

„Úr klukkuturninum. Þær voru eftir, þegar gamla orgelið var lagt til hliðar og hið nýja keypt. Það var mikil heppni, að við skyldum eiga þær, því að ógjörningur hefði verið að útvega nýjar,“ mælti sá, sem hafði orð fyrir sóknarnefndinni.

Umboðsmennirnir litu hver til annars, og svo mátti virðast sem þeir þættust komnir á snodir um einhvern leyndardóm. Þeir gengu út úr kirkjunni ánægðir í bragði og íbyggnir og kvöddu.

„Þessir svikarar! Þeir komu okkur ekki til aðstoðar, þegar þjófarnir rændu kirkjuna. Vera má, að þeir hafi sjálfir stolið pípunum, því að gramir voru þeir, þegar þeir komust að raun um, að orgelið var í góðu lagi,“ sagði gamli maðurinn.

En málinu var ekki lokið með því. Að viku liðinni fékk sóknarnefndin stefnu frá héraðsráðinu. Átti hún að verja hirðuleysi sitt um eignir ríkisins.

Á tilteknum tíma mætti sóknarnefndin öll — 24 alls — á bekkjum hinna ákærðu við rauða bordið í þinghúsi Kuivainens. Þeir voru þöglir og vandræðalegir og biðu dóms síns. Málinu lauk brátt. Dómarinn las upp úrskurðinn. Kirkjuráðið var dæmt til að greiða 300 rúblur í sekt fyrir vanrækslu á eignum hins opinbera og auk þess 17 rúbla málskostnað. Án athugasemda lýsti nefndin yfir því, að hún yndi úrslitum. Um annað var ekki að ræða. Og til hvers átti líka að áfrýja?

Ákærður fyrir fermingarundirbúning

ÞRÍR HESTAR ÞEYTTUST UM veginn áleiðis til Harpala-býlis, en það liggur á mörkum Lempaala- og Vuole-sókna. Fremsta hestinum stjórnaði forsöngvarinn í Lempaala. Ég sat við hlið hans sokkinn niður í eigin hugsanir, því að í dag var mér stefnt fyrir ráðið að nýju. En ekki vissi ég, fyrir hvað ég var ákærður. Rétt á eftir okkur ók Jooseppi Myhkyrä, sem var formaður Toksova-safnaðar. Í hinum aftasta sat með-hjálparinn. Þeim var einnig stefnt, sennilega fyrir hina sömu yfirsjón.

Við áttum að mæta klukkan 10. En við vorum svo grandvarir, að við mættum hálfri stundu fyrr. Réttarsalurinn var þegar þéttskipaður áheyrendum. Raunar mátti hann traudla kallast salur, því að hann var að falli kominn og neglt var fyrir gluggana með bordum. Söfnuðurinn var kominn til að heyra, hvað það væri, sem prestur og djákni voru ákærðir fyrir.

Við hið rauða bord dómaranna var raðað bekkjum handa hinum ákærðu. Þar urðum við að hafast við og bíða átekta. Það var í fyrsta sinni, sem við komum á slíkan stað. Meðan ég sat þarna, kom mér í hug ummæli ágæts manns: Hver sá, er ekki hefur verið ákærður eða setið í fangelsi í ráðstjórnarlýðveldinu, er að engu nýtur. Hann er ekkert.

„Félagi“ dómarinn og ákærandinn hlutu að vera í vanda staddir, líklega vegna hins mikla fjölda, sem mættur var til þess að hlýða á málfærsluna, því að yfirheyrslunni seinkaði mjög. Þarna máttum við húka og bíða allan daginn. Við fórum að halda, að allt væri leikur einn. En hið sanna kom þó brátt í ljós. Margir áheyrenda þreyttust á biðinni og héldu heim, en aðrir komu í þeirra stað.

Maður einn, sem ég ekki þekkti, kom til mín og hvíslaði í eyra mér: „Dómarinn sagði, að presturinn og djákinn hefðu nægan tíma fyrir sér. Þeir fara ekki í kirkju í dag. Þeir eru aðeins að stríða yður.“

Ég svaraði honum engu orði, þó að hann annars virtist fús á viðræðu. Ég lét hann á mér skilja, að ákærðir hefðu ekki leyfi til að tala í réttarsalnum. Ég óttaðist, að hann myndi vera njósnari.

Að lokum var þó málið tekið fyrir klukkan 10 um kveldið. Héraðsdómarinn, félagi Jääskeläinen, stjórnaði yfirheyrslunni. Þó að hann hefði ekki fengið aðra menntun en þá, sem veitt er í alþýðuskólum, var yfir honum virðuleiki nokkur. Hann hafði tamið sér að fara eftir grundvallarkenningum hinna síðari tíma og samið sig að háttum þeim, er tíðkuðust innan Ráðstjórnarríkjanna. Til dæmis var hjónaband hans borgaralegt, og tíðum skipti hann á konum. Hann sat fyrir miðju hinu rauða bordi milli tveggja kvenna, sem aðstoðuðu hann. Svo virtist sem

hann ætti erfitt um vik, þegar hann sá hina kirkjulegu unnendur á bekkjum hinna ákærðu. Slíkt var ekki heldur að undra, því að varla gat því verið þannig varið, að hann væri svo forhertur, að honum væri gleymd eigin ferming. Hann var maður um þrítugt. Virtist hann vera dauðleiður á lífinu, og í andlit honum voru ristar rúnir lífsleiða og drykkfældni.

Ákærandinn, félagi Bondarev, settist og við borðið. Hann var oddviti sveitarstjórnar Kuivainens. Hann var maður um fertugt og fremur vænn yfirlitum. Hann var dyggur þjónn Rússanna, til dæmis gerði hann nafn sitt rússneskt, en áður hét hann Katala. Heimilislíf hans var þó mótað kristnum lífsskoðunum. Kona hans var kristin, og voru börn hans skírð kristinni skírni samkvæmt lúterskum sið. Önnur aðstoðarkona dómarans var rússnesk. Þekkti ég hana, því að hún naut fræðslu undir fermingu hjá mér og var skráð í söfnuðinn í Lempaala.

Fyrst vorum við spurðir um fjárhagsafkomu okkar hvers um sig. Þegar dómarinn hafði ritað niður þær upplýsingar, er við gáfum, sneri hann sér að Myhkyrä.

„Vitið þér, hvað yður er gefið að sök?“

„Mér er ekki kunnugt um, að ég hafi hið minnsta brotið lög þjóðfélagsins, þó að ég sé nú nærfellt 73 ára,“ svaraði Myhkyrä á slæmri rússnesku. Honum lá við gráti, því að hann var þreyttur og stúrin.

Hins sama vorum við hinir spurðir, hver um sig. Dómarinn og aðstoðarmenn hans hnykluðu brúnir, þegar enginn okkar vissi sök sína.

Því næst tók Jääskeläinen blað eitt sér í hönd og las ákærana. Við vorum ákærðir fyrir að hafa veitt æskulýðnum fræðslu í kristnum fræðum, en það var bannað í rússneskum lögum. Síðan spurði hann: „Játið þér þetta lagabrot?“

Ég var yngstur hinna ákærðu og því ekki þreyttur. Vegna þess, að svo virtist sem félagar mínir væru óttaslegnir, var mér skylt að svara, þótt ég væri ekki sérstaklega krafinn um það. Ég fullyrti, að hvorki ég né félagar mínir væru sekir um lagabrot. Við hefðum gert það, sem lögin heimiluðu.

„Hvar finnið þér slík lög, er leyfa að brjóta fyrirskipanir ráðstjórnarlýðveldisins? Þér vitið vel, að bannað er að veita æskunni fræðslu um kristin mál,“ öskraði Jääskeläinen æfur.

Ég tjáði honum, að allt slíkt væri mér kunnugt, en að við hefðum enga trúarbragðafræðslu látið í té, heldur aðeins búið undir fermingarathöfnina sjálfa og hefðum yfirheyrt þá, sem ætluðu til frekara náms.

„Ég tel fermingarundirbúning, biblíulestur og trúarbragðafræðslu eitt og hið sama,“ mælti sækjandinn, Bondarev.

„Svo virðist sem yður sé mál þetta kunnugt. Betur færi, að þér þekktuð lög ríkisins jafnvel eða betur heldur en ég,“ svaraði ég og leit ákærandann óhýru auga. Ég tjáði þeim ennfremur, að mig undraði, að héraðsráð Univainen stæði hér sem ákærandi í máli þessu, því að sérstakt leyfi hefði jafnan verið fengið hjá því, þegar börn komu til yfirheyrslu. Auk þessa hefði miðstjórn verkamannasambandsins sett

þau lög, er veittu þeim, er væru í hinni lútersku kirkju, leyfi til að fermast 15 ára að aldri.

Þeir, er sátu við rauða borðið, þögnuðu við og áheyrendurnir í salnum fylgdu gangi málanna með athygli.

„Kallið á vitnin,“ sagði dómarrinn loks.

Fyrsta vitnið var ungur sveinn frá Lempaala-sókn. Hann hafði notið fermingarundirbúnings á síðastliðnu sumri.

„Hefur þú gengið til prestsins?“ spurði dómarrinn.

„Já, á síðastliðnu sumri.“

„Hvað var kennt þar?“

„Presturinn yfirheyrði í kveri og biblíusögum.“

„Hve mikið áttirðu að borga fyrir það?“

„Engra launa var krafist, en ég borgaði 50 kópeka.“

Allir hlógu að hinni djarfmannlegu framkomu drengsins, jafnvel dómarrinn og aðstoðarmenn hans. Því næst var annað vitni kallað, ungur maður frá Vuole-sókn. Einnig hann hafði gengið til spurninga síðastliðið sumar.

„Þú gekkst til prestsins í sumar?“ sagði dómarrinn.

„Já, er nokkuð við það að athuga? Sérhver kristinn maður menntast í trú sinni.“

„Varstu hvattur til þess, eða var þér boðið það?“

„Nei.“

„Um hvað var talað?“

„Vitið þér ekki, um hvað er talað í barnaspurningum? Þar er talað um Guðs orð!“

„Hve mikils krafðist presturinn fyrir?“

„Alls einskis.“

„Gafstu nokkuð?“

„Ég gaf 18 kópeka.“

Allir voru í léttu skapi í réttarsalnum, og enginn virtist syfjaður, þó að nú væri liðið að miðnætti. Því næst urðu hinir ákærðu að mæta að lokum.

Forsöngvarinn í Lempaala, sem annars talaði ekki nema í ýrtruðu nauðsyn, lét þá von í ljós, að mál þetta yrði leitt til lykta á löglegan hátt og ákæran á hendur okkur yrði ógilt. Þess óskaði einnig öldungur safnaðarins, Myhkyrä, og aðrir hinir ákærðu.

En þá losnaði haft tungu minnar, og blóðið svall mér í æðum. Ég flutti langa ræðu og sagði meðal annars: „Ég hef unnið og mun framvegis vinna í hlýðni við þau lög, sem segja: Verið yfirvöldunum hlýðnir. Ég fagna því, að það er trúfrelsi í ráðstjórnarlýðveldinu. Ég horfi óhræddur í augu valdhöfunum og segi: Ég hef engin lög brotið. Mig undrar sífellt, að héraðsráðinu skuli ekki vera lögin betur kunn. Þér hafið farið óviturlega að í áróðri yðar fyrir trúleysinu. Yður gleymast ummæli féлага Trotskíjs: Trúleysisstarf framkvæmist ekki á þá lund, að menn leggi af sér saur undir glugga prestsins. Það þarf að framkvæma á viturlegan hátt.“

Ég vænti þess, að félagi dómáranum sé ljóst, hversu sekir þeir eru, sem hann á nú að dæma. Ég treysti því, að hann dæmi mál okkar óhlutdrægt, svo sem góðum dómara jafnan ber að gera.

Látið ekki spyrjast, að nokkur sé neyddur til að álykta, að lög lýðveldisins komi í bága hver við önnur. Ef þér úrskurðið, að ég og aðrir þeir, er sitja á bekkjum hinna ákærðu, séu án saka, er okkur unnt að segja, að þér gerið rétt. Dæmið mál okkar löglega, og sýnið fram á, að þér missjáið yður ekki á hinum saklausu.“

Þetta voru djörf orð, einkum ef menn gera sér ljóst, að þau voru töluð við hið rauða borð ráðsins, og að ég hafði fyrirgert trúnaði „borgaranna“. „Borgarar“ þeir, sem viðstaddir voru, undruðust og sögðu síðar: „Presturinn í Lempaala er djarfur í máli. Hversu lengi mun slíkt ganga?“

Þessu næst fór dómariinn og aðstoðarmenn hans inn í annað herbergi. Þar dvaldi þeim í þrjá stundarfjórðunga. Á meðan var allt hljótt og kyrrt. Einstöku andvarp heyrðist. Ég fann, að beðið var fyrir okkur, hinum ákærðu.

Klukkan sýndi, að nýr dagur var runninn upp, þegar dómariinn las upp úrskurð réttarins, hátíðlegur í bragði. En allir stóðu á fætur. Úrskurðurinn var stuttur, en hneig að því, sem við öll óskuðum. Ákæran var að engu höfð.

Ég var glaður í huga. Mér fannst sem þungu fargi væri af mér létt. En hins vegar hafði ég hugboð um, að sigur þessi væri upphaf opinskárrar deilu.

Brottflutningar hefjast

HIÐ UNÆÐSRÍKA SUMAR 1929 var liðið. En þá tók svartur skuggi bolsévíkanna að byrgja sólar sín öllum Finnum í Ingermanlandi. Fjöldahandtökurnar hófust.

Um þessar mundir fór ég kynnisför til heimkynna minna á Vesturlandi. Ég kom við á bæ einum, sem ég var vel kunnugur á. Það var síðla kvelds. Þegar ég kom inn, virtist mér heimafolkíð svo undur áhyggjufullt. Allir voru svo kátir og hressir, þegar ég kom þar síðast.

„Nei, er það presturinn frá Lempaala,“ sagði húsbóndinn loks. Að öðru jöfnu var hann glaður í bragði, en nú hélt hann dapur áfram: „Við bjuggumst við öðrum gestum.“

„Er ég óvelkominn, eða kem ég á óhagstæðum tíma?“ spurði ég.

„Jú, þér eruð velkominn, en, en ...“

Ég bað hann að skýra þetta nánar, því að ég var ekki slíku vanur þar.

Maðurinn sagði í hálfum hljóðum frá atburðum síðustu daga. Síðastliðna nótt voru níu manns teknir fastir í þessum bæ einum, og enginn vissi vegna hvers.

„Hver getur vitað, hvenær röðin kemur að okkur? Þegar þér drápuð á dyr, hugðum við það vera þjóna Tsjekunnar, er kæmu til þess að ákveða örlög heimilisins. Vissulega erum við engir lögbrjótar. Fyrir þær sakir höfum við ekkert að óttast. En ég óttast, að við séum illa séð meðal bolsévíkanna. Þeir menn, sem hafa verið handteknir, voru slíkir. Ég fæ ekki skilið, hvers vegna menn eru rændir trausti og borgaralegu frelsi. Það er látið í veðri vaka, að hinir ríku séu kúlakkar. En þeir eru hispurslaust fangelsaðir sem óvinir alþýðunnar. En enginn þeirra, sem voru handteknar síðastliðna nótt, var ríkur. Vera má, að Kaarlo hafi verið á svarta listanum, því að áður var hann verslunarmaður, en þeir eru bannfærðir. En nú var hann fátækur. Hann átti ekki einu sinni kú. En hverju sætir það, að hinir voru á svarta listanum sem gagnbyltingarmenn? Þeir voru algerðir öreigar. Vera má, að ástæðan sé sú, að þeir voru trúaðir. Ég er alls ekki ríkur. Ég á einn hest og eina kú. En á skránni yfir kúlakkana var mitt nafn.“

Þannig fórust manningurinn orð, og hann hefði haldið áfram, ef konan hefði ekki snúið samræðunum í aðra átt.

„Við fengum þó leyfi bæjarstjórnarinnar til þess að hafa kirkjulega viðhöfn. Hinn daginn heimsækja okkur margir ræðumenn. Þú kemur á mótið, Aatami?“

„Ég þakka fyrir, mér er það ljúft,“ svaraði ég og fór.

Fréttin um handtökurnar leið mér ekki úr minni. Ég var slíku ekki óvanur. Í landamærahéruðunum er slíkt daglegt brauð. En hérna, í heimkynnum mínum, í

hinu afskekktasta héraði, var slíkt nýlunda. Svo virtist, sem starfsmenn Tsjekunnar sæju engan í friði, hvar sem hann var. Dapurlegar hugsanir ásóttu mig, og þegar ég kom að hliðinu heima, þorði ég tæpast að drepa á dyr. Mamma var enn ekki háttuð. Hún sat við gluggann og beið komu minnar. Þegar ég gerði vart við mig, flýtti hún sér til dyra. Hún féll mér í fang, þrýsti hönd mína og sagði: „Velkominn, sonur minn, sonur minn.“

Mér leið svo undur vel að vera nú kominn heim, og um augnablik gleymdi ég órósemi og baráttu umheimsins. Faðir minn var dáiinn fyrir fáum árum. Hann hvarf héðan í trú á Drottin sinn og Frelsara. Minning hans var okkur öllum góð. Mamma bjó ein í gamla húsinu. Hún var okkur enn kærari en áður.

Systir mín var fyrirvinna hennar. Það var hún, sem fyrst opnaði mér heima trúarinnar. Hún var þegar frá bernsku mjög trúhneigð. Ég unni henni því mjög.

Bræður mínir tveir bjuggu í grenndinni. Báðir voru þeir kvæntir og áttu eigin heimili. Ég blessa þá í huga mér, því að einnig þeir unnu mér mjög. Ég var yngstur systkinanna.

Aldrei hafði mér þótt jafn vænt um áttthaga mína og nú. Ætli það hafi verið vegna hugboðsins um, að brátt myndi ég leggja á ókunnar leiðir til þess að bergja þar bikar sorgarinnar?

Hinn næsti dagur leið og nýr dagur rann. Ég fór þá ásamt bræðrum mínum og systur á kristilega samkomu. En jafnvel hér urðu slíkar samkomur æ strjalli, því að jafnan þurfti að leita leyfis yfirvaldanna. Og hinum háu herrum þóknaðist ekki ætíð að velta leyfin, því að nú var hin mikla fimm ára áætlun í framkvæmd. Í þetta sinn sagði formaðurinn: „Nú megid þið gjarnan biðja til Guðs fyrir mér.“ Hann var Eistlendingur.

Fjöldi fólks var saman kominn. Fólkið fann, að því var nauðsyn á að leita trausts hjá Guði í hinum þungu raunum sínum. Samkomunni lauk ekki, fyrr en mjög var liðið nætur. Ræðumennirnir, sjö að tölu, urðu að tala tvisvar hver, því að fólkið vildi ekki fara. Menn gerðu þessa stund að sannri hátíð. Þeir, sem ofsóttir voru, voru öruggari hér í hópi hinna trúuðu en annars staðar.

Tveim dögum síðar hélt ég aftur til Lempaala. Þar berst mér í hendur tímarit eitt, sem í var greinarkorn sem hét: „Presturinn Kuortti — hvorum megin — á máli borgaranna eða öreiganna?“

Greinin var ósvífin mjög. Mér voru gefin mörg uppnefni. Greininni fylgdi skopmynd af mér. Var ég þar undir dráttarvél. En myndin hét: „Heimsendir og séra Kuortti.“

Mér hefði legið þetta í léttu rúmi, ef ég hefði ekki áður verið ásakaður fyrir landráð. Þó að ásökun sú væri með öllu ástæðulaus, mátti þó draga þá ályktun af þessu, að baráttan gegn mér væri nú háð á opnum vettvangi.

Nú var ég sannfærður um, að GPÚ, „þessi blóðþyrstasti tsar Rússlands“ myndi bráðlega senda mig þangað sem svo margir Finnar í Ingermanlandi höfðu farið.

Á hverjum degi var skýrt frá nýjum handtökum og brotnámi til ókunnra

héraða. Fór slíkt ávallt fram á náttarþeli. Vopnaðir starfsmenn Tsjekunnar komu að mönnum í fastasvefni. Þeir fóru um hífýlin með braki og brestum, rannsókuðu allt og gerðu skýrslu um það og höfðu á brott peninga og annað verðmæti.

Því næst var heimilisfólkið flutt burt undir ströngu eftirliti og síðan í áþján í fjarlæg héruð, því að allir reyndust gagnbyltingarmenn! Nú hugði ég, að röðin kæmi brátt að mér. Á hverjum morgni varp ég öndinni léttilega. Mér auðnaðist þó að njóta frelsis enn einn dag.

Dag einn sat ég í þungum hugsunum í vinnustofu minni. Barst mér þá bréf frá einum vina minna.

Honum fórust svo orð:

„Góði vinur! Guði þóknast að reyna á þolgæði barna sinna. Við þörfnumst aga og áreynslu. Annars verðum vér óstöðug í trúnni. Ef ávallt er þurrkur og sólskin, þorna jurtirnar og skrælna. En þegar regnið streymir úr dimmum skýjum, taka engi og aktrar að grænka. Við þörfnumst einnig daga sorgarinnar, ella deyr vor andlegi þróttur.

Í gær var ég staddur á M.-stöð. Þar var fólki, konum og körlum, hrúgað saman í vörulest eina. Mér varð gramt í geði, þegar slagbröndum var slegið fyrir lestaropin. En þá hljómaði úr lestinni sálmurinn: Vor Guð er borg á bjargi traust. Já, Guð er skjól og skjöldur hinna undirokuðu. Ef Guð er með oss, hver er þá á móti oss? Hann er athvarf vort í blíðu og stríðu. Ég veit, að innan skamms muni einnig þín biða þrengingar. En þú hefur svo oft talað um náð Guðs. Þú munt treysta henni. Þér hefur lærst að vænta alls frá hendi vors himneska föður. Guð blessi þig.“

Ég fyrirvarð mig fyrir að hafa misst hugrekknið. Ég hafði svo oft áminnt um að fela Guði allt og treysta náð hans.

Hátíð friðarins — Ókyrrð hið ytra

ÞÓ AÐ NÚ VÆRI SENN liðið að jólum, var jörð enn alauð. Rauð jól var hlutskiptið í ár. Jörð var þó frosin mjög og blæja hennar dökk. Loft var skýjað og hulið sorgarblæju. Því var líkt farið og náttúran vildi sýna hinu grátandi Ingermanlandi samúð sína. Rétt fyrir jólkin fékk ég tilkynningu frá yfirvöldunum um, að mér væri bannað, að viðlagðri refsingu og sektum, að útvega jólatré og þess háttar. Guðleysingja-sambandið háði nú baráttuna berlega gegn kristnu hátíðahaldi.

Aðfangadagskvöld jóla var ég kallaður til Lenínsgarðs. Liðsmaður GPÚ, Vlasov að nafni, átti við mig erindi. Á stefnunni var hægt að sjá, að mikið lá við. Jafnaðarlegast byrjuðu þær á þessa leið: „Við biðjum yður virðingarfullst ...“

Nú var það bein skipun: „Við skipum yður ...“ Nú hélt ég að röðin væri komin að mér og nú myndi ég sitja í fangelsi um jólin, því að nokkrum dögum áður höfðu allir þýskir prestar í Lenínsgarði verið teknir höndum.

Virðast mátti, að margir þyrftu að ná fundi Vlasovs. Konur og karlar, ungir og gamlir, biðu þess, að röðin kæmi að þeim. Ég hugði, að allir væru þeir leyninjósnarar Tsjekunnar og ættu nú að gefa skýrslur um störf sín.

Að lokum kom röðin að mér. Meðan ég beidi fyrir utan, flaug mér í hug, að enn væri tækifæri til að flýja. Það var freisting fyrir mig að leitast við að komast til Finnlands. En ég áttaði mig, og þótti sem slík hugsun væri sprottin af ótta. Hugdjarfur og keikur vildi ég biða örlaga minna.

Vlasov sat einkennisbúinn við bord eitt, þegar ég kom inn. Hann tók kveðju minni glæðlega og spurði tíðinda líkt og fornvinur myndi spyrja eftir langa fjarvist. Smátt og smátt þokaðist hann þó nær efninu.

„Þér hafið enn ekki tekið hlut í starfi okkar,“ sagði hann.

„Ég hef eigið starf, og ég hygg, að ég hafi ekki unnið yður tjón,“ svaraði ég brosandí til að sýna, að ég óttaðist ekki.

„Kennir Biblían ekki, að mönnum beri að vera yfirvöldunum hlýðnir?“ spurði Vlasov og horfði beint í augu mér.

„Jú, en ég hef aldrei gerst sekur um óhlýðni, en ávallt leitast við að gera svo sem samviska mín bauð.“

„Gaman væri að vita, hvernig sú samviska er,“ drundi Tsjeku-liðinn.

Því næst fór hann að spyrja í þaula um, hvað ég vissi um flóttamenn frá Ingermanlandi, sem nú dveldu í Finnlandi, og hvort nokkur hygðist koma yfir landamærin bráðlega. Þegar ég svaraði því, að ég vissi engin deili á slíku, varð Vlasov reiður, sló hnefanum í borðið og óskraði: „Nú þekkjum við leyndardóm yðar. Samviska

yðar býður yður að draga taum borgaranna, en varpa skugga á öreigana. Þér eruð fjanmaður ráðstjórnarlýðveldisins, og yður skal galdið eftir því. Ef þér játið ekki þjónustu við okkur, þá verðið þér handtekinn nú þegar!“

„Mér eru engin undirferli tóm, og ég er þess fullviss, að enginn getur ákært mig fyrir brot á lögum ráðstjórnarinnar. Sem kristinn maður get ég ekki átt þátt í yðar ljósfælna athæfi,“ svaraði ég ákveðinn.

„Þér eruð leikinn í vörn yðar. En þetta er ekki viturlega aðfarir. Ef þér takið ekki sinnaskiptum, verður yður fenginn staður í Helvíti!“ hreytti hann út milli samanbitinna tanna og glotti djöfullega um leið.

„Trúið þér, félagi Vlasov, á hinn vonda, þó að þér afneitið Guði?“ flýtti ég mér að skjóta inn.

„Ég trúi ekki á sama hátt og þér. Sá vondi er þar, sem eymdin ríkir, þar sem menn þræla og líða hungur og kulda. Við sendum yður til slíks staðar, og við ætlum, að trú yðar muni gufa þar á brott eins og hismið þyrlast á brott fyrir vindi. Þar munuð þér læra að hugsa skynsamlega!“

„Ætlið þér að gera mig að píslarvotti vegna trúar minnar?“

„Slíkt kemur okkur ekki við,“ muldraði Vlasov. „Þér munuð komast að raun um, að hinn vanmegna Guð yðar megna ekki að frelsa yður úr höndum okkar. Og að lokum munuð þér bölvva yðar fánýtu trú. En við hörmum æskuþrótt yðar. Vera má, að ástmær yðar harmi hin grimmu örlög. Nú ljúkum við málinu að þessu sinni og veitum yður enn frest til umhugsunar. Þér getið farið. Enn eruð þér frjáls. Næsta sinn verða viðræður stuttar. Ef þér þá gangið ekki orðalaust í þjónustu okkar, þá vitum við, hversu farið skal með gagnbyltingarmann af yðar tagi.“

Þegar ég var kominn út úr dyrunum, hrópaði hann á eftir mér: „Munið það, sem ég segi!“

Enn var ég frjáls. En mér fannst sem hlekkirnir læstust þegar um hendur mér.

Það var farið að rökkva. Á götunum ríkti hávaði og þrengsli. Hinir miklu flutningavagnar verkamannanna fóru skröltandi um hina þröngu Gorotsjavaja götu. Órór mannfjöldi stóð í löngum röðum fyrir utan búðirnar. Allt var með hversdagsblæ, þó að nú væri aðfangadagur jóla. Engin kirkjuklukka ómaði sem fyrr í Lenínsgarði. Öll hátíðabrigði voru bönnuð. Bolsévíkarnir þoldu ekki hljóm kirkjuklukknanna. Auk þess var öllum fyrirskipað að vinna um jólin. Prófessor einn skýrði svo frá, að nemendum í skóla einum hefði verið boðið að bera kartöflusekki á sjálfa jólanóttina og stafla þeim í kirkju eina.

Síðla um kvöldið náði ég með kvöldlestinni til Lempaala. En þar hugðu menn mig vera hneptan í varðhald.

Þá nótt kom mér ekki dúr á auga. Ógnun Vlasovs hljómaði sífellt fyrir eyrum mér. Klukkan fimm um morguninn féll ég á kné við rúmið mitt og bað Guð um að styrkja veika trú mína. Og friður, sem er æðri öllum skilningi, gagnatók sál mína. Ég fagnaði komu Frelsarans, sem kom í fátækt, svo að vér mættum verða auðugir í honum. Ég minntist jólanna, þegar mér tók að skiljast frelsandi náð Guðs. Síðan

voru níu ár. Þá var ég enn barn að aldri og var heima. Þá gaf ég Jesú þetta loford: „Þinn vil ég, Jesú, jafnan vera.“

Var ég nú að verða skelfdur, þegar menn tóku að ofsækja mig vegna trúar minnar? Nei, nei. Fyrir hana vildi ég fórna lífi mínu, ef Guð krefðist þess.

Klukkan sex hófst guðsþjónustan í kirkjunni. Var hún öll uppljómuð. Tekist hafði að afla kerta þrátt fyrir örðugleika á því. Einn kom með 100 gramma tólgu, annar með hálfpund og svo framvegis. Þannig tókst að steypa nægilega mörg kerti, svo að unnt var að halda jólin á venjulegan hátt.

Hvert rúm var skipað. Aðra helga daga var fjöldi fólks. En nú um jólaleytið virtist svo sem enginn vildi vanrækja hina sameiginlegu guðsþjónustu. Þegar söfnuðurinn söng: „Af himnum ofan boðskap ber,“ hvarf mér öll þreyta og kvíði.

Enn veittist mér tóm til að halda hátíð friðar og gleði með söfnuði mínum, þó að tíminn væri friðvana og gleðisauður. Ég er þess fullviss, að margur hefur fundið ásamt mér um þessi jól, hversu öruggt og friðsælt er að vita sig vera barn Guðs og að mega leggja allt í hans skaut og eilífu náð á tímum upplausnar og vonleysis.

Leiðin heim lá fram hjá barnaskóla sveitarinnar. Heyrði ég þá börnin syngja jóla-söng guðleysingjanna. Endaði hann á þessum orðum: „Ristið prestinn á kvíðinn.“

„Einnig þetta er jólasálmur!“ sagði einn úr söfnuðinum, sem varð mér samferða.

„Hann endar vel, að minnsta kosti. En væntanlega hafa þeir í huga vambmikinn prest, en ekki slíkan væskil sem mig,“ svaraði ég.

Í skóla þessum var tekin upp fimm daga vinnuvika, svo að sunnudagurinn var ekki lengur hvíldardagur. Skólinn var sóttur jafnt um jólin sem aðra daga. Skólastýran, Kurri að nafni, var mér fjandsamleg, svo að hún tók upp á því að senda mér þessa jólakveðju.

Annan dag jóla fór ég til Vuole. Var einnig þar sungin morgunmessa.

„Það er þá presturinn, sem kemur þarna. Við héldum, að þér kæmuð ekki fram,“ sagði gamli meðhjálparinn, þegar hann bað mig vera velkominn.

„Hví skyldi ég ekki koma? Ég auglýsti það í kirkjunni síðast.“

„Eftir þann tíma lét formaður „rauða hornsins“ það boð út ganga, að þér væruð tekinn fastur. Hann leitast á allar lundir við að gera okkur tjón. Nú vinnur hann að því að safna undirskriftum um beiðni um að breyta kirkjunni í samkomusal. En hver fæst til að skrifa undir slíkt?“ sagði öldungurinn.

Ég þekkti ekki til þessa Konkkas, en ég hafði heyrt sitthvað um hann. Hann bjó þar sem áður var prestssetrið og var foringi „rauða hornsins“. Í þeirri stöðu var honum umfram allt ætlað að vinna á móti kristinni trú.

„Ef mér tekst ekki að koma þessum séra Kuorti í fangelsi, má hundur í haus mér heita,“ sagði hann eitt sinn í vonsku.

Enn hafði von hans ekki ræst, því að enn kom söfnuðurinn til kirkju og prestur sá, sem hann hataði svo mjög, átti að prédika þar. En sál Konkkas fann ekki hvíld fyrr en honum hafði tekist að leiða óhamingju yfir prestinn. Vegna pappírseklur reif hann ræmu af veggfóðrinu í „rauða horninu“, skrifaði eitthvað aftan á það og festi

Það á kirkjuvegginn, á meðan á guðsþjónustunni stóð. Að lokinni guðsþjónustu fór ég og aðgætti, hvað nú væri auglýst og virtist hryggja alla. En þar var skrifað: Borgarar, trúið ekki lygi prestsins. Það er ekkert líf hinum megin grafar.

Slík yfirlýsing sem þessi hafði engin áhrif. Menn voru slíku vanir í „fyrirmyndarríkinu“. En það var alveg nýtt, að slík auglýsing væri fest upp á kirkjuvegginn um messuna. Það var því bert, að kommúnistarnir ætluðu ekki að sjá kirkjuna í friði.

Þó að óró ríkti hið ytra, boðaði evangelíum Krists þann frið, sem heimurinn fær ekki veitt og sem heimurinn megnar ekki að nema á brott.

Dauðadómurinn

HINN 23. JANÚAR 1930 ÆTLAÐI ég til Vuole til þess að vinna þar embættisverk. Vegna þess hve vegir voru slæmir, hafði ég ekki komið þangað frá því um jól. Enginn hafði heldur komið til mín frá söfnuðinum, því að nú var enn örðugra að fara um í landamærahéruðunum en áður. Menn urðu að útvega sérstakt vegabréf hjá GPÚ í hvert sinn. Þess vegna þurfti ég nú að leggja krók á leið mína til Harpala-býlis, en þann stað þekkti ég vel. Oftsinnis hafði ég verið neyddur til að leita til „félaganna“ þar. Ávallt höfðu þeir verið vingjarnlegir í minn garð, og forstjórinn hafði oft látið undrun sína í ljós yfir því, hvernig ég megnaði að ferðast svo mikið um þessa slæmu vegi. Einu sinni spurðu þeir, hvers vegna Vuole og Miiikkulainen hefðu ekki eigin presta, því að það hlýti að vera einum manni um megn að þjóna þremur söfnuðum. Ég sagði hinum góðlátlega embættismanni, að í Ingermanlandi væru svo fáir prestar, að það væri ekki einn á hverja sókn.

„Kjör prestanna eru ef til vill ekki hin sömu og þau voru áður, og það er líklega þess vegna, að svo fáir velja það hlutskipti,“ svaraði hann.

En nú var komið annað hljóð í strokkinn. Foringinn, er áður var svo vingjarnlegur, öskraði nú eins og naut. Hann þreif öll skjöl úr hendi mér, og þegar ég skýrði frá því, að boðuð væri messa í Vuole-kirkju næstkomandi sunnudag og væri ég því neyddur til að komast þangað, svaraði hann byrstur í bragði:

„Hvað kemur það mér við? Ef þér getið fengið vegabréf til Systerbäck, megið þér fara, en ef ekki, verðið þér handtekinn.“

Mér var ekki annars kostur en að fara til Systerbäck í von um að finna þar yfirmanninn Gúsev, sem ég hafði svo oft hitt áður. Oft hafði hann stungið upp á því að ég tæki að mér þjónustu Valkeasaari-sóknar og þjónaði þannig öllum fjórum söfnuðunum í landamærahéruðunum, frá Kirjálabotni til Ladoga.

Í þetta sinn var hann fámáll. Ætla mátti, að eitthvað væri að og að hann hefði haft sitt hvað að sýsla. Þegar ég bar upp erindi mitt og bað um fararleyfi til Vuole, svaraði Gúsev því, að embættismaður sá, sem mér bæri að hafa tal af, væri ekki viðlátinn og að hann gæti ekki náð í eyðublöð og innsigli. Ég gæti þess vegna ekki fengið vegabréfið núna.

„En gott var, að þér komuð, því að það er sitt af hverju, sem ég þarf að ræða við yður um,“ sagði hann slægðarlegur í bragði og tók upp úr skúffu sinni bunka af blöðum.

Ég hugði, að hann ætlaði að hefja stjórn málaumræður.

„Þér hafið lofað því að vera trúr þegn ráðstjórnarinnar,“ sagði hann íbygginn.

„Ég er það líka. Hefur félagi Gúsev undan nokkru að kvarta?“ spurði ég agndofa.

„Nei, ekki er það. En sitt af hverju þarf ég við yður að tala og reyna á þegnskap yðar,“ sagði Gúsev og tók að spyrja um ýmislegt tengt flóttamönnum frá Ingermanlandi, sem nú voru í Finnlandi, og nefndi hann ýmis nöfn, sem ég kannaðist ekki við.

„Þessir munu hafa flúið til Finnlands, meðan á borgarastyrjöldinni stóð, en þá var ég barn að aldri. Auk þess eru allir þeir, sem þér spyrjið um, frá Norður-Ingermanlandi. Hvernig gæti ég vitað nokkuð um þá? Ég hef ekkert samband við Finnland. Ég á engan ættingja þar,“ svaraði ég undrandi.

„Verið þér rólegur, það er engin hættu á ferðum. Ég hélt ekki, að þér mynduð vita eitthvað um þessi atriði. Við skulum í þess stað tala um það, sem þér vitið deili á,“ hélt lögregluáðurinn áfram og tók að spyrja um, hve margir kirkjugestir væru að jafnaði í sókn hverri þeirra, sem ég þjónaði, ennfremur, hve margir altarisgestir væru ásamt öðru um kirkjuna. „Ég þarf á þessum tölum að halda,“ sagði hann að síðustu, og lofaði hann að senda fararleyfið til lögreglustöðvarinnar í sókn minni, svo að ég þyrfti ekki að ómaka mig í annað sinn. Ég þakkaði embættismanninum og hélt til Lempaala.

Ég hugsaði með mér, að engin hættu væri á ferðum, en fann þó, að framkoma mannsins var undarleg.

Mánudaginn 3. febrúar spurðist ég fyrir um það á lögreglustöðinni, hvort fararleyfið væri komið. Bjelov lögreglustjóri kvaddi mig vingjarnlega og tjáði mér, að hann hefði í þann veginn verið að leggja af stað til mín, því að einmitt í þessu hefði verið hringt frá Systerbäck og væri ég kvaddur þangað, því að embættismaðurinn þar þyrfti að tala við mig um mikilvægt mál.

Ávallt hafa þeir nóg um að tala, hugsaði ég með sjálfum mér. Virtist mér sem „félagi“ Bjelov væri skuggalegri útlits hið ytra og innra en venjulega, þó að hann væri mjög vingjarnlegur í viðræðum.

Hann skýrði mér frá því, að kona ein úr söfnuði mínum hefði verið tekin föst. Sonur hennar hefði dvalist heima um hríð, en nú hefði lögreglan komist á snodir um, að hann hefði farið með mestu leynd. En móðir hans hefði ekki gert GPÚ viðvart um þetta, sem þó var skylda hennar. Slíkt brot væri svo alvarlegt, að það leiddi til dauðarefsingar. En samt sem áður neitaði konan því mjög ákveðið, að sonur hennar hefði verið heima.

„Hvetjið hana til að játa, því að fyrir áminningar prestsins mun hún viðurkenna allt,“ sagði Bjelov, en í sama bili komu vopnaðir hermenn með konuna.

„Ó, er presturinn hérna,“ sagði konan glöð í bragði, þó andlit hennar og útlit allt bæri vott um þjáningar.

Mér óaði við þessum aðstæðum: Presturinn og einn úr söfnuði hans meðal liðsmanna Tsjekunnar. Og nú átti ég að fá þessa margreyndu konu til að játa á sig ódrýgða synd. Ef hún nú vegna hvatningar minnar játaði, að sonur hennar hefði verið heima! Ég væri þá sekur um þær þjáningar, sem GPÚ legði á hana sem

hegningu. Á hinn bóginn var mér ljóst, að Tsjekan hafði lagt snöru fyrir mig. Ef ég hvetti konuna ekki til að játa, þá myndi GPÚ telja mig einn þeirra, sem héldi hlífiskildi fyrir njósnurum hinum megin landamæraanna. Ef ég hins vegar hvetti konuna til að játa, að sonur hennar hefði verið heima á laun, þá gaf ég undir fótinn um að ganga í þjónustu GPÚ

„Kunnið þér rússnesku?“ spurði ég konuna.

„Það er mjög lítið, en ég get þó skilið það, sem herrann þarna segir, þótt mér sé málið ekki með öllu ljóst,“ svaraði konan með stillingu.

„Yfirmaðurinn þarna hefur grun um, að þér segið ekki sannleikann með öllu. Nú krefjast þeir þess, að ég fái yður til þess að játa sekt yðar, úr því svo bar undir, að ég kom hingað. Ég veit ekki, hvort þér eruð sek eða saklaus, því að mér kemur mál þetta ekki við. Því segi ég aðeins: Segið sannleikann.“

Konan fór að gráta og harmaði sáran, að hún hefði ekki séð son sinn í tíu ár, eða frá því hann flýði yfir til Finnlands.

„Nú ætla þeir að pína mig til sagna með því að svelta mig og á hvers konar hátt annan. Ó, hjálpið mér, prestur til þess að komast héðan. Nú hef ég verið haldin í dimmum fangaklefa í hálfan mánuð, og nú eru kraftarnir komnir að þrotum,“ sagði hún og ætlaði að standa á fætur og fara.

En foringinn stappaði niður fótum, og ógnandi í bragði skipaði hann konunni að hafa hægt um sig og gaf Vasiljev merki um að fara með hana til klefans aftur. „Hún hefur ekki viðurkennt, að sonur hennar hafi verið heima. Því verður hún að fara aftur til síns staðar. En henni skal verða kennt að segja sannleikann,“ óskraði Bjelov. En Vasiljev fór með konuna grátandi út. Því næst sneri Bjelov sér að mér og sagði í dálitlu mildari tón:

„Ég þakka yður, Adam Abrahamovítsj, aðstoð yðar. Ég vona, að brátt komi að því, að þér hjálpið okkur til þess að knýja fólk þetta til hlýðni við landamæravörðinn. Ég bið yður þess, þegar þér komið til Systerbäck á morgun, að þér takið við því starfi, sem yður verður boðið þar. Þegar þér komið aftur, skuluð þér líta inn hingað, svo að við getum skipulagt starfið framvegis. Og verið nú sælir.“

Ég var mjög dapur í bragði og áhyggjufullur, þegar ég sneri frá yfirmanninum. Ætlaðist Bjelov til þess í raun og veru, að ég gengi í þjónustu Tsjekunnar?

Nú kom þriðjudagur, bjartur og fagur. Um nóttina hafði snjóað mjög, svo að ég gat ekið í sleða til járnbrautarstöðvarinnar. Mér varð léttara um, þegar ég sá náttúruna klædda hvítum viðhafnarklæðum. En mjög var það sjaldgæft, að svo seint tæki að snjóa eins og nú.

„Viljið þér, Anna, sækja mig, þegar kvöldlestin kemur,“ sagði ég við stúlkuna, um leið og ég steig upp í vagninn.

Ég var glaður í huga og rólegur, því að ég hafði sofið vel, og ég þóttist öruggur um, að ég myndi ekki verða handtekinn, því að félagarnir vissu, að ég fór beina leið til þeirra. Mér kom varla til hugar, að GPÚ tæki menn fasta án minnstu átyllu. Þeir, sem handteknir höfðu verið, voru sekir um eitt og annað. Sumir höfðu farið

til Finnlands eða haft bréfaskipti við ættmenn sína þar. Allt þvílíkt var með öllu bannað í Ráðstjórnarríkjunum. Ég þekkti þá ekkert til atferlis þeirra, en hugði það á annan veg en mitt.

Ég hafði aldrei nefnt stjórnmal á nafn, ég átti engan ættingja í Finnlandi og vitandi hafði ég aldrei brotið lög ríkisins.

Ég hélt því af stað öruggur í huga, og mér stóð engin ógn af handtöku, eins og síðast er ég var á ferð í Systerbäck hjá GPÚ. En það var aðeins logn á undan hvirfilbyl.

Klukkan var um tólf. Ég hafði beðið tvær stundir í biðherbergi varðarins í Systerbäck. Mig furðaði á þessu, því að áður var mér veitt viðtal strax og ég kom. En nú virtust allir önnum kafnir. Mennt og konur, sem teknar voru fastar, voru í sífellu leidd inn til yfirheyrslu undir strangri vörslu og því næst aftur til fangelsanna. Þegar ég sat þarna og horfði á allar þessar aðfarir, tók ég að hugleiða draum, er mig dreymdi nóttina áður.

Ég þóttist vera staddur í herbergi einu með grindagluggum. Ég sat þar og horfði á mannfjölda fara fram hjá. Sumir virtust aumkva mig, en aðrir, og meðal þeirra félagi Bjelov, fögnuðu þessu og gerðu gys að mér.

Eins og eldingu slær niður, kom mér í hug, að þetta boðaði handtöku mína. En ég leitaðist við að sefa sjálfan mig með því, að ekki væri mark á draumum.

Að lokum kom Gúsev og bað mig að koma með sér til lögreglustjórans. Þegar ég kom þangað, varð mér ljóst, að nú ætti ég að mæta hjá „félaga“ dálitlu hærra settum. Við rauða borðið sat gyðingur með bogið nef. En ekki vissi ég, hvað hann hét. Við hlið hans sat Rússi einn mikill vexti og illúðlegur ásýndum. Ég þekkti hann ekki heldur. Mér var vísað til sætis á stól við borðið, en Gúsev settist við enda þess.

„Hvað er í fréttum?“ spurði gyðingurinn vingjarnlega.

„Ekkert markvert. Allt gengur vel. Ég kem til að fá vegabréf.“

„Já, allt gengur vel. En nú vonum við, að það gangi enn betur. Við höfum lengi beðið og verið þolinmóðir. En í dag verðið þér að ákveða, hvort þér viljið ganga í þjónustu GPÚ eða ekki,“ hreytti gyðingurinn út úr sér óþýðri röddu og horfði beint í augu mér, eins og hann vildi dáleiða mig til þess að svara játandi.

Ég sagði, að ég hefði tekið ákveðna afstöðu fyrir mörgum árum. Ég hefði oft-sinnis tjáð þeim, að ég vildi ekki gerast starfsmaður Tsjekunnar og sú ákvörðun væri óafturkallanleg. Lögreglustjórinn mætti vita, að ég stæði við orð mín, því að í æðum mínum rynni finnskt blóð, sem ekki leyfði mér að flökta til og frá, þegar um væri að ræða sannfæringu mína.

„Þér virðist vera stórlátur og sérlundaður, og þér þykist ekki skilja, við hvern þér eigið. Vitið þér ekki, að GPÚ hefur mátt til að fara með yður sem henni sýnist?“ sagði Rússinn skeggjaði og sneri milli handa sér eyðublaði nokkru, sem hann skrifaði svar mitt á.

Mér var fyrirskipað að gera grein fyrir því, hverjum flokki ég væri í. Ég svaraði

Því á þá lund, að ég væri ekki í nokkrum flokki. En þetta svar nægði gyðingnum ekki.

„Á þrettánda ári byltingarinnar getur enginn verið flokksleysingi,“ sagði hann stuttur í spuna.

„Í Ráðstjórnarríkjunum er enginn flokkur annar en Kommúnistaflokkurinn, og í honum er aðeins 7% allrar þjóðarinnar. Allir hinir eru flokksleysingar, og ég er einn þeirra,“ svaraði ég rólegur.

„Þér virðist vera vel að yður í slíkum fræðum, en slíkt gildir ekki nú. Þér verðið að færa fullar sönnur á, hvaða flokki þér eruð í,“ svaraði gyðingurinn reiðilega.

Ég tjáði honum, að ég væri trúaður maður, og þess vegna gæti ég ekki verið í neinum flokki eða skipulagningu, sem afneitaði Guði.

„Þér eruð þá óvinur ráðstjórnarlýðveldisins,“ öskraði ákærandi minn.

„Nei, svo er ekki. Það er trúfrelsi í ríkinu. Ég vildi fara í öllu eftir áminningum Ritningarinnar,“ ansaði ég.

Gyðingurinn greip mig á orðinu og sagði: „Kennir Biblían ekki, að menn skuli vera yfirlýðningu hlýðnir?“

„Jú, alveg rétt. Ég hef ekki heldur brotið lögin í smáu eða stóru.“

„Nú, ekki það. Haldið þér að við vitum ekki um framferði yðar?“ öskraði gyðingurinn og opnaði bók eina og tók að telja upp afbrot mín.

Ákæran gegn mér var í sex liðum:

1. Ásökun um fermingarundirbúning.
2. Stofnun söngfélags.
3. Innheimta kirkjugjalda.
4. Æsing og uppreist gegn ráðstjórninni.
5. Vinsamleg umgengni við menn, sem ættu ættingja í Finnlandi.
6. Mér hafði láðst að gefa GPÚ upp nöfn þeirra, sem höfðu flúið til Finnlands 1929.

Hér voru sex yfirsjónir, sem mér höfðu orðið á.

Vörn mín var á þessa leið:

„Lög ráðstjórnarinnar heimila, að þeim, sem játa evangelísk-lúterska trú, sé veittur fermingarundirbúningur eftir 15 ára aldur, þó að annars sé bannað að veita æskunni slíkan undirbúning. Mál þetta hefur áður komið fyrir dóm í héraðsdómi, og hann sýknaði mig af slíkum áburði. Trúarbragðafræðsla heimilar, að stofnað sé til söngfélaga, er fari með andleg ljóð og sálma. Kórinn okkar hefur aðeins sungið slíka söngva. Eftir að héraðsstjórnin bannaði hann, hefur hann aldrei komið saman. Innheimta kirkjugjalda hefur aldrei farið fram. Við höfum aðeins veitt viðtöku gjöfum, sem hver einstaklingur safnaðanna hefur látið í té af fúsum og frjálsum vilja. Fé þetta hefur ekki farið í vasa prestsins, því að mér voru goldin laun úr sjóði safnaðarins. Ráðið veit og þetta ofurvel. Og ég hef greitt þann tekjuskatt, sem

mér ber. Nauðungarskattur til kirkjunnar, sem bannaður er, hefur aldrei verið til. Og aldrei hef ég reynt að æsa nokkum gegn ráðstjórnarlýðveldinu. Ég hef talið Guðsríki varða mestu í heimi þessum og talað um það án þess að minnast einu orði á stjórnsmál. Ég hef leitast við að vera vingjarnlegur við alla, án manngreinarálits. Ef ég hef verið sóttur að sóttarsæng, hef ég aldrei spurt um, hvort hinn sjúki ætti vandamenn í Finnlandi. Ég hef farið þangað, sem mín hefur verið þörf. Mér ber ekki að tala um stjórnsmál við sjúka menn eða aðra, sem þarfnast prests. En mér ber að annast um ódauðlega sál þeirra og eilífa velferð. En um þá, sem flúið hafa til Finnlands, veit ég ekki gróm. Mér er ómögulegt að giska á fyrirætlanir allra í söfnuðinum, því að ég verð að annast um 12.000 sálir. Auk þess þarf ég ekki að skipta mér af flótta neins. Það er starf landamæravardanna.“

Meðan ég mælti þannig, horfði ég beint á augu gyðingnum. En því lengra sem leið, varð hann æ skuggalegri ásýndum. Þegar ég hafði lokið máli mínu, sló hann hnefanum í borðið og öskraði: „Eruð þér hingað kominn til að kenna okkur? Eða hvers konar skollaleik hafid þér hér í frammi? Þér eruð ekki í kirkju. Þér eruð í réttarsal GPÚ.“

Eins og snögg elding leiftrar, flaug mér í hug, að nú myndi dómurinn verða kveðinn upp yfir mér. Fyrir framan mig sátu þrír starfsmenn Tsjekunnar, og gátu þeir ákveðið mér líf eða dauða. Ég vaknaði sem af draumi og mér rann blóðið örar í æðum.

„Þér eruð prestur, og samt roðnið þér,“ sagði gyðingurinn glettinn.

„Ég hef hita,“ sagði ég vandræðalega.

„Ha, ha, hita, verið ekki hræddur, við höfum nóg af upphituum herbergjum. Þér munuð brátt koma þangað.“

„Hví ætlið þér mig heimskingja og gerið gys að mér? Fáid mér vegabréf um landamæraheruðin, því að sóknarbörn mín bíða mín,“ sagði ég og reyndi að brosa.

„Hvernig dettur yður í hug, að við ætlum yður heimskingja? Skiljið þér ekki, að þér eigið að dæmast af GPÚ? Þér eruð tekinn fastur.“

„Af hvaða ástæðu? Ég hef aldrei framið neitt óleyfilegt.“

„Þér, sem eruð gagnbyltingarfantur, vogið að lýsa yfir því, að þér séuð sýkn, þó að þér hafið blekktt allan almenning með trúarlegum þvættingi um margra ára skeið.“

„En það er trúarbragðafrelsi í ráðstjórnarlýðveldinu.“

„Nú er nóg komið. Við höfum ekki tíma til að eiga lengri orðastað við hvern einn. En það er viðtekin regla, að við gefum hvern þann lausan, sem játar sekt sína, því að það er mannlegt að skjátlást. En hverjum þeim, sem ekki játar ávirðing sína, verður refsað,“ sagði gyðingurinn og nefndi nöfn ýmissa, sem höfðu tjáð þeim, að ég hefði oftsinnis gagnrýnt ráðstjórnarskipulagið í prédikunum mínum. Síðan hélt hann áfram. „Ætlið ekki, að okkur sé ekki kunnugt um það, sem þér kunið að hafa sagt við yðar nánasta vin. Við vitum allt. Vera má, að þér hafið af vangá látið orð falla í þá átt, að ráðstjórnarríkið væri illa skipulagt.“

„Ég hef aldrei gagnrýnt ráðstjórnarlýðveldið við nokkurn. Ég óska þess, að þeir, sem bera mig slíkum sökum, séu kallaðir hingað, svo að þeir geti sýnt fram á, hvernær ég hef talað slíkt,“ sagði ég með þunga.

„Haldið þér, að við förum að kalla vitni hingað og síðan hefja rannsókn í málinu? Slíkt er eintóm fásinna. Við höfum nægar sannanir. Þér eruð okkur hættulegur. Þér eruð á máli kúlakkanna. Þér eruð þjóðníðingur. Nú spyrjum við yður í síðasta sinn, hvort þér viðurkennið ávirðingu yðar og gangið í okkar þjónustu. Ef ekki, verður farið með yður sem gagnbyltingarmann,“ sagði ákærandinn stuttur í spuna.

En ég hélt fast við fyrri ákvörðun mína. Samviska mín leyfði ekki, að ég gengi Tsjekunni á hönd. En hins vegar var mér ljóst, hverjar afleiðingarnar yrðu, ef ég breytti eftir henni. Kaupmannsdóttir ein í Lenínsgarði lenti árið 1927 í klóm GPÚ. Hún var hvött til þess að ganga í þjónustu hennar eins og ég nú. Hún lét til leiðast og fékk laun fyrir.

Þegar hún hafði verið í þjónustu þeirra um nokkurt skeið, fór hún þess á leit, að hún yrði leyst frá störfum, því að starfið féll henni ekki. En þá var hún neydd til að ákæra jafnvel nánustu ættingja, sem síðan voru dæmdir í fangelsi vegna framburðar hennar. Þegar hún tilkynnti GPÚ síðar, að nú héldi hún starfinu ekki áfram, varð endirinn sá, að hún var tekin föst og skotin.

„Viljið þér ganga í þjónustu vora, eða viljið þér fá frekari frest til íhugunar?“ spurði gyðingurinn blíður í bragði.

„Ég þarfnast einskis frests. Ég hef oftsinnis tjáð yður, hver sannfæring mín er í máli þessu,“ svaraði ég.

Nú sáu dómarnir, að allar tilraunir til að yfirbuga mig voru árangurslausar. Nú höfðu þeir reynt í þrjú ár. Það varð djúp þögn, á meðan gyðingurinn skrifaði á skjal eitt, er hann síðan fékk Rússanum. Hann las það og fékk síðan Gúsev, sem rétti mér það og skipaði mér að skrifa undir það.

Á skjalinu stóð:

Ákvörðun dómstóls GPÚ

Yfirheyrslan snertir mál séra Adam Abramovítsj Kuortti.

Séra A. A. Kuortti er gagnbyltingarsinni, þess vegna ber honum hin þyngsta refsing, samkv. 58. kap. 10. gr. laganna: Dauðinn.

Dómur þessi var kveðinn upp yfir mér í Systerbäck fyrrnefndan dag. Viðurkennist það hér með.

Undirskrift.

Þetta var stutt, en efnismikið plagg frá GPÚ. Og undir þetta varð ég að skrifa nafn mitt. Ég sat lengi hugsí, áður en ég gat tekið pennann mér í hönd. En síðan skrifaði ég nafn mitt án þess að vera hið minnsta óstýrkur. En að síðustu kvað ég svo á, að ég setti stórt ósýnilegt spurningarmerki fyrir aftan, því að ég vissi mig ekki sekan um neina yfirsjón.

„En við vitum það,“ sagði gyðingurinn og gaf Gúsev skipun um að fara með mig í klefa minn.

„Enn getið þér bjargað yður,“ sagði Gúsev, þegar hann leiddi mig upp stigann, upp á þriðju hæð, þar sem fanganna var gætt. „En aðeins með því að ganga í þjónustu GPÚ.“

Ég svaraði þessu engu, því að ég hafði megnan viðbjóð á öllu athæfi og skipulagi GPÚ. Ég vildi fremur deyja en að verða því bundinn á nokkurn hátt.

En Hann, sem ávallt hafði hjálpað mér, lét mig ekki einan í höndum óvinanna, þó að hann leyfði, að ég yrði pínður.

Fyrstu dagar í fangelsi GPÚ

HVAR VAR ÉG NÚ KOMINN? varð mér á að hugsa, þegar ég vaknaði af værum svefni morguninn eftir og ég þreifaði fyrir mér í dimmum fangaklefanum. Fyrsta nóttin var liðin í þessu ókunna umhverfi. Klefinn minn var lítill, og gat ég naumast teygst úr fótum mér, þegar ég ætlaði að leggjast flötum beinum á gólfíð. Ég bylti mér á allar hliðar og reyndi á ýmsa vegu að hagræða mér, áður en svefninn yfirbugaði mig.

Ekki vissi ég, hve lengi ég svaf, því að „félagarnir“ höfðu tekið úrið mitt, þegar þeir vörpuðu mér í fangelsið. En mig dreymdi draum einn, sem mér virtist boða nokkuð markvert. Mér þótti sem ég væri staddur úti á Lempaala-vatni á veiðum. Baturinn var hvítur á lit, og beið ég þess, að tæki á öngulinn. „Það hlýtur að vera stærðarskepna, sem nú hefur tekið á,“ hugsaði ég, þegar ég varð þess var, hversu fleytan var togud niður. Ég dró færið inn, og mér skelfingar sá ég stóran höggorm á önglinum. Ég hrópaði af skelfingu og reri í áttina til annars fiskimanns í grenndinni. Ég bað hann um að hjálpa mér, svo að slangan biti mig ekki, því að hún var ægileg ásýndum.

„Hún gerir ekkert illt af sér,“ sagði maðurinn og brosti vingjarnlega og hjó slönguna í þrjá hluti með öxi sinni. Þegar hún sökk, hrópaði ég glaður: „Ég er frelsaður.“

Ég vaknaði í þessu og varð þess var mér til skelfingar, hvar ég var staddur. Ég hef lítt rakið atburði til drauma, en í þessu ásigkomulagi þótti mér þó, að mér hefði verið gefin bending um, hver örlög mín yrðu. Ég hafði aldrei stundað róðra, svo að draumurinn gat ekki verið gleymd minning, sem nú bærðist í vitund minni. Draumurinn hlaut að tákna eitthvað. Ég þóttist geta ráðið hann fyrir því, að dauðadómi mínum yrði ekki fullnægt. En hver var ókunni maðurinn, sem hjó ófreskjuna sundur? Ég gat ekki gert mér það ljóst. Það var óráðin gáta. Glaður í huga sat ég flötum beinum í klefa mínum, því að ekkert var sætið. Það var heppni, að þeir höfðu ekki tekið yfirhöfn mína, þó að þeir tæmdu vasana, því að annars hefði ég skolfíð af kulda. Það hefði verið aldimmt í klefanum, ef ekki hefðu verið rifur á skilrúminu milli klefans og hópfangelsisins, sem ljósið féll inn um, til hins dauðadæmda. Í gegnum þessa litlu „glugga“, sem höfðu orðið til fyrir duttlunga viðburðanna, gat ég horft til bræðra minna í grenndinni. Þar voru bændur frá Lempaala, Vuole, Miikkulainen, Toksova og Valkeasaari, með öðrum orðum úr öllu landamæraheraðinu. Vafalaust voru þeir grunaðir um að vera gagnbyltingarsinnar. Þarna voru oft tíu fangar.

„Er það presturinn, sem er í hinum dimma klefa?“ spurðu þeir undrandi, þegar ég gerði vart við mig í gegnum rifurnar á veggnum.

Ég ætlaði að fara að hefja viðræður við granna mína, þegar klefadyrnar voru opnaðar og fangavörðurinn Makarov kom inn til að tala við mig.

„Þurfið þér nokkuð að tilkynna?“ spurði hann.

„Það fer afar illa um mig hér. Ég er svo stór, að mér er ómögulegt að sofa í svona litlu herbergi. Auk þess langar mig í mat, því að ég hef ekkert borðað síðan í gærmorgun, að ég fór að heiman, og nú er meira en sólarhringur síðan,“ svaraði ég.

„Ég veit vel, að ekki fer sem best um yður hér, en þér eruð nú ekki heldur á neinu hressingarhæli. Eru engin önnur boð?“

„Ég er saklaus.“

Makarov skellti hurð að stöfum, svo að brakaði í hverju tré, og máli mínu lauk snögglega. Hann virtist sýnilega vona, að ég auðmýkti mig fyrir honum og sendi þessi skilaboð: „Mér hefur skjáttast, og iðrar mig nú gerða minna, ég játa mig sekan og óska að ganga í þjónustu GPÚ.“

Í klefanum var einhver ógnar ódaunn. Ég reyndi að komast að, hverju sætti um hann, en fann ekki annað en raka og leðju á gólfinu, og gat ekki slíkur ódaunn stafað af því. En bráðum leystist gátan. Þegar fangavörðurinn fylgdi mér á afvikinn stað til hæginda minna, komst ég að raun um, að kamarinn var næsti klefi við minn. Skilrúmið á milli var úr einföldum borðum, mjög rifnum og brotnum. Þefinn lagði því mjög greiðlega inn í klefa minn. Þaðan heyrðust látlausar stunur og lágróma „sönglist“, því að nærfellt 100 fangar og nokkrir fangaverðir leituðu þangað.

Loksins um klukkan tíu fékk ég dálítinn mat. Það var einn diskur af kálsúpu og um 200 grömm af rúgbrauði. Brauðið smakkaðist ágætlega, en súpan var súr, og svo mikill pipar var í hana látinn, að hún brenndi góminn, og ég gat ekki borðað hana.

„Eruð þér lasinn, fyrst þér borðið ekki?“ sagði fangavörðurinn, þegar ég lét súpu fara ósnerta.

„Dagarnir líða, þótt dimmt sé í lofti,“ er gamalt orðtak, þegar allt fer ekki að óskum. Ég tók líka að venjast háttum þeim, sem ríktu hér í „mötuneyti“ Tsjekunnar. Tólf sólarhringa hafði ég verið í klefa mínum, en ávallt kunni ég myrkrinu jafnilla. Daunninn olli mér ekki óþægindum lengur, svo mjög hafði ég vanist umhverfinu, og kálsúpan virtist mér ljúffeng. Sulturinn virðist vera fyrirtaks læknir við lystarleysi. Og ögn fékk maður að borða: Að morgni kálsúpu og 200 grömm af brauði og að kvöldi 200 grömm af brauði og heita mjólk. Alla vikuna var sami matseðillinn án hinna minnstu tilbreytinga. Enda var ekki ætlunin að ala þá menn, er hér höfðust við.

Varðmennirnir voru mjög vingjarnlegir í viðmóti. Oftsinnis létu þeir mér í té sinn eigin brauðskammt og hvöttu mig til að eta og láta mér ekki bjóða við því.

„Miklar líkur eru til þess, að þér verðið brátt látinn laus,“ sögðu þeir oft, þegar ég kvartaði undan því, að ég væri pínður saklaus.

Eftir að umsjónarmaður fangelsisins hafði heimsótt okkur, var mér leyft að ganga um stundu úr hverjum degi úti á ganginum, en þó ávallt undir vörslu varðmanns.

Í stað þess sópaði ég gólfíð í forstofunni. Þetta var mér aufúsuverk, því að á þennan hátt losnaði ég við klefann um stund. Einnig var mér leyft að vera um stund hjá hinum föngunum. Nýir fangar bættust við jafnskjótt og hinir gömlu voru fluttir til Lenínsgarðs. Fangelsið var aðeins gæsluvarðhald. Nú voru allt aðrir menn í klefanum við hliðina á mínum en áður var. Meðal þeirra fanga voru tveir Finnar, sem árætt höfðu yfir landamærin. Annar þeirra hét Kukkonen. Nafn hins fékk ég aldrei að vita. Þöglir og athugulir lituðust Finnarnir um og hlýddu gaumgæfilega á allt það, sem bændur Ingermanlands sögðu um handtökur og eignarnám. Hvað ætli þeir haldi um stjórnina í „fyrirmyndarríkinu“?

Annar hvorn dag fylgdi hermaður mér niður á aðra hæð til réttarsalsins. Þar var reynt að fá mig til þess að láta undan og ganga í þjónustu GPÚ. Þeir héldu, að eydarkjörin í fangelsinu og óttinn við dauðann myndu auðmýkja mig.

„Vera má, að presturinn verði látinn laus,“ sagði fangi einn úr minni sókn. Honum hafði borist til eyrna, að þeim, sem í raun og veru voru taldir sekir, væri ekki haldið lengi hér, og tók ég að ætla, að svo væri. Vera mætti, að það ætti aðeins að ógna mér. Höggormurinn, sem mig dreymdi, var drepinn. Hann var höggvinn í þrjá hluti. Þýddu þessir þrír hlutir þrjár vikur, sem ég ætti að vera þarna? Ef svo væri, þá væri tæp vika, þangað til ég yrði látinn laus. Það stytta tímenn mjög að reisa slíka loftkastala hér í fangelsinu. Ég hafði nýlega etið brauðskammtinn minn og drukkið heitt vatn með honum. Síðan lagðist ég til svefns, því að mjög var liðið kvölds. Enn voru komnir nýir fangar í hliðarklefann, svo að maturinn kom seinna en venjulega. En í þeim svifum var dyrunum hrundið upp, og varðmaðurinn kallaði mig til yfirheyrslu.

Þrenningin, sem mér var áður vel kunn, var í dómssalnum: gyðingurinn, Rússinn skeggjaði og Gúsev.

Ég settist að venju á stól fyrir framan dómaraþorðið. Því næst byrjaði gyðingurinn: „Við aumkvum yður, því að þér eruð svo ungar. Þess vegna höfum við frestað að fullnægja dóminum, og vonum við, að þér skiljið okkar góða tilgang. Yður verða gefnar upp sakir, ef þér lofið að ganga í þjónustu vora. Síðan getið þér haldið áfram yðar prestslegu störfum og notið trausts vors. Auk þess skal yður verða launuð störf yðar vel. Munið, að GPÚ megnar að fara með yður sem henni sýnist. Ætlið ekki, að við séum nú að taka mál yðar til nýrrar yfirvegunar. Það er hægt að fullnægja þeim dómi, sem yfir yður hefur verið kveðinn og þér undirritað, hvenær sem vera skal.“

„Þér getið farið með mig sem yður þóknast. En ég hef sagt yður skoðun mína. Haldið þér, að hræðsla við dauðann megni að breyta sannfæringu minni?“ svaraði ég ákveðinn.

„Þér þurfið ekki að breyta um skoðun, þér getið haft yðar trú og verið prestur áfram,“ svaraði gyðingurinn.

„Slíkur prestur vil ég ekki vera eða sá boðandi trúar, er gengur undir ósamkynja ok með óguðlegum. Samviska mín leyfir það ekki.“

„Þú ert gagnbyltingarsinni,“ þrúmaði gyðingurinn reiður og hélt síðan áfram:

„Nú sjáum við, að þú ert óvinur ráðstjórnarríkisins. Þú getur, ef þér þóknast, staðið fótum með hinum hvítu slátrurum, en þú skalt fara sömu leið og þeir og hljóta sömu örlög og allir borgarar, svikarar og prestar. Á morgun verður dómnum fullnægt, og muntu þá komast að raun um, að enginn Guð mun koma og frelsa þig úr höndum okkar.“

Aftur var ég fluttur í klefa minn. En þá nótt var mér ekki í hug að ganga til svefns. Nú vildi ég búa mig sem best til hinnar hinstu farar. Ósjálfrátt var mér hugsað til sóknarbarna minna, sem enn að nýju voru prestslaus. Mér komu þá í hug Páll og Sílas, sem voru saklausir dæmdir í fangelsi í Filippí. Þeir voru barðir svipum og fætur þeirra bundnir við stólpa, en þeir þökkudu Guði og tilbáðu hann. Og mér bar þá og að gera hið sama og biðja hann hjálpar í neyð minni.

Vitundin um, að bæn mín væri heyrð í himnunum, jók traust mitt. Þó að Guð svaraði ekki með jarðskjálfta eða með því að uppljúka dyrum fangelsisins, fylltist sál mín friði, og ég fann nálægð Guðs.

Ég fann þegar gleði þess að fá brátt að bera kórónu píslarvættisins.

Innan fangelsismúranna í Lenínsgarði

„KLÆÐIÐ YÐUR SKJÓTT og takið með yður öll yðar föng,“ sagði rauður hermaður vingjarnlega. Oft hafði hann gefið mér hluta af grautum sínum.

„Á nú að skjóta mig?“ spurði ég og stökk á fætur.

„Nei, nei. Þér eigið að fara til Lenínsgarðs, og vona ég, að yður líði þar betur,“ mælti hann, eins og hann vildi sýna mér hluttekningu í nauðum mínum.

Nú voru liðnir tveir dagar, síðan gyðingurinn sagði, að ég ætti að deyja. Sá tími fannst mér heil eilífð. Hins vegar varð hún mér þó stutt, því að á hverju augnabliki gat ég búist við því að vera kallaður til að fara yfir markalínu lífs og hels. Nótt og dag beið ég þess, að nafn mitt yrði kallað upp, og því næst drægju böðlarnir mig út og byndu mig einhvers staðar upp við vegg. Ég var albúinn til þeirrar farar. Og í barnslegri einlægni trúði ég því, að ofsækjendur mínir gerðu mér greiða með því að flytja mig frá þessum heimi harmkvælanna heim til minna föðurheimkynna. Hver veit nema svo fari, að ég verði ekki skotinn, hugsaði ég og fór í yfirhöfn mína. Mér virtist hermaðurinn vingjarnlegi svo íbygginn og búa yfir einhverju leyndarmáli.

Mér varð léttara um hjartarætur, þegar ég varð þess var, að það var ljós dagur, því að nú var ég viss um, að leiðin lægi ekki á aftökustaðinn. Ég vissi, að allar aftökur fóru fram á næturþeli. Ég hélt frá lögreglustöðinni undir gæslu tveggja rauðra hermanna. Mér fannst unaðslegt að fá að njóta útiloftsins og umhverfisins, því að í tvær vikur hafði ég dvalist í fangelsi og aldrei séð hið minnsta gróm af verki skaparans. Við gengum til járnbrautarstöðvarinnar og fórum síðan með daglestinni til Lenínsgarðs. Sjá má þó, að ég er í haldi, hugsaði ég, þegar ég steig upp í vagninn, með rauðan hermenn sinn til hvorrar handar.

Þöglir sátu „félagarir“ og vildu engri spurningu minni svara. Þegar ég spurði, til hvaða fangelsis þeir ættu að flytja mig, muldraði annar þeirra: „Það fáið þér að vita, þegar þar að kemur.“

Klukkan á Finnlandsstöðinni var fimm, þegar við komum til Lenínsgarðs. Margt manna var á stöðinni, svo að vel hefði mátt takast að flýja, sérstaklega af því að ég hafði ekki hlekki um fætur og var í eigin fötum.

Síðar iðraðist ég þess mjög að hafa ekki gripið tækifærið, en þá fannst mér réttast að sjá leikinn til enda, og vera má, að svo hafi verið.

Þegar ég fór um göturnar með hermenn við hvora hlið mér, tók ég eftir því, að allir námu staðar á gangstéttunum og horfðu á eftir okkur. Raunar var þetta ekki nýstárlegt, en mannanna börn eru ávallt söm við sjálf sig. Ég heyrði líka ummæli lítils drengs: „Þetta hlýtur að vera hættulegur fangi, fyrst tveir gæta hans.“ Ég var

með öllu rólegur, því að ég treysti því, að ekkert kæmi fram við mig annað en það, sem Guð leyfði. Ég gekk því áfram keikur og með bros á vör, svo að áhorfendur mættu sjá, að ég væri ekki þjakaður vondri samvisku.

Ég var mjög kunnugur í Lenínsgarði. Ég hafði komið þangað því sem næst í hverri viku hin síðari ár, en staður sá, sem ég kom nú á, var mér með öllu ókunnur.

Í fangelsi! Hve lengi? Hver skyldi stjórna hér? Það getur ekki verið verra en í Systerbäck, hugsaði ég.

„Stoj!“ Nemið staðar! skipaði annar hermaðurinn, er við komum að járnhliði einu miklu. Það var Nízhnegorodskij-fangelsi í nánd við Finnlandsstöðina. Hermaðurinn þrýsti á hnapp við dyrnar. Að vörmu spori kom dyravörðurinn og opnaði. Við gengum inn í fangelsisgarðinn og því næst annan minni, áður en til fangelsisins kom.

Hér var rammlega um allt búið. Hér hafa margir gengið inn, en fáir komist út, varð mér á að hugsa, þegar járnbrandarnir skulu í með hávaða og brestum.

Ég var fluttur í yfirheyrslusalinn. Margir bændur frá Ingermanlandi voru þar. Mér var sagt, að mjög væri að því spurt, hve fangarnir ættu miklar eignir. Mér var sýnd sú nærgætni að láta mig bíða í fimm klukkustundir, en þá kom líka röðin að mér. Maðurinn, sem stjórnaði yfirheyrslunni, horfði lengi á mig, þegar ég fræddi hann um, að ég væri prestur.

„Nú um skeið eru margir prestar, sem villast hingað,“ sagði hann og hló hæðnis-hlátri.

„Sýnilega er nú byrjað á að ala opinbera önn fyrir prestunum, þar sem láðst hefur til þessa að úthluta þeim brauðkökum,“ áræddi ég mér að svara kommúnistanum.

„Nú, nú,“ svaraði starfsmaðurinn og hóf yfirheyrsluna.

„Hverjar eru eignir yðar?“

„Engar.“

„Hverju sætir það? Allir prestar eru auðugir.“

„Þér þekkið auðæfi prestanna nú á dögum. Ég fékk 200 rúblur um mánuðinn að launum og í ferðapeninga. Þeir peningar, er ég átti, voru teknir af mér í fangelsinu, en það voru einar 540 rúblur. Hér er ég með aleiguna, því sem næst, tvenn föt, en yfirhöfn varð eftir í Lempaala.“

„Það var undarlegt. En hvar er hið eiginlega heimili yðar?“

„Í Kupanitsa-sókn í nánd við Hatsina.“

„Eru engar eignir yðar þar?“

„Nei, ég hef verið að heiman í þrjú ár.“

„Nú, það kemur málinu ekki við. Það kemur sér þá vel fyrir yður, að þér getið fengið uppeldi yðar af opinberu fé það sem eftir er,“ sagði hann að lokum. Því næst fór fangavörðurinn með mig upp á fjórðu hæð. „Verið ekki hræddur. Þér eruð ekki sá fyrsti og verðið ekki sá síðasti, sem farið þessa leið,“ sagði hann vingjarnlega, þegar við gengum upp stigann. Maður hlaut að vera dapur yfir því að vera lokaður inni í dimmum og einangruðum klefa um miðja nótt. Þögn grafarinnar grúfði yfir

klefanum, og mér virtust vofur dauðans leynast í hverju horni. Hátt uppi grillti þó í lítinn glugga. En allt í einu leiftraði rafljós um eitt augnablik. Þetta endurtók sig með tíu mínútna millibili. Ég gat þess til, að fangavörðurinn færi um og liti eftir, hvernig um okkur færi. Inni í klefunum voru engir ljóshnappar, svo að ekki var hægt að kveikja, þegar henta þótti. Járnrúm eitt var fest í vegginn, og beið það eftir gesti sínum, kalt og ómjúkt viðkomu. Ég beygði kné mín við rúmstokkinn og andvarpaði til hæða. Ég bað til Hans, sem megnar að hjálpa, jafnvel í ýtrustu neyð. Mér var það styrkur að mega koma til föðurins himneska með allar mínar áhyggjur.

Ég þjáðist vegna nafns Hans, og Hann gaf mér styrk og kraft fyrir eilífa náð til þess að þola raunir þær, sem urðu hlutskipti mitt.

Ég söng nú kvöldsálminn: „Nú til hvíldar halla ég mér“ og vaðði frakkanum utan um mig og gekk til náða. Það var unaðslegt að geta rétt úr fótunum í þessum nýju heimkynnum, sem voru miklu rúmbetri en þau í Systerbäck.

Þegar ég vaknaði, ljómaði dagur úti fyrir, en í klefanum var hálförökvað, því að inn um gluggann uppi við loftið féll aðeins skíma. Þó mátti gerla greina klefann og allt, sem í honum var. Í horni einu stóð lítið borð, og mátti á því sjá, að lengi hafði það verið notað af íbúunum. Nokkuð ruggaði það. Úti við dyr stóð þvottaskál, en hinum megin dyranna voru nauðsynleg næturgögn.

„Ef maður fengi nú mat, þá væri líðanin góð,“ hugsaði ég.

Í vestisvasa mínum fann ég blýantsstúf, sem hafði losnað við allar „húsvitjanir“. Ég skrifaði með honum á vegginn: „Hvern morgun er náð Guðs ný.“ Hvílíkt traust var ekki í orðum þessum!

Engin ástæða er til þess að láta hugfallast. Tók ég því þá föstu ákvörðun að líða allt án möglunar. Ég þvoði mér úr köldu vatni og þerrði á skyrtunni. Þetta gerði ég tvisvar á dag alla fangavistina. Leikfimi iðkaði ég einnig og tók æfingar ávallt á eftir þvotti til þess að hita mér.

Eftir því sem ég komst næst, fékk ég mat klukkan tíu. Það var einn diskur af kálsúpu og 300 grömm af brauði. Klukkan fimm síðdegis var borinn grautarspönn og heitt vatn.

Þetta var allur sá matur, sem við fengum allan daginn. Tíminn leið harla seint, því að ekkert var að sýsla. En líklega var best að láta sér þetta lynda, því að brýnustu lífsnauðsynjar fengust án þess að þurfa að þræla langar stundir. Ég tók eftir því, að fangavörðurinn gægdist inn um lítið op á hurðinni tíundu hverja mínútu nótt og dag. Mig langaði mjög til þess að skríða upp á borðið, svo að ég mætti komast að raun um, hvað væri að sjá út um gluggann. Eins og allir aðrir fangar sat ég á rúminu, þegar fangavörðurinn fór framhjá. En þegar hann var farinn, dró ég borðið nær glugganum og steig upp á það. Víðsýnt var út um gluggann. Þaðan sáust skálabúðir hinna rauðu hermanna, þar sem þeir voru að æfingum. Um götuna fóru menn og komu að vanda. Í fjarska sást lest á ferð. Ég gat séð á vagninum, að hún hélt til Lempaala. Vafalaust voru þar sóknarbörn mín á ferð, en enga hugmynd höfðu þau um það, að presturinn þeirra væri hér, því að ég fékk ekki að segja neinum frá

högum mínum. En sérstaklega námu augu mín staðar á rússneskri kirkju. Hún var fögur. En krossinn á henni var brotinn af og klukkurnar burtu teknar. Að utan var ekki unnt að sjá, hvort henni var breytt í skrifstofu eða danshöll, en hvernig sem því var háttað, bar hún vitni um það, hver stjórnaði í landinu. „Drottinn, þeir hafa eyðilagt musteri þín og handtekið þjóna þína,“ mælti ég og andvarpaði.

Ekki var ég lengi einsamall, því að strax næstu nótt var komið með félagi til mín. Hann var líka Finni frá Ingermanlandi. Hann var frá Koprena-sókn og hét Aapro Patrakka. Hann var unglegur ásýndum, þó að hann væri á sjötugsaldri. Við kynntumst brátt mjög vel og gátum því tekið þátt hvor í annars gleði og sorg. Hann var líka handtekinn af trúarlegum ástæðum. Örlög okkar hnýttu okkur sterkari böndum. Báðir tveir væntum við dauðans innan skamms. Saman átum við og saman sungum við Drottni lofsöngva. Þó að mér tæki sárt að vita svo aldraðan mann í fangelsi, fagnaði ég því, að nú þyrfti ég ekki að vera lengur einn innan hinna dapurlegu veggja fangelsisins.

Moskvumenn náða

TÍU DAGA VORUM VIÐ SAMAN í klefa númer 189, Aapro „frændi“ og ég. Mér fór að þykja mjög vænt um þennan sæmdarmann. Hann talaði einnig oft um, hve vænt honum þætti um að hafa fengið slíkan náunga til uppörvunar og félags.

„Sonur minn er guðsafneitari,“ sagði hann oft dapur í bragði.

„Hvernig vikur því við? Eru börn trúaðra foreldra ekki einnig trúuð?“ spurði ég.

„Nei, sonur minn. Raunar fór sonur minn með mér á samkomur og söng sálma ásamt mér, meðan hann var ungur. Með líðandi árum breyttist hugur hans. Nú er hann í þjónustu ráðstjórnarinnar. Og ég hygg, að það sé að mestu leyti hans sök, að ég sit nú í fangelsi,“ sagði gamli maðurinn með grátstaf í kverkunum.

Ég leitaðist við að hughreysta hann, svo sem mér var unnt, og mér til fagnaðar sá ég, að hann opnaði hjarta sitt fyrir náð Guðs.

„Gjarnan mega þeir ræna mig öllu og fullnægja dauðadómnnum. Ég fagna fegurra lífi þá. Ég bið þess eins, að sonur minn, sem nú hatar Guð, megi snúa sér frá villu síns vegar,“ sagði hann hryggur í hjarta.

Smám saman fékk ég gamla manninn til þess að fá sér köld böð. Jafnvel leitaðist hann við að iðka leikfimi með mér.

„Við syngjum okkur hása, því að við sitjum ávallt hreyfingarlausir,“ sagði hann í gamni.

Annan hvorn dag þvoðum við skyrtur okkar og nærbuxur úr köldu vatni úr krananum og þurrkuðum á hitaleiðslunni. Það kom og í ljós, að slíks var ekki vanþörf, því að óþrif tóku að ásækja okkur.

Einn dag, þegar ég hengdi föt okkar til þerris, datt mér í hug, að sama hitaleiðslan lægi um alla klefana. Ég lamdi í leiðsluna, og strax var svarað á sama hátt úr klefanum í grennd. Það voru óvænt tíðindi og góð, að nota mætti hitaleiðsluna sem síma. Ef talað var alveg við leiðsluna, heyrðust greinileg orðaskil í næstu klefum. Þannig náðum við fregnum frá öðrum föngum. Í klefanum næstum okkur var bóndinn Liukkonen frá Toksova ásamt tveim sonum sínum, og í næsta klefa við hann voru bræðurnir Juho og Antti Kajava frá Keltto. Lengra í burtu heyrðist rödd ýmissa fleiri. Flestir voru handteknir vegna trúar sinnar. En aðrir voru settir á lista gagnbyltingarmanna vegna þess, að þeir guldu ekki kornskattinn í tæka tíð. Við vorum því allir stjórnmalafangar. Við biðum því allir saman eftir að dómi okkar yrði fullnægt, og báðum við Guð um styrk okkur til handa og öðrum sem eins var farið.

Ég ætlaði einmitt að fara og „hringja“ grannklefann „upp“, þegar við heyrðum

skröla í lykli og dyrinum lokið upp. Það var boð um að koma til lækni skoðunar. En ég svaraði því, að ég hefði ekki undan neinu að kvarta í því efni. Ég var hraustur, svo að mér þótti ónaðsynlegt að ómaka lækinn. En athugasemdir mínar voru virtar að vettugi. Mér þótti það sæta undrum, að lækni skoðun færi fram á dauðadæmdum manni. Vera má, að takast mætti að bjarga lífinu með því að þykjast vera sjúkur eða vitskertur, kom mér í hug, þegar ég gekk á eftir fangaverðinum til læknisins. En ég ákvað nú samt að gera engar slíkar tilraunir.

Gamall læknir „bankaði“ mig dálítið og sagði síðan:

„Þér eruð fullhraustur.“

„Ég hef ekki kvartað um neinn sjúkdóm.“

„Nei, en þetta er almenn lækni skoðun.“

„Hvað ætlast þeir fyrir? Ætla þeir að senda mig annað eða ...?“

„Nú, nú, engar spurningar! Ég hef ekki leyfi að segja yður neitt. Fangavörður, farið með hann til klefans!“

Dvölin hjá læknum gaf mér von um, að dauðadóminum myndi ekki fullnægt, því að varla var fyrir því haft að láta lækni skoða mann, sem taka átti af lífi. Daginn eftir kom ráðning gátunnar. Tveir vopnaðir varðmenn komu inn í klefann og báðu mig að skrifa undir skjal eitt. Annar þeirra var um seytján ára að aldri og klæddur einkennisbúningi kommúnista. Ég hikaði við að skrifa undir, því að ég skildi ekki efni skjalsins.

„Þér hafið verið náðaður í Moskvu. Ef þér skrifið nafn yðar undir, þá verður yður afhent afrit skipunarinnar,“ sagði félaginn.

„Ætli Moskva hafi í raun og sannleika náðað mig? Ætli það sé þýðing draumsins um manninn góðláta, sem hjó slönguna til bana?“ hugsaði ég með sjálfum mér, þegar ég minntist draums míns í Systerbäck. Ég skrifaði undir, en hönd mín skalf af feginleik.

„Harasko,“ ágætt, sagði félaginn og fékk mér afrit skjalsins. Síðan héldu þeir sína leið.

Hvernig ætli að náðunin frá Moskvu sé?

Dómstóll GPÚ, 26. febrúar 1930.

Ákæran:

Mál sókn gegn finnska prestinum frá Ingermanlandi, Adam Abramovítsj Kuortti.

Dómurinn:

Séra A. A. Kuortti er, samkvæmt 58. kap. 10. gr. laganna, dæmdur í 10 ára þrælkunarvinnu, talið frá þeim degi, sem hann var handtekinn. Dómnum verður ekki áfrýjað.

Þessi var þá náðunin. Málið var rannsakað af dómstóli GPÚ. Ákvæði laganna var nú skýrt á vægari hátt en í Systerbäck. Hvernig hin umrædda 10. grein hljóðaði,

vissi ég ekki. Fyrir þessa náðun var ég orðinn þræll ráðstjórnarinnar ævilangt, vegna þess, að ég vildi ekki ganga í þjónustu GPÚ. Mér sortnaði fyrir augum, og ég fékk hljóm fyrir eyrun, þegar ég las ákvörðun dómsins. Ég þekkti ofurlítið til þeirrar eymdar, sem ríkti á vinnustöðvum ráðstjórnarlýðveldisins. Ég var þess og fullviss, þó að ég lifði þessi 10 ár, að þá myndi ég aldrei látinn laus. Venjan var að lengja tímann smátt og smátt hjá stjórnmalaföngum. Ég þekkti fólk, sem dæmt hafði verið í þriggja ára þrælkun. En í lok þess tíma var tíminn lengdur um önnur þrjú og svo framvegis. Hélt því svo fram, uns fanginn dó.

En slíku hlutskipti varð að taka með þögn. „Nú hafa menn reynslu fyrir því, að boðun fagnaðarerindisins í nafni Krists kostar 10 ára þrælkun. En Guð yfirgefur börn sín ekki,“ sagði Aapro „frændi“ með samúð. Sjálfur vissi hann ekki um lok sinna mála eða örlög.

Óþekkt takmark

AÐFARANÓTT SÍÐASTA DAGS FEBRÚAR var hinu mikla járnhliði Nízhnegorodskíj fangelsisins lokið upp, og inn um það ók fjöldi bifreiða, „svörtu krákurnar“, eins og þær voru nefndar að jafnaði, því að í þeim voru hinir lifandi fluttir til aftöku, en hinir dauðu til greftrunar. Nú sat ég í einni þeirra við áttunda mann. Áttum við allir hin sömu örlög í vændum. Tíundi farþeginn var fangavörður. Þegar hann hafði lokað dyrunum, skipaði hann svo fyrir, að enginn mætti hreyfa sig eða mæla orð af vörum. Það vakti undarlega kennd að stíga upp í slíkan vagn, þó að ekki væri um raunverulega aftöku að ræða. Sérhverjum okkar var úthlutað 800 grömmum af brauði og tvær síldar í nesti, svo að búast mátti við langri ferð, en enginn vissi hvert. Allt fór fram með hinni mestu leynd.

Áður en ég fór úr klefa mínum, kvaddi ég Aapro „frænda“, sem enn vissi ekki, hvenær fangelsisvist hans myndi enda. „Sá Guð, er þú treystir, veri með þér,“ var hið síðasta, sem ég heyrði hann segja.

Bílferðin tók hálfá klukkustund. Þá námum við staðar, og mér var skipað að fara út. Sáum við þá, að við vorum komnir að vörulestarstöð. Margir vöruvagnar með litlum gluggum stóðu þar. Rauðliðar ráku menn og konur inn í þá, og ekki leið langur tími, uns við fengum skipun um að fara inn í einn vagnanna, sem hvorki að ytra né innra útliti var boðlegur nokkrum mennskum manni. Járnrið hólfuðu vagninn í sundur líkt og girt er fyrir skepnur. Hverju hólfi var síðan skipt í þrennt, og höfðust 12 manns við í hverjum hluta. Það var því ekki um að ræða mikið olnbogarúm. Mér varð það þó gleði, að allir félagar mínir voru Finnar frá Ingermanlandi. Lestin þaut áfram dag og nótt. Raunar var vart hægt að telja, að hún þyti áfram, því að hún var fimm daga á ferð, en ef um sémilegan hraða væri að ræða, mátti fara það á sólarhring. Af samræðum rauðu hermanna mátti ráða, að við vorum á leið til Kemi. Annars var fátt sagt, og ekki máttu fangarnir talast við. Eftir fimm daga skrölt á Múrmansk-járnbrautinni náðum við Vonka-stöðinni, sem er um 80 kílómetra fyrir norðan Kemi. Ferðin var mjög tilbreytingarlaus. Við þjádumst af þrengslum og hungri. Allt nestið var 800 grömm brauðs og tvær síldar, og varð það að endast alla leiðina. En blótsyrði rauðu hermanna og ógnun byssuskeftanna kenndu okkur að una hlutskipti okkar. Við lifðum í voninni um betri kjör síðar. Vonin er unaðsleg, þó að oftsinnis reynist hún blekking ein. Félagar mínir voru fremur þolinmóðir og komust því furðanlega hjá skömmum og hróp-yrðum hermanna. Það kvað jafnvel svo rammt að, að einn þeirra gaf okkur vatn í fötu. Var það dýrmæt vara um þær mundir.

Í öðru búi voru nokkrir óróir Rússar, sem tóku að hrópa og æpa. „Brauð, brauð,“ æptu þeir í tíu mínútur. En þetta fékk skjótan enda. Þeir voru fluttir á stað einn, þar sem þeim hvarf matarlystin með öllu, því að innan skamms heyrðist ekkert til þeirra nema stunur og kvalaóp.

Febrúarmánuður var liðinn, og ekki varð annað sagt en að hann hafi verið viðburðaríkur. Það var því í byrjun mars, þegar við komum til ákvörðunarstaðarins. Síðla kvelds nam lestin staðar við Vonka-stöð. Búrin voru opnuð og okkur, „villidýrum“ ráðstjórnarlýðveldisins, var skipað að fara út. Himinn var heiður og bjartur. Mér fannst sem ég mætti fornum vini, þegar ég sá tunglið skína í fyllingu. En kveðja „félaganna“ var á aðra lund. Vopnaðir hermenn stóðu sinn til hvorrar handar og skipuðu okkur öllum, 500 að tölu, auk 40 kvenna, að ganga í fylktum röðum, því að eftirleiðis urðum við að venjast „volkinu í Solovetskíj“, eins og þeir komust að orði. Ég þekki vel blót og ragn Rússanna, en þvílíkum kveðjum sem hér hafði ég aldrei kynnst. Það er ómögulegt að segja frá þeim ópum, kveinum, barsmíðum og meiðslum, sem fóru fram í þessu helvíti bolsévíkanna þegar frá fyrstu byrjun. Við urðum nú að halda af stað til dvalarskála í grennd við stöðina. Hér vorum við teknir í æfingu í 4 klukkustundir í margra stiga frosti.

„Hér skal yður kennt að lifa á lofti og að bræða grjótt,“ öskraði Kosakov fanga-búðastjóri. Að lokum tók þó dvöl þessi enda. Við vorum lokaðir inni í hálfgerðum skála, sem ætlaður var til rússnesks gufubaðs. Okkur var ekki ætlað neitt skýli, því að ætlunin var að senda okkur til annarrar vinnustöðvar. Þegar 500 manns er staflað saman á einn og sama bás, verður hitinn afskaplegur. Við máttum þó þakka fyrir, að við fengum þak yfir höfuðið, sagði einhver við okkur. Ég komst síðar að því, að nýir fangar urðu að dveljast heilar nætur undir beru lofti í nístandi kulda. Ég lenti hjá Liukkonen gamla og sonum hans tveimur. Þeir voru allir frá Toksova. Gamli maðurinn var efnabóndi. Annar sonur hans var kennari, hinn var bóndi. Við tókum að ræða saman, því að ekki var svefnsamt. Enginn bannaði það, því að verðirnir sátu úti við dyr.

„Hvers vegna eruð þér hingað kominn, og hve lengi eigist þér að dvelja hér?“ spurði ég gamla manninn.

„Hver veit nú það? Við höfum verið yfirheyrðir, en engan dóm fengið. En í fangaklefanum í Lenínsgarði fengum við bláðsnepil og okkur þar tilkynnt, að samkvæmt 58. kaþtula, 10. gr. laganna, skyldum við fara í fimm ára þrælkunarvinnu.“

„En synir yðar hafa þó gengið í skóla ráðstjórnarinnar, þar sem annar er kennari, en hinn landbúnaðarkandidat. Hvers vegna hafa þeir fallið í ónád?“ spurði ég.

„Kennarar, landbúnaðarkandidatar og aðrir starfsmenn hins opinbera, þeir sem lægra eru settir, eiga við örðugleika að etja í seinni tíð. Þeim ber að styðja að framkvæmd fimm ára áætlunarinnar með því að hvetja fólkið til þess að ganga í samyrkjubúin og til þess að segja sig úr kirkjunni. En ef starfi þessu miðar ekki vel áfram í bæjunum, er kennurum alþýðuskólanna kennt um það,“ sagði ungi kennarinn og varp öndinni.

„Þá sætir ekki undrum, þó að ég sem prestur hafi fengið tíu ára hegningu, því að prestur er talinn ónyttjungur í Ráðstjórnarríkjunum.“

„Nei, það sætir engri undrun, því að í fimm ára áætluninni er ákvæði um að útrýma trúarbrögðunum og taka kirkjurnar til almennra þarfa. Því er auðskilið mál, að allir prestar eru fangelsaðir. Margir félagar yðar eru meðal okkar,“ sagði landbúnaðarkandidatinn og benti á nokkra menn úti við vegginn. Það var hálförökkvað í skálanum, því að olíulampinn bar daufa birtu, en þó mátti greina einstök andlit. Ég sá nokkra menn síðhærða, klædda svörtum kuflum, þar sem ungi maðurinn benti á. Það voru sex rússneskir prestar. Ég gekk til þeirra og spurði tíðinda. En þessir andlegu stéttar menn voru mjög tortryggir gagnvart mér. Þeir óttuðust, að nýsagnarar Tsjekunnar kynnu jafnvel að vera hér. En þó áræddu þeir að segja mér, að þeir væru einnig dæmdir í tíu ára þrælkunarvinnu eftir hinni sömu lagagrein og ég, þó að þeir vissu sig ekki seka um neitt.

Þiskur okkar hætti snögglega, því að við heyrðum óhljóð eitt mikið úti við dyr. Einn fanganna varð skyndilega viti sínu fjær. „Hann er brjáláður,“ sögðu Rússarnir við hlið mér. Aðrir gátu upplýst, að hann væri bóndasonur og hétí Akímov og hefði setið þrjú ár í fangelsi, en væri nú dæmdur til þrælkunarvinnu.

„Það sætir engri undrun, þó að hann sé orðinn vitskertur. Þegar við fórum út úr lestinni, sló einn hermanna hann með byssuskeftinu í höfuðið. Hann mun hafa fengið heilahristing.“ Þannig fórust Rússunum orð.

Akímov fékk ekki að leika lengi lausum hala, áður en hermennirnir fóru með hann á brott. Vera má, að þetta hafi verið hinna ferð hans, því að hér þekktist miskunnsemin ekki.

Mjög árla morguns, löngu fyrir sólarupprás, var okkur skipað að fara út í fangelsisgarðinn. Loftið titraði af fyrirskipunum af ýmsum tegundum, en fangaverðir og fyrirlíðar vöfrudu í kringum okkur og rannsökuðu okkur alla.

„Allir, sem dæmdir eru eftir 58. kapítula, 10. grein laganna! Áfram gakk, 20 skref,“ skipaði fangabúðastjórinn Kosakov.

Við urðum 40.

„Þér eruð gagnbyltingarsinnar. Munið, að þér eruð komnir hingað til að vinna. Það borgar sig ekki hér að vera með mótþróa. Sérhver fær mat í hlutfalli við afköst hans. Hinum minnsta mótþróa við fyrirlíðana eða aðra yfirmenn verður refsað án miskunnar,“ sagði fyrirlíðinn.

Okkur „gagnbyltingarsinnunum“ var síðan skipt niður í flokka, níu í hvern. Hver flokkur fékk sex axir og þrjár sagir. Síðan fór hver flokkur til skógar til að fella tré. Var einn fyrirlíði og einn vopnaður hermaður með hverjum flokki. Enn fengum við engan mat. Við vorum ný vinnusveit og gátum því haldið áfram án matar í nokkra daga. Það átti að reyna, hversu við dygðum.

Þegar mjög var liðið af kveldi og við orðnir dauðþreyttir eftir strit dagsins, var okkur leyft að hverfa heim til skálana. Margir fanganna féllu örmagna niður á

götuna. Sumir hertu sig og stóðu á fætur vegna högga byssuskeftanna, en aðrir sofnuðu hinum eilífa svefni.

Klukkan tíu um kvöldið var uppi fótur og fit í dvalarskálunum. Okkur var sagt, að við mættum sækja matinn. En einungis 40 fanganna fengu að fara fram. „Vera má, að borðsalurinn rúmi aðeins 40 manns í senn. Hverju sætir það, að allir fá ekki mat í senn?“ spurðu hinir hungruðu menn. En brátt kom skýringin. Fangarnir, sem voru kallaðir fram, komu aftur sinn með hvert fat kálsúpu og tíu tvíbökur.

„Skipið ykkur í flokka, tíu í hverjum, því að í fatinu er matur handa tíu manns,“ skipaði varðmaðurinn.

Nú varð líf og fjör í skálanum. Þar sem engar voru skeiðar, urðum við að nota hendurnar. Eftir augnablik var fatið tómt og fagað, svo að varla þurfti að þvo það. Skammtur þessi varð vart til annars en að örva matarlystina. Það var aðeins bragðið, sem fanginn fékk. En við urðum að láta okkur nægja það, sem okkur var skammtað.

Það snjóaði ákaft og vegirnir voru eintóm leðja, þegar sveitin okkar, alls um 200 manns, fór frá Vonka og hélt til verkamannaskýlanna úti í skóginum. Hin fáu ljós í Vonka hurfu okkur brátt sýnum, og það þaut í fornum, dimmum skógi umhverfis okkur. Hann raulaði hið leyndardómsfulla lag vetrarins. Það var heppni fyrir mig, að ég var ekki einn hinna fyrstu. Það var miklu léttara að ganga annarra slóð.

„Ef nokkur tekur skref til hægri eða vinstri út úr fylkingunni, þá verður hann tafarlaust skotinn fyrir tilraun til að flýja,“ hrópaði varðmaðurinn, þegar við fórum af stað. Og ekki var um annað að ræða en fylgja svo strangri skipan nákvæmlega. Annars mátti virðast svo, að hópur 200 manna þyrfti ekki að óttast tíu hermenn, þó vopnaðir væru. En svo var þó. Þessir 200 þrælur fóru eins og fjárhópur, þöglir, eins og allt væri með felldu.

Rússneskur prestur, síðhærður, með mikið skegg gekk samhliða mér.

„Hvað haldið þér um það, heilagi faðir, er það vilji Guðs, að allt fer svo sem er?“ spurði ég hann.

„Án vilja Guðs fer ekkert fram. Við höfum kallað þessa ögun yfir okkur, því að við höfum gleymt Guði á góðu dögnum. Þess vegna leyfir hann þessa tyftun, til þess að við snúum okkur til hans í lifandi trú, sterkari en áður,“ svaraði gamli presturinn.

Ég varð að viðurkenna, að hann hafði satt að mæla. Þegar ég sagði honum, að ég væri líka prestur, virtist hann gefa þrekleysinu lausan tauminn um sinn og hann mælti með grátstaf í röddinni: „Vegur þjáninganna er framundan, sonur minn, en minnstu þess, að Kristur leið saklaus. Hann er fyrirmyndin, sem við verðum að leitast við að fylgja. Öll tímanleg þjáning varir aðeins skamma stund.“

Ég þakkaði gamla prestinum þessi hughreystandi orð. Þótt ég væri beygður af þreytu og áhyggjum, fagnaði ég því, að þjáningarnar höfðu sameinað prest úr rétttrúnaðarkirkjunni og lúterskan prest. Við rökræddum ekki um það, hvor væri hin óskeikula trú. En við fundum sameiginlega til þeirrar vissu, að hinn sami faðir

væri verndari í baráttu einstaklinga og mannkynsins alls. Þegar við komum á vatnsbakka nokkra, blikuðu ljósin í skýlinu, sem við áttum að dveljast í.

Viðtökurnar, sem við fengum, voru ástúðlegar í samanburði við þær, sem við fengum í Vonka. Eftir að við höfðum allir verið nefndir með nafni og skoðaðir, var okkur leyft að fara inn úr kuldanum. Komum við inn í unaðslega baðstofu, þar sem við tókum til höndum að færa í lag. Hárið var klippt og allt skegg rakað. Við fengum skó úr trjáberki með þvengjum í. Eigin föt urðum við að láta af hendi. Okkur var sagt, að það ætti að sótthreinsa þau. En við sáum þau ekki framar. Þau fóru í „betri stað“. Hvers virði voru þau líka? Þau hefðu slitnað strax við timburdráttinn. Það var betra að fá föt hjá stofnuninni sjálfri. Ef skórnir slitnuðu, þá fengum við aðra úr vörugymslunni. Stundum voru þeir úr leðri, en oftast nær úr berki linditrésins.

Að öllu þessu loknu vorum við eins útlits. Nú var enginn með sítt hár eða skegg eða barta. Allir voru klæddir brúnum buxum og bláum stakk. Allir höfðu sauðskinnshúfu á höfði og hvíta skó úr berki á fótum.

„Allir í rúmið. Að klukku tíma liðnum verðið þið vaktir,“ skipaði vörðurinn.

Enginn lét segja sér þetta tvisvar. Brátt voru hinir tvíbreiðu setubekkir alsettir. Og hinir örmagna fangar óskuðu einskis frekar en að fá að sofa út. Við gátum ekki trúað því, að við þyrftum að fara til vinnu strax, þar sem öll nóttin fór í það að flytja sig. En okkur skjátlaðist. Áður en dagur rann, urðum við að vera komnir út í skóg. Við vorum ekki komnir hingað til að hvílast, heldur til að vinna.

Dagur í skýli hinna hvítu þræla

Í NÁND VIÐ HVÍTAHAFIÐ, á bökkum Magríno-vatns, liggja fangabúðir einar, einar af þúsundum hinna illræmdu þrælkunarþúða „fyrirmyndarríkisins“. En þar eru allir nýtlegir kraftar hvers eins notaðir til hins ýrasta. Við komum til þessa staðar á kaldri nóttu í marsmánuði. En vatnið var lagt sterkum ís. Það þýtur eða jafnvel stynur í hinum myrku barrskógum, undan nöprum norðannæðingnum. Í fjarska sér eldbjarma, sem bendir til, að menn hafi hafst þar við ekki alls fyrir löngu. Það er dauðakýrrð í búðunum, þó að þar séu samankomnir 1.200 manns auk 40 kvenna. Klukkan er um tvö að nóttu. Klukkan ellefu fengum við loks að ganga til náða eftir þrautir og erfiði dagsins, svo að ekki er að undra, þó að svefninn sé vær. Í miðjum garðinum brann eldur, og ornuðu sér við hann tveir hermenn, er héldu vörð. Öðru hvoru köstuðu þeir skíðum á eldinn og lýstu logarnir allt umhverfið. En þá er dyrum lokið upp og tötrum búinn maður, skjálfandi af kulda, gengur út í garðinn.

„Hvert ætlið þér?“ spyr annar mannanna höstum rómi.

„Ma-má ég fara á va-vanhúsið?“ svaraði vesalingurinn og hélt um magann.

„Hvers vegna sofið þér ekki rólegur? Ávallt skulið þið vera á einhverju iði. Flýtið yður nú!“ hrópaði annar maðurinn ragnandi.

„Það er þrælaatvinna þetta, að standa á verði í þessum kulda,“ svaraði hinn.

„Það er ekki skemmtilegt, ekki verður það sagt. En þó þurfum við ekki að vera hér nema átta tíma á sólarhring, og nægilegt er til matar. Aðstaða þrælanna er verri. Þeir fá ekki að hvílast nema fimm stundir í sólarhring, þeir fá aldrei hvíldartíma á daginn, og ekki myndi mér nægja sá skammtur, sem þeir fá af mat,“ sagði sá, er við eldinn sat. Síðan kastaði hann skíðum á eldinn að nýju og hélt áfram: „Hve lengi hefur þú haft þetta starf, og hvers vegna ertu hér?“

„Ég kom hingað í byrjun september síðastliðinn. Mér varð það á að leita eftir mikilsverðu atriði með hnefarétti. Fyrir það fékk ég fimm ár. En ég vona, að ég verði náðaður í vor. En hvernig er þessu farið með þig?“

„Ég var gjaldkeri hjá samvinnufélagi einu. Það var farið býsna frjállega með féð, svo að sjóðþurrðin varð um 10.000 rúblur. Ég fékk tvö ár. En ég vona, að ég verði náðaður í vor. Ég hef verið hér í fimm mánuði. En láttu nú liggja vel á þér, hér er nóg um gleðskap. Hér er nægilegt kvenfólk. Það komu meira að segja nýjar í gær. Ég var í skýli kvennanna í nótt, en þar var mikil þröng. Það er líka ofur skiljanlegt, því að hvað nægja 40 konur handa 200 varðmönnum? En því er hann svona lengi á kamrinum, þessi náungi? Ég verð víst að aðgæta, hvort hann hyggst strjúka á brott.“

Hermaðurinn fer síðan að kamardyrnum, sem eru dálítið afsíðis bak við skýlin og umluktar fáeinum grenitrjám. Þar finnur hann þann, sem hann leitar eftir, því sem næst helfrosinn. Varðmaðurinn slær til mannsins af svo miklu afli, að hann hendist út og fellur á frosna jörðina. Hann lemur hann þá nokkur högg í höfuðið með byssuskeftinu, og mannvesalingurinn sofnar hinn síðasta blund. Fangavörðurinn hendir byssunni frá sér, tekur í fætur líkinu og dregur hann dálítið afsíðis, grefur síðan holu í snjóinn með fætinum og dysjar líkið þar. Síðan tekur hann byssu sína og hraðar sér til félaga síns við eldinn og segir, hvað orðið er.

„Við verðum að segja yfirmanninum, að maðurinn hafi verið að strjúka og þess vegna höfum við lamið hann,“ sagði hinn rólegur, eins og ekkert hefði í skorist. Slíkt voru ekki ótíðir viðburðir. En nú fer að færast líf í vesturhluta búðanna. Þar er hesthúsið, og ógreinilega má sjá hestasveinana, sem leiða hestana í vatn. Hestarnir eru um 200, því að nú er byrjað á því að aka timbrinu. Það tekur alllangan tíma að brynnna öllum hestunum. En þeir hafa tímann fyrir sér. Klukkan fimm á að spenna þá fyrir vagnana, en nú er klukkan þrjú.

Það leggur reykt upp úr litlu afhýsi milli hesthússins og skýlisins. Matsveinninn er í önnum, því að nú er bráðum kominn matmálmími. Stór pottur er á hlóðum, fullur af eins konar graut. Yfirmatsveinninn kemur nú til að bragða á honum.

Síðan hljómar bjallan, sem er járnbrautarteinn, er fyrir er komið fyrir utan híbýli umsjónarmannsins. Hann lemur í teininn með gamalli öxi. Nú verður uppi fótur og fit eins og eldur væri uppi. En það er nú aðeins morguntrumpan, sem slegin er klukkan fjögur að morgni.

Úr öllum skýlunum heyrast óp og stunur. Varðmaðurinn lætur stafinn dynja, örvar með blótsyrðum og lemur þá, er enn sofa. Innan skamms eru allir á fótum. Það brakar mjög í barkarskónum, þegar búist er til ferðar. „Sækið grautinn, fljóttir nú,“ hrópar vörðurinn. Þeir hinir tíu, sem eiga að sækja matinn, taka kirnur sínar og hraða sér inn í eldhúsið eftir morgunmatnum. Hinir skiptast í hópa á meðan og bíða réttar síns með skeiðar í höndum. Þegar rjúkandi fötin komu að síðustu, tekur ekki langa stund að tæma ílátin, því að svangir menn þurfa ekki langan tíma til að tæma eina grautarskál.

Klukkan hálf fimm standa allir þrælarnir í röðum og fylkingum. Umsjónarmaðurinn skipar. „Viðbúnir! Jafnar raðir.“

Domúlen, vörður fangabúðanna, sem var vanur því að heilsa föngunum á morgnana, sagði: „Góðan dag, verkamenn!“

„Góðan dag,“ svöruðu þúsund raddir þrælanna.

„Þið takið illa undir. Hópur sem þessi á að geta heilsað svo rösklega, að það heyrir til eyjarinnar Solovetskíj. Einu sinni enn.“

„Góðan daginn,“ öskrar Domúlen háum rómi.

„Góðan daginn,“ segja hinir nokkru hærra, og „félaginn“ virðist láta sér nægja það.

Nú hefst nafnakallið. Yfirmennirnir ypptu öxlum öðru hvoru. Sýnilega sakna

þeir einhverra. Yfirmennirnir rannsaka skýlin og finna nokkra menn liggja þar á bekkjunum í værum blundi. Domúlen tekur í fætur einum þeirra og dregur hann fram á gólf, en hann er þegar stirðnaður. Hann er leystur frá hlekkjum þessarar veraldar og þrældómi bolsévíkanna. Og árangurslaust leita bændurnir frá Ingermanlandi félagá síns Ívanovs. Hann er nú hulinn snjó í skógum Kirjálalands.

En annar þræll, Tyrkinn Abdul-Kurban, vaknar við, þegar Domúlen dregur hann fram á gólf. Hann kvartar um sjúkleika. „Út með þig, þorparinn þinn,“ skipaði Domúlen. Abdul-Kurban dróst með harmkvælum út úr skýlinu. Í dyrunum var honum greitt högg svo vel útilátíð, að hann hentist út á hlaðið, og lá hann þar hreyfingarlaus. Þeim, sem eru í fylkingarröðunum, rennur kalt vatn milli skinns og hörunds, og margir þeirra reka upp lágt vein, en ekkert mega þeir hafast að. Hér verða menn að þjást þegjandi.

Klukkan fimm dreifist hópurinn á allar áttir. Hestasveinarnir spenna hestana fyrir. Því næst halda þeir út í skóginn og hlaða timbri á sleða sína, sem þeir síðan aka niður að Vonka-fljóti. Þar er timbrinu staflað. En um vorið er því fleytt niður ána og út í Hvítahafið og flutt út á heimsmarkaðinn. Hestarnir eru illa fódraðir. Þarna höktir einn áfram, en megnar traudla að draga sleðann tómann, en verkstjórinn lemur hann með trélurk. Hesturinn dettur og rís ekki á fætur aftur. Réttum aðilum er tilkynnt þetta, og síðan eru sendir þangað tveir sveinar til að birkja hinn fallna hest. En allir fagna því að mega bráðum vænta kjötsúpu. Maginn segir til sín.

Þeim, sem eiga að leggja síðustu hönd á timburbútana, er skipt í þriggja manna flokka. Hefur hver flokkur tvær axir og eina sög. Þrír slíkir hópar eru undir stjórn eins verkstjóra. En allra gætir fangavörður. Verkstjórinn nefnist „tían“.

Þarna fara verkamenn undir leiðsögn Aíttovs. Aítto er miðaldra Tatari og var dæmdur hingað fyrir morð. Hann fer á undan flokki sínum til vinnustöðvarinnar. En vopnaður hermaður, Shaposhnikov, gengur á eftir hópnum og skipar svo fyrir, að við eigum að flýta okkur, því að klukkan sé nærri fimm. Þessi Shaposhnikov er frá Moskvu og er einnig morðingi. Klukkan sex áttu allir að vera komnir að verki. Í þessum hópi er maður einn frá Ingermanlandi, að nafni Koivistoinen. Hann virðist vera örmagna. En í harmkvælum sínum gleymir hann því, að enginn má taka eitt skref til hliðar. En nú víkur hann sér til hliðar nokkur skref til þess að hleypra nokkrum mönnum fram hjá sér, en á sama augnabliki drynur í byssu fangavardarins, og Koivistoinen fellur dauður til jarðar.

„Þannig fer, þegar menn reyna að flýja. En héðan sleppur enginn,“ hrópaði morðinginn og rak upp djöfullegan hlátur, eins og hann þættist hafa unnið eitt-hvert þrekvirki. Verkstjórinn Aítto lætur hina nema staðar og skipar að draga lík Koivistoinens í brott og grafa það niður í snjóinn. Þrælarnir gera auðvitað eins og fyrir þá er lagt. Þeir eru farnir að venjast slíkum greftrunum.

Allir verða önnum kafnir, þegar komið er á vinnustaðinn.

„Verið nú iðnir. Ef þið ljúkið dagsverkinu, fáði þið eitt kíló af brauði hver,“ mælti „tían“.

Allir gerðu eins og þeir gátu. Einkum hamast fangarnir á morgnana, meðan þeir eru ólúnir og kuldinn er mestur. Þó eru ekki allir jafniðnir. Margir hafa tekið í fyrsta sinn á slíku verki og eru því ólagnir. En allir verða að reyna, því að annars fer illa fyrir þeim.

Trén falla með miklu braki til jarðar. Þar stendur maður að nafni Níkíforov. Hann veitir því ekki eftirtekt, að tré er um það bil að detta, og lendir því undir hinu stóra grenitré. Þegar félagar hans koma honum til hjálpar, sjá þeir, að hann hefur lokið dagsverki sínu. Og enn fer greftrun fram sem hið fyrra sinni. Því næst heldur vinnunni áfram eins og ekkert hefði í skorist.

Vinnan er erfið. Dagurinn líður, uns rökkva tekur. Starfsþrekið minnkar, og gjarnan vildu menn setjast örskamma stund til þess að láta líða úr sér, en það er ekki leyft, því að enn er dagsverkinu ekki lokið. Grauturinn, sem etinn var um morguninn, er alveg meltur og garnirnar gaula hátt. En enginn matur fæst um sinn.

Verkstjórinn kemur til eins þriggja manna hópsins. „Nú er klukkan fimm og enn hafið þið ekki lokið nema 80 stólpum, þó að þið ættuð að ljúka 200. Þið fáið aðeins 300 grömm brauðs.“

„En stofnarnir voru allir kvistóttir,“ sagði einn þeirra og gekk til „Tían“ til að skýra málið. En verkstjórinn lamdi hann með lurk sínum og skipaði honum að hypja sig til vinnu sinnar.

Á meðan verkstjórinn er önnum kafinn við þennan flokk og varðmaðurinn starir á, grípur maður einn tækifærið og þrífur búta úr timburhlaðanum, sem verkstjórinn hafði tekið við daginn áður og merkt blýantsstriki. Maðurinn skefur strikin burtu með öxi sinni. Og eftir augnablik hefur hann 200 stofna í hrúgu, sem hann getur sýnt verkstjóranum.

„Vill verkstjórinn gera svo vel og koma og taka viðarbunkann út,“ kallaði maðurinn, þegar hann hafði komið öllu í lag.

Verkstjórinn kemur, tekur stofnana, merkir þá og sér, að þessir þrír verkamenn hafa lokið verki sínu. Ánægður í bragði biður hann þá um að höggva tréspón og skrifar hann síðan á hann, að hópur þessi hafi fengið leyfi til þess að fara til skýlanna, og segir síðan: „Þannig á það að vera, drengir. Nú er klukkan sex og þér megid fara heim. Á morgun fáið þér eitt kíló af brauði hver.“ Því næst fara þeir undir strangri vörslu heim til fangabúðanna, þar sem þeir sýna sig yfirmanninum og fá honum hefilsþóninn.

Síðan fara þeir inn í skýlið og fleygja sér út af í fleti sín og fagna því, að hrekkurinn hefur tekist, og taka að hugsa um, hverju þeir geti fundið upp á næst. En þeir, sem ekki gátu haft slíkt í frammi, urðu að vinna í þrjá tíma enn. Skór þeirra og vettlingar tóku að frjósa, því að þeir voru gegnvotir. Klukkan níu hætta allir vinnu, því að klukkan tíu er almenn liðskönnun. Röðin og fylkingin er hin sama og um daginn, nema hvað hún er þynnri. Þessi dagur hefur einnig krafist sinna fórna. Klukkan tíu eru allir í garðinum, og liðskönnunin fer fram. Því næst fá allir að

fara inn í skýlin, og þá hefst veigamesta verk dagsins: að eta. Varðmaðurinn skiptir brauðinu milli mannanna. Sérhver fær eftir verðleikum. Fáeinir fá eitt kíló, en þeir hafa lokið verki sínu daginn áður, aðrir, sem unnið hafa viðunanlega, fá 800 grömm, en enn aðrir, þeir, sem óvanir voru, sjúkir eða þess háttar, fá aðeins 400 grömm. Súpuskammturinn er jafn fyrir alla: ein skál handa hverjum 10.

Skeiðarnar ganga í sífellu, og allir verða að borða úr sama íláti, þó að þeir séu úr ýmsum áttum. Þar eru Rússar, Úkraínnumenn, Sígaunar, Kínverjar, Tatarar, Eistlendingar og Finnar. Gyðingar þeir, sem þar eru, eru skrifarar eða þess háttar og snæða því með yfirmönnum, þar sem maturinn er nokkru betri handa þessum „heldri“ félögum.

Þegar skálarnar eru tæmdar, er þeim staflað í einn bunka, svo að hægara sé að finna þær morguninn eftir. Þær eru ekki þvegnaðar, en haldast þó furðu hreinar. Því að sá, sem svo er heppinn að fara með skálina, sleikir hverja rák, sem eftir kann að vera.

Nú mætti ætla, að svefntíminn væri kominn, en margir sitja enn á fletum sínum, eins og þeir bíði einhvers. Þess var þá ekki heldur langt að bíða, að komið væri og ýmsir kallaðir fram. Það voru þeir, sem áttu að vinna næturvinnu. En hún var að bera inn brenni og vatn í eldhúsið. Þetta féll í hlut þeirra, sem ekki höfðu lokið störfum sínum um daginn. Þeir urðu því að vinna allan sólarhringinn og næsta dag og voru því enn lakar undir það búnir að ljúka störfum en áður.

Í námunda við hesthúsið standa nokkrir menn í röðum fyrir framan illa upplýst hús. Þetta eru þeir, sem leita læknisins. Hann hefur ekki viðtalstíma á öðrum tíma dags en nú.

Læknirinn, Ívanov að nafni, er dæmdur gagnbyltingarsinni. Hann skoðar hina sjúku og er ekki lengi að. Hann hefur engin önnur meðul en joð. Hér er ekki tími til að vera veikur.

„Hvað er að yður?“ spurði læknirinn sjúkling einn, sem ekki getur staðið upp-réttur, en hallast upp að veggnum.

„Mér er illt alls staðar,“ sagði sjúklingurinn og rétti fram hendur sínar og fætur þrotnar af bólgu.

„Þessi sjúkdómur er ekkert einsdæmi hérna. Við þessu þarf kjötmeti, en slíkt lyf fæst ekki hér. Sjálfur fæ ég aðeins 400 grömm af brauði á dag,“ segir Ívanov og lætur sjúklinginn fara.

Annar sjúklingur kvartar um höfuðverk og biður um að fá hvíld frá vinnu.

„Ég hef ekki leyfi til þess að veita nokkrum slíkt, því að nú er mjög annasamt,“ svaraði læknirinn.

Því næst kemur sjúklingur, kalinn á fótum. Þá verður læknirinn reiður, hrindir honum á brott og hrópar: „Ég hef margoft sagt ykkur, að slíkum sjúkdómum skipti ég mér ekki af. Gætið sjálfir að löppunum á ykkur, svo að ykkur kali ekki.“

Af öllum þessum sjúklingum er aðeins einn, sem fær aðgerð, en hann hafði

höggvið sig í fótinn, svo að stórt sár hlaust af. Læknirinn ber joð á sárið, bindur tuskum um það og ávítar manninn fyrir að höggva í fótinn í stað þess að kljúfa tréð.

Um miðnætti er allt með kyrrð í fangabúðunum. Tveir hermenn eru á verði í garðinum. Matsveinninn stendur við pottinn, og verkamennirnir bera vatn inn í eldhúsið, en það á að notast í grautinn, en aðrir bera inn brenni. En allir aðrir þrælanna sváfu djúpum svefni á fletum sínum. Svefninn er unaðslegur. Hann leyfir þrælum að vera frjáls um stund, meðan hann hvílist á fleti sínu hörðu og nöktu, með garmana undir höfði sér og teppisgarm yfir sér. Vera má, að hann dreymi um borð fullt kræsingum og að hann borði þar nægju sína. En þegar hann vaknar, man hann veruleikann og tekur skeið sína og reynir að fá svo mikið sem hann getur, en félagar hans eta í kapp við hann og hugsa aðeins um að sedja eigið hungur.

Nú höfum við fylgst með, hvernig dagurinn líður í Magríno-fangabúðunum. En þó hef ég ekki farið í einstök atriði, og ekki hef ég heldur minnst á allt, því að ég hef enga löngun að greina nánar frá nautnalífi og aðförum yfirmannanna, varðmannanna og aðstoðarmannanna við þær konur, sem voru þar í fangabúðunum.

En Hann, sem eitthvert sinn kemur og krefur hvern einn reikningskila, mun og vita um allt þetta.

Í ríki fanganna

ÞEGAR ÉG HAFÐI VERIÐ NOKKRA DAGA í ÚSLON, sem er sérstök stofnun í tengslum við fangabúðir á Solovetskíj-eyjum, fór ég að skilja, að það var sannleikur í orðum „félaga“ Vlasovs: „Þér skuluð verða sendir til Helvítis.“

Þrælkunarbúðir ráðstjórnarinnar eru ríki fanganna með eigin fjárhag og eigin lögum. Þar eru allir fangar, þrælarnir jafnt og verkstjórnarnir, fangaverðirnir og yfirmennirnir. Glæpafangarnir halda uppi „lögum og rétti“, en stjórn málafangar eru þrælarnir. Í Magríno-þrælkunarstöðinni, en þar var ég í tvo mánuði, var stórglæpamaður frá Moskvu yfirmaður. Hann hét Domúlen. Varðsveitarforinginn á staðnum hét Kúznetsov, og var hann dæmdur þangað fyrir rán og morð. Ýmsir aðrir, svo sem Kamínskíj, Aítov og Kornílov, voru þjófar og morðingjar. Þegar gerð er grein fyrir andlegu ásigkomulagi yfirmannanna, er enginn vandi að skilja stjórnarháttu þeirra.

Ég komst í nokkur kynni við verkstjóra minn. Hann var Tatari og dæmdur fyrir gripdeildir og morð. Einu sinni sagði hann mér, við hvílíkar aðstæður þeir ynnu hér. Á fundi einum hafði verkstjóri einn kvartað undan því, hversu ill kjör fangarnir ættu við að búa, dánartalan væri mjög há og auk þess hefðu margir fanganna verið skotnir. Yfirvöldin hlytu að krefja verkstjórana reikningsskila fyrir þetta. Fulltrúi frá stjórnarskrifstofunni í Moskvu var viðstaddur. Honum fórust orð á þessa leið: „Það er engin ástæða til að kvarta. Við höfum selt yður meinvætti ráðstjórnarlýðveldisins, gagnbyltingarsinnana, í hendur. Enginn mun krefja yður reikningsskila, þó að þeir drepist allir. Miklu fremur er þess krafist af yður, að þér haldið fullum aga. Látið kúlakkana, prestana og önnur slík meinkvikindi deyja, þá losnar ráðstjórnarlýðveldið við slíkar moldvörpur.“

Stjórn málaföngum er skipt í tvennt: hina eiginlegu verkamenn og hina veikbyggðari, svo sem vegna veikinda eða aldurs, eru því nær ófærir til vinnu. Þeir búa við önnur skilyrði. Af þeim er ekki heimtað eins mikið og hinum hraustu, en þó verða þeir að vinna. En þar sem afköst þeirra eru minni, fá þeir líka minna að borða. Þeir fá einungis 300 grömm af brauði og miklu minni súpuskammt. Hlutskipti hinna gömlu og veiku er óþolandi.

Þrælum þessum má líkja við menn, sem eru grafnir lifandi. Þeir fá enga vitneskju um það, sem gerist fyrir utan og ekkert um vandamenn sína. Þau bréf, sem þeir kunna að senda, koma til viðtakanda mörgum mánuðum síðar eða týnast oft með öllu. Ekkert fá þeir að segja um sjálfa sig annað en það, að þeir séu enn lifandi og heilir heilsu. Dvalarstað mega þeir ekki nefna. Aðeins mega þeir nefna hið

leyndardómsfulla og óskiljanlega heimilisfang ÚSLON. Öll bréf eru lesin yfir, og ef einhver leyfir sér gagnrýni, þá er honum refsað grimmilega.

Ungur maður einn, sem hafði dvalið í Solovetskíj-búðunum í þrjú ár og átti að látast laus innan skamms, skrifaði móður sinni á þessa leið: „Nú slepp ég bráðum héðan. Þá munum við hittast, elsku mamma mín. Þá munum við bæði verða glöð. Hér hefur mér liðið illa. Þegar ég kem heim, skal ég segja þér frá öllu, sem ég hef séð og heyrt hérna. ...“

Bréf þetta fékk móðirin að vísu. En þvert yfir línurnar var skrifað ókunnri hendi með rauðu bleki:

„Sonur þinn hefur verið skotinn.“

Móðirin fékk aldrei að sjá son sinn.

Þrælarnir fá aldrei að sjá blöð eða bækur. En í ÚSLON er gefið út blað er nefnist: „Nýi Solovetskíj“, sem lesinn er á hverju kvöldi af einum fanganna, þegar vinnu og eftirliti er lokið. Í blaðinu eru aðeins fregnir úr fangabúðunum, fréttir um flóttamenn og hegningu þá, er þeir hafa hlotið. Þetta er gert hinum til viðvörunar og ógnunar. Þrælum ráðstjórnarinnar er farið á aðra lund en svörtu þrælunum, að því leyti, að þeir eru skotnir fyrir hina minnstu yfirsjón. Auk þess verða þeir að vinna þegjandi, og þeim er stranglega bannað að tala við félagá sína. Ennfremur verða þeir að láta sér lynda þrælalaun „fyrirmyndarríkisins“. Þeir, sem vinna ákvæðisvinnu og eru vel kynntir hjá verkstjórunum, fá 10 rútblur á mánuði. Laun þessi eru greidd í „Úslon-seðlum“. Fyrir laun þessi kaupa fangarnir nokkrar síldar og 10 grömm af tóbaki. Hver síld kostar 2 rútblur. Það fé, sem vandamenn kunna að senda, er ekki skilað föngunum.

Oft ber það við, að fangarnir flýja. Menn hætta á þetta, því að engu er að tapa. Ef fanginn næst, þá er honum dauðinn vís. En ef hann skyldi ekki vera skotinn þegar í stað, er lífið murkað úr honum á annan hátt. Ef það vitnast við rannsókn eða á annan hátt, að fanga vantar, þá eru allir þrælarnir kallaðir í eina þyrpingu og verðirnir settir í kring. Menn eru sendir til þess að leita flóttamannsins. Ef hann næst, þá er hann þegar í stað skotinn. En oft verða félagar fangans að gjalda flóttans, því að hér gildir reglan: einn fyrir alla og allir fyrir einn. Ef einhver er grunaður um að vera í vitorði með flóttamanni eða að hafa haldið ætlan hans leyndri fyrir fangaverðinum eða ef ætla má, að hann hyggi sjálfur á flótta, er hann fluttur í neðanjarðar afhýsi og kvalinn með hungri.

Vesalings fangarnir þjást af alls konar sjúkdómum. Þeir vinna 14 stundir í sólarhring, og hvíldardagur er enginn. Öll umönnun er mjög af skornum skammti. Fötin eru tötrar einir og skórnir gerðir úr berki, eins og fyrr getur. Allt þetta er orsök í vanheilsu fanganna. Þegar læknishjálpar þarfnast, er ekki unnt að fá hana. Allir þeir, sem kvarta, eru fluttir á burt frá læknum, þó að þeir æpi af sársauka. Læknirinn fæst aðeins við sár, sem hann ber joð á. Önnur lyf hefur hann ekki. Skyrbjúgur er mjög tíður. Það er vegna fæðuskorts. Og mjög er það ógedslegt, þegar fætur og hendur, andlit og að lokum líkaminn allur bólgnar af þessum or-

sökum. En paradís bolsévismans þekkir enga miskunnsemi. Slíkir þrælar sem við eru einskis nýtir í ráðstjórnarlýðveldinu. Það er nóg af kúlökkum og því óþarfi að hlífa þeim.

Sending frá óþekktum vinum

VETURINN LEIÐ HÆGT OG hægt. Og brátt tók að þorna um við strönd Hvítahafsins. Dagar lengdust, en nætur styttust. Norðurljósín, sem í marsmánuði voru eini ljósgjafinn, urðu æ daufari með degi hverjum. Snjóá tók að leysa, og brátt komu auðar vakir á Magríno-vatn. Það var liðið á apríl, en sá mánuður er jafnan mjög úrkomusamur. Páskarnir voru liðnir, en enginn hafði veitt þeim athygli í fangabúðunum. Þar var enginn munur gerður á helgum degi og rúmhelgum. Þar ríkti ávallt hinn sami þrældómur og hávaði. Einmitt um páskana urðum við að taka að okkur að hjálpa hestunum. Ásamt félögum mínum ók ég timbri, því að hinir örholda hestar gátu ekki ekið því í hinum djúpa snjó. En nægur fjöldi manna var tiltækur. Sex þrælur voru fyrir hverjum sleða. Og með því komst timbrið út úr skóginum.

Mjög hefði verið fróðlegt að eiga mynd af þrælum þessum, en slíks var ekki kostur. Ef lesendur mínir hafa séð mynd af Ísraelsmönnum í Egyptalandi draga þung æki, geta þeir þar séð glögga mynd af þrælkuninni í paradís ráðstjórnarinnar.

Að kvöldi páskadagsins, að lokinni rannsókn og máltíð og er við lágum á fletum okkar, stakk ég upp á því við félagá minn og vin, safnaðarfulltrúann frá Miikkulainen, Mikko Kiisseli, sem einnig var fangi í sömu búðum, að við reyndum að flýja. En hann var nokkru varkárari og sagði, að við myndum komast skammt í slíku færi og þannig búnir til fóta. Hann réði til þess, að við biðum sumarsins, þá myndi auðveldara að flýja. Þó að ég væri furðufljótur að taka ákvörðun, hlýddi ég þó fúslega á ráð eldri féлага.

Brátt tók ég að venjast öllum háttum þarna. Í kapphlaupinu um grautarfatið lét ég ekki minn hlut. Mér hafði tekist að afla mér stórrar skeiðar, sem Matti Koronen frá Toksova léði mér. Hann átti tvær. Áður en ég fékk þessu „miklu gjöf“, borðaði ég með sleif einni lítilli, sem ég hafði sjálfur smíðað, því að ég var ekki svo fjáður, að ég gæti keypt slíka skeið í fangabúðinni, en þar var hægt að fá slíka hluti.

Barkarskórinn mínir tolldu furðuvél á fótum mér, þó að ég hefði aldrei haft slíkan fótabúnað. Ég breiddi sokkana undir mig á nóttunni, svo að þeir voru jafnan þurrir á morgnana. Þannig verndaði ég fætur mína fyrir frostbólgunni. Ég svaf og mjög vel, þó að ég lægi á hörðu fleti án sængurklæða. Félagar mínir voru ýmsir, því að fangarnir voru fluttir frá einni fangabúð til annarrar, til þess að við skyldum ekki kynnast of vel.

Kvöld eitt að lokinni vinnu, bar nokkuð einstakt og fagnaðarríkt við. Varðmaðurinn tjáði mér, að til mín væri komin sending. Mig undraði slíkt, ég gat ekki vitað frá hverjum hún gæti verið. Enginn vandamanna minna vissi, hvar ég var

niðurkominn. Ég hafði nokkurn hjartslátt, þegar ég tók að opna hann. Aðeins að brauð væri nú í honum! Böggullinn var vafinn innan í grátt léreft. Var mér skipað að opna hann fyrir augum varðmannsins, svo að hann gæti litið eftir, hvað í honum var. Ég réði mér varla fyrir kæti, þegar ég sá, að í bögglinum var brauð, smjör, sykur og nýjar buxur. Allt þetta hafði einn vina minna sent mér, þegar hann komst að því í Nízhnegorodskíj-fangelsi, hvar ég var niður kominn. Þá nótt svaf ég ekkert og fann ekki til þreytu. Nú gat ég borðað mig saddan í fyrsta sinni um langt skeið. Ég grét af gleði yfir því, að enn mundu mig vinir mínir. Ég var tekinn að halda, að ég væri gleymdur og yfirgefinn af öllum.

Buxurnar, sem ég fékk, seldi ég verkstjóra mínum. Hvað átti ég annars við þær að gera? Ef ég ætti þær, þá myndu þær hafa farið hina sömu leið og hin önnur klæði mín. Þau komu aldrei úr sóttþreinsuninni. Fyrir fé þetta fékk ég tvær síldar í fangabúðinni. Það var hnossgæti mikið. Ég borðaði þær allar utan sporðendana. Lífið virtist mér fagurt og hugði ég mig færan til hvers verks, því að nú svarf sulturinn ekki að. En það kvöld og daginn hinn næsta komst ég að raun um, að ég hafði misreiknað.

Okkur var fengið nýtt verkefni. Við áttum að birkja trjástofna. Mér var það mjög úrhendis í fyrstu. Hver maður átti að birkja 55 stofna. Öll tæki voru mjög ófullkomin og stofnarnir mjög kvistóttir, svo að mjög þurfti við krafta, þolinmæði og nægs tíma. Við urðum að vinna að venju frá því klukkan sex um morguninn til klukkan níu um kvöldið. Verkstjórinn, Aíttov, formælti mjög, þegar hann sá, að ég hafði aðeins lokið 20 stofnum um kvöldið. Eftir kvöldskoðun sat ég á fleti mínu með skeið í hendi og beið kálsúpunnar. Mér þótti hún mjög gómsæt, því að um langt skeið hafði hún ekki verið framreidd. Ef skeiðinni væri rennt eftir botninum, þá gat svo farið, að upp kæmi kjötbiti. Fyrir stuttu höfðu drepist nokkrir hestar, og því var von slíkrar fæðu. Þegar máltíðin stóð sem hæst, var nafn mitt kallað upp, og var mér skipað að koma í raðir ásamt öðrum fögum.

„Hvað er nú um að vera?“ áráddi einn fanganna að spyrja.

„Hvað um er að vera?“ öskraði Aíttov. „Þið eruð ljótu skálkarnir, en nú skulið þið fá næturvinnu, þar sem þið hafið ekki gert það, sem ykkur bar í dag.“

Við urðum að hlýða. Urðum við að fara yfir Magríno-vatn, þó að mikið vatn væri ofan á ísnum. Við báðum um að mega krækja fyrir vatnið, en Aíttov verkstjóri og varðmaðurinn Kúznetsov skipuðu okkur að vaða yfir. En sjálfir kræktu þeir. Vatnið var í hné, svo að stígvél nægðu ekki einu sinni, hvað þá barkskómir.

„Kalt vatn hressir ykkur, hundarnir ykkar,“ sagði Kúznetsov og horfði á aðfarirnar. Eftir að hafa öslað tvær stundir á þennan hátt vorum við látnir vinna í aðrar tvær. En þá var okkur leyft að fara heim til skýlanna. En fyrst urðum við að lofa því hátíðlega að ljúka verkinu næsta dag. En við höfðum líka beðið vægðar skjálfandi af kulda.

Þegar vora tók, gerðist slík hegning æ tíðari. Það var líkt og yfirmennirnir vildu komast að raun um, hvað mætti bjóða mönnum. Önnur hegning tíðkaðist og

mjög. En hún var sú að láta sakborninginn standa á steini alla nóttina. Á sumrin voru hendur hans og fætur bundnar, svo að hann gat ekki varið sig fyrir mýbitinu.

Nú loks tók að vora og klaki að þiðna úr jörðu. Vorblómin og varmi sólarinnar tók að gera hin bleiku fölu og þjáðu andlit brúnleitari. En hvenær mun það vor koma, þegar þessir saklausu þrælur losna undan þrælkun bolsévíkanna og komast heim til ástvina sinna, sem nú syrgja þá? Þessir þrælur „fyrirmyndarríkisins“ hafa flestir misst þá von. Lélegt fæði, þrælkun og ill meðferð hafa lamað hugsanaþrek þessara manna og drepit hjá þeim alla von. Þeir stara á það, sem er næst fyrir hendi með dauðann ristan í andlit sér, og vinna, uns dauðinn leysir þá frá þjáningum.

Hátíðarhöld

SÍÐASTA DAG APRÍLMÁNAÐAR VAR uppi fótur og fit í Magríno-fangabúðunum. Nú átti ekki að fara til vinnu, heldur átti að taka sig upp. Nóttina áður hafði rignt stórkostlega. Skýlið okkar fékk reglulega hreingerningu, því að þakið lak mjög. Það var líkast því, sem við fengjum ágætt steypibað, á meðan við nutum hvíldar næturinnar eftir erfiði dagsins. Þetta var þó ekki ástæðan til brottflutningsins. Það lá öðruvísi í því. Ísinn á Magríno-vatni var allur orðinn svartur og allur snjór því nær horfinn. Þess vegna reid mjög á að komast brott, því að erfitt var um flutninga, ef ísinn brygðist. Einnig bar nauðsyn til þess að komast nær járnbrautinni, svo að unnt væri að flytja þrælana til annarra stöðva.

Þegar hæst stóð á brottflutningunum, bar nokkuð við, sem við fögnuðum. Og get ég ekki stillt mig um að segja nokkru nánar frá því. Þegar við stóðum ferðbúnir og höfðum fyllt liði, kom varðliðsforinginn til okkar og sagði okkur frá því, að tunna af hörfræi hefði brotnað. Þeir fanganna, sem peninga hefðu, gætu fengið þessa dýrindis vöru keypta, svo að hún eyðilegðist ekki með öllu. Því miður átti ég enga peninga eða ÚSLON-seðla, en minn góði vinur, safnaðarfulltrúinn frá Miikkulainen, Mikko Kiisseli, var við hlið mér, og kvaðst hann eiga seðla og fór og keypti 200 grömm af þessu hnossgæti. Hann átti og dós eina, sem hann fann í farangri sínum og sótti hann vöru þessa í henni. Af þessu fékk ég minn skerf. Við vorum líka svo heppnir að eiga dálítið brauð í vösunum. Það borðuðum við með. Aldrei hafði ég borðað „Masla“ heima, en nú fór það vel í munninn. Við héldum eins konar kveðjuhátíð þarna á garðinum. En þar höfðum við aldrei verið áður í björtu, þó að við værum nú senn búnir að vera hér í tvo mánuði.

Þegar við héldum af stað frá Magríno, skein sól í heiði og þerrði hin votu föt. Þarna var allur þrælaskarinn, varðmenn og aðstoðarmenn. Aðeins þrír urðu eftir til þess að gæta búðanna, því að ætlunin var að flytja nýja fanga þangað á komanda sumri. Ákvörðunarstaður okkar var Vonka-búðirnar, þar sem við höfðum dvalist hina fyrstu nótt. Ísinn á vatninu var furðu traustur, þó að brakaði mjög í honum, þegar þrælafylkingin fór yfir hann. En vatnið ofan á ísnum var svo mikið sums staðar, að jafnvel yfirmennirnir blotnuðu, sem þó voru í háum stígvélum, hvað þá við, sem vorum einungis á barkarskóm.

Loks komumst við í brekku eina, sem var með öllu snjólaus. Þarna voru krækiber, sem freistuðu okkar harla mjög. Þeir, sem voru fremstir í röðunum, námu staðar, og brátt var allur hópurinn kominn í þessa auðu brekku.

„Sadjis“, setjist niður, skipaði foringinn. Þetta var mjög sjaldgæf eftirlátsemi við

þrælana. Við gleymdum því sem næst allri fyrri grimmd og fórum að ætla, að Domúlen væri ekki jafnillur og við höfðum haldið. En hann þurfti nú að hvílast til þess að þerra fót sín eftir öslið yfir vatnið.

Okkur þótti unaðslegt að hvílast á miðri leið. Auk þess fengum við að talast við. Margir Ingermanlandsbúar voru þegar horfnir úr okkar hóp, en þarna voru nokkrir Finnar, sem hægt var að tala við um daginn og veginn. Bræðurnir Juho og Antti Kajava voru þarna í hópnun, sömuleiðis Aatami Jamalainen, Matti Koronen, Matti Steenari, Juko Känkänen, Antti Suutarinen, Juho Karhu, Savolainen, Mikko Kiisseli og fleiri. Allir voru þeir horaðir og torkennilegir. Allir Finnarnir höfðu sömu sögu að segja: Enginn hafði fengið bréf heiman að. En gott var að vera með Finnunum. Þessi stæltu karlmenni voru orðin veikgeðja og grétu eins og börn, þegar talið barst að heimilum þeirra.

Síðan var haldið áfram. Við urðum að vaða yfir alldjúpa tjörn á leiðinni, og brátt komumst við alla leið til Vonka-búðanna, en þar biðu skýlin okkar. Þarna áttum við að dvelja mánaðartíma, en ætlunin var að senda okkur í vegavinnu að honum liðnum eftir því, sem við höfðum hlerað.

Nú gátum við séð stofnun þessa í dagsbirtunni, þar sem við höfðum komið í byrjun marsmánaðar, þegar við stigum út úr lestinni.

Fangabúðirnar voru girtar háum grindum, en í miðjum búðunum var reistur hár varðturn, þar sem vörður var haldinn dag og nótt. Yfir dyrum var skráð: Með vinnu skal glæpur goldinn.

Þegar ég sá þessa yfirskrift, varð mér á að stynja þungan. Mér óaði þó vinnan ekki. Henni hafði ég vanist frá fyrstu bernsku, og ávallt hef ég haft þá skoðun, að vinnan skapi lífsgleði. En þrælkun og fúlmannleg meðferð tók nú að dapra lífs-löngunina. Og svo var sagt, að ég yrði að líða þetta allt vegna afbrota minna. Auk þessa var ég meðal mestu afbrotamanna „fyrirmyndarríkisins“, því að ég prédikaði Orðið, en vildi ekki ganga í þjónustu GPÚ.

Okkur var nú skipt í hópa eftir lengd hegningarinnar, og eftir því var okkur skipt í skýlin. Mér var auðvitað skipað í „10 ára búðirnar“ og fékk efra rúm til að sofa í. Okkur fannst undursamlegt að ganga til hvíldar klukkan fimm að kveldi; auk þess var ætlan sumra að morgundagurinn, 1. maí, ætti að vera hvíldardagur. Við gátum varla trúað því, þar sem við höfðum orðið að vinna þrotlaust hvern einasta dag um langt tímabil.

Eini Finninn, sem var í þessu skýli, var A. Husu frá Lempaala og fyrrnefndur Mikko Kiisseli frá Miikkulainen. Voru þeir dæmdir í 10 ára þrælkun eins og ég. Enn fremur var þarna maður einn, Kornílov að nafni, sem talaði finnsku sæmilega og kórdjárninn Hedman frá Eistlandi, sem dæmdur var í 10 ára þrælkun, þó að hann væri nú sjötugur.

Allir hinir, 200 talsins, voru flestir Úkraínu-búar eða Rússar, frá héruðunum í nánd við Pólland. Þó voru þar örfáir Kínverjar og Tatarar.

Þegar varðforinginn kom í hina venjulegu „húsvitjun“, sagði hann hátíðlegur í

bragði: „Á morgun er hátíð alls verkalýðs. Þá vinnur enginn. Vegna hátíðarinnar fá allir eitt kíló af brauði hver. Á morgun, um hádegi, ber öllum að koma út í garðinn og hlýða á hátíðarræðuna.“

Rauði fáninn með hamar og sigð í horninu blakti á varðturninum að morgni hins fyrsta máí. En engin hreyfing var í búðunum, þótt sól væri þegar hátt á lofti. Jafnvel var hin venjulega morgun-húsvitjun látin falla niður. Allir fengu að sofa í næði. Það voru aðeins stunur hinna sjúku, sem trufluðu svefnró manna.

Á hádegi var öllum boðið að koma út í garðinn. Mót venju heyrðust nú engar formælingar eða hávaði. Allt var með kyrrð og spekt. Ungur kommúnisti steig í ræðustól og flutti klukkutíma ræðu. Hann gortaði mjög yfir viðgangi ráðstjórnar-lyðveldisins vegna samyrkjubúanna og framkvæmdar fimm ára áætlunarinnar á fjórum árum. Auðvitað mætti þessi „nýsköpun“ mótspyrnu. Þess vegna yrði kommúnistaflokkurinn að taka í taumana. Sérhver sá, sem á einn eða annan hátt leitaðist við að stöðva þessa viðleitni, yrði að einangrast, svo að hann ynni þjóðfélaginu ekki tjón. Að lokum áminnti kommúnistinn okkur um að bæta brot okkar með trúrri þjónustu.

Best hefði átt við að syngja að ræðunni lokinni: „Þér þrælur, hefjið upp hug, og brjótið okið með dirfsku og dug.“ En þess var ekki kostur. Varðmennirnir gengu um meðal raðanna, og þess vegna hefði hið minnsta merki um óánægju leitt til hinna þyngstu refsinga. Við vorum þrælur.

En lævirkjar vorsins sungu hátt í lofti, eins og þeir vildu leitast við að varpa birtu í sálir hinna örþjáðu fanga. Sól skein í heiði og vakti nýja von í brjóstum þessa þjáða fjölda.

Þrælarnir voru venju fremur léttir í lund, þó að þeim gætist ekki að ræðu kommúnistans. Þeir máttu þó hvílast í dag og allir áttu að fá eitt kíló af brauði. Hungrið og örþreytan myndu nú samt jafna það upp síðar. Auk þessa var okkur leyft að fara í heimsókn til kunningjanna. Annars var það bannað með öllu.

Ég hélt þegar til skýlis nr. 5. Þar hitti ég Kajava-bræður og nokkra aðra bændur frá Ingermanlandi.

„Það var ágætt, að þú komst. Ég ætlaði einmitt að fara að leita þín,“ sagði Juho gláður í bragði. „Ég hef fengið sendingu að heiman með ýmsu í. Mig langar til þess, að þú njótir þess með okkur. Auk þess hef ég mikilvægt mál fram að bera. Vera má, að við getum gengið til altaris saman. Það eru nú þrír mánuðir, síðan þess hefur verið kostur. Ekki er að vita, hvenær við losnum héðan eða hvort við sjáumst framar.“

Ég varð undrandi yfir uppástungu hans. Ég taldi ómögulegt að framkvæma þá helgu athöfn hér. Við höfðum hvorki oblátur né vín. Auk þess var hætta á, að verðirnir bönnuðu það.

„Úr því má bæta,“ sagði annar bræðranna íbygginn. „Ég hef pressað eplasafa í krús, og tvíbökurnar má nota í stað oblátna. Við getum verið herna í horninu, þar sem við sofum, bræðurnir, meðan hin heilaga athöfn fer fram. Rússarnir og

allir aðrir halda, að við sitjum að tedrykkju.“ Ég samþykkti uppástungu trúbræðra minna mjög glaður og eftirvæntingarfullur. Eftir að skriftir höfðu farið sameiginlega fram, blessaði ég brauðið og eplasafann, og neyttum við hinnar heilögu máltíðar Drottins vors. Antti, bróðir Juhos, og Matti Steenari, gengu og að borði Drottins. Þó að allt færi fram á mjög óbrotinn hátt og altarið væri aðeins óhreinn bekkur og klæði okkar slitin og fornfáleg, fundum við gerla nálægð Drottins og blessun Guðs. Við vorum Guðs börn mitt í þjáningum og neyð.

Þeim friði og blessun, sem Guð gefur, megna enginn máttur að ræna þá, sem njóta náðar Guðs.

Í gröfum dauðans

ÞAÐ VAR MJÖG LIÐIÐ á maí. Vonka-fljót, sem fellur út í Hvítahaf, hafði brotið allan ís af sér, svo að nú mátti fleyta timbrinu niður ána. Eftir fyrsta maí voru miklar annir í fangabúðunum. Okkur reyndist ekki jafnerfitt og áður að fara til vinnu klukkan fimm, því að nú var orðið albjart í þann mund. En nú var unnið 16 stundir í sólarhring. Við fengum miklu áorkað, og verkstjórinn okkar hrópaði í sífellu: „Davaj! Davaj!“ Hraðar, hraðar.

Í Vonka var óhemja af timbri. 2000 ÚSLON-þrælar unnu þarna. Stofnarnir voru birtir og sagaðir í vissar lengdir og þeim þvínæst staflað á járnbrautarvagna. Sá orðrómur gekk meðal okkar, að erlendir viðskiptamenn neituðu að kaupa það timbur, sem væri höggvið og unnið af stjórnmalaföngum. En þetta var mjög vanhugsað, því að ekki gátu menn erlendis vitað, hvort timbrið sem þeir keyptu af Rússum, væri litað blóði þessara fanga eða gegnvætt af svita þeirra.

Þrátt fyrir hina ströngu vinnu var ég hraustari og léttari í lund í vorblænum en áður. Ég hafði nú ákveðið að flýja, hvenær sem færi gæfist. Sú hugsun greip mig, þegar er dauðadómi mínum var breytt í þrælkunarvinnu um lengri tíma. Ég vissi, að stjórnmalaföngum var aldrei sleppt í ráðstjórnarlýðveldinu. Dauðinn eða flótti til útlanda gat frelsað okkur úr klóm bolsévíkanna.

Ég hugsaði þetta mjög gaumgæfilega. En ég varð þó að gera ráð fyrir því, að ég dæi í gröfum hinna lifandi norður við Hvítahaf.

Þó að fanganna væri gætt mjög gaumgæfilega og þá sérstaklega þeirra, sem voru dæmdir í 10 ára fangelsisvist, óx löngun mín sífellt til að flýja. En ef flóttinn mistækist, þá væri aðeins um dauðann að ræða, hugsaði ég. Að kvöldi var ég oftast gersamlega örmagna, en ávallt óx mér orka við umhugsunina um flóttann og ég fann blóðið streyma örar í æðum. Oft bar það við, að mér fannst sem að mér væri hvíslað: „Flýðu, flýðu og frelsaðu líf þitt.“

Ég ræddi um flóttann við Mikko Kiisseli, Alexander Husu og mann frá Kirjálalandi, Maljúkov að nafni, en þeir voru allir í hinu sama skýli. Flóttinn myndi verða mjög erfiður á barkarskóm einum og í fangabúningnum. Þannig búnir myndum við þekkjast á flóttanum.

Ofan á allar raunir aðrar bættist það, að ég varð veikur. Kvöld eitt, þegar ég kom heim frá vinnu, hafði ég enga matarlyst. Ég fór því til læknisins klukkan ellefu um kvöldið og bjóst nú við því, að dauðinn myndi binda enda á þjáningar mínar og opna mér dyrnar að eilífðinni.

Ívanov læknir, sem að öllum jafni var mjög óþýður í viðmóti við sjúklingana, var nú mjög vingjarnlegur, þó að aðsóknin væri mjög mikil.

„Þekkið þér Nuorteva?“

„Já, víst þekki ég hann. Hann var í miðstjórn ráðstjórnarinnar í Kirjálalandi. Er hann ekki dáinn?“ spurði ég hikandi.

„Jú, hann er dáinn. Mér fannst nöfnin ykkar vera svo lík, þegar ég heyrdi nafn yðar. Ég hélt, að þér væruð Finni og ályktaði því, að þið mynduð þekkjast,“ mælti Ívanov, á meðan hann mældi mig.

„Hitinn er 39,2,“ sagði hann og las á mælinn. „Það eina, sem ég get gert, er að leysa yður frá vinnu á morgun. Þér megið vera í skýlinu á morgun.“

Ég þakkaði lækninum fyrir og fór glaðari í bragði aftur til skýlisins, því að frí-dagar þekktust varla í fangabúðunum. Það voru aðeins útvaldir, sem nutu þeirra. Þessa nótt reikaði hugurinn víða, og fékk ég ekki sofnið. Ég hafði ávallt verið þeirrar skoðunar, að enginn ræður sínum næturstað. En nú kom mér það undarlega fyrir sjónir, ef ég ætti að ganga til hinstu hvíldar hér, þar sem enginn vandamanna minna var til að veita mér hina síðustu þjónustu. Fyrir utan grindurnar fyrir vestan búðirnar var grafreitir fanganna. Þar voru hinir dánu grafnir án líksöngs og blessunar frá manna hálfu. Mig hryllti við að vera lagður þar í moldu.

Klukkan fimm næsta morgun, þegar fangarnir voru vaktir, lá ég kyrr og gat ekki lyft höfði frá koddanum. Ég hafði ekki lyst á grautnum. Þegar vörðurinn kom til mín og ætlaði að draga mig fram úr, fékk ég honum miðann frá lækninum, og var ég þá látinn í friði.

Eftir nokkrar stundir kom varðmaður einn með sendingu mín. Í pakkanum var yfirfrakki, blár vinnustakkur, skór, brauð, smjör og sykur. Þetta kom sér vel, eins og nú stóð á. Og á hagkvæmri tíð kom það, þó að ég vissi ekki, hver gefandinn var. Ég fékk mér þegar brauðbita, og naut varðmaðurinn góðs af, en hann sótti okkur heitt vatn. Mér fannst sem ég væri heill heilsu og hugði með sjálfum mér, að best myndi að komast af stað þegar. Þegar ég hafði hugsað málið nokkra hríð, fór ég í yfirfrakkann og stakk matarforðanum í vasann og hélt af stað. Það var hljótt og kyrrt í búðunum aldrei þessu vant. Nokkrir fangaverðir voru hér og þar, því að allir voru við vinnu. Ég gkk í hægðum mínum yfir garðinn og leitaði eftir, hvar hentast myndi að komast yfir girðinguna. Ekki virtist það örðugt. Í vesturhluta búðanna voru nokkur útihús, og að baki þeirra var grafreitirinn. Ég ákvað að læðast á milli leiðanna og komast þannig inn í skóginn. En í því bili sem ég læddist á bak við úthýsin, kom varðmaður í flasið á mér og tók í öxl mér: „Hvers vegna eruð þér ekki við vinnu? Ætlið þér að flýja? Gakk! Til fangabúðastjórans!“ öskraði hann.

Í herbergi fangabúðastjórans var ég rannsakaður mjög nákvæmlega.

„Hvers vegna eruð þér með mat í fórum yðar? Hvers vegna eruð þér ekki við vinnu?“ spurði Kosakov ákafur.

„Ég vinn ekki í dag vegna þess, að ég er veikur, og læknirinn hefur lagt svo fyrir.

Ég á matinn sjálfur. Mér var sendur hann í dag. Ég hef hann í vasanum, til þess að honum verði ekki stolið. Hér er öllum hlutum stolið,“ svaraði ég niðurbeygður.

„Það er með öllu þarflaust fyrir yður að afsaka yður. Þér ætluðuð að flýja. En héðan sleppur enginn. Fötin getið þér skilið eftir hérna. En þér verðið settur í tryggari gæslu,“ svaraði Kosakov reiður.

Síðan var ég fluttur í neðanjarðarklefa, sem var mjög dimmur og kaldur í senn, og fékk ég að hafa nærfötin ein klæða. Hérna voru þrettán fangar fyrir. Þeir voru einnig á nærklæðum einum. Vasaklút fengum við ekki að hafa. Þetta var hið raunverulega fangelsi, „einangrunin“, eins og það var nefnt. Hér voru trébekkir einir húsgagna, sem voru í senn bæði borð, sæti og rúm. Það var varla rými fyrir okkur alla. Legurúmin voru einungis 14 fermetrar, svo að við urðum að þjappa okkur mjög saman.

Þegar ég kom niður í þessi undirdjúp, fundust mér allar vonir bresta og að ég myndi aldrei líta ljós dagsins framar. Í þessum klefum voru fangarnir sveltir í hel. En eftir þá þrælkun, sem við áttum að búa við, mátti jafnvel þetta þykja hvíld, þó að skammturinn væri aðeins 300 grömm af brauði á dag og örfáar skeiðar af súpu. Við fengum ekki einu sinni vatn. En við stóðum þó framar öðrum að því leyti, að við vorum ekki reknir upp harðri hendi. Við máttum liggja út af, svo lengi sem okkur þóknadist.

Við sváfum „að hætti hunda“. Við skiptumst með öðrum orðum á um að liggja hver undir öðrum. Á þann hátt héldum við á okkur hita. Maðurinn getur vanið sig á alla hluti.

Meðal þeirra, sem þarna dvöldust með mér þann tíma, sem ég var þar, voru tveir Eistlendingar og tveir Finnar, en hinir, 25 að tölu, voru Rússar. Annar Finnanna, nafn hans man ég ekki, sagði mér, að hann ætti heima nálægt Viborg. Eitt sinn, er hann var úti á Kirjálabotni að veiðum, lenti hann í klóm hinna rauðu. Var farið með hann til Lenínsgarðs. Var hann þar í Shpalernaja-fangelsi, og síðan var hann sendur hingað í þrælkunarvinnu. Hinn Finninn, Haikki Mylläri, sagði mér, að hann væri frá bænum Manssille í Salmi-sókn. Var hann ákærður fyrir það heima í Finnlandi að hafa farið óleyfilega með erlendan gjaldeyri. Hann verslaði með rússneska peninga. Hann flýði þá yfir rússnesku landamærin til þess að komast hjá refsingu. „En ef úlfurinn er rekinn á burt, þá kemur björninn í hans stað,“ sagði hann. Hann lenti í klóm GPÚ og var dæmdur til þrælkunarvinnu fyrir að hafa farið yfir landamærin án leyfis. Hér dvaldist Haikki nú og hugsaði ávallt heim til konu og barna, sem höfðu enga hugmynd um afdrif hans.

Dag nokkurn var ég kallaður fyrir forstöðumann einangrunarfangelsisins. Félagar mínir hugðu, að nú yrði ég látinn laus.

„Þekkið þér Mikko Kiisseli, Alexander Husu og Maljúkov?“ spurði forstöðumaðurinn stuttur í spuna.

Ég svaraði því játandi, því að við vorum í sama skýli.

„Þorparar þessir hafa strokið í dag,“ sagði Domúlen verkstjóri reiðilega. „Ef þér

hefðuð ekki þekkt þá, væruð þér nú látinn laus, en nú skuluð þér hafast hér við. Strokumennirnir skulu fá makleg málagjöld.“

Ég tók að íhuga þetta nánar. Hvað átti Domúlen við með þeirri hótun, að þeir skyldu fá sín gjöld?

Skyldu þeir vera dauðir? Ég hallaði höfði mínu að bekknum, sem ég lá á, og grét. En þá lagði Haikki Mylläri hönd á öxl mér og mælti vingjarnlega: „Grát ekki. Ég hef nú verið hér um mánaðar skeið. Samt hryggist ég ekki. Við erum allir í hendi Guðs.“

Ég þakkaði þessum frómlynda Finna hughreystingarorð, sem gerðu mig rórrí. Ég þerrði tárin á skítugri ermi minni og ákvað að taka öllu með karlmannslund. Ég þakkaði Guði fyrir það, að hann hafði gefið mér vin, sem jafnvel hér gat hughreyst mig á hinum erfiðustu augnablikum.

Tíminn virtist lengi að líða í þessari gröf dauðans. En dag einn, þegar ég hafði dvalið í einangrunarfangelsinu hálfsmánaðar tíma, vaknaði vonin að nýju. Ívanov læknir kom til okkar til þess að skoða okkur, því að margir fanganna voru sjúkir. Ég bar mig upp við hann og tjáði honum, að ég væri án allra saka.

„Kuortti, eruð þér hér?“ sagði læknirinn skelfdur. „Hverju sætir það, að þér eruð lokaður hér inni? Ég leitaðist þó við að tala máli yðar, því að ég vissi um sakleysi yðar.“

Orð læknisins vöktu nýja von í brjósti mér, en ekki skildi ég, hvers vegna Ívanov læknir léti sér svo annst um mig. Við þekktumst ekkert. En Guð, sem vissi um neyð mína og þekkti kvöl mína, lét slíka vini verða á leið minni.

Það tók að verða nokkuð heitt í einangrunarfangelsinu. Hitinn óx því meir því fleiri sem við urðum. Og nú vorum við orðnir 59, sem drukkum hinn sama bikar þjáninganna.

Nokkrum dögum eftir heimsókn læknisins var ég látinn laus. Mér var jafnvel skilað aftur skónum mínum, frakkanum og öðrum munum. Ég varð „frjáls“.

Ég verð að geta þess hér, að þjónustumenn GPÚ skoða „einangrunina“ sem fangelsi. Þrælana telja þeir „frjálsa“.

Vorsólin skein í heiði. Gaukur kvakaði í lofti, þegar ég kom út úr gröf dauðans. Nú gat ég þó dregið að mér hið tæra loft.

Á flóttu

Það var komið fram í júní. Hánorðrið var allt vermt hinni hlýju sól. Jafnvel strönd Hvítahafs bar merki vorsins. Dvergfuran var hið eina tré, sem boðaði komu sumarsins. Þetta var hin dýrlega árstíð, sem hinir vesölu fangar þráðu svo mjög. En jafnframt því, sem hún vakti náttúruna og mannanna börn til nýs lífs, vakti hún og þrá þrælanna eftir frelsi.

Snemma hvítasunnmorguns, þegar ég stóð í hinum fylktu röðum, heyrði ég hinn glöðværa róm lævirkjans uppi í heiðum himni. Það var mér kveðja frá frelsinu. Þrá mín að flýja fékk við þetta nýtt líf, en ég gætti þó allrar varúðar til þess að vekja ekki grun „félaganna“.

Þegar ég kom út úr einangrunarfangelinu, leitaðist ég við að vinna svo sem mér var unnt til þess að ná hylli og fá stærri brauðskammt. Þó að vinnutíminn væri nú langur og kröfurnar miklar, kom mér það ekki afar illa, því að ég hafði hvílst um nokkurt skeið. Mér þótti unaðslegt að fá að dveljast úti í hinu tæra lofti og fagurri náttúruauðn fjarri kulda og myrkri „grafarinnar“. Um þessar mundir fékk ég sendingu frá sóknarbörnum mínum. Það voru ýmsar tegundir matar, sem nú komu sér mjög vel til þess að svala mesta hungrinu.

„Nú er hagkvæm tíð til að flýja,“ hugsaði ég. Ég stakk upp á því við nokkra Finna frá Ingermanlandi að verða mér samferða. En þeim þótti það of áhættusamt. Þessir vesalings fangar höfðu tamið sér þjáningarnar og lifðu í þeirri veiklu von að verða látnir lausir á annan hátt. Þeir skildu ekki, að þessi von færði þá þrepi nær skuggum dauðaríkisins. En djúpt var þeim þó í huga vonin um, að tímar ráðstjórnarinnar væru brátt allir. Almenn tæntu þeir stríðs að nýju og að því loknu frelsis.

Hvítasunnudag átti ég að birkja trjástofna. En nú var tilskilið að ljúka 30, því að þeir voru langir og mjög kvistóttir. Ég vann af kappi, en þó sá ég brátt, að ég myndi ekki lúka verkinu. Klukkan sex var ég búinn með eina 19.

Ég varð því að taka til annarra ráða, svo að ég félli ekki í ónáð. Það leit ekki út fyrir, að vörðurinn hefði sterkar gætur á athöfnum mínum. Í nánd við mig var hlaði af kvistuðum bolum frá því deginum áður. Þeir voru enn rakir. Ég dró 10 þeirra til mín og bætti í bunkann minn og bað verkstjóran sýðan að koma og skoða.

„Hér eru 29 birktir bolir, þegar þér hafið lokið einum til, megjið þér fara heim í skýlið.“

Ég vann af kappi, svo að ég mætti ljúka því, sem tilskilið var. Þegar 30. bútnum var lokið, skrifaði verkstjórnin á tréspón leyfi um, að ég mætti fara heim, þó að klukkan væri aðeins rúmlega sjö. Eftir á fékk ég samviskubit yfir því, að ég hefði

farið rangt að, en ég afsakaði mig með því, að mér væri ekki goldið neitt kaup og að hér yrði ég að þræla án þess að hafa unnið til þess.

Það vakti þægilega kennd að mega nú hvílast í næði og íhuga, með hverjum hætti flóttanum yrði best fyrir komið. Sá orðrómur lék á meðal fanganna, að við „hinir 10 ára“ ættum að flytjast til Solovetskíj-eyja. En þaðan var engin leið að flýja. Því var þörf á að hafa hraðar hendur. Ákvað ég að hefjast handa þegar næsta dag. Við kvöld-„húsvitjun“ las Petrov varðmaður upp tilkynningu um þá, er leitust við að flýja: „Þér vitið, að allir flóttamenn verða skotnir miskunnarlaust,“ öskraði hann reiðilega. „Einnig þessir þrír hafa fengið sín makleg málagjöld. Þeir hlaupast ekki á brott í annað sinn. Látid yður verða þetta til varnaðar, svo að þér takið ekki upp á slíku glapræði. Enginn sleppur frá ÚSLON.“

Hinn 9. júní var veður bjart og fagurt, og naumast var nokkurt skýjaband á lofti. Gaukurinn kvakaði í nánd, en ég vissi varla, hvort ég ætti að taka það góðu heilli eða illu.

Ég hafði ekki ætlað, að ég yrði látinn vinna að því að merkja trjáboli þennan dag. En síðar sá ég, að mér var það til heilla, því að ég var þess vegna nær skóginum. Verkstjórinn, Búdjonov, bar traust til mín og sagði vingjarnlegur í bragði: „Kuortti lýkur verki sínu í dag á sama hátt og í gær. Þá fáið þér líka eitt kíló af brauði.“

„Ég mun gera það, sem ég get,“ svaraði ég, þó að ég ætlaði alls ekki að byrja að vinna, svo að ég yrði ekki neyddur til þess að fara úr frakkanum. Þegar verkstjórinn sneri sér að öðrum hópi manna, og þar sem varðmennirnir virtust sokknir niður í samræðu við einn fanganna, þótti mér stundin komin. Ég tjáði vinnufélaga mínum, að ég þyrfti að bregða mér bak við runna einn. Grunaði hann ekki ætlan mína og kinkaði kolli til samþykkis.

En ég nam ekki staðar við runnann, heldur tók ég þegar til fótanna. Þar sem ég heyrði ekkert viðvörunaróp, hélt ég ferð minni áfram svo hratt sem verða mátti. Ég náði niður á bakki Vonka-fljótsins, en þar voru nokkrir menn að vinnu við að fleyta timbri niður ána. En verkstjórinn þekkti mig ekki, því að ég var í mínum eigin frakka með stígvél á fótum, og mun hann hafa ætlað mig vera einhvern verkstjóranna. Ég fór fram hjá þeim hægt og rólega og hélt á stíg einn, sem lá inn í skóginn.

Vinnustöðin lá austan megin Múrmansk-brautarinnar. Ég var því neyddur til þess að leggja krók á leið mína, svo að ég mætti komast fyrir enda brautarinnar. Ég vissi, að vopnaðir hermenn héldu vörð meðfram járnbrautinni. Þar var flóttamanna frekast von, því að engar götur lágu um skóginn og umhverfið var ókannað.

Ég hljóp langalengi án þess að nema staðar. Ég flýtti mér eins og fugl, sem losnað hefur úr snöru.

En brátt nam ég skyndilega staðar. Mér virtist ég heyra hávaða, eins og einhver hyggi skóg. Ég áradði því að líta til baka. En ekkert sá ég og ekki heldur neitt til hægri eða vinstri. Trén bærdust aðeins fyrir vindinum. En nú varð mér ljóst, hverju þessi högg sættu. Þegar ég lagði hönd á brjóst mér, fann ég hversu ákaft hjartað

barðist. Ég settist því örskamma stund undir tré einu til þess að jafna mig. Ég sá hvorki né heyrði nokkra eftirleit. Nú gat ég í fyrsta sinni á ævinni metið frelsið réttu mati. Þrælkunarbúðirnar og fjögurra mánaða dvöl þar lá að baki mér. Mér varð óglatt í geði, þegar ég minntist þess tíma. Mér fannst hann vera sem heil eilífið.

Framundan var ný leið og ókunn, sem lá um órudda skóga og óþekktu. En þó var ég sæll í sinni. Ég hafði hvorki landabréf né áttavita, en ég vissi, í hvaða átt Finnland var, og ég treysti því að fullu, að móðurjörð mín Finnland myndi ekki reka frá sér barn sitt, er leitaði ásjár hermar og trausts. Ég beygði kné í mjúkum másanum og bað hinn heilaga og sanna að ganga fyrir mér um hina erfiðu leið og óþekktu, sem framundan lá.

Mér þótti sem einhver hvíslaði mér í eyra: „Við biðjum fyrir þér“ — það var annar dagur hvítasunnu. Vera mætti, að sóknarbörn mín bæðu fyrir mér einmitt nú. Sú hugsun fékk mér undursamlegs styrks.

Sólin skein glatt um allan skóginn. Mér taldist því svo til, að nú væri nálægt hádegi. Það voru því nokkrar stundir, síðan ég lagði af stað, og fullvel vissi ég, að nú væri mín leitað sem ákafast. En skógurinn var mér vernd. Frelsið var þó fengið, — loksins.

Í gildrunni

ÞAÐ VAR Á SUMARKVELDI, hljóðlátu og hlýju. Eitt hinna miklu vatna Norður-Kirjalalands lá framundan ládautt og þögult og umgirt þéttum skógum. Lúinn og lamaður settist ég á klettasnös við ströndina. Í þrjá daga hafði ég haldið í vesturátt um órudda skóga. Dagar voru heiðir og bjartir, og var sólin mér tímamælir og áttaviti. En fagnaðaraldan, er vaknaði í barmi mér, er ég aftur var frjáls, var hjöðnuð, því að mótlætið jókst við hvert fót máli.

Af vangá varð mér á að sökkva upp í mitti í mosadý á fyrsta degi. Mér varð það til lífs, að ég náði taki í þúfu, svo ég mátti aftur komast upp úr. Föt mín urðu gegnvot, og skórnir urðu eftir.

Á öðrum degi bar fátt til tíðinda. Þó varð ég að synda yfir straumþungan læk, og blotnuðu föt mín að nýju, þrátt fyrir að ég byndi þau í böggul og reyndi að vernda þau fyrir vætu. En þau þornuðu brátt í sólinni.

En nú slóst slæmur félagi í för, sem enginn gerði gys að. Það var sulturinn. Matarforðinn entist aðeins einn dag. Hafði ég því haldið áfram matarlaus í tvo daga. Skógurinn bar enn enga ávöxtu. Hið eina, er ég fann, voru fáeinar gorkúlur. Mér fundust þær gómsætar. Þær voru þó mýkri undir tönn en börkur trjáanna.

Umhverfið var sem eyðifláki. Í þrjá daga hitti ég engan mann og sá ekkert, er bent gæti á, að þangað hefði nokkur stigið fæti fyrr. Fuglar skógarins voru einu félagar mínir. Þeir sungu þýðum rómi, er ég hvíldist undir greinum trjáanna.

En nú sat ég örmagna við fjöruborð vatnsins, sem ég ekki þekkti. Þrumuþrunginn himinn grúfði yfir í austri, en sól gekk til viðar í vestri. Ég vissi ekki, hvert halda skyldi, svo ég kæmist fram hjá þessu vatni. En ég bað til Guðs og fól mig honum. Þrisvar varpaði ég hlutkesti um, hvert halda skyldi. Hlutkestið bauð í öll skipti að halda til vinstri. Þetta var ekki af hjátrú gert. En ég lifði í þeirri trú, að Guð myndi láta hlutkestið ákvarða stefnu mína. Ég hélt því til vinstri.

Þegar ég hafði gengið nokkra stund, sá ég, að ég yrði að fara nokkurra kílómetra krók, ef ég ætti að komast framhjá vikinni. Fyrir því leitaði ég ráðs um að losna við þennan krók. Ég batt því fáeinar brotnar trjágreinar í eins konar fleka, er ég síðan dró niður að vatninu og setti á flot. Þegar þruman skall yfir, var ég á miðri vikinni. Eldingin leiftraði, og þruman gnötraði, regnið féll í stríðum straumum, og stormurinn gat af sér himinháar öldur, sem nær því hvolfdu fleka mínum. En því fór betur, að stormurinn var á eftir og bar mig því til hins rétta lands. Þegar ég komst í land, varð aftur logn, en nú var orðið kalt í veðri. Föt mín voru öll gegnvot, og nóttin nálgaðist. Til allrar hamingju voru þó eldspýturnar þurrar. Þær hafði ég

í vasa innst inni á mér. Nú komu þær sér vel. En lengi varð ég að reyna, áður en mér tækist að kveikja í hinum votu sprekum. Ég þurrkaði fót mín við eldinn og féll þvínæst í væran svefn. Ekki veit ég, hve lengi ég svaf, en ég vaknaði í skelfingu, er mér heyrðist einhver kalla. Ég stóð á fætur, en komst að raun um, að trönur tvær þutu æpandi framhjá. Bálið var að mestu útkulnað, og úrsvöl morgunþokan grúfði yfir, en sólin sýndi, að nýr náðardagur var upp runninn. Ég skalf af kulda. Auk þess var ég skelfdur vegna drauma, er mig dreymdi um nóttina. Mér þótti, að ég væri á miðju vatninu í Systerbäck. Dreymdi mig aftur hinn sama, ókunna mann, er í fyrri draumnum reri samhliða mér, og fullyrti hann nú, að slangan kynni að vakna til lífs að nýju, þótt hún nú væri skorin í þrjá hluta og sökkt í sævar djúp. Því væri ekki ráð að dorga í vatni þessu. Skyldi þessi draumur vera mér viðvörðun? Þannig hugsaði ég, er ég gekk frá glæðunum. En síðan brosti ég að barnaskap mínum og draumatrú.

Pokunni létti og sólin tók að skína. Fjórdi dagurinn á för minni virtist ætla að verða fagur. Ég hélt ferð minni áfram yfir mosavaxnar hæðir og bungur, kjarri klæddar. En oft varð ég að leggjast fyrir og hvílast og teygja úr fótum mér, því að kraftar voru að þrotum komnir. Svo að ég yrði ekki fyrir því aftur að sökkva í dý, tók ég með mér þrjá greinastúfa.

Lagði ég tvo þeirra yfir torfærana, en studdi mig með hinum þriðja. Er sól var á hádegi, kom ég að öðru vatni. En það vakti fögnuð minn, er ég kom auga á byggða landræmu hinum megin vatnsins. Hungrið rak mig áfram. Ákvað ég því að halda til þorpsins, því að mat hafði ég engan fengið í þrjá sólarhringa.

Ég var í þann veginn að hefja göngu fyrir víkina, er ég kom að, þegar ég kom auga á bát, sem kom frá hinu landinu. Ég batt því klút einn við trjágrein og veifaði henni í því skyni að vekja athygli bátverja. Það hreif, og báturinn nálgadist mig. Er hann kom svo nálægt, að ég gæti greint bátverja, sá ég, að tvær konur sátu undir árum, önnur um hálfimmigtugt, en hin um tvítugt. Konurnar náðu landi, og hin eldri ávarpaði mig sem gamlan féлага:

„Hvert ætlar þú?“

„Ég veit ekki vel. Ég hef reikað um skóginn í fjóra daga og er að deyja úr hungri,“ svaraði ég og spurði, hvort þær gætu gefið mér mat.

„Hvaðan kemur þú eiginlega?“ spurði konan forvitin. Ég sagði henni sem var, að ég hefði án saka verið dæmdur í tíu ára þrælkunarvinnu, og hefði ég ákvarðað að flýja til Finnlands, því að ævin í þrælkunarvinnunni væri óbærileg.

Kirjálsku konurnar gláptu á mig með undrun, er þær heyrðu sögu mína. Þeim virtist, að ætlan mín væri vonlaus, þar sem enn væru 100 kílómetrar til finnsku landamæranna.

„Hefur þú peninga á þér?“ spurði eldri konan.

„Aðeins 13 rúblur. En ef ég get fengið mat, get ég borgað með yfirhöfninni minni eða stakknum, sem ég er í.“

„Ég kæri mig ekki um yfirhöfn þína, og mat skaltu fá, ef þú vilt koma með okkur til þorpsins, því að hér höfum við ekkert.“

Ég spurði, hvort nokkrir rauðir hermenn væru í bænum eða þjónar ráðstjórnarinnar.

„Nei, ekki um þær mundir, en ráðstjórnin er í 25 kílómetra fjarlægð í vestur. Allir karlmenn eru fjarverandi við timburflutning. Komdu til okkar í bátinn, þá skaltu fá mat.“

Ég steig því upp í bátinn og kom ekki í hug, að nokkuð væri að óttast. Ég spurði konurnar, hvort þær tryðu á Guð og hvaða trúarbrögð þær aðhylltust. En þær virtust ekki skilja neitt, virtust ekki kunna skil á lútersku eða grísk-kaþólsku.

„Hafið þér trúarbrögð Finna eða Rússa?“ spurði ég þá.

„Við erum hvorki Rússar né Finnar, við erum Kirjálar,“ sagði konan reiðilega án þess að skilja, hvað ég fór.

„Átt þú konu og börn heima?“ spurði yngri konan.

„Nei, ég á hvorki konu né börn, ég er ókvæntur,“ svaraði ég.

„Nú lýgur þú,“ svaraði hin bláeyga kona.

Samtalínu sleit, er báturinn nam land.

„Nú erum við komin til eyjarinnar,“ sagði eldri konan.

„Hvað segirðu, stendur bærinn á eyju?“ spurði ég skelfdur.

„Já, svo má að orði komast, því hann er umluktur vatni,“ sagði konan.

Konurnar fylgdu mér til stærsta býlisins á eyjunni.

„Hér getur þú fengið að borða,“ sagði önnur og opnaði dyrnar.

Ég gekk inn fyrir. Amma gamla eldaði graut, en afi stiklaði kringum hana. Þau tóku kveðju minni vingjarnlega og buðu mér sæti. Ég bað um matarbita, og var mér veittur hann með góðu geði. Það var ólýsanlegur unaður að renna niður mjólkurdropa eftir fimm mánaða hlé, og hversu saltfiskurinn fór vel í munn og bragðið ljúffengt af heimagerðu rúgbrauðinu. Ég sagði gömlu hjónunum sögu mína afdráttarlaust, hver ég væri, hvaðan ég kæmi og hvert ég ætlaði. Gamli maðurinn vottaði mér samhygd og tjáði mér, að enn væri löng leið til Finnlands, einkum þeim, sem enga matbjörg hefði og ekki rataði vel. Á meðan ég mataðist, tók mig að undra, hvert stúlkurnar, er ég hitti við vatnið, hefðu getað farið.

„Hvert fóru konurnar?“ spurði ég gamla manninn. „Þær áttu ekki heima hér,“ svaraði hann rólegur.

Mig grunaði nú, að eitthvað myndi á seyði, en ég leitaðist við að vera rólegur og hélt áfram að matast. Stundarkorni síðar kom miðaldra maður heim að bænum. Ég spurði, hver hann væri.

„Það er hreppstjórinn okkar,“ svaraði hann.

Þegar hann kom inn, skýrði gamli maðurinn frá, að ég væri flóttamaður.

„Ég veit það, konurnar skýrðu mér frá því og sögðu, að mér bæri að kalla saman alla menn í þorpinu. Við förum með hann til ráðsins og tökum út 25 rúblur að launum,“ sagði hreppstjórinn og hélt leiðar sinnar. Nú skildi ég, hvað um var að vera. Ég vissi, að GPÚ hafði lofað 25 rúblum til höfuðs hverjum flóttamanni. Auk þess voru matvæli látn í té sem verðlaun. En ef flóttamaður, sem leitaði yfir landa-

mærin, yrði ekki framseldur, var þung refsing lögð við. Í Ráðstjórnarríkjunum urðu allir að ljá ráðstjórninni lið.

Þegar hreppstjórinn var farinn, missti ég alla matarlyst. Ég fékk hjartslátt, og andardráttur minn varð tíðari. Ég sneri mér að húsráðanda og mælti alvöruþrunginn: „Hví farið þið svona með mig? Þið hafið selt mig fyrir 25 rúblur. Hví vöruðu þið mig ekki við, úr því þið vissuð, hvað var að gerast? Ef þér seljið mig í hendur hermönnum, verð ég skotinn.“

„Það voru konurnar, en ekki ég, sem framseldu þig. Ef ég læt þig fara, þá verð ég sjálfur drepinn.“ Og ég varð að viðurkenna, að maðurinn hafði rétt fyrir sér.

Viðræðum okkar lauk með því, að ungur maður kom inn í stofuna. Hann bar merki í jakkahorninu, sem sýndi, að hann var kommúnisti.

Nú var ekki tóm til umhugsunar. Ég þreif yfirhöfn mína og hljóp niður til strandar, þar sem ég vissi að báturinn var festur. Mér heppnaðist að hrinda honum á flot, og stökk ég síðan upp í hann. Ég hratt frá landi af öllum mætti og skreidd hann langa leið út á vatn. Auk þess hafði ég byr. Vonin kviknaði að nýju um, að mér tækist að komast yfir um. En það var aðeins eins kílómetra leið. Þar beið skógurinn og tók tveim höndum flóttamanninum, er leitaði hælis fyrir óvinum sínum.

En ég fagnaði of fljótt. Þar sem ég var óvanur róðri, komst ég skammt áleiðis, áður en ég heyrði hróp og kúlabyt fyrir eyrum mér. Kúlurnar hvinu og boðuðu bráða komu dauðans. Fimm hermenn eltu mig. Nokkrar kúlanna hittu bátinn, aðrar skullu á vatnsborðinu rétt hjá. Ég lagðist niður í kjöl bátsins til að bjarga lífinu. Og ekki leið á löngu, áður en hermennirnir, sem sóttu á eftir í tveim bátum, náðu mér. Þegar ég sá þá nálgast, stóð ég á fætur.

„Nú, ég hitti djöfulinn þá ekki,“ öskraði ungi maðurinn með kommúnistamerkið og setti byssuna að vanga sér og miðaði. En annar greip í hönd honum og sló byssuna úr færi, svo að skotið fór framhjá og hvein við eyra mér.

„Þessi fantur skal verða skotinn,“ öskraði hann og hlóð á nýjan leik.

„Hvað hef ég gert ykkur illt, fyrst þið eruð mér svona reiðir?“ spurði ég rólegur, þótt mér rynni kalt vatn milli skinns og hörunds.

„Jæja, þú hefur nú ekki gert annað en það, að þú hefur nær því eyðilagt þorpið okkar,“ skrækti maðurinn.

En félagar hans reyndu að sefa hinn reiða kommúnista og stungu upp á, að ég yrði færður réttum yfirvöldum. Síðan var farið með mig til Suolapohja, þaðan, sem ég hafði flúið fyrir augnabliki.

Allir þorpsbúar, ungir og gamlir, konur og karlar, komu niður að ströndinni, eins og eitthvert undur væri á ferð. Ég hlaut að vera stórvægileg persóna, ef dæma má eftir ummælum lítils drengs, sem þó hélt dauðahaldi í pils móður sinnar. „Ó, hvílíkur maður. Hvað ætli að hann vilji oss?“

Einnig lét fullorðna fólkið sig ekki vanta. Þannig var för mín í bæinn.

„Hvers vegna eruð þið svo hrædd við mig? Ég er óvopnaður og einn, en þér eruð

margir undir vopnum. Haldið þér, að ég geti hafið stríð við alla íbúa bæjarins með hnefum mínum einum saman?“ spurði ég brosandí.

„Við höfum áður orðið að fást við þína líka,“ svöruðu þeir. Ég var fluttur inn í bæinn sem afbrotamaður í reykskála einn. Voru slagbrandar settir fyrir glugga og dyrum harðlæst.

„Ef þú hefðir ekki gert tilraun til að flýja, hefði þér verið leyft að vera á búgarðinum, en nú verður þú að hírast hér,“ sagði vörðurinn og skellti í lás.

Nú varð ég fangi í annað sinn. Þessi dimmi reykskáli — án reykháfs — minnti mjög á einangrunarfangelsið í ÚSLON. En ég var aðeins einn hér. Mér féll allur hugur, og ömurleikatilfinningin heltók mig. En síðan beygði ég kné á forugu gólfinu og bað Guð að gefa mér kraft.

„Guð minn og faðir. Enn er ég barnið þitt, þó að ég sé í nauðum staddur. Drottinn, þú frelsaðir þjón þinn Davíð eitt sinn úr gini ljónsins. Þú megnar og að frelsa mig, ef það er þinn vísdómsfulli vilji. En sé það vilji þinn, að ævi mín endi hér, þá leyf mér að verða sælum í Frelsara mínum, Jesú Kristi. Ég er þinn í lífi og dauða. Ég, syndarinn, fel mig þinni föðurnáð. Þú veist, að ég líð saklaus fyrir hatur mannanna. Ég trúí því, að þú, Frelsari minn og Guð, veitir mér þína náð. Viltu veita það, að dánarfregn mín komi ekki minni gömlu lúnu móður á óvart eða öðrum vandamönnum mínum. — í þínar hendur, himneski faðir, fel ég líf mitt, sál og líkama.“

Þegar ég reis frá bæn minni, varð ég rórrí. En í því heyrði ég einhvern hávaða fyrir utan.

„Hvað viljið þið?“ spurði rödd manns fyrir utan. „Við ætludum aðeins að færa vesalingnum matarbita. Hann hefur ekki fengið mat í þrjá daga. Hann er þó prestur,“ svöruðu þær.

Dyrnar opnuðust og fjórar kirjálskar konur komu inn og höfðu meðferðis brauð, mjólk og fisk. Tár votum augum hörmuðu þær örlög mín, því að húsmóðirin á bænum, er ég kom fyrst á, hafði skýrt þeim frá því, að ég væri prestur.

„Við eigum ekki mikinn mat, en við viljum gefa þér það, sem við eigum, þótt lítið sé.“

„Ó, vesalingur,“ sagði ein þeirra, „móðir þín getur ekki komið til þín, því að hún veit ekki örlög þín.“

Konurnar hefðu áreiðanlega dvalið lengur hjá mér, ef vörðurinn hefði leyft.

„Flýtið ykkur!“ skipaði hinn ungi kommúnisti. Dyrinum var lokað, og ég var einn að nýju. En nú gat ég satt hungur mitt til fulls. Ég heyrði á mál kvennanna, er þær töluðu við vörðinn. Þær grátbáðu um að hlífa mér og gefa mér tækifæri á að flýja. Þær voru konur og tóku ekki með í reikninginn afleiðingar þess fyrir varðmennina. En þeir þekktu skyldu sína. Þeir skipuðu þeim að hypja sig brott og fyrirbuðu þeim að koma þar í grennd aftur.

Kuldinn nísti mig allan. Ég barði á dyr og bað vörðinn að gefa eldivið, svo að ég mætti kveikja eld.

En því var synjað. „Það er komið sumar, og þess vegna er ekki kalt. Verið rólegur.“ Þetta varð ég að láta mér lynda, þótt ég skyldi af kulda. Ég heyrði á samtal varðmannanna fyrir utan dyrnar. Öðrum fannst óþarft að senda hermönnum boð um mig. Honum fannst nægilegt að senda mig ráðinu í tryggari vörslu.

„Nei, nei, hann veit, að ekkert bíður hans nema dauðinn. Þess vegna reynir hann að flýja. Það er líka hættulegt fyrir okkur að flytja hann til ráðsins. Hann gæti tekið upp á því að myrða okkur. Það er að öllu leyti best að láta hermenn taka við honum. Þeir geta farið með hann eins og þeim sýnist best.“

Þessar samræður sannfærðu mig enn betur um, að hér væri engan leik um að gera. En það var ekki í fyrsta sinni, sem ég horfðist í augu við dauðann. Ég var því algerlega rólegur.

Mér kom draumurinn aftur í hug. Slangan var lifnuð við. Dauðinn beið á næstu grösum. Von mín dó þó ekki. Í innstu fylgsnum hugans var ég þess fullviss, að mér yrði bjargað einnig að þessu sinni. Ég söng því: „Höndin þín, Drottinn, hlífi mér,“ og lagðist til svefns og fal mig í hönd hans, sem lætur ekki skerða eitt höfuðhár án vilja síns. Ég vafði kápunni utan um mig og gleymdi eina ögurstund hinum tryllta heimi umhverfis.

Að nýju í klóm rauðliða

ÞEGAR ÉG VAKNAÐI AFTUR, skein sólin inn um rífur á borðunum, er negld voru fyrir gluggann. Stormurinn æddi um húsin og löðrið skall við klettana. Það var sem hann vildi hringja dánarklukkum yfir fanganum dauðadæmda. Varðmennirnir rauluðu fyrir munni sér til að stytta vökunóttina.

Allt í einu heyrðist skotið í fjarska.

„Hermennirnir koma,“ var hallað fyrir utan. Rauðu hermennirnir voru komnir að ströndinni hinum megin og skutu til marks um það, að nú ættu eyjarbúar að sækja þá á báti. Hálfri stundu seinna var dýrunum hrundið upp, og tveir hermenn gengu inn. Formælandi skipuðu þeir mér að fara úr fötunum, svo að þeir gætu grannskoðað allt það, sem ég hafði meðferðis. ÚSLON-miðarnir voru teknir af mér.

„Hvar eru hinir peningarnir yðar og matarforði?“ spurðu þeir með ákefð.

„Ég hef hvorki peninga né mat. Ef svo væri, þá væri ég ekki staddur hér,“ svaraði ég.

Síðan rannsökuðu þeir eldhúsið og fóru síðan og tóku með sér öll mín föt. En ég varð eftir allsnakinn innan hinna læstu dyra. Ég hugði, að nú yrði ég skotinn án frekari umsvifa. Og nú væri það eitt eftir að fela Guði sál sína. Ég fann það nú betur en nokkru sinni fyrr, hversu öruggt það er að fela sig Guði og leggja allt í hans skaut.

Er ég hafði beðið í mikilli eftirvæntingu nokkrar stundir, kom hermaður til mín og skipaði mér að koma með sér inn í íbúðarhúsið. Mér var leyft að fara í nærföt mín, og þannig klæddur gekk ég við hlið hermansins heim að bænum í augsyn allra íbúa þorpsins. Ég hlaut að líkjast fremur afturgöngu en mennskum manni, enda varð lítil stúlka ein skelfd, þegar hún sá mig.

Rannsóknardómarinn sat við borð í einu horni stofunnar. „Ég hef rétt til þess að skjóta yður nú þegar, ef mér sýnist“, tók hann til máls. „En þar eð þér eruð ungur og tápmikill, megið þér lifa fyrir mér. En það er skylda mín að sjá um, að þér komist í hendur þeirra, sem eiga að dæma mál yðar og ákveða örlög yðar.“

Því næst tók hann að spyrja mig um flóttann, hvert ég ætlaði og svo framvegis. Ég svaraði því, að ég ætlaði heim. Ég hefði ekki þorað að fara eftir járnbrautarlínunni, þess vegna hafði ég haldið mig á afviknum stöðum. Ég áræddi ekki að segja, að ég ætlaði til Finnlands, en reyndi að vera sem barnalegastur og fávís í tali. Hann fékk líka þá hugmynd, að það hefði verið heimþráin, sem hefði tekið mig svo föstum tökum, að ég lagði af stað til móður minnar.

„En slíkur maður, sem þér hlutuð þó að skilja, að ómögulegt var að flýja frá ÚSLON. Það er hættulegt að reyna slíkt.“

„Já, en mennirnir eru nú ófullkomnar verur,“ sagði ég.

„Hér getur ekki verið um neina yfirsjón að ræða,“ öskraði hermaðurinn. „Nú eruð þér á okkar valdi, og ef þér sýnið hinn minnsta mótþróa, verðið þér tafarlaust skotinn.“

Ég tjáði honum, að ég hefði aldrei borið hatur til nokkurs manns og hefði ekkert illt í huga.

„Það er augljóst mál,“ svaraði Rússinn hlæjandi, „þar sem þér létuð tvær konur taka yður fastan. Við góða er ég góður, en illgjarna strangur.“ Því næst skipaði hann hermanningnum að gefa mér brauð úr malsekk sínum. Ennfremur leyfði hann húsfreyjunni að gefa mér mjólk að drekka. Mér var og leyft að fara dálítið afsíðis, meðan ég borðaði og þeir, er höfðu tekið mig fastan, voru yfirheyrðir.

Konurnar, sem ginntu mig í gildruna, voru fyrst kallaðar fyrir rétt. Þær kröfðust fullra launa fyrir djarfmannlega framgöngu. Þær höfðu lagt sig í hættu við að handtaka slíkan mann.

Rannsóknardómarinn skrifaði ávísun og fékk þeim með þeim ummælum, að þær mættu vitja peninganna til ráðsins eftir viku.

„Það var þessi kerlingarnorn og dóttir hennar, sem tældu yður út í þessa eynd,“ hvíslaði gamall maður í eyra mér.

Því næst voru kallaðir þeir fimm, sem höfðu tekið mig úti á vatninu. Þeir kröfðust einnig launa fyrir ómak sitt. Án þeirra hefði afrek kvenmannanna orðið árangurslaust. Þeir fengu einnig ávísun á peninga hjá ráðinu. Aumingja mennirnir þráttuðu eins og þeir væru á sölutorgi. Ég var þannig seldur tvívegis, og nú var ég búinn þess að fara og verða píndur af liðsmönnum Tsjekunnar og skotinn síðan.

Þegar ég kvartaði undan því, að mér væri kalt, skipuðu hermennirnir mér að skreidast að ofninum og bíða þar, uns við legðum af stað. Annar hermanninganna lagðist á bekk einn og sofnaði þegar, en hinn hélt vörð yfir mér.

Ég lét sem ég svæfi, þótt ég raunar veki og hugsaði ný áform um flótta. Hér var ekki um neitt að ræða. Ég var á nærklæðum einum og auk þess staddur á eyju. En ég vonaði, að mér tækist að hætta á flótta á leiðinni til þess bæjar, sem ég átti að fara til.

Hermaðurinn vaknaði og spurði, hvernig fanganum liði.

„Hann sefur rótt og virðist ekki skeyta neinu,“ sagði varðmaðurinn. Þótti mér það vera góð lýsing af háttum mínum. Ég fagnaði því, að vörðurinn ætlaði mig rólegan. Ég reyndi að hrjóta, til þess að svo mætti virðast, að ég hefði enga hugmynd um, hvað fram færi.

„Vektu hann, því að nú er tími kominn að leggja af stað. Klukkan er orðin tíu,“ mælti annar hermanninganna. Og virtist sá vera yfirmaðurinn.

Hermaðurinn tók í annan fót minn. En ég sneri mér á hina hliðina og lét sem ég svæfi fast.

„Nú verðið þér að fara á fætur. Við verðum að leggja af stað,“ sagði hermaðurinn í skipunartón.

Ég settist upp, neri augun og spurði mjög sakleysilega, hvert við ættum að fara. „Ha, ha, ha. Við ætlum heim.“

Síðan sóttu þeir skó mína og yfirhöfn og báðu mig um að tygja mig til ferðar.

Sól var að setjast. Flötur Tuoppa-vatnsins var spegilsléttur og friðsæld, og ró virtist hvíla yfir bænum. Mér var órótt í sinni, þegar ég steigi í bátinn undir strangri vörslu hermanna. Báturinn hélt hægt af stað til suðausturstrandar vatnsins. Kona sat undir árum, og lét hún mjög í ljós samúð sína með mér, en Rússarnir töldu slíkt kveifarskap, því að það væri ég sjálfur, sem hefði leitt ógæfuna yfir mig.

Sól gekk til viðar í þann mund, sem við stigum á land. Þó var albjart enn um langa hríð. Í júní eru nætur bjartar í Norður-Rússlandi. En yfir sál minni grúfði svartnættismyrkur. Með sérhverju skrefi nálgadist ég pínslir og dauða. Ég sá fyrir mér liðsmenn Tsjekunnar taka saman ráð sín um, hversu ég skyldi pínður. Og mér hraus hugur við.

Rauðu hermennirnir létu mig ganga á undan. „Þér megið ekki víkja af veginum,“ sögðu þeir, þegar við lögðum af stað. Við fórum mjóa götu, og var því ómögulegt að hlaupast á brott. Ég var og látinn bera ölbrúsa einn, sem hermennirnir höfðu fengið í Suolaphoja. Hann vó um 15 kíló.

Ég leitaði vingjarnlegra samræðna við hermennina, svo að þeir skyldu verða auðtryggari. Ég tjáði þeim, að ég væri mjög þreyttur og þóttist vera haltur. Raunar voru fætur mínir sárir og bólgnir af göngu síðustu daga. Ég hugsaði á þessa leið: „Þó að ég blekki þessa djöfla, mun mér ekki reiknað það til syndar.“

En svo brá við, að hermennirnir voru þýðir í svörum. „Við komum bráðum til bæjarins, og þar getið þér hvílst,“ sögðu þeir.

Ég beidd þess með óþreyju, að við næðum til bæjarins, því að ég hafði ákveðið að gera enn tilraun til þess að komast undan á flótt, jafnshjótt og við næmum staðar.

Sólin var komin upp og nýr dagur á lofti, þegar við komum á vatnsbakka einn og sáum til þorps eins í Kirjálalandi. Gat þar að líta kirkju eina með laukmynduðum turni. Annar hermanna skaut úr byssu sinni til merkis um, að hann óskaði þess, að við yrðum sóttir. Enda kom bráðlega gamall maður róandi á báti og flutti okkur yfir á bakkann hinum megin.

Þessir rauðu hermenn mínir ætluðu þegar að flytja mig fyrir ráðið. En vegna þess, að það hafðist við á býli allfjarri bænum, tóku þeir til þess ráðs að hvílast fyrst á býli einu skammt frá. Enn var stund til rismála, en þó var fólk þegar á ferli. Húsfreyjan var að vinnu nálægt ofninum. Voru tvær smámeyjar við hlið hennar. Allir aðrir voru þegar farnir til vinnu. Þetta var á laugardagsmorgni, svo að meira var að gera en ella mundi.

Ölbrúsinn var tekinn og mér skipað að leggjast til hvíldar við ofninn. Fékk ég að hafa með mér öll mín fót nema skó mína og húfu. Það tóku hermennirnir í vörslu. Ég sofnadist þegar, því að ég var örþreyttur. En ég svaf mjög órótt. Allar þær

hörmungar og ógnir, sem ég hafði reynt í fangabúðunum, svifu fyrir sjónum mér. Ég hrökk við. Mér fannst eins og einhver ýtti við mér og segði: „Hví liggur þú hér aðgerðarlaus?. Farðu á fætur.“ Þá var klukkan átta. Enginn maður var í nánd. Allt var hljótt. Ég minntist þá erfiðleikanna, sem ég átti við að stríða. Hjartað sló ákaft í brjósti mér. Var það viðvörðun? Engill Drottins, sem snart síðu mína eins og Péturs forðum í fangelsinu í Filippi?

En hvar voru varðmennirnir?

Ég reis við dogg og varð þess þá var, að þeir höfðu lagst fyrir á bekk einum og sváfu vært.

„Nú eða aldrei,“ hugsaði ég. Mér þótti þó ekki tryggilegt að treysta svefnværd þeirra. Svo sem í varúðarskyni spurði ég, hvort ég mætti fara út. Endurtók ég spurninguna, en fékk ekkert svar. Og hvergi varð ég húsfreyjunnar var.

Ég gekk út á dyraþrepinn. Veður var bjart og hlýtt. Yfir bænum hvíldi friður og ró. En úti á vatninu sá ég marga báta, er lögðu net. Svála sveimaði í lofti. Ég veitti því eftirtekt, að stígur einn lá frá bænum til skógarins. Nú mátti engan tíma missa. Ég gat þó ekki haldið hiklaust af stað. Skó mína og höfuðfat varð ég að fá. Ég vissi, að leiðin til finnsku landamæra var um 200 kílómetrar, svo að erfitt myndi að fara berfættur yfir mýrar og kjarr. Ég áráddi því að fara inn og leita eftir eign minni. Ég bjó svo um rúmfötin í fleti mínu, að sýnast mætti sem maður lægi þar í fasta svefni.

Til þess að vera öruggur um, að hermennirnir vissu ekki um athæfi mitt, spurði ég lágum rómi, hvort ég mætti fara út og fá þá skóna mína. Enn var steinhljóð. Læddist ég þá hægt að rúmi hinna sofandi hermanna, náði skónum mínum og tók húfu mína af snaganum. Mér varð litið á byssu hermanna, og um augnablik kom mér í hug að taka hana með mér. En jafnskjótt kom mér loforð mitt í hug um að beita aldrei valdi. Og enn myndi málum hermanna komið verr, ef þeir misstu vopna sinna. Ég læddist því burt án alls annars en þess, sem ég átti sjálfur.

Vafalaust hefur enginn óskað óvini sínum værari svefns en ég nú þessum ókunnun rauðu hermönnum.

Þegar kom út í garðinn, fór ég í skóna með allri gát þó. Ég óttaðist, að einhver kynni að verða athæfis míns var. Reyndi ég því að vera rólegur, þó að ég væri svo óstyrkur, sem verða mátti. Með föstum skrefum og keikur hóf ég för mína inn í skóginn.

Fáeinir eldri menn sátu fyrir utan garðinn og söguðu timbur. Litu þeir mig undrunarfullu augnaráði, en ég gaf ekki um að tala við þá. Mér var það eitt í huga að komast til skógarins.

Hve lengi þeir sváfu, félagarnir, vissi ég ekki. En þeir munu hafa fengið nægilegt viðfangsefni, þegar þeir sáu að fanginn var flúinn. Móðir, sem ann barni sínu, mun ekki leita barns síns með meiri ákefð og eftirvæntingu en þessir tveir Rússar leituðu þrælsins, sem þeir keyptu af Kirjálunum. Allur bærinn hefur komist í uppnám, og háum upphæðum hefur verið heitið þeim, sem gæti fundið mig. En allt var

árangurslaust. Skógurinn huldi mig, svo að óvinirnir sáu mig ekki. Ég var frjálst að nýju, þó að ég yrði að taka á mig stóran krók til þess að komast fram hjá vatninu og þorpinu. En síðan tók ég stefnu í vesturátt. Lækur einn varð á leið minni. Ekki varð það sá fyrsti og ekki heldur sá síðasti. Ég synti yfir hann. Það hressti mig mjög, þó að fötin yrðu rennvot.

Þegar ég var kominn yfir lækinn og farinn að þurrka fötin mín, fór bátur framhjá. Sá ég þá, að þetta myndi ofhættulegur staður til hvíldar. Hélt ég því þegar af stað. Ég fór í einum áfanga þá 25 kílómetra, sem hermennirnir höfðu farið með mig. Það gekk miklu greiðara að fara þá leið, sem maður var kunnugur. Ég kom á bakka Tuoppa-vatnsins og sá til Suolapohja-bæjarins á eyjunni. Mig fýsti þó ekki að fara til þessa „mansalsbæjar“. Kynnin voru ekki betri en svo.

Mér höfðu aukist kraftar við hvíldina og endurnæringuna, og nú hafði ég ofurlítið brauð meðferðis.

Ég taldi það miklu betra að deyja í skóginum og verða hræfuglum að bráð en að lenda aftur í ógnum bolsévíkanna. Ef hermennirnir hefðu komist með mig þangað, sem ætlað var, þá myndi mér von bráðs bana. Slíkir fantar virða hvorki neyðaróp né hlátur.

Til landamæra Finnlands

TRINITATIS, SJÖUNDI DAGUR HINS viðburðaríka ferðalags, var mér dagur til heilla. Ég var léttur í skapi og hélt för minni áfram án tafar. Ég var næstum því í hátíðaskapi, þó að enn yrði ég að vera án matar. En daginn eftir lá mér við að gefast upp. Sólin, sem var mér tímamælir og áttaviti, var byrgð dimmum skýjum. Ég bað Guð um að gera kraftaverk og svifta skýjunum brott. En himinninn þagði.

Þó varð undrið, en á annan hátt en ég hafði vænst. Örmagna af þreytu og yfirkominn af örvæntingu tók ég mér hvíld. Þá bar mér fyrir sjónir trúaður maður frá æskustöðvum mínum, og virtist mér hann segja: „Þú hefur haldið of mjög í suðurátt og þess vegna villst af rétttri leið. Gættu að trjánum, hversu greinar þær, sem eru sunnan megin á trjánum, eru stærri og þéttari en hinar. Hafðu þær að leiðarmerki og haltu í vesturátt, þá villist þú ekki.“

Ég stökk á fætur, en sá engan mann. Ég heyrði aðeins kvak gauksins, sem árnaði mér fararheilla. Ég tók að veita grenitrjánum athygli og sá mér til gleði, að svo var sem mér heyrðist. Öðrum megin trjánna voru greinarnar þéttari og þroskameiri. Ég trúði því ákveðið, að það væri minn himneski faðir, sem leiðbeindi sínu villuráfandi barni á þennan hátt. Ég fann til ósegjanlegrar þakklætiskennrar, þegar ég hóf aftur göngu mína eftir leiðsögn trjáa skógarins.

Priðjudaginn, níunda dag flóttans, var veður mjög breytilegt. Það skipti á skini og skúrum. Dreytan hertók líkamann, en hugleysi og vonleysi sálina. Ég vafði yfirhöfn minni um mig og lagðist til hvíldar. Þó gat ég ekki sofnað. Mý og önnur skordýr svifu umhverfis. Mér þótti sem þau boðuðu feigð. Söngur fuglanna fundust mér jafnvel dauðastunur.

Loks kom ég að kofa einum, sem viðarhöggsmaður átti. Hann stóð á bakka ár einnar. Ég læddist inn og leitaði eftir mat. Ég hafði nú í annað sinn ekki neytt matar í þrjá daga. Og ég varð ekki fyrir vonbrigðum. Ég fann tvær kartöflur og fiskhöfuð, sem hafði verið fleygt út í horn. Mér smakkaðist þetta mjög vel, því að sulturinn gerir alla hluti sæta. Auk þessa fann ég dýrmætan grip, að ég hugði. Það var vinnubók ein, sem lá á gólfinu innan um ýmislegt skran. Hún var mér, flóttamanninum, mjög mikils virði.

Ég setti nafn eigandans vel á mig og ákvað að nota bókina sem vegabréf. Nú hét ég ekki lengur Aatami Kuortti, heldur Antti Minni. Í vinnubók minni stóð, að Antti Minni hefði unnið í Kiisjoki og hafði ráðið sett stimpil sinn, hamar og sigð, undir.

Nú er ekki svo auðvelt að taka mig fastan, hugsaði ég glaður og hélt áfram þakk-látum huga til míns himneska föður fyrir hans undursamlegu leiðsögu.

Daginn eftir fór ég um byggð héruð. Ég kom í skógarjaðar einn, og lá þar býli eitt. Í þetta sinn leitast ég við að vera varkár. Ég nam því staðar bak við tré nokkur og beið, hvers ég myndi var. En ég varð einskis var og ákvað því að ganga inn í húsið. Enginn var í stofunni, en eftir stutta stund kom lítill drengur til mín. „Hann verð ég að hæna að mér,“ hugsaði ég og tók að spyrja þennan bjarteyga dreng um, hverjir ættu þar heima. „Pabbi og mamma sofa, en bróðir minn er niður við á að fleyta timbri,“ svaraði hann hiklaust.

Ég varð glaður við, þegar ég heyrdi, að hann talaði hreina finnsku. Það staðfesti grun minn um, að ekki myndi langt til landamæranna.

Ég bað drenginn um að ná í föður sinn, þó að ég væri annars hikandi við að leggja lag mitt við hina kirjálsku íbúa. Að vörmu spori komu hjónin glöð í bragði og hress í viðmóti. Þau heilsuðu vingjarnlega og tóku að spyrja mig spjörunum úr.

Ég sagði þeim, að ég hefði unnið í Kiisjoki, eins og vinnubók mín sýndi. Nú ætlaði ég til Uhtua í atvinnuleit. Ég vissi, að þar myndi einhverja vinnu að fá.

„Hvar á gesturinn okkar heima, ef ég má spyrja?“ sagði húsfreyja.

Ég sagði henni, að ég væri fæddur í Ingermanlandi, því að ég áráddi ekki að segja, að ég væri Kirjáli, því að með því móti gat ég tæplega talað af mér.

„Ég tók strax eftir því á mæli yðar, að þér voruð ekki úr héruðunum í kring,“ sagði maðurinn og tjáði mér, að ég færi nú mjög villt, ef ég ætlaði til Uhtua.

„Ég er með öllu ókunnugur hér, og vegna þess að ég hef ávallt verið einn á ferð, hef ég villst.“

„Það er mjög eðlilegt. Menn geta hæglega villst hér. Göturnar eru svo margar. En héðan er nú samt hægt að komast til Uhtua — og til Finnlands líka,“ sagði húsfreyja með einkennilegum glampa í augunum.

Ég lét sem ég heyrdi ekki síðustu orðin og hélt áfram að tala um Uhtua.

„Það er nú víst erfitt um atvinnu í Uhtua, en ekki tjáir að láta slíkt á sig fá, ef aðeins er hægt að fá eitthvað að gera.“

Samræðurnar urðu nú smátt og smátt fjörugri. Það var auðséð á öllu, að þessi fjölskylda hafði liðið mjög undir stjórn bolsévika. Mikill hluti eigna þeirra var af þeim tekinn, og synir þeirra tveir voru í þrælkunarvinnu. Það var eins konar „kúlakkaskattur“.

Mér gast vel að þessu ágæta fólki. Ég þurfti ekki að óttast, að ég yrði framseldur. Ég bað því um mat, sem mér var fúslega látinn í té.

Húsfreyjan sagði mér, að þeim væri úthlutað 6 kílóum rúgmjól á mann á mánuði. En það hrykki nú skammt, því að þau fengu hvorki kjöt, sykur né aðrar vörur. Og allar þær korntegundir, sem ræktaðar væru á ökrunum, yrði að láta af hendi til skattheimtumannanna.

„En svöngum ferðamanni verðum við að gefa að borða,“ sagði maðurinn.

Þegar ég hafði lokið máltíðinni og drengurinn litli var farinn út, hélt ég áfram:

„Húsmóðirin sagði áðan, að héðan væri stutt til Finnlands. Mér datt í hug áðan, að margur myndi vilja komast þangað í meira frelsi, meðan hann er enn ungur.“

Það var dauðaþögn.

Að lokum sagði maðurinn, að slíkum tilraunum væru miklar hættur samfara, því að fjöldi rauðra hermanna héldi vörð við landamærin.

Ég sýndi þeim þá vinnubókina og tjáði þeim, að ég mætti fara, hvar sem mér sýndist í landamærahéruðunum, því að ég væri heiðvirdur verkamaður.

„Hafið þér vegabréf?“ spurði húsfreyjan með mikilli ákefð.

„Hérna er það. Lesið það, svo að þið getið sannfærst um, að hér er ráðvandur maður á ferð.“

„Hvorugt okkar getur lesið,“ sagði húsfreyjan. „En gott er, að þér hafið vegabréf. Ég óttaðist, að þér mynduð vera strokufangi. Og ráðið hefur lagt svo fyrir, að við eigum að setja slíka fanga fasta og flytja þá til yfirvaldanna. Fyrirgefið, að okkur skyldi detta slíkt í hug. Ég mátti þó ráða af klæðnaði yðar, að þér væruð ekki fangi frá ÚSLON.“

Nú hafði ég unnið traust þeirra. Bóndi tjáði mér, að leiðin til landamærana væri um 80 kílómetrar. Um leið og ég fór, fékk húsmóðirin mér lítinn brauðhleif og óskaði mér allra fararheilla, líkt og hún væri mín eigin móðir.

Ég spurði hana, hve mikið greiðinn kostaði.

„Ungur maður hefur jafnan nóg með peninga sína að gera, og lítið er um tekjur nú um sinn. Þess vegna kostar hann ekki neitt.“

Ég þakkaði gestrisni þeirra og hélt af stað. Raunar átti ég ekki grænan eyri í eigu minni.

Klukkan var tólf, þegar ég lagði af stað. Það var mjög heitt í veðri og 80 kílómetra leið eftir. Ég hefði getað komist alla leið á einum degi, ef ég hefði mátt fara alfaravegu, en slíkt var of áhættusamt. Ég áræddi ekki einu sinni að fara afvikna götutroðninga. Það var miklu öruggara fyrir flóttamann að fara órudda vega. Mér vaknaði ný von, og var ég léttur í spori.

Að kvöldi þessa dags kom ég að vatni einu, og stóð þar kofi á vatnsbakkanum. Ég gekk inn, en enginn virtist nálægur. Þó virtist kofinn vera bústaður manna. Gamall sauðskinnjakki hékk á snaga á veggnum. Nokkrir bollar stóðu í glugganum, og ofninn var heitur. Ég tók að rannsaka híbýlin nánar og fann í úthýsi einu fisk og dálítið salt. Í búrinu fann ég fimm rúgkökur og mjöllúku í poka. Ég tók eina kökuna. Meira áræddi ég ekki, því að eitthvað varð að skilja eftir handa íbúunum. Öll búskáld voru gerð úr tré og öll mjög óbrotin. Einnig fann ég gamlan ketil, sem ég gat soðið vatnið í til þess að bleyta brauðið með.

Ég lét sem ég væri heima, þar sem húsbóndinn kom ekki heim, þó að mjög væri framorðið. Þetta hús var byggt að finnskum hætti, með baðstofu og þvíumlíku. Ég glæddi eldinn og fékk mér gufubað. Hressti það mig mjög. Því næst fór ég aftur inn í stofuna, læsti dyrunum tryggilega og lagðist til svefnis á gærufeldinn.

Sól var þegar hátt á lofti, þegar ég vaknaði. Ég hafði sofið alla nóttina án þess að

verða truflaður. Engan mann sá ég fremur en um kvöldið. Ég beygði kné og bað Guð að blessa eiganda þessa litla húss, er ég hafði leitað skjóls hjá.

Ég var óstyrkur mjög, þegar ég hélt af stað, því að ég vissi af þeirri hættu, sem lá við hvert fót mála.

Ég vildi ógjarnan fara inn í nokkurt hús Rússlandsmegin landamæranna. En hungrið rak mig þangað. Ég lagði því leið mína inn á bæ einn og bað um mat. Auk þess þurfti ég að fá nánari vitneskju um, hvar landamærin voru. Ég tjáði heimilisfólkinu, að ég væri að leita mér atvinnu og að ég yrði að fá vegabréf mitt stimplað hjá landamæraverðinum. Ég vissi af fyrri reynslu, hvernig öllu var háttað í slíkum héruðum. Ég spurði því, hve langt væri til varðarins og hve langt væri til landamæranna. Mér var boðin mjólk að drekka, og síðan var mér tjáð, að 10 kílómetra leið væri til varðstöðvarinnar við Kiimasjärvi. Bóndinn, sem var gamall maður, fór með mig á báti yfir vatnið. Þegar við komum í land, sagði hann: „Farið eftir þessari götu, hún liggur til búða varðanna.“

Ég beygði mig nær honum og hvíslaði: „Ég ætla alls ekki að fara til varðstöðvarinnar, en ætla að leitast við að komast til Finnlands. Segið mér nú, hvernig ég á að komast hjá því að verða handtekinn.“

Ég tók eftir því, hversu maðurinn hrökk við. En þegar hann varð þess vísari, að enginn var í grennd, varð hann rórrí og sagði mjög lágt: „Þá skuluð þér fara allt aðra leið, eða réttara sagt þér skuluð enga leið fara, því að hér eru hermenn á hverri þúfu. Fyrir tæpum tveimur tímum síðan voru tveir hermenn heima hjá mér. Gætið þess að fara ekki inn í nokkurt þorp eða býli. Í dag verða örlög yðar ákveðin. Annaðhvort komist þér til Finnlands, eða þér verðið tekinn fastur af vörðunum, því að ekki er langt til landamæranna. Haldið í þessa átt,“ sagði hann og benti í þá átt, er ég átti að halda. Hann kom þá nær mér og hvíslaði um leið og hann kvaddi: „En munið, að við höfum aldrei sést. Guð veri með yður og gefi yður góða ferð.“

„Kæra þökk fyrir. Við höfum aldrei sést. Ég hef að minnsta kosti aldrei séð yður,“ sagði ég og þrýsti hönd hans í kveðju skyni. Við fundum báðir, að við höfðum gefið hvor öðrum trúnað okkar, hvernig sem allt færi.

Hjartað sló ótt í barmi mér, þegar ég hélt áfram. Orð mannsins hljómuðu mér sífellt fyrir eyrum: Í dag náði þér til Finnlands, eða þér verðið tekinn fastur. Ég fór svo hratt sem verða mátti. Sól gekk til viðar, og gullroðinn himinn boðaði bjartan dag að morgni.

Ég varð landamæranna ekki var. Ég var orðinn örþreyttur og lagðist til hvíldar undir tré einu. Ég bað Guð að blessa náttstað minn. Síðan sofnaði ég vært. Ég var slíku vanur úr þessari ferð. Allt var hljótt og kyrrt. Vinir mínir, fuglarnir, voru og gengnir til náða. Hlýr vindblær þaut í skóginum og söng vögguvísu yfir hvílu flóttamannsins, sem svaf við rætur grenitrésins.

Frjáls í frjálsu landi

FÖSTUDAGURINN RANN UPP. Það var tólfti dagur flóttans. Morgunþokan lék um trjátindana og spáði góðu veðri. Gaukurinn kvakaði, og fuglar tístu um allan skóginn. Ég hafði sofið langa hríð, lengur en venja mín var, en þó var ég þreyttur og syfjaður. Stafur minn lá við hlið mér og benti í þá átt, sem halda skyldi. Ég lét hann jafnan svo frá mér að kveldi í varúðarskyni, svo að ég skyldi ekki halda í ranga stefnu, syfjaður og hálfsofandi að morgni.

Ég var ýmist gripinn ótta eða von, því að nú vissi ég, að ég var í hættu staddur. Hvenær og hvernig myndi þessi för mín enda? Ætli ég kæmist til Finnlands í dag? Guð, vertu með mér við hvert fót má.

Þegar ég hafði gengið nálægt þremur kílómetrum, kom ég að hárrí girðingu, sem virtist vera alveg ný. Ég horfði á hana nokkra stund. Mér þótti kynlegt, að hún væri lögð inni í miðjum skógi. Ég gerði mér í hugarlund, að hér væri hin langþráða markalína, sem enginn mátti fara yfir.

En hér gildi ekkert bann. Þess vegna skreið ég undir girðinguna. Þá nam ég staðar til þess að gæta að, hvort enginn væri í nánd, því að mér fannst reykur í lofti. Svo var og. Vestan megin girðingarinnar sá ég hóp skógarhöggsmanna, sem voru að kveikja bál. Ég hafði hvorki tíma eða löngun til að gæta nánar að, hverjir þessir menn væru. Ég faldi mig því á bak við stórt tré og hélt för minni áfram.

Þá kom ég auga á símalínu. Á staurinum var merki, sem virtist ekki vera rússneskt. Ég fann líka eldspýtnahylki með finnsku vörumerki og tvö bréfsnifsi með finnskri áletran. Ég skildi þó ekki það, sem á annað þeirra var letrað. En fundir þessir glöddu mig, því að mér virtust þeir benda á, að ég væri kominn til Finnlands.

Nokkru seinna kom ég á mjóa götu, og áræddi ég að fara hana. Ég þaut áfram og kom brátt að vatni einu, þar sem tveir bátar voru í flæðarmálinu. En þetta var um 10 kílómetra leið. Ég steig upp í annan þeirra og leit út á vatnsflötinn. Mér þótti sem ævi mín ræki fyrir stormum á hafbylgjum, eins og bátur þessi væri í ofviðri úti á vatninu. Mér mátti líkja við köngurlóarvef, sem vindurinn sveiflaði til og frá. Gleði og fögnuður, þunglyndi og þreyta, von og vonleysi gripu hug minn. Er ég kominn til Finnlands, eða er ég enn í kirjálska lýðveldinu? Slíkar hugsanir fóru um mig í sífellu. Ég skoðaði bátinn mjög gaumgæfilega, ef verða mætti, að ég fyndi þar eitthvað, sem gæti veitt fullvissu í óvissu augnabliksins. En ég fann ekkert slíkt. Þá var, sem hvíslað væri að mér: „Farðu og leitaðu í hinum bátnum.“ Með mikilli aðgætni fór ég yfir í hinn bátinn og fann þar svar við spurningu minni. Ég fann þar hlemm einn, sem var rekinn saman með nöglum. Naglar! Nú var ég viss um,

að ég væri kominn til Finnlands, því að á síðustu árum sáust járnaglar alls ekki í Rússlandi. Í fangabúðum GPÚ í ÚSLON voru naglar gerðir úr kolryðgudum járnbitum.

Ég kom auga á eitthvað hvítleitt undir tré einu skammt frá. Fór ég og athugaði, hvað það myndi vera. Þarna var þá matarforði, vafinn innan í segldúk og á hann var letrað: „Matur skógarhöggsmannanna.“ Ég hafði verið skógarhöggsmaður um þriggja mánaða skeið. En slíkan matarforða hafði ég aldrei séð á þeim tíma. Var þetta draumur? Ég tók eina brauðsneið, braut hana og lagði mér til munns. Jú, það var veruleiki. Hjartað barðist ákaft í brjósti mér. Nú var ég þó viss um, að ég væri í Finnlandi.

Ég fann ríka þörf á að úthella hjarta mínu í tilbeiðslu og þakklæti: „Eilífi Guð, þú hefur frelsað mig á undursamlegan hátt. Ég vil ávallt vera þinn. Þér vígi ég líf mitt, það líf, sem þú hefur gefið mér af náð þinni.“

Á meðan ég sat að snæðingi, heyrði ég mannamál í skóginum. Þeir stefndu í átt til mín. Ég dró mig í hlé til þess að íhuga, hvað um væri að vera. Eftir málfæri þeirra að dæma og klæðnaði taldi ég víst, að þeir væru Finnar. Ég stóð á fætur með allri gát og gaf einum mannanna merki um að koma.

„Hvar er ég?“ stamaði ég út úr mér.

„Hvar hélduð þér, að þér væruð?“ spurði maðurinn og starði á mig.

Ég spurði þá hispurslaust, hvort ég væri í Finnlandi.

„Já, víst eruð þér þar. Hvaðan komið þér? Það eru 10 kílómetrar til rússnesku landamæranna,“ svaraði hann. Ekki leið á löngu, uns heill hópur skógarhöggsmanna var umhverfis mig. Það voru þeir sömu, er ég hafði séð við bálið fyrir um daginn. Nú skildist mér, að girðingin, sem ég fór undir, var á landamærum Rússlands og Finnlands.

„Við vorum að hita kaffi,“ sögðu verkamennirnir glaðir í bragði, þegar ég sagði þeim, að ég hefði farið framhjá þeim. „Hvers vegna komuð þér ekki og drukkuð morgunkaffi með okkur? Rússarnir gátu ekki gert yður nokkurt mein, þegar þér voruð með okkur.“

Verkamennirnir spurðu mig spjörunum úr um ferð mína og ástæður manna í „fyrirmyndarríkinu“. Þeir gáfu mér af mat sínum, og síðan fór ég með þeim til næsta bæjar, sjö kílómetra leið.

Ég var alls ekki þreyttur, en mér virtist sem ég vaknaði af illum draumi. Ég get ekki sagt frá öllu því, sem bærðist í huga mér þennan merkisdag lífs míns. Mér fannst náttúran öðru vísi en áður. Jafnvel var söngur fuglanna öðru vísi í þessu frjálsa landi. Ég taldi mér trú um, að fuglarnir tækju þátt í gleði minni. Nú skildi ég til fulls, hvað frelsi er í raun og sannleika. Ég var sloppinn úr búri mínu, já, betra en það, ég var sloppinn úr hinu jarðneska helvíti bolsévíkanna.

Í bænum fór ég í bað og neytti alls þess matar, sem ég gat í mig látið, hjá ágætri bóndakonunni. Þó borðaði ég með varúð, svo að ég yrði ekki veikur eftir svo langa

föstu. Mér var og boðið kaffi. Slíkt hafði ég ekki smakkað, síðan bylting hófst í Rússlandi.

Allir undruðust, hve vel ég talaði finnsku. Ég skýrði þá frá því, að ég væri Finni. „En hvenær fóruð þér til Rússlands?“ var spurt. Ég svaraði sem var, að ég væri fæddur í Ingermanlandi.

„Er finnska töluð þar?“

„Já, í Ingermanlandi búa um 150.000 Finnar. Þeir eru hreinir Finnar í hugsun, tungu og trú. Við teljum okkur vera Finna, og við gleymum aldrei, að finnskt blóð rennur okkur í æðum, þó að Rússarnir leitist við að buga okkur. Rússarnir kalla okkur „Finna“, þó að þeir kalli okkur jafnaðarlegast „Tsúhna“ í óvirðingarskyni.“ (,Tsúhna“ er afbökun af orðinu „Tsúshoj“, sem þýðir útlendur.)

Um kvöldið tóku finnskir landamærahermenn mig að sér. Það var svo öruggt að vera í vernd þeirra. Þeir voru þýðir í viðmóti, og sagði ég þeim, hvaðan ég kæmi og hver ég væri.

Þegar ég hélt til náttstaðar í hvítmáluðum báti ásamt nokkrum hermönnum, kom mér í hug draumurinn í Systerbäck forðum. Nú kom ný skýring á honum. Mín finnska móðir hafði vafið mig mjúkum örnum, og hin svarta slanga bolsévikanna — dauðadómurinn — gerði mér ekkert mein framár. Svo giftusamlega lauk þessari erfiðu för minni. Úr „ríki þrælkunar og eymdar“ komst ég til hins frjálsa Finnlands.

Þetta var hinn 20. júní 1930. Hafði ég þá verið á ferð í tólf sólarhringa. Ég hafði farið um 300 kílómetra fótgangandi um skóga og heiðar Kirjálabyggðar. Guð hafði leitt mig skref fyrir skref á svo undursamlegan hátt. Án hans vilja er ekkert höfuðhár mannanna skert.

Skýringar

Gerska eftirtýrið ... 7. bls. Undirtitillinn er *Minnisblöð* (Reykjavík: Heimskringla, 1938). Um þá bók sagði Jón Óskar: „Hvergi hefur höfundurinn náð sér betur á strik í lipurlegum stíl og leiftrandi myndni, og hvergi í bókum hans er líklega eins miklu lagið.“ *Hernámsáraskáld* (Reykjavík: Íðunn, 1970), 103. bls. Í *Skáldatíma* (Reykjavík: Helgafell, 1963), 303. bls., sagði Laxness, þegar hann rifjaði upp ritun ferðabókar sinnar: „Stærsta axarskaft okkar vinstrisósíalista fólst í trúgirnri. Það er í flestum tilfellum meiri glæpur að vera auðtrúa en vera lygari.“ Laxness las kafla úr bók sinni upp í Ríkisútvarpinu í september 1938, áður en hún kom í bókabúðir í október. Hún kom líka út á dönsku, *Det russiske eventyr: mindeblade* (København: Monde, 1939).

Halldór Kiljan Laxness ... 7. bls. Hann (1902–1998) var lengi sannfærður stalinísti, en hvarf frá þeirri skoðun á efri árum. Hann hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum 1955. Sænska lærdómslistafélagið (akademían) hafði lengi ætlað að heiðra íslenskar bókmenntir með því að veita íslenskum rithöfundum verðlaunin, og var fyrst ætlunin að skipta þeim á milli Laxness og Gunnars Gunnarssonar. Frá því var horfið vegna undirróðurs gegn Gunnari frá nokkrum íslenskum menntafrömuðum, ekki síst Jóni Helgasyni prófessor. Sjá um Laxness þriggja binda verk Hannesar H. Gissurarsonar (Reykjavík: Almenna bókafélagið), *Halldór* (2003), *Kiljan* (2004), *Laxness* (2005).

Stalín ... 7. bls. Josif Vísaríonovítsj Dzhúgashvíli, sem kallaði sig Stalín eða Stálmanninn (1878–1953), var frá Georgíu í Kákasus. Hann var bolsévíki eins og Lenín og komst smám saman til æðstu valda í Kremlkastala árin eftir valdarán bolsévíka 7. nóvember 1917. Er nafn hans jafnan tengt hungursneyðinni miklu af völdum hans í Úkraínu 1932–1933, hreinsunum miklu og sýndarréttarhöldum 1936–1938, þrælkunarbúðum, sem dreifðust um Ráðstjórnarríkin eins og eyjar, „Gúlageyjaklasanum“, sem Aleksandr Solzhenítsyn nefndi svo, og nauðungarflutningum ýmissa hópa og þjóðflokka langar leiðir, ekki síst til Síberíu og Kazakhstan. Mikla athygli vakti, þegar Níkíta Khrústsjov afhjúpaði ýmis ódæði Stalíns í ræðu á flokksþingi kommúnista í Moskvu 1956, en *Leyniræðan* (Reykjavík: Ingólfsútgáfan, 1957) er endurútgefin í þessari ritröð. Unnið er úr nýjum heimildum um stjórnarfar í ríki Stalíns í Stéphane Courtois (ritstj.), *Svartbók kommúnismans* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2009), sem er líka endurútgefin í þessari ritröð. Íslenskir kommúnistar gáfu út lofsamlegar ævisögur Stalíns, *Bóndinn í Kreml* e. Gunnar Benediktsson (Reykjavík: Reykholt, 1945) og *Stalín, 1879–1944* e. breska kommúnistann J. T. Murphy í þýðingu Sverris Kristjánssonar (Reykjavík: Kristján Júlíusson, 1975). Einnig hefur bók e. dóttur Stalíns komið út á íslensku, Svetlana Allilújeva, *Endurmínningar: 20 bréf til vinar* (Reykjavík: Fífill, 1967). Þá er kafla um Stalín í bók Boga Þórs Arasonar, *Barnið sem varð að harðstjóra* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2015). Ein læsilegasta bókin á ensku um Stalín er Simon Sebag Montefiore, *Stalín: The Court of the Red Tsar* (New York: Knopf, 2004), og stýðst hún við ýmsar áður ónotaðar heimildir. Önnur sérhæfari bók Montefiores um Stalín hefur komið út á íslensku, *Stalín ungi* (Reykjavík: Skrudda, 2009). Á ensku má nefna tvær eldri bækur, Milovan Djilas, *Conversations with Stalin* (New York: Harcourt, Brace & World, 1962) og Robert Conquest, *Stalín: Breaker of Nations* (London: Weidenfeld & Nicholson, 1991). Á dönsku má nefna Bent

Jensen, *Stalin* (København: Gyldendal, 2005). Þar eru því gerð góð skil, hvernig stalinismi var rökrétt framhald af lenínisma. Um stalinisma almennt má m. a. lesa í Robert Conquest, *The Great Terror: A Reassessment* (London: Pimlico, 1994), Anne Applebaum, *Gulag: A History of the Soviet Camps* (London: Penguin, 2004), og Timothy Snyder, *Bloodlands: Europe between Hitler and Stalin* (New York: Basic Books, 2012).

halda ræðu ... 7. bls. Ræðan var haldin á kosningafundi 11. desember 1937, en daginn eftir var „kosið“ til Æðsta ráðsins. (Þar fékk bandalag kommúnista og utanflokksmanna 98,6% atkvæða.) Í *Gerska æfintýrinu* skrifaði Laxness, 103. bls.: „Mér virtist Stalín í hærra meðallagi á vöxt, hann er grannur, vel limaður.“ Stalín var bólugrafinn, lágvaxinn og digur. Í síðari útgáfu *Gerska æfintýrisins* (Reykjavík: Helgafell, 1983) felldi Halldór það niður, að Stalín hefði verið í „hærra“ meðallagi á vöxt. Nokkrir aðrir Íslendingar sáu Stalín tilsýndar, þegar þeir sóttu samkomur í Moskvu í stjórnartíð hans, en ekki er vitað um nema einn, sem talaði við hann (í síma), Jens Figved, sem fékk hjá honum leyfi til útgáfu smárits eftir hann á íslensku.

Bería ... 7. bls. Lavrentíj Pavlovítsj Bería (1899–1953) var af þjóðflokki Mingrela í Kákasus, gekk ungur í leynilögregluna og átti þátt í að berja niður uppreisnir í Georgíu og víðar í Kákasus. Hann varð aðalritari kommúnistaflokks Georgíu 1931 og Kákasuslandanna allra 1932. Skömmu eftir veisluna með Laxness, sem haldin var í árslok 1937, var Bería kallaður til Moskvu og skipaður yfirmaður leynilögreglunnar, sem nú hét NKVD. Bería fékk samþykki Stalíns við það, að um 25 þúsund pólskir frammámenn, sem handteknir höfðu verið eftir innrás Rauða hersins í Pólland í september 1939, voru myrtir í Katyn-skógi og víðar vorið 1940. Hafði Bería einnig yfirumsjón með þrælkunarbúðum ráðstjórnarinnar og stjórnaði umfangsmiklum nauðungarflutningum fólks til Síberíu frá Eyrstrasaltsríkjunum og öðrum hernumdum svæðum. Neytti hann aðstöðu sinnar til margvislegra kynferðisbrota. Flugumenn hans óku um götur Moskvu, kipptu ungum stúlkum upp í bíla sína og færðu honum nauðugar viljugar. Aðrar stúlkur gínnti hann til næturgamans með lofordum með að sleppa vandamönnum þeirra úr fangelsi, en hann sveik jafnan þau loforð, enda voru þeir flestir löngu látnir, eins og hann vissi vel. Hélt það ekki aftur af honum, að hann var smitaður af sýfilis, sárásótt. Fimm Íslendingar skipuðu sendinefnd, sem hlustaði á Bería í Bolshoj-leikhúsinu í Moskvu 6. nóvember 1952. „Bería hélt aðalræðuna, föngulegur maður og gáfulegur. Minnti mikið á gáfaðan bónda, sem ég þekki í Þingeyjarsýslu. Hann talaði mjög snjallt af mikilli mælsku,“ skrifaði einn þeirra, Áskell Snorrason tónskáld í ferðabók, *Í landi lífsgleðinnar* (Reykjavík: MÍR, 1952), 23. bls.

hagfellda útgáfusamninga ... 7. bls. Í ritgerð í *Guðinn sem brást* (Reykjavík: Stuðlaberg, 1951) lýsti Arthur Koestler því, hvernig kommúnistastjórnin rússneska keypti erlenda rithöfunda til fylgis við sig með því að gera við þá útgáfusamninga og greiða þeim vænar fúlgur fyrirfram, þótt bækurnar væru síðan ekki gefnar út nema sumar hverjar. Laxness gerði slíkan samning í ferð sinni 1937–1938 og fékk væna fyrirframgreiðslu, en bækur hans komu ekki út á rússnesku fyrr en eftir lát Stalíns. *Guðinn sem brást* er endurútgefinn í þessari ritroð.

frægu réttarhöldum ... 7. bls. Þau hófust 2. mars 1938. Á sakborningabekk voru 21 maður, og var þeim gefið ýmislegt að sök, að hafa njósnað fyrir erlend stórveldi, framið skemmdarverk, lagt á ráðin um morð á frammámönnum, reynt að skilja Úkraínu frá Ráðstjórnarríkjunum og svo framvegis. Engin gögn voru lögð fram til stuðnings ákærum, aðeins játningar. Yfirheyrslum herréttarins lauk 10. mars, og Andrej Víshínskíj saksóknari flutti ræðu sína 11. mars. Hann kallaði sakborningana „daunillan haug af mannsorpi“, en Búkharín sérstaklega „bölvaðan

blending úr ref og svíni“. Krafðist hann dauðarefsingar yfir flestum hinna ákærðu. „Það verður að skjóta þá eins og óða hunda. Þjóðin heimtar, að þessi aumu skriðdýr verði möluð mélinu smærra.“ Aðfaranótt 13. mars voru átján sakborninganna dæmdir til dauða, og var dómunum fullnægt 15. mars. Laxness fékk aðgang að réttarhöldunum 4. mars, svo að hann fylgdist með þeim í tíu daga, þótt hann segði í *Gerska æfintýrinu*, 77. bls.: „Tvisvar sinnum fjóra tíma á dag í tólf daga hafði ég fyrir augum þessa menn í hinum litla þéttskipaða sal í höll verklyðsfélaganna, munaðarlausustu, yfirgefnustu stjórnámálemenn heimsins, tuttugu og einn talsins, hina einu stjórnámálemenn í heimssniðum sem urðu að sæta því hlutskifti að yfirgefa heiminn bókstaflega eins og hundar.“ Líkti hann eins og Víshínskíj sakborningunum við hunda.

Níkolaj Búkharín ... 7. bls. N. Ívanovítsj B. (1888–1938) var einn kunnasti samstarfsmaður rússnesku byltingarmannanna Leníns og Trotskíjs og ritstjóri blaðs kommúnista, *Pravda*. Hann var aðalritari Alþjóðasambands kommúnista, Kominterns, 1926–1929. Hann var handtekinn í febrúar 1937, eftir að tveir aðrir byltingarforingjar, Zínovjev og Lev Kamenev, höfðu verið teknir af lífi. Eftir langar og strangar yfirheyrslur samþykkti hann að játa á sig sakir í von um, að ung kona sín og nýfæddur sonur fengju gríð. Í fangelsinu skrifaði hann Stalín mörg bænabréf og samdi bækur um marxisma, og fannst þetta allt í skjalasafni Stalíns, en var ekki birt fyrir en eftir hrun Ráðstjórnarríkjanna. Hírðist kona Búkharíns, Anna Larína (1914–1996), í fangabúðum og útleð í tvo áratugi, en sonurinn var sendur á munaðarleysingjahæli, og hittust mæðginin ekki aftur fyrir en 1956. Halldór Kiljan Laxness lýsti Búkharín kaldranalega í *Gerska æfintýrinu*, 79.–80. bls., og líkti honum eins og Víshínskíj saksóknari við ýmis dýr: „Sleipur einsog áll, ósýnilega snar í viðbrögðum, einsog lítið skorkvikindi sem er smogið út um greipar manns og horfið þegar maður er í þann veginn að grípa það, þannig úrefnaðist hann aftur og aftur í höndum saksóknarans, hann blátt áfram hvarf niður í jörðina fyrir augum manns í meira eða minna bókstaflegum skilningi, þegar síst varð, þegar manni fanst að nú hefði rétturinn loks náð taki á honum.“ Hann hefði verið með „fræðisetningarnar einsog nokkurskonar viðauka við nagtennurnar“. Margir hafa furðað sig á játningum Búkharíns. Arthur Koestler skýrir þær svo í skáldsögunni *Myrkrur um miðjan dag* (Reykjavík: Snælandsútgáfan, 1947), sem er endurútgefin í þessari ritröð, að Búkharín (Rúbashov í sögunni) hafi eins og aðrir dyggir bolsévíkar afsalað sér öllu síðferðilegu sjálfræði í hendur flokksins. Allt hafi í augum þeirra verið afstætt nema flokkurinn. Hafi hagsmunir byltingarinnar og flokksins krafist þess, að slíkir menn játuðu á sig hinar ótrúlegustu sakir, þá hafi þeir orðið að gera það. Þessi kenning þarf auðvitað ekki að vera í mótsögn við það, að Búkharín hafi ætlað að vernda fjölskyldu sína með játningunum.

Lenín ... 7. bls. Rússneski lögfræðingurinn Vladímír Íljítsj Úljanov, sem kallaði sig Lenín (1870–1924), var leiðtogi þeirra rússnesku sósíalista, bolsévíka, sem vildu, að fámennur, samhentur hópur tæki völdin strax í vopnaðri byltingu og umskapaði síðan skipulagið eftir kenningum Marx. Rússneski keisarinn missti völdin í mars 1917, en bolsévíkar rændu völdum 7. nóvember sama ár, og Lenín þjóðnýtti þá öll framleiðslufyrirtæki, stofnaði leynilögreglu, Tsjekuna, hafði að engu úrslit kosninga til stjórnlagabings og fangelsaði andstæðinga eða tók af lífi. Hann stofnaði fyrstu þrælkunarbúðirnar, Gúlag. Hann fékk heilablóðfall í maí 1922, aftur í desember og enn í mars 1923 og var eftir það lítt vinnufær. Nokkrir Íslendingar hittu Lenín. Heimshornaflakkarinn dr. Jón Stefánsson (1862–1952) sat með honum á Bretasafni, British Museum. „Hann yrti ekki á nokkurn mann, og enginn þorði að yrða á hann,“ sagði Jón. Einu samskipti þeirra voru, að eitt sinn missti Lenín blað, og tók Jón það upp og rétti honum, en Lenín sagði „Thanks“ með þýskum hreim. Sjá Jón Stefánsson, *Úti í heimi* (Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1949), 77.–78. bls. Þeir Hendrik S. Ottósson og Brynjólfur

Bjarnason hlustuðu á Lenín halda ræður á 2. þingi Alþjóðasambands kommúnista í Moskvu 1920. Hendrik var fenginn til að gefa framkvæmdastjórn Kominterns skýrslu um Ísland. Þá greip Lenín fram í og sagðist vita af hernaðargildi landsins vegna kaþbáta og flugvéla. Sjá Hendrik S. Ottósson, *Frá Hliðarhúsum til Bjarmalands* (Akureyri: Pálmi H. Jónsson, 1948), 230. bls. Brynjólfur Bjarnason kvaðst síðar hafa hlýtt á fimm ræður Leníns á Kominternþinginu, sjá *Með storminn í fangið* (Reykjavík: Mál og menning, 1973), 283. bls. Það fær ekki staðist, því að hann var ekki kominn til þings, þegar Lenín flutti þrjár af þessum ræðum. Sjá m. a. Snorra G. Bergsson, *Röðann í austri* (Reykjavík: Uglya, 2011), en endurskoðuð og aukin útgáfa þeirrar bókar verður í þessari ritröð. Íslenskir lærisveinar Leníns gáfu út þrjú verk hans hjá Heimskringlu á hundrað ára afmæli hans 1970, *Ríki og byltingu* (áður útg. 1938), *Hvað ber að gera?* og „*Vinstri röttækni*“; *barnasjúkdómar kommúnismans*, en áður hafði komið út *Heimsvaldastefnan: hesta stig auðvaldsins* (Reykjavík: Heimskringla, 1961). Þeir gáfu einnig út *Endurminningar um Lenín* (Reykjavík: Heimskringla, 1970). Rússneski herforinginn Dmitríj Volkogonov, sem var sannfærður kommúnisti og hafði aðgang að gögnum í lokuðum skjalasöfnum um Lenín og Stalín, lýsti því, hvernig skoðun sín á Lenín og raunar bolsévisma í heild hefði breyst, þegar hann skoðaði skjöl um Lenín. Byltingarforinginn hefði verið grimmur og miskunnarlaus. Sjá *Lenín: Life and Legacy* (London: Harper/Collins, 1994). Sama skoðun á Lenín kemur fram í *Svartbók kommúnismans*. Sjá t. d. 77. bls, þar sem birt er símskeyti Leníns til framkvæmdanefndar verkamannaráðsins í Penza 10. ágúst 1918: „(1) Hengið (og ég á við opinberlega, svo að fólk sjái) að minnsta kosti 100 kúlakka [efnabændur], ríka þrjóta og kunnar blóðsugur. (2) Birtíð nöfn þeirra. (3) Gerið allt korn þeirra upptækt.“ Sbr. einnig *Lenín* e. Robert Conquest (London: Fontana/Collins, 1972), sem er stutt, læsileg og fróðleg bók, þótt hún sé komin til ára sinna.

nauðsynlegar byltingunni ... 7. bls. Í *Gerska æfintýrinu*, 62. bls., skrifaði Laxness: „Sú lifandi mynd baráttunar milli pólitískra höfuðafla, sem málaferlin brugðu ljósi yfir, er í heild sinni svo hrikaleg, í hrikaleik sínum svo náskyld náttúruöflunum sjálfum, að atriði eins og síðferðileg eða lögfræðileg „sekt“ samsærismannanna, eða sú persónulega refsing sem beið þeirra, verður í raun réttir smámunir sem ekki freista til kappræðu.“ Þetta má skilja svo, að Laxness hafi talið eðlilegt og nauðsynlegt að förna sakborningunum fyrir byltinguna óháð sekt þeirra eða sakleysi.

André Gide ... 7. bls. André Gide (1869–1951) hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum 1947. Eftir hann hafa komið út á íslensku skáldsögurnar *Ísabella* (Reykjavík: Fjölvi, 1970), *Pastoralsínfónían* (Reykjavík: Fjölvi, 1995) og *Kjallarar Vatíkansins* (Reykjavík: Ormstunga, 2000). Gide skrifaði ritgerð í *Guðinn sem brást*, sem kemur út í þessari ritröð. Um skrif íslenskra blaða 1937 eftir ferð Gides til Ráðstjórnarríkjanna, sjá André Gide, Heim frá Sowjet [svo], *Lesbók Morgunblaðsins* 10. janúar 1937; Sannleikurinn um Sovét-Rússland [útdráttur úr grein í dönsku blaði], *Nýja dagblaðið* 19. janúar 1937; Heim frá Sovét-Rússlandi, *Alþýðublaðið* 1. og 2. mars 1937. Haustið 1937 las Thor Thors upp kafla úr bók Gides í umræðum um vinnulöggjöf á þingfundi og spurði þingmenn kommúnistaflokksins, hvort þeir hefðu kynnt sér lýsingar hans á kjörum verkafólks í Ráðstjórnarríkjunum. Laxness skrifaði um Gide í *Gerska æfintýrinu*, 12. bls.: „Sumir hafa jafnvel verið svo barnalegir að koma með þá kunnu allsherjarröksemd, sem á að geta sannað og ósannað hvað sem er, og ónýtt sérhvert mál fyrir andstæðingnum, að segja að maðurinn sé kynviltur.“ Eftir að Laxness hafði komið þessu á framfæri, sagði hann, 13. bls.: „Öruggasta ráðið til að fá sem neikvæðasta og fátánlegasta gagnrýni um Ráðstjórnarríkin, er að senda þangað yfiríð síðfágaðan franskan fagurkera eins og Andrés [svo] Gide og láta hann skrifa ferðasögu sína.“

Arne Strøm ... 7. bls. Hann (1897–1948) var danskur búfræðingur, sem hélt til Ráðstjórnarríkjanna 1932 í því skyni að starfa að hænsnarækt í Povorino í Voronezh-héraði í Suður-Rússlandi, en sneri aftur eftir fjórtán mánuði. Varð hann vitni að hungursneyð og óstjórn þar eystra. Bók hans, *Onkel, giv os brød* (København: Gyldendal, 1934), vakti mikla athygli í Danmörku og víðar, og hafði ensk þýðing, *Uncle, Give Us Bread* (London: G. Allen & Unwin, 1936), m. a. nokkur áhrif á breska stjórnálamanninn Winston S. Churchill. Um skrif hans sjá Frændi, gefðu okkur brauð, *Morgunblaðið* 2. júlí 1937. Laxness sagði í *Gerska æfintýrinu*, 7. bls., að hann væri „fúllyndur danskur hænsnamaður“.

Vera Hertzsch ... 7. bls. Hún (1904–1943) var þýskur kommúnisti, sem fluttist til Ráðstjórnarríkjanna 1927. Hún kynntist Benjamín Eiríkssyni, á meðan hann stundaði byltingarnám í Moskvu 1935–1936, og fæddist dóttir þeirra, Erla Sólveig, vorið 1937. Fyrirverandi maður hennar, Abram Rozenblum, var handtekinn 1936 og skotinn fyrir að vera trotskisti. Skv. ráðstjórnarlögum var glæpur að vera „í skylduliði föðurlandssvikara“, og var Vera handtekin á heimili sínu aðfaranótt 14. mars 1938, þegar Laxness var þar í heimsókn. Talið er, að dóttir Benjamíns og Veru hafi andast fljótlega eftir handtöku Veru, en sjálf lést hún úr næringarskortu í þrælkunarbúðum í Karaganda. Um hana hefur Jón Ólafsson heimspekingur skrifað bókina *Appelsínur frá Abkastu* (Reykjavík: Mál og menning, 2012). En sú bók er óáreiðanleg um margt. Jón rekur þar t. d. bréfaskipti Veru og Benjamíns. Síðasta bréf Veru til Benjamíns var dagsett 8. desember 1937. Þar skrifaði hún: „Greve hefur líka verið handtekin [svo]“. Jón segir síðan, 173. bls., að ekki sé „ljóst hver Greve var“. En Richard Greve (stundum stafsett Grewe) var ritstjóri *Deutsche Zentral-Zeitung*, þar sem Vera Hertzsch hafði verið blaðamaður. Hann fæddist í Hamborg 1894, gekk í kommúnistaflokk Þýskalands 1920 og fluttist til Rússlands 1924. Hann var handtekinn 14. nóvember 1937 og skotinn 25. desember sama ár. Nafn Greves er nefnt í fjölda rita um hreinsanir Stalíns. Sjálfur vitnar Jón Ólafsson í eitt slíkt rit, *Verratenne Ideale* (Sviknar hugsjónir, Berlin: Trafo, 2000) eftir Oleg Dehl. Þar er sérstakur kafli um *Deutsche Zentral-Zeitung* með stuttu æviágripi Greves og mynd af honum. Annað dæmi er, að Jón skrifar, 251. bls.: „Árið 1949 kom út bókinn *11 ár í sovískum fangabúðum* eftir Elinor Lipper. Lipper kom til Moskvu 27 ára gömul árið 1937 í stutta heimsókn.“ Hér eru þrjár villur: Bók Lippers kom fyrst út á þýsku snemma árs 1950 og í enskri þýðingu á Bretlandi það ár, en í Bandaríkjunum árið eftir. Í öðru lagi var Lipper að verða 25 ára, þegar hún kom til Moskvu vorið 1937. Hún var fædd í júlí 1912. Í þriðja lagi fór Lipper ekki til Moskvu í stutta heimsókn, heldur til að vinna í þágu byltingarinnar. Í heimildaskrá er getið bókarrinnar *Elf Jahre in Sowjetischen Gefängnissen und Lagern* eftir Lipper, Chicago 1950, hjá Oprecht. Hið rétta er, að þýska bókinn kom út hjá Oprecht í Zürich. Hin bandaríska þýðing kom út hjá Henry Regnery í Chicago ári síðar. Sjá einnig aftanmálsgr. um Framhaldsstríðið við 8. bls.

Gunnar Jóhannesson ... 7. bls. Hann (1904–1965) lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1932 og gerðist prestur í Stóra-Núps prestakalli og þjónaði um hrið einnig Hrunaprestakalli. Hann varð prófastur Árneseinga 1955 og gegndi þeirri stöðu til æviloka.

Ingermanlandi ... 7. bls. Eins og sjá má á landabréfinu á 12. bls. liggur Ingermanland, Ingigerðarland eða Ingría (Inkeri á finnsku, Íngría á rússnesku) við Kirjálabotn Eystrasalts milli Finnlands, Ladoga-vatns, Rússlands og Eistlands. Frá því að sögur hófust, hafa löndin við austanvert Eystrasalt, allt frá Norður-Finnlandi og Kirjálalandi, Kareliu, og um Ingríu suður til Eistlands, verið byggð þjóðflokkum, sem mæla á finnsk-úgrískar tungur, og eru þær náskyldar. Izhorar og Votar bjuggu í Ingríu og fylgdu rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni, enda var þeim

stjórnað frá Rússlandi allt til 1617, er Svíar lögðu landið undir sig. Eftir það komust finnskir innflytjendur í meiri hluta í landinu, sem þó var strjálbýlt, og fylgdu þeir lútersk-evangelískum sið. Rússar náðu Ingríu af Svíum í upphafi Norðurlandaófriðarins mikla 1700–1721, og smám saman lentu Izhorar, Votar og Finnar í minni hluta í landinu. Ingría varð umdæmið Pétursborg í Rússlandi. Á 19. öld fluttust margir Eistlendingar til Ingríu. Árið 1926 mæltu samtals 162 þúsund manns á finnsk-úgrískar tungur í Ingríu, aðallega finnsku og eistnesku, en Izhorar og Votar voru orðnir sárafáir. Eins og segir hér í formála hins sænska útgefanda, voru hátt í 20 þúsund Ingríar, aðallega finnskumælandi, fluttir nauðungarflutningum til Síberíu og annarra svæða í Rússlandi árin 1929–1931. Enn voru 7–9 þúsund þeirra fluttir brott 1935 og aftur um 20 þúsund 1936, þar á meðal nánast öll fyrrverandi sóknarbörn Aatamis Kuorttis í Lempaala, Vuole og Miikkulainen. Ingríar urðu illa úti í heimsstyrjöldinni síðari, er land þeirra varð vígvöllur Þjóðverja og Rússa. Þá flýðu 63 þúsund Ingríar til Finnlands, en voru sendir aftur eftir ósigur Finnlands í framhaldsstríðinu og margir teknir af lífi eða fangelsaðir. Eftir að Ráðstjórnarríkin liðuðust í sundur 1991, fluttust langflestir Ingríar, sem mæltu á finnsk-úgrískar tungur, til Finnlands.

sænsku konungsdóttur ... 7. bls. Ólafur digri Noregskonungur (1995–1030) Haraldsson vildi ná vináttu Ólafs Svíakonungs (um 980–1022) Eiríkssonar með því að ganga að eiga dóttur hans, Ingigerði. Var hún sjálf fús til ráðahagsins. En Ólafur Svíakonungur mátti ekki heyrna á það minnst og kallaði hinn norska nafna sinn jafnan „þann hinn digra mann“. Hann gifti dóttur sína Jarisleifi konungi í Kænugarði (Kiev), en Ólafur digri gekk að eiga Ástríði, frilluborna dóttur konungs. Síðar leitaði Ólafur digri um skeið skjóls hjá þeim Jarisleifi og Ingigerði úti í Kænugarði.

fangabúðir ... 8. bls. Skv. *Svartbók kommúnismans* voru á fjórða áratug um ein milljón manns á ári vistuð í þrælkunarbúðum á víð og dreif um Ráðstjórnarríkin, en sú tala fór upp í tvær milljónir 1941, og við lát Stalíns voru um 2.750.000 manns í slíkum búðum. Óvist er, hversu margir gistu vinnubúðirnar í heild. Nokkur rit fleiri fanga en Kuorttis komu á sínum tíma út á íslensku, og eru þau endurútgefin í þessari ritröð: *Konur í þrælakistum Stalíns* e. Elinor Lipper og Aino Kuusinen, *Bóndinn, El Campesino* e. Valentín González, *Konur í einræðisklóm* e. Margarete Buber-Neumann, *Nytsamur sakleysingi* e. Otto Larsen og *Vinnuþræll undir ráðstjórn* e. Ragnar Rudolfalk. Einnig má nefna *Þrælabúðir Stalíns* e. Charles A. Orr. Á ensku hafa tvær bækur um fangalífið vakið sérstaka athygli, *The Gulag Archipelago* e. Aleksandr Solzhenítsyn, 1.–3. b. (New York: Harper & Row, 1973–1978), og *Hope Against Hope* e. Nadezhda Mandelshtam (New York: Atheneum, 1970). Meðal annarra flóttamanna úr Gúlaginu í Kirjálalandi, sem Kuortti flýði úr, var fiskifræðingurinn Vladímír Vjatsjeslavovítsj Tsjernavín. Hann hafði starfað fyrir útgerðarfélag ráðstjórnarinnar í Múrmansk, en var handtekinn 1930, þegar ekki hafði tekist að fullnægja óraunhæfum markmiðum fimm ára áætlunarinnar, dæmdur fyrir skemmdarverk og sendur í Solovetskij-búðirnar. Var hann vistaður á ýmsum stöðum á meginlandinu, á svipuðum slóðum og Kuortti. Þaðan tókst honum að flýja ásamt konu sinni og ungum syni, þegar þau komu í heimsókn 1932. Gengu þau í 22 daga til Finnlands. Skrifaði hann bókina *I Speak for the Silent* (New York: Hale, Cushman & Flint, 1935). Kona hans, Tatjana, skrifaði bók um hlutskipti menntamanna undir ráðstjórn og flóttann til Finnlands, *Escape from the Soviets* (New York: E. P. Dutton, 1934). Skrifað var um bækur hjónanna á Íslandi, sjá Vísindamenn ofsóttir í Rússlandi, *Morgunblaðið* 3. júlí 1937.

Kirjálalandi ... 8. bls. Landið (Karjala á finnsku, Karelen á sænsku, Karelía á rússnesku) er austan Finnlands og afmarkast af því, Hvítahafi (sem fornmenn kölluðu Gandvík), vötnunum

tveimur, Onega og Ladoga, og Ingríu. Það hefur frá ómunatíð verið byggt Kirjálum (Karelum) og Vepsum, og voru Kirjálar miklu fjölmennari. Tungur beggja þjóða eða þjóðflokka eru náskyldar finnsku, eistnesku og öðrum finnsk-úgrískum málum. Samkvæmt *Egils sögu* herjaði Þórólfur Kveldúlfsson í Kirjálalandi seint á 9. öld. Í *Ólafs sögu helga í Heimskringlu* er haft eftir Porgný lögmanni, að Eiríkur Uppsalakonungur (d. 995) hafi lagt undir sig Finnland, Kirjálaland og Eistland. Svíar og Rússar börðust löngum um yfirráð yfir þessu strjálbýla, skógi vaxna svæði, en í samningum 1721 eftir Norðurlandaófriðinn mikla fengu Rússar mestan hluta Kirjálalands í sinn hlut. Þegar Rússar tóku Finnland af Svíum 1809 og stofnuðu stórhertogadæmið Finnland, afhentu þeir Finnlandi þó aftur ýmis svæði, sem þeir höfðu tekið af því. Kirjálar risu upp gegn bolsévíkum eftir valdarán þeirra 1917 og vildu sameinast Finnlandi, en uppreisn þeirra var barin niður. Stofnað var sambandslýðveldið Kirjálaland í Ráðstjórnarríkjunum, sem átti að vera eins konar Austur-Finnland og keppa við sjálf Finnland. Snemma á fjórða áratug hleypti ráðstjórnin af stað áróðursherferð um hina miklu möguleika í Kirjálalandi. Þetta var í miðri heimskreppu, og fluttust tólf þúsund manns frá Finnlandi og fimm þúsund manns af finnskum ættum frá Bandaríkjunum til Kirjálalands. Draumur þessa fólks um betra líf breyttist skjótt í martröð. Við komuna voru öll tæki þess, áhöld og sparifé gert upptækt, vegabréf tekin af því og það rekið inn í skóglendi og látið bjarga sér sjálf. Sumt af því var síðan sent í fangabúðir. Sjá *Sturtbók kommúnismans*, 309.–310. bls. Eftir vetrarstríðið 1939–1940 urðu Finnar að afhenda rússnesku ráðstjórninni talsverð svæði í Finnska Kirjálalandi, og 400 þúsund manns fluttust þaðan til Finnlands. Rússneska Kirjálaland breyttist úr sambandslýðveldi í sjálfstjórnarlýðveldi 1956, en eftir hrun Ráðstjórnarríkjanna er landið aftur kallað lýðveldið Kirjálaland. Höfuðborg þess er Petrozavodsk. Íbúar eru flestir Rússar, en Kirjálar eru innan við 10% íbúanna og óðum að týna þjóðerni sínu.

Bók Kuorttis kom út ... 8. bls. Aatami Kuortti, *Pappina, pakkotyössä, pakolaisena* (Prestur, þræll, flóttamaður, Helsinki: WSOY, 1934), endursk. útg. *Kirkossa, keskitysleirissä, korvessa* (Kirkja, þrælabúðir, óbyggðir, Helsinki: Suomen Luterilainen Evankeliumiyhdistys, 1963); *Präst, tvångsarbetare, flykting: en ingermanländsk prästs upplevelser i Sovjetunionen* (Stockholm: Svenska Kyrkans Diakonistyrelses Bokförlag, 1935); *Präst, Tvångsarbeter, Flykting: en ingermanländsk Prästs Oplevelser i Sovjet-Unionen* (København: Lohse, 1937); *Predikant, vluchteling, dwangarbeider: lotgevallen van een ingermanlandsch predikant in de Sowjet-Unie* (Rotterdam: Stemering, 1940). Þess má geta, að Kuortti er ein söguhetjan í leikriti eftir finnsku skáldkonuna Inkeri Kilpinen, *Innan um heidingjana* (Nouse Inkeri, 1991).

skrifaði dr. Magnús ... 8. bls. Magnús Jónsson, Nokkrar bækur, *Morgunblaðið* 9. desember 1938.

lofsamlega getið ... 8. bls. Snorri, Bækur, *Vísir* 6. desember 1938; B. J. [Bjarni Jónsson], Bækur á jólamarkaðnum, *Vísir* 22. desember 1938; Bækur, *Tíminn* 5. janúar 1939.

Þjóðviljinn ... 8. bls. Breiðablik, *Þjóðviljinn* 16. desember 1938.

Einars Olgeirssonar ... 8. bls. Hann (1902–1993) var af fátæku fólki kominn, en naut stuðnings efnads frænda til að ganga menntavegin. Hann stundaði nám í Þýskalandi 1921–1924, en lauk ekki prófi. Hann var fyrst kennari og blaðamaður á Akureyri og í Reykjavík, en helgaði síðan stjórnmalunum allt sitt líf, sat á þingi fyrir kommúnistaflokkinn, síðan Sósíalistaflokkinn og loks Alþýðubandalagið 1937–1967 og var formaður Sósíalistaflokksins 1939–1968. Einar hafði mikil tengsl við forystumenn kommúnistaflokka Ráðstjórnarríkjanna,

Austur-Þýskalands og Kína og dvaldi langdvölum í Rússlandi og Kína. Einnig gaf hann reglulega sendiherrum Ráðstjórnarríkjanna í Reykjavík leyniskýrslur um stjórnmaláviðhorfið. Skv. skjölum í Moskvu virðast hann og Kristinn E. Andrésson einir hafa veitt viðtöku því mikla fé, sem Kremilverjar sendu hreyfingu vinstri sósíalista og kommúnista á Íslandi. Einar harðneitaði því þó í viðtali við *Dagblaðið* 14. desember 1979, að hann hefði tekið við einhverju fé frá Kremilverjum. Jón Guðnason sagnfræðingur skráði endurminningar Einars eftir sögn hans sjálfs, *Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar* (Reykjavík: Mál og menning, 1980) og *Kraftaverk einnar kynslóðar* (Reykjavík: Mál og menning, 1983). Dóttir hans, Sólveig, skrifaði einnig bók um hann, *Hugsjónaeld* (Reykjavík: Mál og menning, 2005).

hurfu úr finnskum bókasöfnum ... 8. bls. Haustið 1944 mælti finnska dómsmálaráðuneytið fyrir um það, að allar ráðstjórnarfrjandsamlegar bækur yrðu fjarlægðar úr bókabúðum og bókasöfnum. Þar á meðal var bók Kuorttis. Horfið var frá þessu banni 1958. Sjá Erkki Vettenniemi, *Surviving the Soviet Meat Grinder* (Helsinki: Kikumora Publications, 2001), 97. bls.

Framhaldsstríði 1944 ... 8. bls. Finnar háðu þrjú stríð tengd Heimsstyrjöldinni síðari. Hið fyrsta var Vetrarstríðið 1939–1940, þegar Rússar réðust á Finnland, eftir að Stalín og Hitler höfðu með gríðasáttmálanum 23. ágúst 1939 skipt Mið- og Austur-Evrópu á milli sín. Lauk því svo, að Finnar létu af hendi stóran hluta Kirjálalands. Jón Ólafsson heimspekingur skrifar hins vegar um Vetrarstríðið í *Appelsínunum frá Abkasiu*, 285. bls. „Það var stríð Rússa við Finna en þeir fyrrnefndu réðust yfir landamærin haustið 1939 til að ná af Finnum þeim hluta Kareliú sem hafði fallið þeim í skaut 1918 þegar Finnland varð sjálfstætt ríki.“ Margar missagnir eru í þessum fáu orðum. Finnland varð ekki sjálfstætt 1918, heldur 6. desember 1917, og viðurkenndu Kremilverjar sjálfstæði þess strax 18. desember það ár. Borgarastríð var háð í landinu á útmánuðum 1918, en í Tartu 1920 sömdu Finnar við Kremilverja um landamæri ríkjanna. Engin rússnesk svæði (önnur en Petsamo við Íshaf) höfðu heldur „fallið í skaut“ Finna við fullt sjálfstæði. Kremilverjar viðurkenndu í Tartu-samningnum 1920 að langmestu leyti landamærin frá 1809, þegar Finnland gekk undan Svíum og varð stórhertogadæmi, sem laut Rússakeisara. Rússar höfðu þá skilað Finnlandi aftur svæðum í Kirjálalandi, sem þeir höfðu unnið á öndverðri átjándu öld eftir stríð við Svía. Þessi svæði voru byggð Finnum og hluti af Finnlandi nema tímabilið 1721–1809. Annað stríð Finna var Framhaldsstríðið 1941–1944, þegar þeir reyndu að ná aftur af Rússum þeim svæðum, sem þeir höfðu orðið að láta af hendi 1940. Þeir biðu ósigur og urðu að láta af hendi fleiri landsvæði, þar á meðal Petsamo. Einnig urðu þeir að greiða háar stríðsskadabætur og taka tillit til ráðstjórnarinnar innan lands og utan, sjá næstu aftanmálsgr. að framan. Þriðja stríðið var, þegar Finnar ráku þýska herinn í Norður-Finnlandi burt haustið 1944.

Þórbergi Þórðarsyni ... 8. bls. Hann (1889–1974) var ásamt Halldóri Kiljan Laxness og Jóhannesi úr Kötlum harðskeyttasti stalínistinn í hópi íslenskra rithöfunda. Hann gaf út *Rauðu hettuna* (Reykjavík: Sovétvinafélag Íslands, 1935) um ferð sína til Ráðstjórnarríkjanna sumarið 1934, þar sem hann sat rithöfundapung undir risastórum myndum af Lenín og Stalín. Þar eru margar missagnir, m. a. um afsögn keisarans og morðið á rússnesku keisarafjölskyldunni, en Mál og menning endurprentaði bókina óbreytta og athugasemdalaust 1977, 1981 og 1984. Fræg urðu viðbrögð Þórbergs, þegar Stalín og Hitler gerðu gríðasáttmála í Moskvu 23. ágúst 1939 og skiptu milli sín Mið- og Austur-Evrópu. Í samræmi við sáttmálan réðst Hitler að vestan inn í Pólland 1. september 1939, en Stalín að austan 17. september. Eftir árás Hitlers á Pólland hafði Þórbergur sagst hengja sig, ef Stalín færi líka inn í Pólland (í samtali við dr.

Guðmund Finnbogason landsbókavörð á Hótel Borg 13. september). Þegar Þórbergur var minntur opinberlega á þessa yfirlýsingu eftir árás Stalíns á Pólland nokkrum dögum síðar, kvaðst hann aðeins hafa sagst hengja sig, færi Stalín í stríðið með Hitler. Þegar Halldór Kiljan Laxness gerði upp við stalínismann í *Skáldatíma* 1963, deildi Þórbergur á hann. Sjá Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998*.

Inngangur útgefanda ... 9. bls. Þótt það komi ekki fram í frumútg. á ísl., var hann saminn af hinum sænska þýðanda, Bengt Gustaf Geijer.

Marx ... 9. bls. Karl M. (1818–1883) var þýskur heimspekingur, sem gerðist sameignarsinni og stofnaði ásamt öðrum Alþjóðasamband verkamanna (kallað fyrsta Alþjóðasambandið). Hann var útlagi í Lundúnum síðari hluta ævinnar, og sá efnaður samstarfsmaður hans og vinur, Friedrich Engels (1820–1895), þá um að halda honum uppi. Áhrifamesta rit hans, sem hann samdi með Engels, er *Kommúnistaávarpið* 1848 (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007; 3. útg. þýð. Sverris Kristjánssonar á ísl.). Þar héldu þeir því fram, að öll saga mannkynsins væri saga um stéttabaráttu, en öreigabylting undir forystu kommúnista væri óhjákvæmileg, enda væru öreigarnir sífellt að verða fátækari. *Úrvalsvrit* Marx og Engels komu út á íslensku í tveimur bindum (Reykjavík: Heimskringla, 1968). Bókin var prentuð í Austur-Þýskalandi, og sá Svavar Gestsson, sem þar var við nám í flokksskóla kommúnista, um prófarkalestur. Þar voru þó ekki teknar með ýmsar ritsmiðar höfundu, sem sýndu, að þeir höfðu litla samúð með smáþjóðum, enda töldu þeir þær oft afturhaldssamar. Í desember 1846 skrifaði Engels t. d. Marx frá París, að ekki væri hann hrifinn af Norðurlandþjóðum. „Svíar lítillsvirða Dani sem þýsk-mengaða, úrkynjaða, rausgjarna og veikgeðja. Norðmenn fyrirlíta fransk-mengaða Svía með sinn aðal og gleðjast yfir því að í Noregi sé einmitt þetta sama fávísa bændþjóðfélag og á tímum Knúts ríka. Þeir eru aftur á móti svírvirtir af Íslendingum, sem enn tala alveg sömu tungu og þessir subbulegu víkingar frá anno 900, súpa lýsi, búa í jarðhýsum og þrífast ekki nema loftið lykti af úldnum fiski. Ég hef oft sinn freistast til þess að vera stoltur af því að vera þó ekki Dani, hvað þá Íslendingur, heldur bara Þjóðverji.“ Ódags. bréf, desember 1846. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 27. b. (Berlin: Dietz, 1963), 71.–72. bls. Engels sagði 1848 svipað í *Nýja Rínarblaðinu*, en Marx var þá ritstjóri þess. Þá hafði verið rætt um, að aðrar Norðurlandþjóðir kæmu Dönnum til aðstoðar í deilum þeirra við Prússa. „Norðurlandahugsjónin er ekkert annað en hrifning af hinni ruddalegu, óþrífnu, fornorrænu sjóræningjaþjóð“, skrifaði Engels. „Íslendingar töldu allar þjóðirnar þrjár úrkynjaða, enda er sú þjóð auðvitað mesta Norðurlandþjóðin, sem er frumstæðust og líkust hinni fornorrænu í öllum síðum og háttum.“ Der dänisch-preußische Waffenstillstand, *Neue Rheinische Zeitung* 10. september 1848. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 5. b. (Berlin: Dietz, 1959), 394. bls. Í grein um ástandið í Ungverjalandi í *Nýja Rínarblaðinu* 13. janúar 1849 sagði Engels þýska heimspekinginn Hegel hafa rétt fyrir sér um, að sumar smá- og jaðarþjóðir væru ekkert annað en botnfall (Volkerabfalle). Nefndi Engels sérstaklega Kelta í Skotlandi, Bretóna í Frakklandi, Baska á Spáni og suður-slavneskar þjóðir. „Í næstu heimsstyrjöld munu ekki aðeins afturhaldsstéttir og konungsettir hverfa af yfirborði jarðar, heldur líka afturhaldsþjóðir í heild sinni. Og það eru framfarir.“ Der magyarische Kampf, *Neue Rheinische Zeitung* 13. janúar 1849. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 6. b. (Berlin: Dietz, 1961), 176. bls. Marx hafði bersýnilega svipaða skoðun á Íslendingum og Engels, því að hann skrifaði Engels eitt sinn, að Bruno Bauer hefði heimsótt sig í Lundúnum 12. desember 1855. Þegar Bauer hefði látið þau orð falla, að enska hefði spillt af frönsku, sagðist Marx hafa svarað: „Ég tjáði honum þá til huggunar, að Hollendingar og Danir segðu það sama um þýskuna og að „Íslendingar“ væru hinir einu sönnu ómenguðu piltungar.“ Bréf frá Marx til Engels 14. desember 1855.

Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 28. b. (Berlin: Dietz, 1963), 467. bls. Marx vildi líka beita ofbeldi í þágu hinnar sögulegu nauðsynjar, væri þess þörf. Hann skrifaði 1848 í *Nýja Rínarblaðið*, að nú væri fólk óðum að sannfærast um, að aðeins dygði eitt ráð til að stytta blóðugar fæðingarhríðir nýs skipulags, „ógnarstjórn byltingarinnar“ (revolutionäre[r] Terrorismus). Sieg der Kontrerevolution zu Wien, *Neue Rheinische Zeitung* 7. nóvember 1848. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 5. b. (Berlin: Dietz, 1959), 457. bls.

Trúarbrögðin eru ópíum ... 9. bls. Í útg. frá 1938 er þetta haft e. Lenín, væntanlega e. sænsku útg., en því er hér breytt, því að Marx sagði þetta fyrst, en Lenín endurtók það síðar. Marx skrifaði í Zur Kritik der Hegelschen Rechtsphilosophie, *Deutsch-Französische Jahrbücher 1844*: „Die Religion ist der Seufzer der bedrängten Kreatur, das Gemüth einer herzlosen Welt, wie sie der Geist geistloser Zustände ist. Sie ist das Opium des Volks.“ Trúarbrögðin eru andvarp hins aðþrengda lífs, huggun hjartalasarar veraldar, andinn í andlausri tilveru. Þau eru deyfilyf handa alþýðu. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 1. b. (Berlin: Dietz, 1981), 378. bls. Lenín endurtók síðustu setninguna orðrétt (en á rússnesku) í blaðagrein, Sósíalismi og trúarbrögð, *Novaja Zhízn*, 28. hefti, 3. desember 1905.

Alþjóðasambands kommúnista ... 9. bls. Komintern, Alþjóðasamband kommúnista, sem stofnað var í Moskvu 1919 og oft nefnt 3. alþjóðasambandið, vék iðulega að trúarbrögðum í ályktunum sínum og brýndi fyrir kommúnistum, að þeir gætu ekki í senn verið góðir kommúnistar og kristnir menn. Eins og hér segir í inngangi, var beinlínis vitnað í orð Marx (og Leníns) um trúarbrögð sem deyfilyf (ópíum) handa alþýðu í stefnuskrá Kominterns, sem samþykkt var 1. september 1928 á 6. þingi þess. Þar sagði í IV. kafla, 7. grein: „Eine besondere Stellung hat unter den Aufgaben der die breiten Massen erfassenden Kulturrevolution der Kampf gegen das „Opium der Völker“, die Religion.“ Á meðal verkefnanna í þeirri menningarbyltingu, sem hinn almenni verkalyður hlýtur að heyja, skipar baráttan gegn „deyfilyfinu handa alþýðu“, trúarbrögðunum, sérstakan sess. *Internationale Presse-Korrespondenz*, 8. árg., 133. hefti, 30. nóvember 1928. Kaflar úr stefnuskránni frá 1928 voru birtir í þýð. Sværris Kristjánssonar í *Rétti* 1929 (14. árg., 1. hefti, 72.–100. bls, 3. hefti, 291.–303. bls.), þó ekki þessi kaflar um trúarbrögðin. Íslenskir kommúnistar tóku talsverðan þátt í starfsemi Kominterns. Brynjólfur Bjarnason og Hendrik S. Ottósson sóttu 2. þing þess 1920, Ólafur Friðriksson 3. og 4. þingið 1921 og 1922, Brynjólfur Bjarnason 5. þingið 1924 og Einar Olgeirsson og Haukur S. Björnsson 6. þingið 1928, þegar áður nefnd stefnuskrá var samþykkt. Nokkrir erindrekar Kominterns komu til Íslands, Olav Vegheim 1924, Hugo Sillén 1928 og 1930, Haavard Langseth 1930, Harry Levin 1930 og Willi Mielenz 1932. Kona Hugos, Signe Sillén, var flugumaður GRÚ, leyniþjónustu Rauða hersins, og sá jafnan um að greiða íslenskum kommúnistum út styrki. Fyrir 1930 störfuðu íslenskir kommúnistar í vinstra armi Alþýðuflokksins, en stofnuðu kommúnistaflokk 1930, sem gekk óðar í Komintern. Formaður hans var Brynjólfur Bjarnason. Við inngönguna í Komintern samþykkti kommúnistaflokkurinn öll inntökuskilyrði þess, þar á meðal um að stofna neðanjarðarsamtök, sem yrðu reidubúin að hrífa völd, gæfist á því færi (3. skilyrðið). Þeir Brynjólfur Bjarnason og Einar Olgeirsson sóttu 7. þing Kominterns 1935. Alls hlutu 23 Íslendingar byltingarþjálfun í leyniskólum Kominterns í Moskvu 1929–1937. Mynduðu þeir hinn harða kjarna róttækra vinstri hreyfingar á Íslandi. Tveir þeirra settust á þing, Steingrímur Aðalsteinnsson og Þóroddur Guðmundsson. Einn, Hallgrímur Hallgrímsson, barðist í spænska borgarastríðinu. Ekki sneru nema tveir þessara manna síðar opinberlega baki við kommúnisma, Stefán Þjetursson og Benjamín Eiríksson. Jón Ólafsson heimspekingur segir í bók um Rússlandstengsl íslenskra sósíalista, *Kæru félögum* (Reykjavík: Mál og menning, 1999), 52. bls.: „Það er ekki

að sjá af þeim heimildum, sem aðgengilegar eru úr Norðurlandadeildum Lenínskólans og Vesturskólans, að sérstök áhersla hafi verið lögð á praktíska byltingarstarfsemi, svo sem njósnir, undirróður og hvers kyns moldvörpustarfsemi. “Nægar heimildir eru þó til um, að nemendur frá Norðurlöndum voru þjálfaðir í vopnaburði og þeim kenndur undirróður, enda var það beinlínis á stefnuskrá Kominterns, sbr. 3. inntökuskilyrðið. Til dæmis sögðust þeir Andrés Straumland (í ópr. dagbók), Helgi Guðlaugsson (í samtölum við Ólaf Grím Björnsson) og Benjamín Eiríksson (í bókinni *Benjamín H. J. Eiríksson í stormum sinna tíða*, Reykjavík: Bókafélagið, 1996) allir hafa fengið þjálfun í meðferð skotvopna. Einnig má m. a. nefna Niels Erik Rosenfeldt, *Verdensrevolutions generalstab. Komintern og det hemmelige apparat* (København: Gads forlag, 2011), 131. bls. Kommúnistaflokkurinn var lagður niður 1938, þegar kommúnistar sameinuðust klofningsbroti úr Alþýðuflokknum í Sósíalistaflokknum. Héðinn Valdimarsson var fyrsti formaður Sósíalistaflokksins, en gekk úr honum 1939, þegar honum blöskraði fylgispekt flokkssystkina sinna við Stalín. Einar Olgeirsson var síðan formaður flokksins allt til þess, að hann var lagður niður 1968. Þegar Komintern var lagt niður 1943, tók alþjóðadeild kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna við hlutverki þess. Íslenskir stalínistar héldu áfram tengslum við Kremlverja og sóttu þangað ráð og fé. Í bók Jóns Ólafssonar er gert miklu minna úr tengslum íslenskra sósíalista við Kremlverja en efni standa til, auk þess sem margt er þar rangt eða ónákvæmt. Dæmigerð missögn er, þegar Jón skrifar um viðræður Einaris Olgeirssonar, formanns Sósíalistaflokksins frá 1939, og Georgís Dímítrovs, trúnaðarmanns Stalíns, í Moskvu haustið 1945, *Kæru félagar*, 141. bls.: „Ekki er ljóst af dagbókarfærslu Dímítrovs hvað þeim Einarí fór á milli en þó hefur Einar rætt við hann um möguleika á viðskiptum landanna því að Dímítrov hefur skrifað hjá sér að Einar ætli sér næsta dag að hitta Anastas Mikojan, utanríkisviðskiptaráðherra.“ En skv. dagbók Dímítrovs, sem Jón vitnar þó einmitt í, bað Einar „um ráð um afstöðu flokksins og ríkisstjórnarinnar til stofnunar bandarískra herstöðva (flugvalla o. sv. frv.) til tjóns um sjálfstæði Íslands, svo og um íslensk flokksmálefni“. Hér er aðalatriðinu sleppt, að íslenskir kommúnistar og vinstri sósíalistar báðu Kremlverja um leiðbeiningar um, hvernig þeir ættu að bregðast við herstöðvabeidni Bandaríkjamanna 1945. Niðurstaðan varð, að þeir börðust hatrammlega gegn beiðinni.

laganna um samyrkju ... 9. bls. Ráðstjórnin í Moskvu skipaði bændum frá og með 1928 að breyta búum sínum í samyrkju- eða ríkisbú. Jafnframt setti hún þeim strangar reglur um, hversu miklu af uppskerunni þeir ættu að skila ríkinu. Bændur voru ófúsir til samyrkjunnar. Afleiðingin varð nokkurra ára stríð ráðstjórnarinnar við bændur, eins og lýst er í *Svartbók kommúnismans*, 8. k. Meira en tvær milljónir bænda voru fluttar nauðugar brott (1,8 milljón árin 1930–1931), og sex milljónir sultu í hel, jafnframt því sem mörg hundruð þúsund létu lífið í brottflutningunum. Reynt var eftir föngum að leyna hungursneyðinni, sem náði hámarki 1932–1933, fyrir umheiminum. *Morgunblaðið* birti þó fréttir um hana, sem sumar voru komnar frá breska blaðamanninum Malcolm Muggeridge. Halldór Kiljan Laxness andmælti harðlega: „Ég ferðaðist um Úkraínu þvert og endilángt í „húngursneyðinni“ 1932. Það var yndisleg húngursneyð. Hvar sem maður kom, var alt í uppgangi.“ Rússland úr lofti, *Sovétvínurinn*, 2. árg. (5: september 1934), 4.–5. bls. Auk Svartbókarinnar er m. a. vikið að hungursneyðinni í tveimur bókum í þessari ritröð, *Ég kaus frelsið* e. Víktor Kravtjenko og ritgerð Arthurs Koestlers í *Guðinn sem brást*, en Koestler ferðaðist um sömu slóðir og Laxness á sama tíma, haustið 1932. Sigurður Ragnarsson segir svo frá stríði ráðstjórnarinnar við bændur í kennslubók í sögu, *Nýjum tímum* (Reykjavík: Mál og menning, 2006), 227. bls.: „Þegar Stalín hafði öðlast óskoruð völd árið 1928 hófst hann handa um stórfellda iðnvæðingu á grundvelli svokallaðra fimm ára áætlaða, jafnframt því sem komið var á samyrkjubúskap í landbúnaði. Samyrkjustefnan var framkvæmd í *ópökk mikils hluta bænda* [leturbr. hér]

og bitnaði það á landbúnaðarframleiðslunni. Iðnaðarframleiðsla jókst hins vegar hröðum skrefum næsta áratuginn, uns svo var komið árið 1940 að Sovétríkin töldust annað mesta iðnveldi heims. Þessi árangur vakti mikla athygli umheimsins, enda var heimskreppan mikla í algleymingi.“ Þótt Sigurður minnst ekki einu orði á hungursneyðina miklu eða stórfellda nauðungarflutninga bænda, eyðir hann tíu línur á 268. bls. í að hneykslast á herferð bandaríska öldungadeildarþingmannsins Josephs McCarthys gegn kommúnistum. Þess má síðan geta, að vöxtur landsframleiðslu á mann var svipaður í Bandaríkjunum 1876–1888 (næstu tólf ár að liðnum ellefu árum frá lokum borgarastíðisins) og í Ráðstjórnarríkjunum 1928–1940 (næstu tólf ár að liðnum ellefu árum frá valdatöku bolsévika). Vöxturinn var raunar enn örari í Bandaríkjunum 1894–1906. Þótt stjórnarfar væri vissulega ekki fullkomið í Bandaríkjunum, voru andstæðingar stjórnvalda ekki teknir af lífi milljónum saman, sveltir til bana eða sendir í þrælkunarbúðir. Öðru nær: Tugmilljónir örsnaudra innflytjenda brutust þar til bjargálna.

kúlakkana ... 9. bls. Bolsévíkar kölluðu alla sæmilega bjargálna bændur kúlakka.

í útleð ... 9. bls. Um hina stórfelldu nauðungarflutninga ýmissa hópa, jafnvel heilu þjóðflokkanna, undir ráðstjórn, þó aðallega í tíð Stalíns, sjá m. a. *Svarbók kommúnismans*, 217.–227. bls. Skv. einu yfirliti var fjöldinn í þessum þjóðflokkaflutningum um 1,8 milljón manns, sem skiptist svo: Finnar 90 þús.; Þjóðverjar 750 þús.; Kalmykar 90 þús.; Karatsjar 70 þús.; Tsjetsjenar 390 þús.; Ingúshar 90 þús.; Balkarar 40 þús.; Krím-Tatarar 185 þús.; Krím-Grikkir 15 þús.; Meskhetískir Tyrkir, Kúrdar, Khemsínar 95 þús. Sjá J. Otto Pohl, *Ethnic Cleansing in the USSR, 1937-1949* (Westport CT: Greenwood Press, 1999), Tafla 1.1. Til samanburðar má nefna, að Íslendingar voru 120 þús. árið 1940.

GPÚ (Tsjekuna) ... 11. bls. Ráðherrar bolsévika nefndust í upphafi þjóðfulltrúar, og þjóðfulltrúaráð innanríkismála gegndi sama hlutverki og innanríkisráðuneyti í öðrum ríkjum. Eftir valdatöku sína 1917 stofnuðu bolsévíkar fyrst leynilögreglu, sem kölluð var Tsjeka. Hún var endurskipulögð 1922 sem GPÚ, eins og Kuortti kallar hana, og var deild í þjóðfulltrúaráði innanríkismála, NKVD. Frá hausti 1923 var hún sjálfstæð stofnun, sem starfaði í Ráðstjórnarríkjunum öllum, og hin opinbera skammstöfun hennar var þá OGPÚ. Leynilögreglan var endurskipulögð 1934 og gekk eftir það undir sama nafni og stofnunin öll, NKVD. Þjóðfulltrúaráðin voru lögð niður 1946 og stofnuð ráðuneyti, og var NKVD skipt í innanríkisráðuneytið, MVD, og leynilögreglu, MGB. Þessu var breytt aftur 1953, þegar ráðuneytin tvö voru sameinuð. Þeim var síðan skipt aftur 1954 í MVD, innanríkisráðuneytið, og KGB, leynilögregluna, sem rekin var allt til hruns Ráðstjórnarríkjanna 1991. Rauði herinn rak einnig leyniþjónustu, GRÚ. GPÚ og þær stofnanir, sem á eftir henni komu, OGPÚ, NKVD og KGB, ráku þrælkunarbúðir, frömdu fjölðaafþökur og sáu um nauðungarflutninga fjölmennra hópa og jafnvel heilu þjóðflokkanna milli landsvæða. Flugumenn leynilögreglunnar myrtu fjölda manns erlendis, t. d. georgíska þjóðernissinnann Noe Ramishvíli í París 1930, rússneska hvítliðaforingjann Aleksandr Kútepov í París 1930, rússneska njósnarann Ignace Reiss nálægt Lausanne 1937, úkraínska þjóðernissinnann Jevhen Konovalts í Rotterdam 1938, bolsévikaforingjann Lev Trotskíj í Mexíkóborg 1940 og úkraínska þjóðernissinnann Stepan Bandera í München 1959. Ein deild leynilögreglunnar stundaði njósnir um allan heim, oft með aðstoð innlendra kommúnista. Eftir að Ráðstjórnarríkin stofnuðu sendiráð á Íslandi 1944, var jafnan a. m. k. einn leyniþjónustumaður þar hverju sinni, og er vitad um nöfn sumra þeirra: Vasilj Mítrokhín, Níkolaj V. Bondarev, Ívan V. Alípov, Lev S. Kísílov, Lev Dmítrjev, Aleksandr F. Krassílov, Valentín V. Lomakín, Borís F. Khrjatsjkov, Víktor Í.

Matvejev, Jevgeníj R. Voronín, Jevgeníj Í. Gergel, Georgíj N. Farafanov, Anatolíj A. Sorokín, Níkolaj Stsjeklín, Ígor L. Níkíforov, Víktor Trofímov, Sergej Anístratov, Vladímír Í. Prosvírín og Víktor B. Khoríkov frá KGB og Pavel Egorov, Albert V. Smolkov, Vladímír N. Lagúnín, Júríj A. Kúznetsov og Míkhaíl Streltsov frá GRÚ. Þeir Farafanov og Streltsov voru jafnframt sendiherrar. (Strangt til tekið starfaði Egorov fyrir leyniþjónustu flotans, ekki Rauða hersins.) Njósniir ráðstjórnarmanna beindust þó frekar að bandarísku herstöðinni á Miðnesheiði en innanlandsmálum, enda var Ísland tiltölulega opið land og fátt um leyndarmál. Þess vegna voru jafnan fleiri njósnaar í sendiráðinu frá GRÚ en KGB, þótt nöfn þeirra séu ekki öll kunn.

Lenínsgarði ... 13. bls. Pétursborg, sem Pétur Rússakeisari stofnaði við mynni Neva-fljóts 1703, var kölluð Lenínsgarður (Leníngrad á rússnesku) eftir Vladímír Lenín 1924–1991.

fyrir frelsi landsins ... 14. bls. Í Mið- og Suður-Ingriú voru Rússar í meiri hluta, þegar leið fram á 20. öld, en í Norður-Ingriú var hins vegar finnskumælandi fólk í meiri hluta. Það svæði náði yfir sóknirnar Þrjár, sem Kuortti þjónaði, Lempaala, Miikkulainen og Vuole. Íbúar Norður-Ingriú risu upp gegn bolsévíkum 1919, lýstu yfir stofnun sjálfstæðs ríkis, Norður-Ingriú (*Pohjois Inkerin tasavalta*), og vildu sameinast Finnum, en uppreisn þeirra var barin niður. Höfuðstaður Norður-Ingriú var Kirjasalo, en fáni lýðveldisins var blár og rauður kross á gulum grunni.

Dorpat ... 14. bls. Kuortti notar gamla þýska og sænska nafnið á eistneska bænum Tartu.

orð skáldsins ... 14. bls. Ljóðið er Imatra (bær í Finnlandi) e. Aleksanteri Rahkonen (1841–1877).

Ef Guð er með oss, ... 15. bls. Kuortti vísar í Bréf Páls til Rómverja, Rm 8, 31.

Hér er ég, ... 15. bls. Kuortti vísar í Spádómsbók Jesaja, Jes 6, 8.

En þetta er yðar tími, ... 20. bls. Kuortti vísar í Lúkasarguðspjall, Lk 22, 53.

Hatsína ... 24. bls. Hér er finnska nafnið notað, en á rússnesku er borgin kölluð Gatsína og á sænsku Gattjina. Bærinn er 45 kílómetra frá Pétursborg, og stendur þar mikil höll Rússakeisara. Árin 1923–1929 hét staðurinn Trotsk í höfuðið á Lev Trotskíj, sjá aftanmálsg. við 47. bls.

ef Guð er með oss ... 24. bls. Kuortti vísar í Bréf Páls til Rómverja, Rm 8, 31.

Þann signaða dag ... 27. bls. Sálmur e. Grundtvig. Þýð. e. Stefán Thorarensen.

Systerbäck ... 40. bls. Á finnsku heitir bærinn Siestarjoki og á rússnesku Sestoretstk. Hann stendur við Eystrasalt, nálægt hinum gömlu landamærum Finnlands, um 34 kílómetra norðvestur af Pétursborg, áður Lenínsgarði. Þar voru stórar vopnasmíðjur. Raunar var staðurinn hluti af stórhertogadæminu Finnlandi 1812–1864, en þá var hann færður yfir til Rússlands í skiptum fyrir landræmu, sem Finnlandi var lofað til Petsamo í Barentshafi. Viðurkenndu bolsévíkar þá tilfærslu á landamærum í friðarsamningum Rússlands og Finnlands í Tartu 1920.

Trotskíjs ... 47. bls. Lev Trotskíj (1879–1940) hét upphaflega Lev Bronshtein og var af gyðingaættum. Hann stjórnaði Rauða hernum í borgarastríðinu rússneska 1918–1923 og gekk þá næstur Lenín að völdum í bolsévíkaflokknum. Meðal annars barði hann í mars 1921 niður uppreisn sjóliða og verkamanna í Kronstadt af mikilli grimmd. Zínovjev og Kamenev gerðu bandalag við Stalín um að hrekja hann úr forystu flokksins að Lenín látnum. Hann var sviptur öllum trúnaðarstörfum 1927 og sendur í útlegð 1929. Eftir dvöl í Tyrklandi, Frakklandi og Noregi fékk hann 1936 hæli í Mexíkó, en þar réð flugumaður Stalíns hann af dögum. Á íslensku hefur komið út e. Trotskíj *Ævi mín* (Reykjavík: Steindórsprent, 1936).

58. kap. 10. gr. laganna ... 62. bls. Í hegningarlögum Ráðstjórnarríkjanna tók 58. kapituli gildi 25. febrúar 1927. Hann er um „gagnbyltingarsinnaða starfsemi“ og var notaður til að skilgreina „óvini alþýðunnar“. 10. greinin var um „áróður eða undirróður“, sem beindist gegn Ráðstjórnarríkjunum eða byltingunni og varðaði allt frá sex mánaða fangelsi hið minnsta til lífláts. Refsiheimild þessi var svo víð, að leynilögreglan hafði allt að því frjálstar hendur til að handtaka menn, senda í fangabúðir eða taka af lífi. Fangar dæmdir skv. 15. kap. voru taldir stjórnmalafangar. Aleksandr Solzhenítsyn ræðir sérstaklega um 58. kap. í *The Gulag Archipelago*, 1. b. (New York: Harper & Row, 1973), 60.–68. bls.

ósamkynja ok ... 67. bls. Kuortti vísar í Síðara Bréf Páls til Korinþumanna, 2Kor 6, 14–15: „Gangið ekki undir ósamkynja ok hjá vantrúuðum. Hvað er sameiginlegt með réttlæti og ranglæti? Hvaða samfélag hefur ljós við myrkur?“

Kemi ... 75. bls. Á rússnesku heitir bærinn Kem.

ÚSLON ... 86. bls. Upphafsstafir á rússnesku á heitinu Stofnun sérstakra búða á Norðurlóðum. Þessi stofnun hafði orðið til 1926, þegar fangabúðir á Solovetskíj-eyjum í Hvítahafi höfðu verið endurskipulagðar og fært út kvíarnar á strönd Hvítahafs í Kirjálalandi og líka þar inni í landi. Yfirstjórn fangabúðanna gerði þá framleiðslusamninga við ýmsar opinberar stofnanir, svo að nauðungarvinna skyldi verða uppspretta ágóða frekar en tæki til endurhæfingar, eins og hafði upphaflega verið hugmyndin. „Fangarnir voru látnir þræla eftir nákvæmri áætlun um skógarhögg og timburvinnslu. Hinn öri vöxtur starfseminnar krafðist brátt fleiri fanga og leiddi í júní 1929 til talsverðra breytinga á fangelsismálum. Fangar með lengri dóm en þrjú ár voru sendir í vinnubúðirnar. Þetta hafði í för með sér stórfellda útþenslu fangabúðakerfisins.“ *Svartbók kommúnismans*, 140.–141. bls. Solovetskíj-búðirnar höfðu verið stofnaðar 1923 og voru einar fyrstu vinnubúðirnar og fyrirmynd að öðrum þrælkunarbúðum.

fá stærri brauðskammt ... 99. bls. Naftalíj Frenkel (1883–1960) var höfundur matarskammtakerfisins í fangabúðum ráðstjórnarinnar: Því minni afköst, því minni matarskammtur. Frenkel fæddist í Haífa í Ísrael, en fluttist ungur til Rússlands. Hann var sendur 1923 í fangabúðirnar á Solovetskíj-eyjum í Hvítahafi fyrir brask, en honum tókst að breytast úr fanga í fangavörð á undraskjótum tíma. Hann naut sérstakrar verndar Stalíns og dó eðlilegum dauðdaga.

Nafnaskrá


- Abdul-Kurban 82
Ahímov 77
Aítov 82, 83, 86, 90
Anna 58
Benjamín Eiríksson 7
Bería, Lavrentíj 7
Bjelov 15, 20, 23, 30, 31, 57–59
Bondarev 46
Búdjanov 101
Búkharín, Níkolaj 7
Domúlen 81, 82, 86, 93, 94, 98, 99
Einar Olgeirsson 8
Gide, André 7
Gunnar Jóhannesson 7
Gúsev 41, 42, 56, 57, 59, 62, 63, 66
Haatanen 43
Halldór Kiljan Laxness 7
Hedman 93
Heikki 29
Hertzsch, Vera 7
Huima, Pekka 36
Husu, Alexander 93, 96, 98
Ingigerður Ólafsdóttir drottning 7
Ívanov (bóndi) 82
Ívanov (GPÚ-liði) 17, 18
Ívanov (læknir) 84, 85, 96, 97, 99
Jamalainen, Aatami 93
Jääskeläinen 45, 46, 48
Järveläinen 40
Jarisleifur konungur 7
Kaarlo 49
Kajava, Antti 72, 93–95
Kajava, Juho 72, 93–95
Kakki 33
Kaminskíj 86
Karhu, Juho 93
Katala, sjá Bondarev
Känkänen, Juko 93
Kiisseli, Mikko 89, 92, 93, 96, 98
Koisistoien 82
Kornílov (fangavörður) 86
Kornílov (fangi) 93
Kosakov 76, 77, 97, 98
Kukkonen 66
Kúznetsov 86, 90
Konkka 54, 55
Kurri 54
Laurikkala, Selim Jalmari 14
Liukkonen (bóndi) 72, 76, 77
Liukkonen-bræður 72, 76
Magnús Jónsson 8
Makarov 65
Maljúkov 96, 98
Marx, Karl 9
Minni, Antti 114
Myhkyrä, Jooseppi 45, 46
Myllari, Haikki 98, 99
Níkíforov 83
Nuorteva, Santeri 97
Ólafur digri Haraldsson konungur 7
Ólafur Eiríksson konungur 7
Palsa, Oskari 14, 24
Patrakka, Aapro 71, 72, 74, 75
Peronius, Wilhelm Theodor 27
Saari 29
Savolainen 93
Shaposníkov 82
Shúkov 17, 18
Siitonen, Konstantin 14
Soittunen, E. 35, 66

Stalín, Josíf 7, 8
Steenari, Matti 93, 95
Strøm, Arne 7
Suuatarinen, Antti 93


Trotskíj, Lev 47
Vasiljev 58
Vlasov 52, 53, 86
Þórbergur Þórðarson 8



Aatami Kuortti lifði það, að kommúnisminn féll í Rússlandi. Hér heldur hann aldraður á fána Ingermanlands. Hann lést 1997.



Á sama tíma og Laxness lofsöng Ráðstjórnarríki Stalíns, birtist raunsönn lýsing Kuorttis á þeim.



Einar Ólgeirsson hæddist að „ófsóknarhistoríu“ Kuorttis, en Magnús Jónsson hrósaði bókinni.

GUÐSMAÐUR SLEPPUR ÚR GÚLAGI KOMMÚNISTA

Haustið 1938 komu tvær bækur út á íslensku um Ráðstjórnarríkin. Önnur var *Gerska æfintýrið* eftir Halldór Kiljan Laxness, sem afneit aði ýmist illvirkjum Stalíns eða afsakaði. Hin var *Þjónusta, þrælkun, flótti* eftir Aatami Kuortti í þýðingu séra Gunnars Jóhannessonar. Kuortti var árin 1927–1930 prestur finnskumælandi safnaða í Ingermanlandi í Ráðstjórnarríkjunum, við Kirjálabotn milli Finnlands og Eistlands. Hann var tekinn höndum, eftir að hann neitaði að njósna um sóknarbörn sín fyrir leynilögreglu kommúnista, og sendur í þrælkunarbúðir norðan heimsskautsbaugs, Gúlagið. Þaðan tókst honum eftir miklar þrengingar að flýja til Finnlands. Bók hans kom út á finnsku 1934 og sænsku 1935. Eftir að Finnar biðu ósigur fyrir Rauða hernum 1944, urðu þeir af tillitsssemi við Kremlverja að taka bók Kuorttis út úr finnskum bókasöfnum, þótt þangað sé hún nú komin aftur.

„Vel rituð og hinn besti skemmtilestur, þótt átakanleg sé í ýmsum lýsingum.“

— Séra Bjarni Jónsson

ATLAS
NETWORK

IDDE

EUROPE
★ AECR-RNH ★
OF THE VICTIMS



Almenna bókafélagið
www.rnh.is
www.bokafelagid.is

ISBN 978-9935-469-90-8



9 789935 469908 >